

1. Frumvarp

til stjórnarskrár konungsrikisins Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1920).

I.

1. gr.

Stjórnskipulagið er þingbundin konungsstjórn.

2. gr.

Löggjafarvaldið er hjá konungi og Alþingi, báðum saman, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómssvaldið hjá dómendum.

3. gr.

Skipun konungserfða er sú, er segir í 1. og 2. gr. konungserfðalaga frá 31. júlí 1853. Konungserfðum má ekki breyta, nema með samþykki Alþingis.

4. gr.

Ákvæði þau, er giltu 1. des. 1918 í Danmörku um trúarbrögð konungs og lögræði, svo og um meðferð konungssvalds, þegar konungur er sjúkur, ólög-ráða eða staddur utan beggja ríkjanna, skulu einnig gilda á Íslandi.

5. gr.

Konungur getur ekki verið þjóðhöfðingi í öðrum löndum án samþykkis Alþingis.

6. gr.

Konungur vinnur eið að stjórnarskránni, er hann kemur til ríkis, enda hafi hann ekki unnið þann eið meðan hann var ríkisarfi. Af eiðstaf þessum skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

7. gr.

Ríkisarfi er lögráða, er hann er orðinn fullra 18 ára að aldri.

Alpt. 1920. A. (32. löggjafarþing).

8. gr.

Ákveða skal með lögum greiðslu af rikisfje til konungs og konungsættar.

9. gr.

Konungur hefir hið æðsta vald i öllum málefnum rikisins, með þeim takmörkunum, sem settar eru i stjórnarskrá þessari, og lætur hann ráðherra framkvæma það. Ráðuneytið hefir aðsetur i Reykjavík.

10. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

11. gr.

Konungur skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiftir störfum með þeim.

12. gr.

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skulu bornar upp fyrir konungi i rikisráði. Ráðherrar skipa rikisráð, og á rikisræfi sæti i því, þegar hann er lög-ráða. Konungur er forseti rikisráðsins. Ríkisráðsfund getur konungur haldið með einum ráðherra utan Íslands.

13. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli i lögum og um mikilvæg stjórn-armálefni. Svo skal og halda ráðherrafund, er einhver ráðherranna óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er konungur hefir kvatt til forsætis. Sá ráðherra, er forsæti skipar, nefnist forsætisráðherra.

14. gr.

Nú er konungur ekki staddur hjer á landi, og ber forsætisráðherra þá að jafnaði málin upp fyrir konungi, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna, ef þeir eru ekki viðstaddir. Þá er ráðherra ber upp fyrir konungi mál, sem annar ráðherra hefir undirritað, ber hann ábyrgð á því, að málið sje rjett flutt, en annars ekki sjerstaka ábyrgð vegna flutningsins, nema hann á annan hátt hafi tekið stjórnskipulega ábyrgð á efni þess.

15. gr.

Undirskrift konungs undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir með honum.

16. gr.

Konungur veitir öll þau embætti, er hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Engan má skipa embættismann, nema hann hafi is-lenskan rikisborgararjett. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskapar-heit að stjórnarskránni.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, er hann hefir veitt það.

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa um, hvort þeir vilji heldur embættaskiftin eða þá lausn frá embætti með lögmaeltum eftirlaunum eða lögmaeltum ellistyrk.

Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, er taldir eru í 57. gr.

17. gr.

Konungur gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sjer fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.

18. gr.

Konungur stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hve nær því skuli slitið. Þinginu má eigi slita fyr en fjárlög eru samþykkt. Konungur getur og kvatt Alþingi til aukafunda.

19. gr.

Konungur getur frestað fundum Alþingis um tiltekinn tíma, þó ekki lengur en 2 vikur, nema Alþingi samþykki, og ekki nema einu sinni á ári.

20. gr.

Konungur getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður en 2 mánuðir sjeu liðnir frá því, er það var rofið, en Alþingi stefnt saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir að það var rofið.

21. gr.

Konungur getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til annara samþykta.

22. gr.

Staðfesting konungs þarf til þess, að nokkur samþykkt Alþingis fái lagagildi. Konungur annast birting laga og framkvæmd.

Nú hefir konungur eigi staðfest lagafrumvarp, sem Alþingi hefir samþykkt, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman, og er þá frumvarpið niður fallið.

23. gr.

Pegar brýn nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykkt af Alþingi.

24. gr.

Konungur getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn nje hegningu, sem landsdómur hefir í dæmt, nema með samþykki Alþingis.

25. gr.

Konungur veitir annaðhvort sjálfur, eða með því að fela það stjórnarvöldum í hendur, leyfi og undanþágur frá lögum, samkvæmt reglum, sem farið hefir verið eftir hingað til.

II.

26. gr.

Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 þingmenn, en 6 hlutbundnum kosningum um land alt í einu lagi.

Með lögum má ákveða, að þingmenn Reykjavíkurborgar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarrjett sömu reglur sem við óhlutbundnar kosningar.

Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt, og auk þeirra 8 þingmenn, er sameinað Alþingi kys úr flokki þingmanna, sem kosnir eru í sjerstökum kjördæmum. Hinir eiga sæti í neðri deild.

27. gr.

Þingmenn kosnir í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir til 4 ára, en þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum um land alt til 8 ára, og fer helmingur þeirra frá fjórða hvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt.

28. gr.

Deyi þingmaður, kosinn í sjerstöku kjördæmi, á kjörtímanum, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt ault sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu um land alt, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum um land alt, enda kosnir á sama hátt og samtímis. Sama er og, ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu um land alt, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaðing, eða það sem eftir er af því þingi.

29. gr.

Kosningarrjett við kosningar til Alþingis í sjerstökum kjördæmum hafa allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri, er kosning fer fram, og hafa ríkisborgararjett hjer á landi og verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár sins ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Gift kona telst fjár sins ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga um land alt. Að öðru leyti setja kosningarlög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna í efri deild.

30. gr.

Kjörgengur við kosningar í sjerstökum kjördæmum er hver ríkisborgari, sem kosningarrjett á til þeirra. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt heima í kjördæminu skemur en 1 ár. Með sömu skilyrðum hefir maður, karl eða kona, 35 ára eða eldri, kjörgengi við hlutbundnar kosningar um land alt.

Þeir dómendur, er ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

III.

31. gr.

Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar, eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrir á árinu.

Breyta má þessu með lögum.

32. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess nje frelsi.

33. gr.

Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sjerstaklega er ástatt, getur konungur skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

34. gr.

Hvor deild hefir rjett til að bera fram og samþykkja fyrir sitt leyti frumvörp til laga og annara samþykta. Einnig má hvor þingdeild, eða sameinað Alþingi, senda konungi ávörp.

35. gr.

Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmönnum, til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett til að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

36. gr.

Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje af taka, nema með lögum; ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, nje selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins nje afnotarjett þeirra, nema samkvæmt lagaheimild.

37. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess i fjárlögum eða fjáraukalögum.

38. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem i hönd fer, og skal i frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld.

Frumvarp til fjárlaga og frumvörp til fjáraukalaga skal ætíð leggja fyrst fyrir neðri deild Alþingis.

39. gr.

Sameinað Alþingi kys 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins og gæta þess, hvort tekjur landsins sjeu þar allar taldar og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil i einn reikning og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um samþykkt á honum og athugasemdir yfirskoðunarmanna.

Rjett er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur ríkisfjehirðis, og sòmuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það, sem er að liða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum visbendingu um það skriflega.

40. gr.

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum i hvorri þingdeild.

41. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt i annaríhvorri þingdeild, skal það lagt fyrir hina deildina svo sem það var samþykkt. Ef þar verða breytingar á gerð-

ar, fer frumvarpið aftur til fyrri þingdeildar. Ef hjer verða aftur gerðar breytingar, fer það af nýju til hinnar deildarinnar.

Nú gengur enn eigi saman, og ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og er þá málinu lokið með einni umræðu í sameinuðu Alþingi.

Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu til þess, að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um einstök málsatriði. En eigi ná þó lagafrumvörp, önnur en frumvörp til fjárlaga og fjáráukalaga, fullnaðarsamþykki, nema tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með þeim.

42. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi mist kjörgengi.

43. gr.

Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefir verið tekin gild.

44. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til Alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir rikissjóð, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin telur nægja.

45. gr.

Meðan Alþingi stendur yfir má ekki taka neinn alþingismaðmann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefir sagt í þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi.

46. gr.

Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rjett þann, er þingkosningin hafði veitt honum.

47. gr.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rjett á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrjett eiga þeir þó því að eins, að þeir sjeu jafnframt alþingismenn.

48. gr.

Hvor þingdeild og sameinað Alþingi kys sjálft forseta sinn.

49. gr.

Hvorug þingdeildin getur gert samþykkt um mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði.

50. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sjerhvert alment mál í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, ef hún leyfir það, og beiðast um það skýrslu ráðherra.

51. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna flytji það.

52. gr.

Nú þykir þingdeild ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og getur hún þá vísað því til ráðherra.

53. gr.

Fundir beggja þingdeilda og sameinaðs Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.

54. gr.

Þingsköp sameinaðs Alþingis og beggja deilda þess skulu sett með lögum.

IV.

55. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

56. gr.

Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.

57. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er

fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

58. gr.

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum.

59. gr.

Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem best á við sannfæringu hvers eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

60. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almenntri fjelagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

VI.

61. gr.

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

62. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit, nje kyrsetja brjef og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eftir dómsúrskurði eða eftir sjerstakri lagaheimild.

63. gr.

Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsspörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli og komi fult verð fyrir.

64. gr.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararjett nema með lögum.

Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignarjettindi hjer á landi skal skipað með lögum.

65. gr.

Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningssheil krefji, enda þarf lagaboð til.

66. gr.

Sá skal eiga rjett á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær sjeð fyrir sjer og sinum, og sje eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, er lög áskilja.

67. gr.

Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannaþje.

68. gr.

Hver maður á rjett á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prent-frelsi má aldrei í lög leiða.

69. gr.

Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að sækja þurfi um leyfi til þess. Ekkert fjelag má leysa upp með stjórnsarráðstöfun. Þó má banna fjelag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn fjelaginu, til þess að það verði leyst upp.

70. gr.

Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

71. gr.

Sjerhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því, sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum.

72. gr.

Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða sjálf málefnum sinum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.

73. gr.

Skattamálum skal skipa með lögum.

74. gr.

Sjerrjettindi, er bundin sjeu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi taka í lög.

75. gr.

Rjettinda þeirra, er um getur í 16., 29. og 30. gr., og bundin eru við íslenskan ríkisborgararjett, njóta einnig danskir ríkisborgarar, að öðru jöfnu, samkvæmt dansk-íslenskum sambandslögum.

76. gr.

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandslögum Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykta eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

Sama skal og gilda, ef lagabreyting verður gerð á kirkjuskipuninni samkvæmt 58. gr.

77. gr.

Stjórnarskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 1921. Samtímis falla úr gildi stjórnarskrá um hin sjerstöku málefni Íslands 5. janúar 1874 og stjórnskipunarlög 3. okt. 1903 og 19. júní 1915, um breyting á henni.

Ákvæði um stundarsakir.

1. Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en stjórnarskrá þessi öðlast gildi, þótt ekki sjeu þeir íslenskir ríkisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.
2. Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá árið 1922 eftir blutkesti Alþingis 1917, falla niður árið 1926.
3. Almennar, reglulegar óhlutbundnar alþingiskosningar skulu fram fara árið

1923. Ekki mega þær þó fram fara fyr en að loknu reglulegu Alþingi það ár.

Pannig samþykkt á Alþingi 23. sept. 1919.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 61. gr. stjórnarskrár um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, breytti með 21. gr. stjórnskipunarлага 17. júní 1915, er frumvarp þetta lagt fyrir Alþingi af nýju, óbreytt.

2. Frumvarp

til vatnalaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1920).

I. kafli.

Orðskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

- a) *Fallvatn*: strengur, fallandi, eða foss í straumvatni.
- b) *Frumdráttur*: áætlun um mannvirkisgerð með uppdráttum eða án þeirra.
- c) *Hjerað*: sýsla eða hreppur.
- d) *Iðja*: framleiðslustarfsemi, sem lýtur að tilbúningi varnings eða breytingu á honum með verkvælum.
- e) *Iðjuver*: staður eða stofnun, þar sem iðja er stunduð.
- f) *Iðnaður*: handverk eða heimilisvinna, sem vatn er notað við.
- g) *Orkuveita*: rafmagnsleiðsla.
- h) *Orkuver*: rafmagnsstöð eða aflstöð við vatn, sem breytir vatnsorku í raforku.
- i) *Ráðherra*: sá ráðherra, sem vatnamál falla undir.
- j) *Vatnsmiðlun*: uppistaða með stíflugerð í vatnsfalli eða stöðuvatni, sem breytir eðlilegu renslí vatnsins og jafnar það. Hækkun og lækkun vatnsborðsins.
- k) *Vatnsvirki*: mannvirki í vatni eða við það til hagnýtingar á því.

II. kafli.

Almenn ákvæði um vatnsrjettindi.

2. gr.

Landi hverju fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar á því vatni, sem á því er, hvort sem það er rennandi eða kyrt, með þeim takmörkunum, sem lög, venjur eða aðrar heimildir hafa í för með sjer.

3. gr.

Nú skilur á eða lækur lönd manna, og á þá hver út i miðjan farveg, nema önnur lögmæt skipun sje þar á gerð.

Eigi breytast landamerki, þótt merkivötn breyti farvegi, en vatnsrjettindi hverfa þá með vatninu til þess, er land á undir því.

Nú liggja tvær eða fleiri landareignir að stöðuvatni, og eiga þær þá allar, hver út frá sjer, jafnlangt fram i vatnið, þó eigi lengra en 115 metra, en sje þá umfram af vatninu, er það almennungur, nema svo sje, að veiði i því heyri undir einstakar jarðir eða sjerstakar sveitir, eftir fornri venju eða löglegum samþyktnum.

Rjett er að eyjar þær, hólmar og sker, sem i vatni liggja, eigi jafnlangt út frá sjer. Nú á einhver eyjar, hólma eða sker fyrir landi annars manns, og er sundið á milli mjórra en 230 metrar, og á þá hver þeirra út i mitt sundið.

Jafnan skal miða við láglæði i vatni, eins og það var frá náttúrunnar hendi.

5. gr.

Ef eigendur eða umráðamenn jarða skilur á um landamerki eftir 3. og 4. gr., er rjett að útkljá þau eftir landamerkjälögum.

6. gr.

Óheimilt er manni, nema sjerstök heimild eða lagaleyfi sje til þess

- a) að breyta vatnsbotni, straumstefnu eða vatnsmegni, hvort sem það verður að fullu og öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborðið.
- b) að gerstífla straumvatn, eða gera mannvirki i vatni eða yfir því.
- c) að veita jarðvatni úr landi sinu á annars land, ef tjón eða hætta er af því búin eign annars manns eða rjettindum, óhæfilegar tálmanir almennri umferð, eða tjón eða hætta að nokkru ráði fyrir hagsmuni almennings.

7. gr.

Vötn öll skulu svo renna sem að fornu runnið hafa, en ef vatn breytir farvegi, þá er landeiganda hverjum, sem bagi verður að breytingunni, rjett að fella það i fornan farveg eða laga farveginn. Þurfi til þess afnot af landi annars manns, þá getur hann krafist bóta fyrir tjón það og óþægindi, sem verkið bakar honum, eftir mati, ef eigi semur.

Verkið skal unnið áður en 2 ár liða frá farvegsbreytingunni, ella skal skylt að bæta kostnað þann, sem lagður hefir verið í að hagnýta vatnið í nýja farveginum.

Hafi sama ástand haldist í 20 ár eða lengur, skal um það fara eins og það hafi að fornu svo verið.

8. gr.

Um hverri, laugar og ölkeldur skal svo fara:

- a) Landeiganda er óheimilt að spilla hverum, laugum eða ölkeldum í landi sínu, hvort sem það er með ofaniburði, framræslu eða á annan hátt, nema það sje nauðsynlegt talið, samkvæmt mati, til varnar landinu, eða landsnytjum þess.
- b) Skylt er landeiganda að láta af hendi nauðsynlegt vatn, land og efni úr landi til sundlaugar eða sundskála til afnota fyrir almenning. Bætur fyrir vatn, land og landsafnot, átroðning og annað tjón eða óþægindi, skulu greiddar eftir mati, ef eigi semur.

9. gr.

Rjett landareignar til vatns, sem á henni er:

- a) til heimilisparfa,
 - b) til búsparfa,
 - c) til jarðræktar
- má eigi skilja við eignina, nema með lögum sje gert í þarfir almennings.

10. gr.

Öllum er heimilt að taka vatn til heimilisparfa og bú, þar sem landeiganda er meinalaust, svo og að nota vatn til sunds og umferðar, einnig á ísi, fari það eigi í bága við lög, samþykktir eða annað lögmeitt skipulag.

11. gr.

Haga má hver brunnum og vatnsbólum í landi sínu sem hentast þykir, en gætt skal þess, að eigi sje að óþörfu heft eða minkuð aðsókn vatns að vatnsbólum annara.

Eigi má heldur önnur mannvirki gera að nauðsynjalausu, ef ætla má, að þau spilli vatnsbólum annars manns.

Með matsgerð skal skorið úr ágreiningi um fyrirtæki þau, sem nefnd eru í 1. og 2. málsgrein.

12.

Landeiganda einum er heimil istaka á vatni sínu. Eigi má torvelða eða hefta umferð um ísinn að nauðsynjalausu með istökunni. Svo skal og gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að afstýra hættu, svo sem með því að setja girðingar eða merki. Nánari fyrirmæli geta hjerads- eða bæjarstjórnir sett um þessi efni.

13. gr.

Nú eru vatnsrjettindi af hendi látin, án þess að eignarrjettur að landi

sje jafnframt látinn, og fer þá eftir reglunum um kaup á fasteignar-rjettindum.

Nú er af hendi látinn hluti fasteignar, sem að vatni liggur, og er þá vatnsbotninn og vatnsrjettindin falin í kaupinu, nema öðruvisi semji, þó með þeim takmörkunum, sem af 9. gr. leiða, og skulu næg og kauplaus landsafnot fylgja hinni upphaflegu fasteign til hagnýtingar vatnsrjettindum hennar eftir nefndri grein.

Nú er sameignarlandi skift eignarskiftum eða afnota, og skal þá hverjum eignarhluta fylgja svo auðnotaður vatnsrjettur sem unt er.

III. kafli.

Um notkun vatns til heimilis- og búsparfa, iðnaðar og iðju, án vatnsorkunota.

14. gr.

Eiganda fasteignar er rjett að veita til sín því vatni, sem um hana rennur eða á henni er, um föst veitutæki, til heimilis- og búsparfa á eigninni, eða til iðnaðar og iðju, sem á henni er rekin, enda sje eigi meira vatni veitt en þörf er á, og vatni því, sem afgangs verður, veitt í farveg svo nærri upp-tökum veitunnar, að öðrum, sem tilkall eiga til vatnsins, verði sem minst tjón eða bagi að veitu hans.

15. gr.

Nú er vatn of lítið til þess að fullnægja þörfum þeim, er í 14. gr. segir, og á þá hver fasteign, er vatnsrjettindi fylgja, sama tilkall til vatnsins eftir þörfum sínum. Heimilisþörf gengur fyrir búspörf, og búspörf fyrir iðnaðar-eða iðjuþörf.

Ef menn skilur á um það, hversu hver þurfi mikils vatns, skal úr því skorið með mati.

16. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að koma upp vatnsveitu til þess að fullnægja þörfum almennings í kaupstaðnum.

17. gr.

Þá er bæjarstjórn hefir komið upp vatnsveitu um kaupstað, má svo ákveða í samþykkt, að hún skuli hafa einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er á því svæði kaupstaðarins, sem vatnsveitunni er ætlað að ná yfir, og hún getur fullnægt, svo og á höfn hans.

18. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal bæjarstjórn heimilt, ef vatnið er ekki selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í kaupstaðnum. Bæjarstjórn ákveður upphæð skattsins alls ár hvert, en eigi má hún fara fram úr 5⁰/₀₀ (fimm af þúsundi) af brunabótavirðingu

húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir virðingarverði og tölu íbúða, og má eigi nema meiru en 6^o/₁₀₀ (sex af þúsundi) af brunabótavirðingu á neinni húseign.

Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðar- og önnur atvinnufyrirtæki, og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss. Öll skip, jafnt útlend sem innlend, er taka vatn úr vatnsveitu kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, er ákveða skal í gjaldskrá.

Húseigandi ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaaukningu svarar, þótt hún hafi áður verið ákveðin.

Vatnsskatt má taka lögtaki.

19. gr.

Bæjarstjórn leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu eða vegi á opnu svæði, er liggur á lóð hans, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er bæjarstjórn leggur í götu, veg eða opin svæði, leggur húseigandi vatnsæðar til sín á sinn kostnað.

Nú stendur svo á, að sjerstaklega kostnaðarsamt er að leggja vatnsæð frá aðalæð yfir lóð manns, og getur hann þá krafist sig undanþeginn vatnsskatti, ef hann kys að vera án vatnsins. Ef ágreiningur verður, skal skorið úr með mati.

20. gr.

Í samþykkt má kveða á um notkun vatnsins og meðferð, svo og um tilhögun og meðferð á vatnsæðum og önnur atriði, er vatnsveituna varða.

Samþykktir þær allar, sem bæjarstjórn gerir um vatnsveitu og vatnsskatt, skulu sendar ráðherra til staðfestingar. Þegar samþykkt hefir fengið staðfestingu ráðherra, þá er hún lögmæt vatnsveitusamþykkt.

21. gr.

Ef eigi er kostur á nægilega miklu eða góðu vatni í landareign kaupstaðar, eða metið er að honum yrði mun kostnaðarsamara að veita því þaðan til sín en frá annari landareign eða öðrum landeignum, þá er honum rjett að veita til sín nægilegu vatni úr þeim, enda sjeu þær eigi sviftar því vatni, sem þeim er metið nauðsynlegt til þarfa þeirra, er í þessum kafla getur, nema landeiganda sje sjeð fyrir því á annan honum eigi óhagfeldari hátt.

Rjett er eiganda eða notanda þeirrar landareignar, sem vatn er tekið frá samkvæmt 1. málsg., að leggja til sín og á sinn kostnað vatnsæð úr vatnsveitu kaupstaðarins, enda greiði hann kaupstaðnum aukakostnað, sem hann kann að hafa af því. Skytt er honum að hlita lögmætum vatnsveitusamþykktum.

Nú er vatn, sem á að taka samkvæmt 1. málsg., notað með eða án orkunýtingar til verksmiðjuíðnaðar, námuvinslu eða annara fyrirtækja, og skal þá, ef fyrirtækið er swift vatnsnyttjum sínum vegna veitunnar, bæta tjónið fullum bótum.

Ef ágreiningur verður um bætur fyrir vatnstöku, eða einhver önnur atriði, er í grein þessari getur, skal skorið úr með mati.

22. gr.

Skýlt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot hvar sem er og hve nær sem er, í þarfir vatnsveitu kaupstaðar, þar með talið grjóttak, malartekja og rista, svo og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

23. gr.

Rjett er hreppsnefnd að koma upp vatnsveitu til almenningsþarfa í hreppnum. Áður en fyrirtækið er afráðið skal hreppsnefnd láta verkfróðan mann rannsaka staðhátta, og ef tiltækilegt þykir að framkvæma verkið, gera nákvæma frumdrætti að veitunni og áætlun um stofnkostnað og árlegan rekstrarkostnað. Kostnað af rannsókn þessari skal telja til stofnkostnaðar vatnsveitunnar, ef hún kemst á, en greiðist ella úr sveitarsjóði.

Ef sýslunefnd samþykkir, að vatnsveitunni sje komið á, sendir sýslumaður málið til ráðherra til samþyktar, er svo samþykkir það með eða án skilyrða, eða neitar samþykkis og færir rök fyrir.

Hreppsnefnd semur samþyktir allar um vatnsveituna, þar á meðal gjaldskrá um vatnsskatt. Á þær fasteignir í hreppnum, er eigi nota veituna, má eigi vatnsskatt leggja.

Um vatnsveitur þessar fer að öðru leyti eftir ákvæðum 17.—22. gr., eftir því sem við á.

Þar sem ekki er hægt í hreppnum með kleifum kostnaði að veita neysluvatni, skal hreppsnefnd heimilt að gera brunna til almenningsnotkunar, og fer um kostnað við það, notkun, viðhald og önnur rjettindi eins og að framan er mælt um vatnsveitur.

24. gr.

Nú þarf búandi eða fleiri grannar í fjelagi að taka vatn til þarfa þeirra, er í 14. gr. getur, í annars manns landi eða veita vatni um það, og skal hvorttveggja heimilt, ef matsnefnd telur nauðsyn á vera. Bætur ákveða matsmenn, ef eigi semur.

25. gr.

Nú þarf maður vatnsveitu til námuvinslu, verksmiðjuíðnaðar eða annarar iðju, og er þá eiganda rjett að nota til þess vatn eftir þörfum, enda sje enginn með því sviftur vatni til þarfa þeirra, er í 14. gr. segir, svo og að heimta af hendi látið nauðsynlegt land og landsafnot til veitunnar, gegn endurgjaldi eftir mati, nema aðiljar verði ásáttir.

26. gr.

Til eignarnáms eftir 25. gr. þarf leyfi ráðherra.

27. gr.

Vatnsveitur, sem gerðar hafa verið eftir heimildum í eldri lögum, skulu sæta þeim reglum, er þar segir.

IV. kafli.

Um áveitur.

28. gr.

Áveitum skal haga svo, að eigi sje neinum til бага veitt meira vatni úr fornum farvegi en notað er. Svo skal veita á land og af landi, að öðrum sje sem minst mein að, og fella vatn aftur í fornan farveg svo nærri upptökum, sem gerlegt þykir.

Nú telur einhver sjer mein að áveitu annars manns og samkomulag næst ekki, og getur þá sá, er telur sig fyrir skaða verða, kvatt matsnefnd til úrskurðar.

Telji matsnefnd gerðarbeiðanda að visu skaða að áveitunni, en að sá skaði sje minni en sá hagur, er hinn hefir af henni, skal hún engu að siður heimil, en matsnefnd skal þá meta fullar bætur.

29. gr.

Sá, sem vill veita vatni á land sitt, en þarf til þess vatn úr landi annars, eða þarf að leiða vatn yfir land annars, og samkomulag næst ekki til þess, getur kvatt matsnefnd til gerðar um málið. Telji hún hinum bagalaust, að vatnið sje tekið í landi hans eða veitt yfir það, skal það heimilt gegn hæfilegri þóknun. Telji matsnefnd landeiganda бага að töku vatnsins eða veitu þess, skal þó upptaka þess eða veita heimil, ef matsnefnd telur skaða landeiganda mun minni en hag hins af vatnstekjunni eða veitunni, en þeir skulu þá meta landeiganda fullar skaðabætur, enda verði vatn ekki tekið eða leitt annarsstaðar með ekki meiri kostnaði en skaði landeiganda er, svo að sama gagn geri.

30. gr.

Ef vatn, er fellur milli landareigna, er svo lítið, að eigi nægi, á hver fasteign sama tilkall til vatnsins eftir þörfum sínum. Þarfir eftir 14. gr. ganga fyrir áveituþörf. Ef ágreiningur verður um skifting vatnsins, skal skorið úr með mati.

Ef fleiri landareignir liggja að vatni, er nota má til áveitu, og samkomulag verður ekki um hvernig nota skuli, má útkljá það með löggilttri samþykkt samkvæmt lögum þessum.

31. gr.

Nú er veitt vatni á óskift land, og geta þá þeir, er land eiga, krafist þess, að matsnefnd skifti landinu milli þeirra til eignar og afnota. Hver einstakur sameigandi getur krafist skiftanna. Skiftin skulu miðast við stærð landareignanna eða hluta landareignanna eftir jarðarmatinu, og skal ekki að eins fara eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og legu.

32. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði

innan sýslu um notkun vatns, samáveitu, um viðhald skurða og vatnsfarvegjar og um vörn gegn skemmdum af vatnságangi.

33. gr.

Nú vilja menn koma á samþykkt um samáveitu, og skulu þá frumkvöðlar málsins semja uppkast til samþykktarinnar og gera það öllum hlutaðeigendum kunnugt. Sendist það sýslunefnd, er semur frumvarp til samþykktar. Skal svo með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþykktin nái yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarpart til ábúðar, sem metin er til dýrleika. Sýslunefnd tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá, er nefndin hefir kosið til þess, boðar fundinn með nægum fyrirvara og stjórnar honum. Verði fundarstjóri að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, bera honum 6 kr. á dag í fæðispeninga og ferðakostnaður að auki, eftir reikningi, sem sýslunefnd úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

34. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 33. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það ráðherra til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með $\frac{2}{3}$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarp sýslunefndar óbreytt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþykktar, sem hefir ekki náð $\frac{2}{3}$ atkvæða á samþykktarfundum, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyrir en á næsta aðalfundi hennar.

35. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send ráðherra til staðfestingar, og þykir honum hún koma í bága við lög, grundvallarreglur laga eða rjett manna, og synjar hann þá um staðfesting sína og skýrir sýslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir ráðherra samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hve nær hún öðlist gildi.

Samþykkt, sem ráðherra hefir staðfest, má ekki breyta eða úr gildi nema á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

36. gr.

Í samþykkt skal ávalt kveða á um umsjón og viðhald fyrirtækja og mannvirkja þeirra, sem samþykktin ræðir um, og ef um samáveitu er að ræða, um stjórn hennar, svo og um greiðslu kostnaðar, er af þessu leiðir.

37. gr.

Pegar löggilt samþykkt hefir verið sett um samáveitu, eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, skyldir til að leyfa landsafnot til mannvirkja þeirra, er áveituna snerta, svo sem land

undir skurðina, og að efni sje tekið úr landinu, hvort heldur er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv., og yfir höfuð að þola þær kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem áveituverkið hefir í för með sjer, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því að eins greiddar, að álitid verði, að landeigandi biði skaða við það. Náist ekki samkomulag milli landeiganda og stjórnar samáveitunnar um bæturnar, skal matsnefnd úrskurða. Kostnaður við matið telst til útgjalda samáveitunnar.

38. gr.

Kostnaði öllum við samáveitu skal stjórn hennar skifta milli landareigna, aðallega eftir stærð þess lands, sem vatn næst yfir. Þó skal taka nokkurt tillit til þess, hvernig hver landareign liggur við áveitunni, og hver not geta orðið af henni fyrir landareignina í samanburði við aðrar landareignir. Verði ágreiningur um skiftin, skal matsnefnd skera úr. Borgun til hennar telst til kostnaðar við samáveituna.

39. gr.

Vilji einhver, eftir að samáveitu hefir verið komið á, gerast hluttakandi í henni á þann hátt, að fá vatn til áveitu á land sitt, þá hefir hann rjett til þess, ef það að dómi matsnefndar er bagalaust fyrir samáveituna. En skyldur er hann þá að taka þátt í kostnaði öllum við samáveituna, bæði stofnkostnaði og árskostnaði, að rjetttri tiltölu við aðra, sem hlut eiga að máli. Að auki er hann skyldur að greiða borgun til matsnefndar fyrir störf hennar samkvæmt þessari grein.

40. gr.

Nú er samþykkt gerð um samáveitu, og skal þá leiguliði leita samkomulags við landeiganda um það, hvernig kostnaðinn skuli greiða. Vilji landeigandi leggja fram kostnaðinn, er leiguliði skyldur til að greiða árlegan kostnað við viðhald, stjórn og umsjón áveitunnar og enn fremur eftirgjaldsauka, eftir mati, ef eigi semur, en kostnað við það mat greiði landeigandi og leiguliði að helmingi hvor.

Vilji landeigandi ekki leggja fram kostnaðinn við áveituna, er rjett að leiguliði geri það. Þegar leiguliði fer frá jörðinni, skal metið, hversu mikið jörðin megi hækka að varanlegu eftirgjaldi fyrir áveituna, og fær þá leiguliði endurgoldinn áveitukostnaðinn, annan en viðhaldskostnað, umsjónar- og stjórnarkostnað, þó ekki meira en sem svarar fimmtánföldum eftirgjaldsauka þeim, sem metinn er.

41. gr.

Ef hvorki landeigandi nje leiguliði vill leggja fram áveitukostnaðinn samkvæmt 40. gr., getur stjórn samáveitunnar krafist þess, að jörðin sje tekin eignarnámi handa samáveitunni.

42. gr.

Lögtaksrjettur fylgir gjöldum þeim, sem lögð eru á samkvæmt heimild í löggiltum áveitusamþyktnum.

Samþykktir, sem gefnar hafa verið út eftir eldri lögum, halda gildi sínu.

V. kafli.

Um þurkun lands.

43. gr.

Ef landeigandi getur ekki losnað við vatn, sem bagi er að, má hann veita því í vatnsrásir, farvegi, eða skurði á landi annars manns eða grafa skurði á landi hans, en jafnan skal hann bæta það tjón, sem hlýst af fráveitu vatnsins.

Ekki má veita vatni úr skurðum, sem alstaðar eða sumstaðar eru opnir inn í lokræsi, á landareign annars manns, nema matsnefnd telji það bagalaust.

44. gr.

Ef skurðirnir gegnum landareign annars manns eru einnig til gagns fyrir hann, þá er hann skyldur að taka þátt í kostnaði við skurðgröftinn og viðhald skurðanna.

Nú vill maður, samkvæmt 43. gr., veita bagalegu vatni í skurð annars manns, og má þá setja honum það skilyrði, að hann greiði hinum upp í skurðkostnaðinn, sem svarar því gagni, er hann hefir af skurðinum, og jafnan skal honum skylt að kosta viðhald skurðarins að sínum hluta.

45. gr.

Ef einhver vill veita bagalegu vatni frá sjer yfir landareign annars manns, samkvæmt 43. gr., og þeim semur ekki, þá skal matsnefnd gera út um það, hvort og að hve miklu leyti sú fráveita verði að teljast hagkvæm, þrátt fyrir það óhagræði, sem hinn kann að verða fyrir. Skal því næst, ef til kemur, ákveða stefnu skurðarins, dýpt hans, breidd og lengd, og tiltaka, hve nær hann skuli gerður, og enn fremur hvort hann skuli vera opinn eða lokaður og hvað gera skuli við uppmoksturinn. Í sömu matsgerð skal gera út um það, hvort landeiganda beri skaðabætur, og þá hve miklar. Má hann velja um, hvort hann kys heldur borgun í eitt skifti fyrir öll eða árlegt afgjald. Þá skal og, ef svo ber undir, gera um það, hvort eigandinn, ef skurð á að grafa á landi hans, skuli taka þátt í kostnaðinum, og að hve miklu leyti; skal þá einnig ákveða, hvernig skuli fara um viðhaldskostnað.

46. gr.

Ef þurka skal land, sem tveir eða fleiri eiga saman, þá er hver með-

eigandi skyldur að taka þátt í gerð og viðhaldi þeirra fráveituskurða, sem koma hinum að notum, og það jafnt á sameignarlandi sem á landareign annara manna, ef skurðirnir ná þangað. Matsgerð skal ráða úrslitum um nauðsyn skurðanna og skiftingu á kostnaðinum.

47. gr.

Ráðherra getur heimilað eignarnám á landi og rjettindum, ef þess gerist þörf, í því skyni að grynka vatn eða þurka upp vötn, tjarnir eða mýrlendi, eða til þess að víkka eða rjetta farveg, eða á annan hátt veita vatni burt til þess að auka land eða bæta.

48. gr.

Ef ræða er um fráveitu vatna í því skyni að auka land eða bæta, og landeigendur verða ekki á eitt sáttir um það að ráðast í fyrirtækið, en þeir, sem vilja sinna fyrirtækinu, myndu hljóta meira en helming hagnaðar af landbótunum, þá getur ráðherra, ef þeir æskja þess, ákveðið, að þeir aðrir landeigendur, sem gagn myndu hafa af fyrirtækinu, skuli kosta það að sinum hluta, svo og viðhald þess, alt miðað við það gagn, sem hver landeigandi ber úr býtum, og fer það eftir mati.

Fjárframlög þeirra, sem þannig verða skyldaðir til að taka þátt í fyrirtækinu, má taka lögtaki.

VI. kafli.

Um holræsi og óhreinkun vatns.

49. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að leggja holræsi, til þess að taka við skólpi í kaupstaðnum.

50. gr.

Bæjarstjórn er rjett að leggja gjald á lóðir og hús í kaupstaðnum, til þess að standa straum af holræsakostnaði. Skal gjaldið miðað við lengd lóða meðfram götu, vegi eða opnu svæði, þar sem holræsið er lagt, en eigi má það nema árlega meiru en sem svarar vöxtum af stofnkostnaði og afborgun af láni til holræsalagningar, ef lán hefir tekið verið, fyrningu og viðhaldi ræsa þeirra, er lögð hafa verið á kostnað kaupstaðarins.

Holræsagjald skal ákveða í reglugerð. Gjaldið má taka lögtaki.

51. gr.

Bæjarstjórn leggur holræsi svo, að lóðareigandi hver nái til þeirra í götu, vegi eða á opnu svæði, er lóð hans liggur að, enda verður enginn krafinn um holræsagjald fyr en svo er.

Skýlt er hverjum lóðareiganda, ef skólp fellur til á lóð hans, að gera á sinn kostnað holræsi, er flytji frá henni skólp alt út í aðalræsi. Ef maður

vanrækir að leggja ræsi á hæfilegum fresti, er bæjarstjórn tiltekur, skal hún láta vinna verkið á hans kostnað.

Nú stendur svo á, að sjerstaklega kostnaðarsamt er að leggja holræsi frá aðalræsi yfir lóð manns, og getur hann þá krafist sig undanþeginn holræsagjaldi, ef hann getur komið skólpi frá lóðinni á annan hátt, er heilbrigðisnefnd telur fulltryggan, enda verði eigi metið, að það baki nágrönnum óþægindi eða tjón. Að öðrum kosti skal leggja holræsi um lóð hans, enda skal bæjarsjóður þá taka þátt í kostnaði við það, eftir mati, nema samkomulag verði.

52. gr.

Í reglugerð má kveða á um gerð og lagningu bæði aðalræsa og lóðaræsa, að regnvatni skuli í þau veitt, um umsjón þeirra, notkun og annað, er að meðferð þeirra lýtur.

53. gr.

Reglugerðir allar um holræsi og holræsagjald, er bæjarstjórn semur, skulu sendar ráðherra til staðfestingar. Þegar reglugerð hefir fengið staðfestingu, er hún lögmaet holræsareglugerð.

54. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að leggja holræsi um hrepp á kostnað hrepps sjóðs. Áður en fyrirtækið er afráðið, skal hreppsnefnd láta verkfróðan mann rannsaka staðhættu, og ef tiltækilegt þykir að framkvæma verkið, gera nákvæma frumdrætti að því og áætlun um stofnkostnað og árlegan rekstrarkostnað. Kostnað af rannsókn þessari skal telja til stofnkostnaðar, ef fyrirtækið kemst í framkvæmd, en greiðist ella úr hreppssjóði.

Ef sýslunefnd samþykkir holræsalagninguna, sendir sýslumaður málið til ráðherra til samþyktar, er svo samþykkir það með eða án skilyrða, eða neitar samþykkis og færir rök fyrir.

Hreppsnefnd semur samþyktir allar um holræsi, þar á meðal ákvæði um holræsagjald. Á þær eignir, er eigi nota holræsi, má eigi leggja holræsagjald.

Um holræsi þessi fer að öðru leyti eftir ákvæðum 50.—53. gr., eftir því sem við á.

55. gr.

Nú þarf búandi, eða fleiri grannar í fjelagi, að koma frá sjer skólpi í holræsi yfir land eða lóð annars manns, og skal það heimilt, ef matsnefnd telur nauðsyn á. Þyki hagfelt að veita skólpinu úr slíku ræsi inn í holræsi annars manns, má það og verða, ef matsnefnd telur það óskaðlegt.

Bætur fyrir notkun lands og holræsa annara manna eftir þessari grein ákveða matsmenn, ef eigi semur.

56. gr.

Holræsi, sem lögð eru um land annars manns, skulu vera vatnsheld, ef hann krefst þess, nema metið verði, að honum sje bagalaust, þótt þau sjeu eigi svo úr garði gerð.

57. gr.

Bannað er að henda út í vötn, eða sleppa út í þau um skurði eða aðrar veitur, sorpi, hræjum eða öðrum föstum efnum eða hlutum, sem spilt geta fyrir öðrum vatninu, botni þess eða bakka, flóðhæð eða framrás. Bannað er og að láta nokkuð slíkt efni á ís eða svo nærri vatni, að viðbúið sje, að þau berist í vatnið.

58. gr.

Ekki má láta út í vatn, hvorki beinleiðis nje um skurði, holræsi eða aðrar veitur, nje heldur svo nærri vatni, að viðbúið sje að berist í það, nokkurn lög frá iðjuverum, gastegundir eða föst efni fljótandi í legi, er spilt geta vatninu, botni þess eða bakka. Eigi má heldur láta í vatnið þesskonar hluti eða efni, er spilt geta vatninu, til að bleyta þá, skola eða kæla. Ráðherra eða sá, er hann veitir heimild til þess; getur veitt undanþágu frá banni þessu, þangað til öðruvisi verður ákveðið, og bundið hana nauðsynlegum skilyrðum.

Nú hefir áður verið leyft að óhreinka vatn á þann hátt, er hjer ræðir um, og þarf þá alt að einu leyfi til hverrar þeirrar breytingar, sem frekari spjöll geta hlotist af.

Pótt iðjuver fái undanþágu til að óhreinka vatn, er því alt að einu skylt að bæta eftir mati tjón það, sem af kann að hljótast á landareign eða rjettindum annara.

59. gr.

Ákvæði laga þessara eru því cigi til fyrirstöðu, að sett verði í byggingarsamþyktum og heilbrigðissamþyktum nánari fyrirmæli um varnir gegn heilsuspillandi óhreinkun vatns, svo og um tilhögun holræsa og meðferð þeirra.

Holræsi, sem gerð hafa verið eftir heimild í eldri lögum, skulu sæta þeim reglum, er þar segir.

VII. kafli.

Um notkun orku.

60. gr.

Rjett er landeiganda, eða öðrum umráðamanni fallvatns, að ráðstafa og hagnýta orku þess til rekstrar vinnutækja eða raforkunýtingar, með þeim takmörkunum, er lög, venjur eða aðrar heimildir hafa í för með sjer.

61. gr.

Í merkivötnum hafa landeigendur beggja vegna rjett til orkunýtingar eftir hálfu rensli vatnsins og fallhæð þeirri, sem hvers landi fylgir, enda hafi eigi önnur lögmæt skipun verið á gerð.

62. gr.

Ef tveir eða fleiri eiga hver sinn hluta fallvatns, eða það er í sameign, en ekki semur um, hvernig nota skuli til orkuvinslu, getur ráðherra heimilað að sá eða þeir eigendur, sem eiga $\frac{2}{3}$ hluta vatnsorkunnar, talinnar eftir vatnsmagni og fallhæð, leysi til sin minni hlutann. Þetta er þó því skilyrði bundið, að hagnýting fallvatnsins í einu lagi hafi í för með sjer verulegan fjármunahagnað og að ekki sje skertur rjettur þriðja manns, er kann að hafa verið stofnaður áður en lausnarrjetturinn kom til greina.

Sá hluti fallvatns, sem innleystur er, skal metinn sem hluti af því öllu, en taka skal þó til greina virkjunarkostnað fallvatnshlutans í samanburði við allt fallvatnið. Matsnefnd sker úr ágreiningi og ákveður bætur.

63. gr.

Nú vill eigandi annars vatnsbakka gera stíflu í vatni til orkunýtingar og þarf til þess að nota land móteiganda, og skal hann þá bjóða honum fjelagsskap um byggingu og notkun vatnsins þannig, að hvor taki sinn hluta úr stíflutjörn. Matsnefnd ákveður, ef eigi semur, um framkvæmd verksins, svo og um skifting vatns og kostnaðar.

Nú vill eigandi annars vatnsbakka eigi taka þátt í stíflugerð, og fær hinn leyfi eftir 74. gr. til að festa stíflu á landi hans, og má þá áskilja í leyfinu, að stíflu skuli svo hagað, að móteigandi geti síðar hagnýtt sinn hluta vatnsins, án þess að breyta þurfi stíflu að mun, en kostnað, sem leiðir af þessari sjerstöku tilhögun, skal móteigandi greiða. Hagnýti hann sjer síðar sinn hluta vatnsins að nokkru eða öllu leyti, er hann skyldur að taka þátt í stofnkostnaði og viðhaldskostnaði eftir mati, ef eigi semur.

64. gr.

Eigandi vatnsbakka, sem gert hefir stíflu í vatni án þátttöku móteiganda, er heimilt að nota þann hluta úr vatni móteiganda, sem hann hagnýtir ekki. Bæta skal tjón, er verða kann, eftir mati, ef eigi semur.

65. gr.

Ríkið getur tekið sjerhvert fallvatn, virkjað eða óvirkjað, gegn fullu endurgjaldi eftir mati, til þess að vinna úr því orku í þarfir ríkis eða almennings, og veitt orkunni eftir þörfum til neyslustaðanna.

Nú vill hjeradsstjórn eða bæjar koma upp vatnsorkuveri og raforkuveitu frá því, til þess að fullnægja þörf almennings í hjeraði eða kaupstað, og getur þá ráðherra heimilað hjeradsstjórn eða bæjarstjórn að taka fallvatn, virkjað eða óvirkjað, til notkunar, gegn fullu endurgjaldi eftir mati.

66. gr.

Nú vill ríkið koma upp vatnsorkuveri og raforkuveitu, og getur það þá tekið einkarjett til að veita raforku og til að selja raforku og raforkutæki á svæði því, sem orkutaugarnar eiga að ná yfir.

Vilji hjeradsstjórn eða bæjar koma upp vatnsorkuveri og raforkuveilu,

getur ráðherra heimilað henni rjettindi þau, er ríkið hefir eftir framansögðu, þó að eins um tiltekið árábil.

67. gr.

Nú er raforkuver starfandi á svæði, þar sem tekin er upp raforuveita og einkasala samkvæmt 66. gr., og skulu þá eigendur þess, ef þeir óska að halda starfrækslunni áfram, innan þriggja mánaða skýra ráðherra frá því, og ákveður hann staðartakmörk fyrirtækisins og viðurkennir tilverurjett þess. Þessi viðurkenning veitir engan frekari rjett en eigendurnir höfðu áður, og er því eigi til fyrirstöðu, að ríkið sjálft eða aðrir stofnsetji og starfræki vatnsorkuver og raforkuveitu á sama svæði.

68. gr.

Þá er fallvatn er tekið eftir 65. gr., skal þess gætt, að hjeradinu í grend við fallvatnið sje ekki gert örðugt fyrir að afla sjer nauðsynlegrar orku.

69. gr.

Nú vill ríkið, bæjarstjórn eða hjerads koma á stofn vatnsorkuveri og raforkuveitu, og skulu þá landeigendur skyldir að þola hverskonar mannvirki á landi og lóðum, sem nauðsynleg eru vegna fyrirtækisins, svo og að efni það, er á þarf að halda, svo sem grjót, mól o. s. frv., sje tekið þar sem hægst er. Bæta skal landeiganda tjón eftir mati, ef eigi semur.

70. gr.

Vilji bæjarstjórn eða hjerads koma upp vatnsorkuveri og raforkuveitu til almenningsþarfa, skal tilkynna það ráðherra eftir 89. gr. Samþykkið má binda þeim skilyrðum um gerð mannvirkjanna, straumtegund og spennu, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja almenningshagsmuni, sjerstaklega til tryggingar því, að unt sje siðar að koma hentugra skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa.

71. gr.

Bæjarstjórnir eða hjerads skulu þá, er komið er upp raforkuveitu, semja reglugerð um notkun raforkunnar, um meðferð á raftækjum og önnur atriði, er lúta að orkuveitunni. Ráðherra staðfestir reglugerðina.

Gjald fyrir raforku skal ákveðið í gjaldskrá, er bæjarstjórn eða hjeradsstjórn semur, en ráðherra staðfestir. Undanþegnir þessu gjaldi skulu þeir, er raforkutaugar ná eigi til. Gjald samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki.

72. gr.

Nú vill einstakur maður eða fjelag, sem yfir fallvatni ræður, gera vatnsorkuver til heimilisþarfa sinna og annara, svo og iðnaðar og iðju, og skal þá tilkynna það ráðherra og fá samþykki hans (sbr. 89. gr.).

Samþykki ráðherra má binda þeim skilyrðum um gerð mannvirkjanna, straumtegund og spennu, sem nauðsynleg þykja vegna almenns öryggis, eða lúta að því að koma siðar á hentugra skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa. Skilyrði má setja um það, að almenningi í nágrenni við veituna sje gef-

inn kostur á orku úr henni til heimilis- og búþarfa. Loks er samþykkið þeim skilyrðum bundið, sem sett kunna að verða í sjerleyfislög, ef orkuverið er svo stórt, að það falli undir ákvæði þeirra.

73. gr.

Ráðherra setur reglugerð um orkuveitur, efni og útbúnað þeirra og önnur nauðsynleg öryggisákvæði.

74. gr.

Ráðherra getur veitt leyfi til þess, að land og rjettindi verði af hendi látn, gegn endurgjaldi eftir mati, til vatnsveitu, stíflugerðar og annara mannvirkja, ef það er metið nauðsynlegt til haganlegrar vinslu vatnsorku.

VIII. kafli.

Um miðlun vatns til iðju.

75. gr.

Mannvirki í vatni eða við vatn til vatnsmiðlunar í iðjuskyni, hvort heldur er til hækkunar eða lækkunar á yfirborði stöðuvatns, stíflunar í straumvatni eða samveitu vatna, má eigi gera án leyfis ráðherra:

- a) Þegar fyrirtækið aftrar fiskigöngu, eða annari notkun vatnsins að nokkru ráði,
- b) þegar fyrirtækið veldur því, að ræktað eða ræktanlegt land, hagi, mómyri, eða önnur landsgæði, lenda undir vatni eða spillast, svo að teljast megi skaðlegt hagsmunum almennings,
- c) þegar fyrirtækið á annan hátt getur bakað ríkinu eða almenningi tjón, eða valdið breytingu á landsháttum,
- d) þegar hækka þarf eða lækka yfirborð vatns, sem eigi er að öllu eign einstaklinga,
- e) þegar eignarnáms þarf á landi eða rjettindum annars manns til að koma fyrirtækinu í framkvæmd og eigi semur.

76. gr.

Eigi skal leyfi veita til vatnsmiðlunar eftir 75. gr. fyr en leitað hefir verið álits hjeradsstjórna þar, sem vatnsmiðlun skal gerð, og landeiganda þeirra og leiguliða, er hún tekur til.

Bætur á tjóni vegna mannvirkja til vatnsmiðlunar í iðjuskyni ákveður matsnefnd, ef eigi semur.

77. gr.

Ef vatnsmiðlun er stórfeld eða hefir í för með sjer mikla rjettarskerðingu fyrir aðra, eða veldur miklum landspjöllum, skal eigi leyfi veita nema eftir ákvörðun Alþingis.

78. gr.

Þeir, sem vatn eiga, eða búa meðfram því, skulu ganga fyrir öðrum um leyfi til vatnsmiðlunar, ef þeir vilja virkja vatn, eða gera með sjer fjelag í því skyni.

79. gr.

Eigi skal fyrra leyfi vera því til fyrirstöðu, að aðrir geti síðar fengið leyfi til vatnsmiðlunar á sama stað, ef það má verða án þess, að skertur verði rjettur fyrra leyfishafa til orkunýtingar.

80. gr.

Venjulega skal leyfi til vatnsmiðlunar eftir lögum þessum bundið þeim skilyrðum:

- a) að leyfishafi greiði sveitarfjelögum þeim, er miðlunarfyrirtækið veldur tjóni, árgjald, sem eigi sje minna en 10 aurar fyrir hestorku hverja, er vinst við miðlunina, og eigi meira en 2 kr. Miða skal orkuaukann við það, sem vinst fram yfir meðaltal af láglæði vatnsins í þrjá mánuði ársins, þá sem vatnsminstir eru. Ráðherra skiftir fjenu milli sveitarfjelaganna.
- b) að leyfishafi greiði í ríkissjóð árgjald, sem eigi sje minna en 20 aurar fyrir hestorku hverja, er vinst við miðlunina, og eigi meira en 2 kr., talið eftir sömu reglu og í a) greinir.

Enn fremur má binda vatnsmiðlunarleyfi þeim skilyrðum, að leyfishafi greiði fyrirfram að nokkru eða öllu leyti skaðabætur þær, er honum verður metið að greiða, eða setji tryggingu fyrir þeim. Auk þess má binda leyfið skilyrðum sjerleyfisлага, ef ástæða er til.

81. gr.

Pegar sjerstaklega stendur á, getur ráðherra eða Alþingi, ef um stórmiðlanir er að ræða, sett niður gjöld þau, er í 80. grein getur, um tiltekinn tíma.

Sje miðlunarfyrirtækið í almenningsparfir, til að afla íbúum bæja eða hjeraða orku til ljósa, hita, landbúnaðar eða smáiðju, má gjaldið falla niður að öllu.

82. gr.

Leyfi til vatnsmiðlana eftir lögum þessum skulu veitt um tiltekinn tíma, alt að 50 árum, eða með samþykki Alþingis alt að 65 árum.

Miðlunarleyfi má eigi framselja án leyfis ráðherra eða Alþingis, ef um stórmiðlanir er að ræða, og er það bundið við vatnsfallið og mannvirki þau, er gerð hafa verið samkvæmt leyfinu.

Pegar leyfistíminn er á enda, getur ráðherra eða Alþingi krafist þess, að mannvirkin verði tekin upp og sama ástandi komið á og áður var. Nú er þess eigi krafist, og getur ríkið þá annaðhvort framlengt leyfið með skilyrðum þeim, er löggjöfin setur þá, eða tekist sjálft á hendur vatnsmiðlunina, en afhenda skal þá fyrir leyfishafa miðlunarvirkin í nothæfu ástandi.

83. gr.

Miðlunarvirki eftir lögum þessum getur ríkið látið gera, þegar hentugt þykir vegna almenningshagsmuna, eða til að koma skipulagi á vatnsorkunot einstakra manna. Hefir ríkið þá sömu heimild til eignarnáms á landi og öðru, sem að vatnsmiðluninni lýtur, eins og sá, er leyfi hefir fengið.

IX. kafli.

Um umferð á vötnum og fleytingu.

84. gr.

Öllum er rjett að fara á bátum eða skipum um skipgeng vötn, svo og að fleyta um þau flekum eða víði, nema bannað sje af ráðherra vegna þess, hvernig ástatt er um mannvirki í vatninu.

85. gr.

Ráðherra getur veitt leyfi til að krefjast, að land og rjettindi verði af hendi látin, gegn fullu endurgjaldi eftir mati, að vötn verði skipgeng, umferðaskurðir grafnir út frá þeim, eða til annarar fyrirgreiðslu umferðar.

86. gr.

Nú er vatn gert skipgengt eða aðrar ráðstafanir gerðar til fyrirgreiðslu umferðar, og getur þá ráðherra ákveðið, að gjald verði lagt á báta þá eða skip, er fara um vatnið, til þess að standa straum af kostnaði við dýpkun vatnsins eða aðra fyrirgreiðslu umferðar.

87. gr.

Landeigandi á rjett til bóta eftir mati fyrir tjón, sem umferð á vatni eða fleyting bakar honum, hvort heldur er á landi hans, brúm, fiskivötnum, veiðarfærum, iðjuverum eða öðru.

X. kafli.

Almenn ákvæði um mannvirki í vötnum eða við þau.

88. gr.

Mannvirki öll í vötnum skulu að undirstöðum, gerð og efni fullnægja sanngjörnum kröfum um traustleika, og skulu þau og öll vinna í vötnum háð reglum þeim, sem settar verða af ráðherra, til varnar við hættu á lífi manna og eignum, eða hagsmunum ríkisins eða almennings.

89. gr.

Enginn má hefja eftirgreind mannvirki án þess að tilkynt hafi verið ráðherra (sbr. 118. gr.) og samþykki hans fengið:

- a) Gera stíflur eða önnur mannvirki til vatnsorkuvinslu.
- b) Veita úr vatnsfalli eða stöðuvatni, sem afrenslir hefir í slíkt vatnsfall, um jarðgöng, stokk eða pípu, meiru en því, sem rúmast í 20 centimetra viðri pípu við stíflutjörn.
- c) Gera önnur mannvirki í vatni eða við það, sem breyta farvegi þess eða vatnshæð, nema sýnt sje, að hættulaust sje öllum hagsmunum ríkisins og almennings.
- d) Þurka upp stöðuvatn, enda taki þurkunin yfir 50000 fermetra.

90. gr.

Samþykkja skal tilkynt fyrirtæki, er eigi kemur í bága við hagsmuni ríkisins eða almennings, ef það fullnægir kröfum þeim, er í 88. gr. getur, en ella má binda samþykkið skilyrðum, er nauðsynleg þykja til að fullnægja þeim. Samþykkið er því eigi til fyrirstöðu, að síðar megi skipa fyrir um nauðsynlegar breytingar á mannvirkjunum, ef það kemur í ljós, meðan verið er að vinna verkið, að þeirra þurfi við.

Ríkið ábyrgist ekki tjón af fyrirtækinu, þótt samþykki sje veitt, og ábyrgist eigandi fyrirtækisins eftir sem áður tjón, sem stafar af göllum eða misfellum á því.

Nú er samþykkis synjað að einhverju leyti eða öllu, og skulu þá rök færð fyrir.

91. gr.

Ráðherra getur veitt leyfi til mannvirkja í vatni, þótt þau tálmi almennri umferð, veiði eða á annan hátt geti haft í för með sjer tjón á hagsmunum almennings eða ríkisins, ef sjáanlegt er, að fyrirtækið hafi í för með sjer meiri hagnað fyrir ríkið eða almenning en tjóninu nemur. Leyfið má binda öryggisskilyrðum þeim, sem nauðsynleg þykja, svo og skilyrðum sjerleyfislaga, ef fyrirtækið er svo stórt, að það falli undir þau.

Sá, er fyrirtæki kemur í framkvæmd eftir leyfi eftir byrjun 1. málsg., ábyrgist eigi það óhagræði, er almenningi eða ríkinu kann af því að stafa, framar en tilskilið kann að vera í leyfinu.

92. gr.

Leyfi til að krefjast þess, að eign og rjettindi verði af hendi látin eða aðrar eignarkvaðir á lagðar, má ráðherra því að eins veita, að ætla megi, að fyrirtækið annaðhvort efli hagsmuni almennings beinlínis, eða sá hagnaður, er telja má að verði af fyrirtækinu, fari að miklum mun fram úr óhagræði því, er einstaklingar geti haft af því.

Leyfi þetta má binda skilyrðum, er lúta að því að tryggja það, að fyrirtækið komi að almenningsnotum; einnig getur ráðherra sett það skilyrði, að fje sje sett til tryggingar skaða þeim, sem síðar kynni að koma í ljós, en ekki hefir verið fyrirjáanlegur við eignarnámið.

Nú hefir leyfi verið veitt samkvæmt 1. málsgrein, og er þá hver maður skyldur til að þola þær eignarkvaðir, er fyrirtækið kann að hafa í för með sjer, enda sje því hagað eftir frumdráttum þeim, sem samþykktir hafa verið.

93. gr.

Nú hefir vatnsvirki í för með sjer bætur á landi annars manns, vatnsauka eða annað hagræði fyrir aðra vatnsvirkjæigendur, og getur ráðherra þá eftir kröfu virkiseiganda ákveðið, að þeir, sem hag hafa af virkjunum, gjaldi eitt skifti fyrir öll ákveðna upphæð eftir mati til virkiseiganda.

94. gr.

Nú þarf leyfi ráðherra til stíflugerðar eða annara mannvirkja, er áhrif hafa á vatnshæð eða vatnsmagn í vatnsfalli, og skal þá venjulega taka fram í leyfinu, hversu mikið megi hækka eða lækka vatnsflötinn, og setja önnur nauðsynleg skilyrði til tryggingar hagsmunum ríkisins, almennings eða einstaklinga.

Pegar gerð er takmörkun á, hve mikið megi hækka vatnsflöt eða lækka, skal sett vatnshæðarmerki á kostnað eiganda, er sýni greinilega, hve mest megi hækka eða lækka í vatninu.

95. gr.

Hver aðilja getur krafist, að skorið verði fyrirfram úr með mati, hvort og hvernig vatnsvirki þau, er í 6. gr. getur, verði gerð án þess að tjón hljótist af á eignum annara manna eða rjettindum.

Nú telur matsgerð, að ekki muni tjón af hljótast, og geta þá rjetthafar við matsgerðina eigi aftrað, að fyrirtækið verði framkvæmt samkvæmt henni, jafnvel þótt í ljós komi síðar, að tjón hljótist af, en krefjast má þó skaðabóta áður 10 ár liða frá lokum þess almanaksárs, er verkinu var lokið.

96. gr.

Nú gerir maður vatnsvirki án leyfis eftir 90. – 92. gr., eða gegn mati eftir 95. gr., og er honum þá skylt, ef ráðherra eða þeir, er mats geta krafist, fara fram á það, að koma löglegu skipulagi á vatnsvirkið, hvort heldur er með því að rifa það eða breyta því.

Nú er mál höfðað samkvæmt fyrri málsgrein, og hvilir þá sönnunarskylda um, hvernig vatni hafi verið háltað áður en fyrirtækið var framkvæmt, á virkiseiganda, ef fyrirtækið veldur því, að nú er eigi lengur hægt að gera sjer það ljóst. Ábyrgð vegna ólöglegra mannvirkja tekur einnig til síðari eigenda.

97. gr.

Eigandi vatnsvirkis skal ávalt halda við óaðfinnanlega öllum vatnsvirkjum, sem þannig er varið, að spjöll á þeim gætu valdið mannhættu eða tjóni á eignum einstakra manna, eða hagsmunum ríkisins, eða almennings.

Eigi má rifa vatnsvirki þau, er í 89. gr. getur, án leyfis ráðherra. Ef leyfi er veitt, skal bætt eftir mati tjón á eignum og rjettindum, er af niðurfinnu leiðir, þó ekki missi þess hagnaðar, er menn höfðu af vatnsvirkinu, nema goldið hafi verið fyrir þann hagnað beinlínis eða óbeinlínis.

98. gr.

Landeigandi er skyldur að þola á landi sínu allan nauðsynlegan átroðning vegna mælinga, eða annara rannsókna, við undirbúning á fyrirhuguðum mannvirkjum í vötnum. Bæta skal tjón eftir mati, ef eigi semur. Merki og vörður, er mælingamenn þessir setja, skal telja til friðaðra mannvirkja samkvæmt almennum hegningarlögum.

Nú láta aðrir en ríkið, sýsla, hreppsfjelag eða bæjarfjelag slík undirbúningsstörf fram fara, og er þá skylda landeiganda því skilyrði bundin, að áður sje fengin heimild lögreglustjóra og trygging sett fyrir tjóni, er verða kann, ef krafist er. Vottorð lögreglustjóra um þetta skal sýnt landeiganda, eða leiguliða, ef þess er krafist.

XI. kafli.

Um skaðabætur.

99. gr.

Bætur fyrir eign eða rjettindi, sem skylt er að láta af hendi samkvæmt lögum þessum, skulu greiddar í peningum, nema öðruvísi sje um mælt. Bæturnar skulu ætíð ákveðnar með vissri upphæð í eitt skifti fyrir öll.

Bætur fyrir afnot af landi annars manns, eða aðrar eignarkvaðir, má ákveða í árgjaldi, ef landeigandi óskar.

100. gr.

Nú er hluti af eign látinn af hendi eða eignarrjettur eða önnur rjettindi skert, og skal þá meta bætur svo, að tekinn sje til greina sjerhagur sá, er eign eða rjettindum kemur af fyrirtæki því, sem stofnað er til.

101. gr.

Nú er eigandi fallvatns skyldaður til þess að láta af hendi vatn og fallhæð, og afgangur fallvatnsins verður fyrir þá sök eiganda annaðhvort ónýtur til orkunýtingar, eða notagildi þess minkað að mun, og má þá eigandinn krefjast þess, að fallvatnið alt verði tekið.

Nú fylgir land fallvatni, sem lögum þessum samkvæmt er tekið eignarnámi, og verður það eiganda ónýtt vegna tökunnar, eða notagildi þess rýrt að mun, og er eiganda þá rjett að krefjast þess, að landið verði tekið.

Sama rjett hefir eigandi vatnsvirkis til að krefjast þess, að öll mannvirki og lausir hlutir, er þeim fylgja, verði teknir eignarnámi, ef eignarnámið veldur því, að eignin verði honum lítils virði.

Ef að öðru leyti er svo með eign annars manns farið lögum þessum samkvæmt, að eignin í heild sinni, eða hlutar af henni, verða eiganda ónýtt eða notagildi hennar verulega rýrt, þá getur hann krafist þess, að eignin öll, eða sá hluti hennar, sem fyrir þessu verður, verði tekin.

102. gr.

Pegar land eða rjettindi eru af hendi látin, samkvæmt 25., 65., 74. og 75. gr. e.-lið, skal bæta 25% við þá upphæð, er matsnefnd ákveður í bætur.

103. gr.

Nú veldur vatnsvirki tjóni á eignum eða rjettindum annara, sem eigi var tekið til greina og bætt, er til virkis var stofnað, og skal virkiseiganda þá skylt að bæta það síðar eftir mati, ef eigi semur. Krafa um bætur skal komin fram áður 10 ár liða frá lokum þess almanaksárs, er virkið var fullgert.

Telji matsnefnd eigi fært að meta fyrirfram tjón, er hlotist geti af vatnsvirkjum, getur hún skotið matinu á frest, en getur þá áskilið þeim, er bætur á að taka, tryggingu fyrir bótum af hendi virkiseiganda.

104. gr.

Nú krefst maður þess, samkvæmt 62. gr., að leysa til sin hluta af fallvatni, og getur þá vatnseigandi krafist þess, að honum verði endurgoldinn eignarmissirinn með orku í stað peninga, eftir eignahluta hans í fallvatninu, ef matsnefnd telur það eigi fyrirtækinu ofvaxið. Matsnefnd ákveður, hve mikla orku skuli greiða, svo og viðbótargjald í peningum, ef eigi er að öllu greitt með orku.

Nú eykur virkiseigandi síðar orkuvinslu með vatnsmiðlun, sem gjaldþegi átti rjett til áður innlausn var gerð, og skal þá fara um skiftingu þess orkuauka milli þeirra eftir sömu reglum og um skiftingu hinnar upphaflegu vatnsorku.

105. gr.

Nú er vatnsorka innleyst og endurgoldin með orkurjetti, og skal þá sá rjettur trygður með veðrjetti í fallvatninu og orkuverinu og hafa forgöngu-rjett á eftir sköttum.

106. gr.

Orkurjettur, sem er endurgjald fyrir innleysta vatnsorku, á sem hver önnur jarðarhlunnindi að fylgja þeirri eign, er átti vatnsorkuna, þá er hún var tekin, og skal hann til tryggingar veðrjetti eða öðrum rjettindum í stað vatnsorkunnar.

Þó má matsnefnd, eftir ósk orkutaka, með samþykki veðhafa eða annara rjetthafa, ákveða, að orkurjettur verði tengdur við aðra fasteign, ef það má verða án verulegs kostnaðarauka fyrir virkiseiganda.

107. gr.

Pegar bætur eru greiddar í orku, skal sá, er bætur tekur, greiða virkiseiganda hlutfallslegan stofnkostnað, og má draga hann frá orkureiðslunni, ef gjaldþegi kys það heldur en bein fjárframlög.

108. gr.

Ætlið skal sá, er bætur tekur í orku, greiða virkiseiganda hlutfallsleg-
Alpt. 1920 A. (32. löggjafarþing).

an rekstrarkostnað, annaðhvort með föstu árgjaldi, sem má endurmeta á 10 ára fresti, ef annarhvor aðilja óskar, eða með því að gefa eftir af orkureiðslunni, ef gjaldþegi kys það heldur. Matsnefnd sker úr, ef eigi semur.

109. gr.

Venjulega skal sú orka, sem greidd er í bætur, afhent í raforku. Nú er um raforkuleiðslu að ræða, og skal þá afhenda hana í nothæfri spennu á þeim stað, sem gjaldþegi krefst, nema matsnefnd telji afhendingu mega verða öðruvisi, eða á öðrum stað. En ætíð skal gjaldþegi greiða kostnað þann, er leiðsla og straumbreytar hafa í för með sjer, svo og kostnað við viðhald og rekstur þeirra mannvirkja.

Um leið og ákveðið er, að bætur skuli goldnar í orku, skal og tiltekkið, hve nær orkureiðsla skuli í síðasta lagi hefjast.

110. gr.

Ef orkutaki innir eigi af hendi á rjettum gjalddaga gjöld þau, er honum ber að greiða virkiseiganda eftir 107.—108. gr., er rjett að varna honum orkunnar, þangað til hann greiðir þau.

111. gr.

Stöðvanir á orkureiðslu, sem nauðsynlegar eru vegna viðgerðar, eftirlits o. þ. h., baka eigi skaðabótaskyldu, nema þær verði með þeim hætti, að þær riði í bága við gerða samninga, eða ákvæði matsnefndar um fyrirkomulag orkureiðslunnar. Þó skal þess gætt, að stöðvun standi eigi lengur en nauðsyn krefur. Tilkynna skal þeim, er bætur tekur, stöðvunina með nægum fyrirvara, ef kostur er.

Nú er stöðvunin að kenna óviðráðanlegum atvikum (vis major), og er virkiseigandi þá eigi skaðabótaskyldur, enda verði engar ráðstafanir vanræktar til þess að koma orkureiðslunni á aftur.

Ef orkureiðsla hættir af öðrum ástæðum en þeim, sem taldar eru í 1. og 2. málsg., eða verði langvarandi vanræksla á orkureiðslunni, á orkutaki heimtingu á skaðabótum.

112. gr.

Nú þykir virkiseiganda eigi svara kostnaði að starfrækja orkuverið og greiða bætur með orku, og getur hann þá losnað við orkureiðsluna, með því að afhenda þeim, sem bætur á að taka, orkuverið með veitutækjum og fallvatni þess.

XII. kafli.

Um stjórn vatnamála og meðferð þeirra.

113. gr.

Yfirstjórn og umsjón vatnamála hefir stjórnarráð Íslands.

Ráðherra til aðstoðar í þessum málum skal skipa verkfróðan mann, er nefnist vatnamálastjóri, og skal fá honum aðstoðarmenn eftir þörfum.

Ráðherra ákveður verksvið og vald vatnamálastjóra í reglugerð.

114. gr.

Ráðherra eða sá, er hann setur í sinn stað, hefir eftirlit með gerð, notkun og viðhaldi vatnsvirkja og orkuveitu, og eru eigendur vatnsvirkjanna skyldir til að láta í tje allar þær upplýsingar, er nauðsynlegar eru til þess að framkvæma þetta eftirlit, sem og að leyfa eftirlitsmanni tálmunarlausa rannsókn virkjanna.

115. gr.

Við byggingu meiri háttar vatnsvirkja getur ráðherra krafist þess, að virkiseigandi láti verkfróðan mann, er ráðherra tekur gildan, annast verkið.

116. gr.

Ef um vatnsvirki er að ræða, sem mannhætta getur stafað af eða eignatjón, ef þau bila, getur ráðherra skipað sjerstakan eftirlitsmann, sem gætir þess, að verkið sje vandlega unnið og samkvæmt hinum samþykktu skilyrðum og frumdráttum.

Ef fyrimælum eftirlitsmanns er eigi hlýtt, hefir hann vald til að banna, að verkinu verði haldið áfram, þangað til úrskurður ráðherra er fenginn um deiluatríðið.

117. gr.

Nú er vatnsvirki að einhverju leyti svo illa gert, eða viðhaldi þess svo ábótavant, eða það er að öðru leyti í því ástandi, að ráðherra telur búna af því mannhættu eða eignatjón fyrir almenning eða einstaklinga, og skal þá ráðherra gefa skipun um, að því verði þegar í stað komið í viðunandi horf eða rífið. Svo framarlega sem eigandi hlýðnast ekki skipuninni tafarlaust, skal ráðherra láta endurbæta eða rífa virkið á hans kostnað.

118. gr.

Tilkynningar þær, er um getur í 89. gr., skulu vera skriflegar og sendast sýslumanni eða bæjarfógeta, sem með umsögn sinni sendir þær áleiðis til ráðherra.

Í tilkynningu skal gerð grein fyrir verkinu í öllum aðalatriðum, þannig, að tekið sje fram, hvort ræða sje um vatnsveitu, áveitu, þurkun lands, holræsi, orkunýtingu, breytingu farveggar, stíflur, uppfyllingar eða önnur mannvirki. Einnig hvort það snerti fleiri jarðir eða býli, eða hagsmuni annara en umsækjanda, hvort heldur einstakra manna, almennings eða ríkisins.

119.

Nú telur ráðherra upplýsingarnar fullnægjandi, og heimilar hann þá verkið samkvæmt tilkynningunni. Að öðrum kosti getur ráðherra krafist, að hlutaðeigandi sendi umsókn með ítarlegri gögnum, samkvæmt fyrimælum 120 gr.

120. gr.

Nú er ráðherra send umsókn um leyfi til byggingar í vatni, og skal þá að jafnaði fylgja henni fullkomin lýsing á verkinu, ásamt nauðsynlegum landmælingum, jarðvegsrannsóknnum, uppdráttum, útreikningum og kostnaðar-áætlun.

Ef um vatnsorkuver er að ræða, skal á uppdráttunum sýnd lega orkuversins, stíflur og áhrif þeirra á orkuvatnið og landið umhverfis. Enn fremur skal skýrt frá vatnsmagnsathugunum, fallhæð og vatnsmiðlun. Þá skal og tilgreint, hve mikil vatnsorka áætlað er að notuð verði og til hvers.

Í umsókn um leyfi til eignarnáms á eign eða rjettindum, eða til þess að leggja á kvaðir, skulu vera upplýsingar um hagnað þann og tjón, er áætlað er að fyrirtækið hafi í för með sjer, hvort heldur fyrir einstaklinga, almenn- ing eða ríkið. Fylgja skal skrá yfir eignir þær, er ætla má að eignarnámið taki til.

Umsóknir skulu sendar sýslumanni eða bæjarfógeta, er sendir þær áleiðis til ráðherra með umsögn sinni og áliti sveitarstjórnar eða bæjarstjórn- ar, landeiganda, leiguliða og annara, er hlut eiga að máli.

Ráðherra setur nánari fyrirmæli um form og efni tilkynninga og umsókna.

121. gr.

Nú er sótt um leyfi til eignarnáms á vatni, landi, vatnsvirkjum eða öðru, vegna vatnsmiðlunar eða annarar vatnsvirkjagerðar, eða sótt er um leyfi eða samþykki til þeirra fyrirtækja í vatni, sem haft geta mikil hagsmuna- leg áhrif fyrir einstaka menn eða hjeruð, og skal þá ráðherra auglýsa mála- leitunina í Lögbirtingablaði og næstu hjeradsblöðum, áður en leyfi eða sam- þykki er veitt.

Aldreí skal leyfi eða samþykki gefið fyr en liðnir eru tveir mánuðir frá síðustu birtingu. Mótmæli, er síðar koma fram, skulu eigi tekin til greina.

122. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu halda löggiltar bækur, er nefnast vatnabækur, og skal í þær rita:

- a) skrá yfir vötn og ár, er liggja í umdæminu,
- b) samninga, hvort heldur afsöl, leigusamninga eða aðra samninga um ár og vötn,
- c) skýrslur um áveitur, þurkun lands og vatnsvirki, sem tilkynningarskylda eða umsóknar hvila á, og um matsgerðir samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra setur nánari reglur um, hvernig vatnabækur skulu færðar.

Láta skal í tje eftirrit af bókum, ef þess er krafist.

123. gr.

Mat eftir lögum þessum verður með tvennu móti, og fer það aðallega eftir því, hve vandasamt og umfangsmikið matið er, og hvort sjerþekkingar þarf við matið.

Undirmat framkvæma 3 óvilhallir, dómkvaddir menn, nema öðruvísi sje ákveðið i lögum þessum.

Utan kaupstaða skal hreppstjóri eiga sæti i matsnefnd og stjórna henni, en i kaupstöðum kys matsnefnd formann sinn.

Mati þessu má, innan 4 vikna frá því að gerðin fór fram, skjóta til yfirmats.

Yfirmat framkvæma 5 dómkvaddir, óvilhallir menn, og á dómarinn sæti i matinu og stýrir því.

124. gr.

Ef einhver aðilja óskar, skal mat, er fram á að fara eftir 62., 65., 69., 74., 85., 93. eða 95. gr., framkvæmt af matsnefnd þeirri, er um ræðir i 123. gr., síðustu málsg., er þá starfar sem undirmat. Þá getur ráðherra eða aðiljar krafist þess, að i matið verði kvaddur sjerfróður maður.

Skjóta má mati þessu, eða venjulegu undirmati eftir sömu greinum, innan 6 mánaða frá því er gerðin fór fram, til sjerstaks yfirmats, er 5 menn eiga sæti i, og landsyfirrjettur kveður. Skal að minsta kosti einn matsmanna vera lögfræðingur, og stýrir hann matinu. Í matinu skal og sitja að minsta kosti einn maður, er sjerþekkingu hefir á því sviði, sem um er að ræða.

125. gr.

Nú á samkvæmt lögum þessum að meta land, vatn eða vatnsvirki, sem liggja i tveim lögsagnarumdæmum eða fleirum, og skal stjórnarráðið þá ákveða, hver dómaranna skuli sjá um kvaðningu og framkvæmd matsins.

126. gr.

Formaður mats skal með hæfilegum fyrirvara tilkynna þeim, er blut eiga að máli, hve nær mat skuli hafið, svo að þeir geti verið viðstaddir gerðina.

127. gr.

Gefinn skal aðiljum kostur á að skýra mál sitt og kynna sjer það, sem þegar er fram komið. En því að eins verður gerðinni frestað, að matsnefnd telji einhvern aðilja þurfa að afla sjer frekari gagna.

128. gr.

Formaður matsins skal, eins fljótt og verða má, birta aðiljum matsgerðina.

129. gr.

Kostnað við undirmat og yfirmat, sje það fyrsta mat samkvæmt 124. gr., greiði venjulega gerðarbeiðandi. Matsnefnd getur þó ákveðið, að alt að helmingur kostnaðar greiðist af öðrum aðiljum.

Kostnaður við yfirmat og sjerstakt yfirmat greiði gerðarbeiðandi, ef ekki er breyting gerð á hinni áfrýjuðu gerð; ella skal ákveðið i yfirmatinu eða hinu sjerstaka yfirmati, hverjir greiða skuli.

130. gr.

Matsnefnd ákveður sjálf þóknun sína. Verði ágreiningur um þóknunina, fellir sýslumaður fullnaðarúrskurð um þann ágreining, ef um undirmat er að ræða, en stjórnarráðið, sje um yfirmat eða sjerstakt yfirmat að ræða.

131. gr.

Hver sá, er fær leyfi ráðherra eða samþykki til virkjunar í vatni, sem lúta að orkunýtingu, skal greiða í rikissjóð í eitt skifti fyrir öll og áður en virkjun hefst tiltekna upphæð, sem ráðherra ákveður. Gjaldið skal miða við vatnsorkuna og má eigi herra vera en 50 aurar fyrir hverja eðlishestorku, sem ráðherra telur að vinnist við virkjunina.

132. gr.

Fyrir eftirlit með vatnsvirkjunum eftir 116. gr. skal virkiseigandi greiða sjerstakt gjald eftir ákvörðun ráðherra.

Gjöld eftir þessari og næstu grein á undan má taka lögtaki. Þeim skal varið til kostnaðar við stjórn vatnamála.

Niðurlagsákvæði.

133. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum og ákvörðunum þeim, sem settar kunna að verða samkvæmt lögnum, varða sektum frá 4—1000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum. Sektirnar renna í rikissjóð.

134. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

135. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld:

Ákvæði Jónsbókar um vatnsrjettindi, í landleigubálki, 22. kap., 24. kap., 45. kap. og 56. kap.

Lög nr. 55, frá 22. nóv. 1907, um takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl., 2. kafli.

Lög nr. 26, frá 22. október 1912, um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum.

Lög nr. 65, frá 22. nóv. 1913, um vatnsveitingar.

Lög nr. 51, frá 3. nóv. 1915, um rafmagnsveitur.

Lög nr. 56, frá 3. nóv. 1915, um vatnssölu í kaupstöðum.

Lög nr. 57, frá 3. nóv. 1915, um viðauka við lög nr. 26, 22. október 1912, um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum.

Svo og þau önnur ákvæði í eldri lögum, er fara í bága við þessi lög.

Þegar mat á fram að fara eftir lögum, sem úr gildi eru feld með þessari grein, skal um það fara eftir ákvæðum þessara laga.

136. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1921.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá millipinganeftndinni, sem skipuð var samkvæmt allrahæstum úrskurði 22. október 1917 til þess að taka til ihugunar fossamál landsins, hafa stjórnarráðinu borist 2 frumvörp til vatnalaga, annað frá meiri hluta nefndarinnar og hitt frá minni hlutanum. Bæði þessi frumvörp voru borin fram í neðri deild á síðasta þingi af hálfu þingmanna, og fjallaði samvinnunefnd beggja þingdeildanna í fossamálunum um frumvörp þessi, ásamt öðrum málum, sem snertu fallvötn landsins og lögð voru fyrir þingið eða komu fram frá einstökum þingmönnum og á annan hátt. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri unt að afgreiða vatnamálin þá á þinginu vegna þess, að tími þess var mjög bundinn af öðrum stórmálum, sem fyrir lágu. Vatnamálunum var síðan í neðri deild vísað til landsstjórnarinnar með svofeldri rökstuddri dagskrá: »Í því trausti, að landsstjórnin taki til rækilegrar yfirskoðunar frumvörp millipinganeftdarinnar og þingneftdanna í ár í fossamálinu, og leggi síðan fyrir Alþingi frumvörp til samfelldrar fossalöggjafar fyrir ríkið, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni«.

Á því stutta tímabili, sem nú er á milli þinga, hefir það að sjálfsgöðu ekki verið unt fyrir ráðuneytið að taka vatnamálin til meðferðar frá rótum, sem þó hefði þurft að gera, ef semja hefði átt að nýju frumvörp til samfelldrar löggjafar í þessu efni. Núverandi ráðuneyti hefir heldur ekki, samkvæmt aðstöðu sinni, getað talið það skyldu sína að gera það. Hins vegar hefir ráðuneytið talið það rjett að leggja fyrir þingið frumvarp minni hluta fossaneftdarinnar til vatnalaga, þar eð ráðuneytið getur fallist á það í öllum aðalatriðum.

3. Frumvarp

til laga nm stofnun og slit hjúskapar.

(Lagt fyrir Alþingi 1920).

I. kap.

Um festar.

1. gr.

Nú slitna festar, enda sje öðru hjónaetna aðallega um að kenna, og skal það þá bæta hinu tjón út af ráðstöfunum, er gerðar hafa verið vegna væntanlegs hjúskapar og sennilegar þykja verið hafa.

2. gr.

Nú verður unnusta vanfær af völdum unnusta síns og festar slitna síðar af ástæðum, sem aðallega má kenna honum, og skal hann þá gjalda henni hæfilegar bætur fyrir ráðspjöllin.

3. gr.

Nú mátti eigi hjónaefni gifta án samþykkis foreldra eða lögráðamanns samkvæmt 7. og 8. gr., og verður það þá eigi skaðabótaskyldt samkvæmt 1. gr., nema það hafi haft samþykki þeirra til festanna.

Karlmanni verður eigi gert að greiða skaðabætur samkvæmt 2. gr., nema hann hafi verið 21 árs, er konan varð vanfær.

4. gr.

Mál samkvæmt 1. og 2. gr. skal höfða innan árs frá festaslitum.

5. gr.

Loforð um bætur fyrir óorðin festaslit eru ógild.

II. kap.

Um skilyrði fyrir hjónavígslu.

6. gr.

Bannað er að vigja yngri karlmann en 21 árs og yngri kvenmann en 18 ára, nema leyfi stjórnarráðs komi til.

7. gr.

Nú er annað hjónaefna yngra en 21 árs, og má þá eigi vigja það án samþykkis foreldra, nema það hafi verið gift áður.

Nú er annað foreldra látið eða svipt foreldraráðum, geðveikt eða hálfviti, eða miklir erfiðleikar á að ná til þess, og nægir þá samþykki hins. Nú er högum beggja foreldra háttað svo sem hjer greinir, og nægir þá samþykki lögráðamanns.

8. gr.

Nú er maður sviptur lögræði, og má þá eigi vigja hann án samþykkis lögráðamanns.

9. gr.

Nú synjar foreldri eða lögráðamaður samþykkis til hjúskapar, og getur þá stjórnarráðið leyft vigsluna, nema gild ástæða sje til neitunar, enda leiti stjórnarráðið áður umsagnar hjónaefnis og foreldris (lögráðamanns).

10. gr.

Nú er maður geðveikur eða hálfviti, og má þá eigi vigja þann mann.

Þó getur stjórnarráðið leyft að vígja manninn, enda beri maðurinn skyn á mikilvægi hjúskapar og ólíklegt, að dómi læknadeildar Háskólans, að veikin (vitskorturinn) gangi að erfðum.

11. gr.

Nú er annað hjónaefna haldið sóttnæmum kynsjúkdómi, flogaveiki (epilepsi) eða holdsveiki, og má þá eigi vígja það, nema því að eins, að hinu sje kunnugt um sjúkdóminn, enda hafi læknir lýst sjúkdómshættunni fyrir báðum.

12. gr.

Bannað er að vígja skyldmenni í beinan legg og systkin.

13. gr.

Bannað er að vígja mann og afkvæmi bróður eða systur, nema leyfi stjórnarráðs komi til.

14. gr.

Bannað er að vígja mann og foreldri eða afkvæmi þess, er hann áður átti.

15. gr.

Bannað er að vígja mann, sem giftur er fyrir.

16. gr.

Nú hefir kona verið manni gefin, og má þá eigi vígja hana á næstu 10 mánuðum eftir slit fyrra hjúskapar, nema óþunguð sje af völdum bónda sins eða 10 mánuðir sjeu liðnir frá samvistaslitum.

17. gr.

Nú hefir annað hjónanna verið gift og helmingafjelag með hjónunum þá er hjúskap þeirra sleit, og má þá eigi vígja það, nema skiftaráðandi hafi tekið búið til skifta eða einkaskiftum sje lokið. Þó getur stjórnarráðið leyst undan þessu skilyrði, standi sjerstaklega á.

III. kap.

Um lýsingu.

18. gr.

Hjónavígsla má eigi fara fram, nema lýst sje áður með hjónaefnunum.

Bæði hjónaefnin skulu beiðast lýsingar hjá vigslumanni þar er brúður á heima. Nú er brúður eigi heimilisföst hjer á landi, og skal þá beiðast lýsingar hjá vigslumanni þar er brúðgumi á heima. Nú er hvorugt hjónaefna heimilisfast hjer á landi, og má þá beiðast lýsingar þar, er annaðhvort dvelur.

19. gr.

Lýsing má eigi fara fram nema því að eins, að hjónaefni hafi áður fengið vigslumanni eftirfarandi skilríki:

1) Fæðingarvottorð hvors um sig eða, faist það eigi, þá aðra jafngilda sönnun fyrir aldri og nafni eða þá undanþágu stjórnarráðs.

2) Undanþágu stjórnarráðs, sje annaðhvort hjónaefna yngra en áskilið er í 6. gr.

3) Samþykki foreldra eða lögráðamanns, sje annaðhvort eigi einrátt um hjúskap sinn samkvæmt 7. eða 8. gr.

4) Heilbrigðisvottorð læknis eða undanþágu stjórnarráðs, sje ástæða til að ætla annaðhvort hjónaefna geðveikt eða hálfvita.

5) Drengskaparvottorð beggja hjónaefna um, að hvorugt bagi meinbugir eftir 11. gr.

6) Drengskaparvottorð beggja hjónaefna um, að meinbugir samkvæmt 12., 13. og 14. gr. sje eigi á ráðahagnum, eða þá undanþágu samkvæmt 13. gr.

7) Drengskaparvottorð beggja hjónaefna um, að hvorugt hafi verið áður gift, eða hafi annað eða bæði verið gift áður, þá lögmæta sönnun fyrir dauða hins, fyrir ógildingu hjúskapar eða hjúskaparslitum.

Nú jatar vigslumaður eigi lögmæti slíkra sannana, og getur þá hvort hjónaefna um sig heimtað brjeflegan úrskurð hjeradsdómara um ágreininginn. Nú er hjónabandi slitið með dómi, sem verður áfrýjað, og skal þá sýna vigslumanni dómsútskrift og vottorð yfirdóms um, að dóminum hafi eigi verið þangað skotið, enda sje 12 vikur frá dómsuppsögn, eða þá brjef aðilja og stjórnarráðs fyrir því, að dóminum verði eigi áfrýjað. Nú er hjónabandi slitið með leyfisbrjefi, og skal þá sýna leyfisbrjefið.

8) Gögn fyrir því, ef á þarf að halda, að 16. gr. meini brúður eigi vigslu.

9) Vottorð skiftaráðanda um, að skiftaskilyrðum 17. gr. sje fullnægt, eða þá undanþágu stjórnarráðs.

10) Drengskaparvottorð tveggja áreiðanlegra og fullráðra manna um rjettmæti yfirlýsinga hjónaefna um 6. og 7. atriði greinar þessarar og um, að þeir sjeu nákunnugir aðiljum. Sömu menn mega vera svaramenn beggja. Stjórnarráðið getur leyft vigslu án svaramanna, standi sjerstaklega á, og kemur þá undanþága þess í stað vottorðs svaramanna.

20. gr.

Nú hafa hjónaefni fullnægt skildögum næstu greinar á undan, og fer þá lýsing fram sem fyrst.

Geta skal nafna hjónaefna, stöðu þeirra, heimila og fæðingardaga, þá er lýst er með þeim.

21. gr.

Lýsing fer fram með auglýsingu á almannafæri, bæði þar, er brúður og brúðgumi á heima. Nú er annað hjónaefna heimilislaut, og fer þá lýsing fram þar, er það dvelur. Auglýsing skal uppi vera 3 vikur.

Standi prestur fyrir lýsingu, skal festa auglýsingu á kirkju. Standi valdsmaður fyrir lýsingu, fer í kaupstöðum um birtingu auglýsingar, sem þar

er venja um auglýsingar þær, er almenning varða. En í sveitum lætur sýslumaður hreppstjóra festa auglýsinguna á þingstað hrepps þess, er brúður og brúðgumi er til heimilis eða dvalar.

Nú á annað hjónaefna heima erlendis, og fer þá um lýsingu þar eftir nánari fyrirskipun stjórnarráðsins.

22. gr.

Meinbugum skal lýsa fyrir vigslumanni þeim, sem lýst hefir til hjúskapar.

23. gr.

Nú er lýsingarfrestur liðinn og engum meinbugum lýst, og fær vigslumaður (prestur) þá hjónaefnum vottorð um lýsinguna og um, að engum meinbugum hafi verið lýst.

24. gr.

Undanþágu frá hjúskaparlýsingu má fá með konunglegu leyfisbrjefi. Nú er annað hjónaefna hættulega veikt, og þarf þá eigi undanþágu. Ríkissjóði ber 15 króna gjald fyrir hjónavígsluleyfi.

25.

Vigslumanni bera 2 krónur fyrir lýsingu og 1 króna fyrir lýsingarvottorð. Þó kemur eigi gjald fyrir þá aðstoð og þau vottorð, sem vigslumaður lætur öðrum vigslumanni í tje. Landssjóður leggur til töflur undir lýsingar.

Hreppstjóra ber 1 króna fyrir uppfestingu auglýsingar og ferðakostnaður að auki eftir lögum um aukatekjur hreppstjóra, þurfi hann að takast ferð á hendur, í því skyni.

IV. kap.

Um hjónavígslu.

26. gr.

Hjónaband er lögmætt, hvort heldur stofnað er fyrir presti eða veraldlegum vigslumanni.

27. gr.

Kirkjuleg vigsla er heimil.

1. innan þjóðkirkjunnar, heyri annað hjónaefna henni til,
2. innan annars löggilts trúfjelags hjer á landi, heyri annað hjónaefna trúfjelinu til.

Stjórnarráðið getur veitt erlendum evangelísk-lúterskum mönnum sama rjett til kirkjulegrar vigslu, sem innlendir trúbræður þeirra njóta.

28. gr.

Prestar þjóðkirkjunnar annast kirkjulega vigslu innan kirkju sinnar.

Slikt hið sama gildir um löggilta presta eða forstöðumenn annara hjerlendra trúfjelaga.

Þjóðkirkjuprestur er því að eins skyldur að vigja hjónaefni, að bæði heyri til þjóðkirkjunni, enda sje annað sóknarbarn hans.

Nú þykist prestur eigi mega vigja hjónaefni vegna trúarskoðana sinna, og úrskurðar þá biskup, hvort prestur skuli vigja þau.

29. gr.

Borgaraleg vigsla er öllum rjettkræf, jafnt þeim, sem eiga heimting á kirkjulegri vigslu, sem öðrum.

30. gr.

Borgaralega vigslu annast vigslumenn. Sýslumenn og bæjarfógetar eru fyrst um sinn vigslumenn. Þeim er heimilt að nota fulltrúa sína í sinn stað og á sína ábyrgð.

Stjórnarráðið löggildir, eftir því sem þörf rennur til, nægilega marga vigslumenn í hverju hjeraði eftir tillögum sýslunefndar (bæjarstjórnar) og meðmælum hjeraðsdómara. Þeir bera sjálfir ábyrgð gerða sinna. Starfið er skyldustarf. Þó eru prestar undanþegnir. Vigslumanni er skylt að hafa á hendi starfið 6 ár samfleytt, nema forföll banni, en er síðan laus um jafnlangan tíma.

Vigslumanni er skylt að vigja jafnt utanbjeraðsmann sem innanbjeraðs.

31. gr.

Vigsla má eigi fara fram fyr en eftir lögmæta lýsingu, nema svo standi á, sem greinir í 24. gr., enda heimti vigslumaður vottorð um lýsingu samkvæmt 23. gr., nema hann hafi sjálfur lýst með hjónaefnunum. Nú er vigslumanni kunnugt um einhverja meinbugi, og má hann þá eigi vigja hjónaefni, þó að lýst hafi verið með þeim.

Nú eru liðnar meira en 12 vikur frá því er lýsingarfrestur var á enda (1. og 2. málsg. 21. gr.), og má þá eigi vigja hjónaefnin, nema lýst sje með þeim aftur.

Nú hefir stjórnarráðið mælt svo fyrir, að lýsing skuli og fara fram erlendis (3. málsg. 21. gr.), og kveður það þá jafnframt á um það, innan hvers tíma vigja skuli hjónaefnin.

32. gr.

Nú er vigsla heimil án lýsingar, og gætir þá vigslumaður sá, er gefur hjónaefni saman, einn allra vigsluskilyrða samkvæmt 19. gr.

33. gr.

Borgaraleg vigsla fer fram í skrifstofu vigslumanns, nema vigslumaður og hjónaefni sjeu á annað sátt eða annað eða bæði hættulega sjúk. Þó getur stjórnarráðið gert aðra skipun á þessu, þyki sýslunefnd (bæjarstjórn) annar staður hentugri, eða einn vigslustaður eigi nægja.

Kirkjuleg vigsla í þjóðkirkjunni fer fram í sóknarkirkju, nema hjónavigslubrjef sje fengið eða annaðhvort hjónaefna sje hættulega sjúkt.

Nú þarf vigslumaður að fara til vigslu lengra en 1 kílómetra á landi

og hversu stutt á sjó sem er, og á hann þá heimtingu á ferðakostnaði og dagkaupi, eftir því sem lög eða önnur gild ákvæði mæla fyrir um.

34. gr.

Tveir skulu vera vottar við hjónavigslu.

Vigslumaður spyr brúðhjónin hvort fyrir sig, hvort þau vilji eigast, og lýsir þau hjón, er þau hafa játað því, hvort í sínu lagi.

Stjórnarráðið setur nánari reglur bæði um borgaralega vigslu og kirkjulega, og leggur sektir við vangæslu þeirra reglna.

35. gr.

Nú hefir löggiltur vigslumaður eigi gefið hjónaefni saman, og er sú athöfn þá ógild. Slikt hið sama gildir, ef brúðhjón hafa eigi játað undir að eigast samkvæmt næstu grein á undan.

Aftur á móti ógildir það eigi vigslu, þó að eigi hafi verið gætt annara vigslureglna eða lýsingarreglna.

36. gr.

Nú er hjónavigslu lokið, og skal þá vigslumaður þegar í stað geta vigslunnar í þar til gerðri embættisbók sinni. Nú hefir annar en prestur brúðar staðið fyrir vigslu, og skal hann þá senda presti brúðar innan viku útskrift úr vigslubók sinni, en prestur brúðar getur vigslunnar í ministerialbókinni.

37. gr.

Nú mæla lög svo fyrir, að annað hjóna skuli tryggja hinu framfærslustyrk eftir sinn dag, en skilríki brestur fyrir því, að lögmæltrar tryggingar sje aflað fyrir vigslu, og skal þá vigslumaður tafarlaust skýra stjórnarráðinu frá þeim bresti.

38. gr.

Fyrir borgaralega vigslu og útskrift úr vigslubók skal gjalda 8 krónur, og rennur það gjald í landssjóð.

Um borgun fyrir kirkjulega vigslu fer að lögum. Þó ber sóknarpresti brúðar að eins borgun fyrir þær hjónavigslur, er hann framkvæmir eða lætur framkvæma.

Sama gjald skal greiða fyrir útskrift úr hjónaskrá, sem lögmælt er fyrir útskrift úr kirkjubók.

Ríkissjóður leggur til vigslubækur og bækur undir hjónaskrár.

39. gr.

Nú vigir löggiltur prestur (forstöðumaður) annars trúfjelags en þjóðkirkjunnar hjónaefni, og gilda þá reglur þess fjelags um atriði þau, er ræðir um í 33. gr., í 2. mgr. 34. gr. og í 38. gr., svo og reglur 3. mgr. 28. gr. að svo miklu leyti, sem þeim verður við komið.

V. kap.

Um ógilding hjónabands.

40. gr.

Nú riður hjónaband í bága við fyrirmæli 12., 14. eða 15. gr., og skal þá ógilda það með dómi.

Nú er annað hjóna eða bæði gift fyrir, og skal þá eigi ógilda hjónabandið, ef fyrra hjónabandi er slitið áður en mál er höfðað.

Mál til ógildingar hjónabandi skal höfða af hendi ákærvalds. Þó er málshöfðun og heimil öðru hvoru hjóna og fyrri maka, hafi annað eða bæði verið gift fyrir.

41. gr.

Nú var annað hjóna geðveikt eða hálfviti, þá er vigsla fór fram, og hafði eigi aflað undanþágu samkvæmt 2. mgr. 10. gr., og getur það þá heimtað hjónaband sitt ógilt með dómi. Þó verður mál eigi höfðað, sjeu 6 mánuðir liðnir frá því að geðveikin batnaði.

Nú var maka eigi kunnugt um geðveiki eða vitskort hins þá er vigsla fór fram, og getur hann þá einnig heimtað hjónabandið ógilt, nema liðnir sjeu 6 mánuðir frá því að hann komst að raun um þetta eða hinu batnaði. Þó verður, hvernig sem á stendur, að höfða mál innan 3 ára frá vigslu.

42. gr.

Maki getur krafist ógildingar hjónabands síns:

1, hafi hann verið viti sínu fjær þegar vigslan fór fram eða að öðru leyti svo ástatt um hann, að hann mátti þá eigi heita gjörgengur að lögum.

2, hafi hann af vangá látið vigja sig öðrum en þeim, er hann hafði bundist hjúskaparorði, eða hafi hann verið vigður án þess að hann ætlaðist til þess.

3, hafi maki hans, þá er vigsla fór fram, án hans vitundar verið haldinn sótt næmum kynsjúkdómi, alltiðum flogaveikisköstum, holdsveiki eða óbæt-anlegu ógengi til hjónabands.

4, hafi maki hans komið honum til að eiga sig, með því visvitandi að villa heimildir á sjer, eða með því að leyna atvikum úr lífi sínu, er mundu hafa fælt hann frá því að eiga hinn.

5, hafi hann verið neyddur til vigslunnar.

Mál til ógildingar hjónabandi verður eigi höfðað eftir að 6 mánuðir eru liðnir frá því að ástand það var úti, er lýst er í 1. lið, frá því að sókn-gengur maki komst að raun um ógildingarástæðu samkvæmt 2.—4. lið, eða frá því að nauðung samkvæmt 5. lið ljetti. Og hvernig sem á stendur, verður ógildingarmál eigi höfðað eftir að liðin eru 3 ár frá hjónavígslu. Nú er mál höfðað til ógildingar hjónabandi út af kynsjúkdómi, en það sannast, að sækj-andi hefir eigi sýkst af maka sínum og að sjúkdómurinn er eigi framar sótt-næmur, og verður hjónabandið þá eigi ógilt. Slikt hið sama gildir um aðra ógildingargæfa sjúkdóma, sjeu þeir læknaðir.

43. gr.

Um lögfylgjur hjónabandsógildingar fer sem um lögfylgjur hjónaskilnaðar, nema á annan veg sje um mælt í lögum þessum.

44. gr.

Nú er sameignarbúi skift vegna hjónabandsógildingar, og tekur þá hvort hjóna um sig af óskiftu svo mikið, sem það lagði í búið frá hjúskaparbyrjun til hjúskaparslita, og hvort heldur um gjöf, arf eða um flutning úr sjereign til sameignar var að ræða. Nú hrekkur sameignin eigi til rjettra skila, og lækkar þá hlutur beggja hlutfallslega. Nú hefir annað hjóna gefið hinu eitthvað til sjereignar, og er þá sú gjöf afturtæk.

45. gr.

Nú er hjónaband ógilt samkvæmt 40. gr., enda hafi annað hjóna verið óvitandi um ógildingarástæður, þá er vigsla fór fram, en hitt eigi, og getur þá fyrnefnt heimtað hæfilegar bætur af hinu. Bæturnar ber að miða við kjör beggia.

Slikt hið sama gildir, ef hjónaband er ógilt samkvæmt fyrri málsg. 41. gr. eða samkvæmt 42. gr., hafi stefndum verið kunn ógildingarástæðan.

Bæturnar má ákveða hvort heldur í eitt skifti fyrir öll, eða á tiltekn-um gjalddögum, enda sje þeirra krafist í ógildingarmálinu.

46. gr.

Nú er hjónaband ógilt, og ber þá hvorugu hjóna upp þaðan að framfæra hitt.

47. gr.

Nú er hjónaband ógilt af ástæðu, sem konunni var kunnugt um, þá er vigsla fór fram, og getur þá maðurinn krafist þess, að af henni verði dæmdur rjettur til að kenna sig við nafn hans.

48. gr.

Nú deyr annað hjóna áður en hjónaband er ógilt samkvæmt 40. gr., og getur þá hitt eða erfingjar hins látna krafist þess, að fyrirmælum 44. gr. sje beitt. Auk þess getur maki krafist bóta samkvæmt 45. gr.

Rjettur þessi ber sóknengum samkvæmt 41. og 42. gr. því að eins, að maki hafi látist, áður en ógildingardómur gekk, enda sje sóknarfrestur eigi liðinn.

Nú deyr sóknengur maki samkvæmt 41. eða 42. gr. eftir að ógildingarmál er höfðað, eða hafi svo verið ástatt um hann, sem segir í fyrri málsg. 41. gr. eða í 1. lið 42. gr. þangað til hann ljest, og getur þá hver erfingja hans krafist þess, að fyrirmælum 44. gr. sje beitt.

Kröfur samkvæmt 1., 2. eða 3. málsgrein skal gera innan 6 mánaða frá láti maka.

Nú deyr tvíkvæningur áður en hjónaband er ógilt, og ber þá rjettur

til bóta, eftirlauna eða annars verðmætis, sem eftirlifandi maka er ætlaður að lögum, fyrri maka hins látna, nema atvik liggi svo til, að annað sje bert.

49. gr.

Nú er ákvæðum 1. eða 2. mgr. næstu greinar á undan beitt samkvæmt kröfu þess hjóna, er eftir lifir, og fellur þá niður lögmæltur erfðarjettur þess eftir hið látna.

VI. kap.

Um skilnað að borði og sæng.

50. gr.

Nú eru hjón sammála um að slíta samvistir, um framfærslu hvo:s annars og barna og um það, hversu fara skuli um ráð fyrir börnunum (54., 55. og 56. gr.), og getur þá sýslumaður eða bæjarfógeti veitt þeim leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Leyfið má þó eigi veita fyr en leitað hefir verið um sættir með hjónunum samkvæmt 52. gr.

51. gr.

Nú sýnir annað hjóna af sjer mikla vanrækslu um greiðslu meðlags með hinu eða framfærsluskyldum börnum, eða brýtur mjög í bága við skyldur sínar gagnvart þeim, eða er mjög hneigt til drykkjuskapar eða annara lasta, og getur þá hitt krafist skilnaðar að borði og sæng, enda skylt að veita skilnaðinn, nema sjerstaklega standi á.

Nú má ætla, að ósamlyndi milli hjóna sje orðið svo magnað, að eigi megí una frekari samvistum, og skal þá og veita skilnað, nema ósamlyndið sje aðallega að kenna leyfisbeiðanda.

Stjórnarráðið veitir skilnaðarleyfi samkvæmt grein þessari, enda sanni skilnaðarbeiðandi, að sátta hafi verið leitað samkvæmt 52. gr. og að yfirvald hafi reynt að koma á samkomulagi með hjónunum um atriði þau, er 54.—56. gr. ræða um.

52. gr.

Sáttanefnd leitar um sættir með hjónum, sem skilja vilja að borði og sæng, ef bæði fara fram á það, eða hvort heyrir til sínu trúfjelagi. Ella skal prestur leita um sættir með þeim eða löggiltur forstöðumaður trúfjelsags.

Skylt er hjónum að sækja sjálf sáttafund, dvelji þau hjer á landi og eigi hvorugt 30 kílómetrum lengra til fundarstaðar. Nú er leið lengri, og skal þá reyna sáttt með hvoru í sínu lagi. Nú er annað hjóna erlendis, og þarf þá eigi að reyna sáttt með því.

Nú sækir maki eigi löglega boðaðan sáttafund, og gerir sýslumaður hans eða bæjarfógeti honum þá 5—20 kr. sekt til sveitarsjóðs, ef sáttaumleitarmaður krefst ábyrgðar á hendur honum.

53. gr.

Nú skilja hjón að borði og sæng, og fellur þá sameign þeirra niður, enda skulu búskifti þá fara fram, og fer um þau svo sem lög standa til.

Nú hafa hjón skilið samkvæmt 1. málsg. 51. gr., enda sje búið lítið, og getur þá leyfisbeiðandi krafist þess að fá innanstokksmuni, vinnuáhöld og aðra lausaffjármuni, jafnvel þó að verð þeirra fari fram úr lögmæltum búshluta hans, en þó því að eins, að ætla verði, að hann megi eigi án þeirra vera til heimilishalds.

54. gr.

Það skal ákveðið í skilnaðarleyfinu, hvort og að hve miklu leyti annað hjóna skuli framfæra hitt, meðan skilnaðurinn stendur. Framfærslueyri skal miða annars vegar við það, hvað ætla megi að framfærsluþegi geti aflað sjer sjálfur, og hins vegar við það, hvað ætla megi hitt hjóna aflögufært um.

Nú verður að gefa öðru hjóna aðalsök á skilnaðinum, og verður því þá eigi ætlaður framfærslustyrkur af hinu, nema sjerstaklega standi á.

55. gr.

Kveða skal og á um það í skilnaðarleyfinu, hvort hjónanna skuli ráða fyrir sameiginlegum börnum þeirra, eða hversu börnunum skuli skifta milli þeirra, verði öðruhvorum eigi falin öll börnin. Nú eru foreldrar á eitt sátt um þetta, og fer þá um börnin eftir því, nema hagsmunir barnanna heimti annað. Beri foreldrunum aftur á móti á milli, skal það ráð upp taka, sem ætla má að börnunum sje fyrir bestu. Nú er það sýnt, að annað foreldra átti aðallega sök á skilnaðinum, og skal þá fá hinu forráð barnanna, enda sje það eigi ólíklegra til að uppala börnin vel. Forráð hvers barns skulu vera óskift hjá sama foreldri.

Leita skal álits næsta venslamanns, þar sem því verður við komið, áður en ákvörðun er tekin um forráð barna.

56. gr.

Kveða skal á um það í skilnaðarleyfinu, hversu skifta skuli framfærslu barna með foreldrunum. Þó má geyma úrskurð um það síðari ákvörðun yfirvalda.

Skiftin skal gera eftir öllum kjörum foreldra. Nú leggur annað foreldra eigi jafnmikið til framfærslu barnanna þeirra, sem því ber framfærsluskylda til gagnvart hinu, og má þá gera því að greiða hinu foreldrinu, ef það krefst þess, það, sem ávanta þykir rjett meðlag af þess hendi með börnunum.

57. gr.

Nú breytast kjör foreldris eða þörf barna verður meiri, og má þá yfirvald breyta ákvörðun um framfærslu af hendi annars foreldris með hinu eða með börnunum. Þó má, ef sjerstaklega stendur á, einskorða meðlag foreldris með hinu, og verður því þá eigi breytt síðar.

Breyta má einnig ákvörðun um forráð barna (55. gr.), ef annað for-
Alpt. 1920. A. (32. löggjafarþing).

eldri fer fram á það, enda standi öðruvisi á nú en þá, og líklegt, að breytingin verði börnunum til bóta.

58. gr.

Nú hafa hjón, vegna væntalegs skilnaðar að borði og sæng, komið sjer saman um skiftingu eigna sinna, um framfærslu annars á hinu eða um framfærslu á börnunum, og getur þá það foreldri, er þykir hallað á sig, stefnt hinu fyrir dóm og dómurinn hrundið samningnum, enda sje mál höfðað innan 6 mánaða frá borð- og sængurskilnaði.

Nú hafa foreldrar gert samning um breytingu á framfærslu barna sinna, og getur þá yfirvaldið breytt þeim samningi, ef hagur foreldranna hefir breyst, eða ef samningurinn er óhagstæður börnunum.

59. gr.

Nú er meðlag samkvæmt 54. gr. eða 56. gr. eigi greitt í tækan tíma, og getur þá meðlagsþegi heimtað meðlagið eftir sömu reglum og gilda um meðlagsheimtu óskilfenginnar móður með óskilgetnu barni, að svo miklu leyti sem þær eiga við.

Ákvæði 54. og 56. gr. breyta í engu skyldu framfærslumanns samkvæmt fátækralögnum gagnvart sveitarfjelagi til að framfæra börn eða maka.

60. gr.

Nú takast aftur samvistir með hjónum skildum að borði og sæng, og falla þá allar lögfylgjur skilnaðarins þá þegar niður.

VII. kap.

Um lögskilnað.

61. gr.

Nú hafa hjón verið skilin að borði og sæng í eitt ár og eigi tekið saman aftur, enda sjeu þau á eitt sátt um lögskilnað og skipun þeirra mál-efna, er ræðir um í 54., 55. og 56. gr., og geta hjónin þá krafist skilnaðar. Hafi hjónin verið skilin að borði og sæng í 2 ár, getur hvort þeirra um sig krafist skilnaðar.

Stjórnarráðið veitir skilnað samkvæmt grein þessari, enda fylgi skilnaðarbeiðninni sönnun um, að sátt hafi verið reynd af nýju samkvæmt 52. gr.

Ákveða má með konunglegri tilskipun, að sýslumenn og bæjarfógetar veiti lögskilnaðarleyfi, er hjón eru sammála um skilnaðarkjör.

62. gr.

Nú hafa hjón lifað hvort í sinu lagi í 3 ár án leyfis til skilnaðar að borði og sæng, og getur þá hvort hjónanna um sig krafist skilnaðar. Þó getur sá, er ber verður að því að hafa aðallega valdið samvistaslitum, eigi vænst skilnaðar, nema sjerstaklega standi á.

63. gr.

Nú hefir annað hjóna, án samþykkis hins og lögmætra orsaka, lifað viðskila hitt í 2 ár, enda hafi sambúð eigi tekist með þeim aftur, og getur þá það hjóna, sem eigi verður aðallega kent um samvistaslitin, heimtað skilnað.

64. gr.

Nú hefir annað hjóna horfið, enda 3 ár liðin frá því að spurst hefir til þess, og getur þá hitt krafist skilnaðar.

65. gr.

Nú hefir annað hjóna gíft gegn fyrirmælum 15. gr., og getur þá hitt krafist skilnaðar. Skilnaðar skal krefjast innan 6 mánaða frá því er skilnaðar-krefjanda varð kunnugt um stofnun nýja hjónabandsins.

66. gr.

Nú hefir annað hjóna orðið bert að hór eða saurlífnaðarverknaði, er jafna má til hórs, og getur þá hitt krafist skilnaðar, nema það hafi lagt samþykki á verknaðinn, eða sjálfviljugt stutt að framgangi hans.

Kröfu skal gera innan 6 mánaða frá því að krefjanda varð kunnugt um verknaðinn, og þó eigi síðar en innan 3 ára frá því að verknaðurinn var framinn.

67. gr.

Nú veit eða ætlar annað hjóna sig haldið sótt næmum kynsjúkdómi og hefir þó holdlegar samfarir við hitt þann veg, að afsýking geti af hlotist, og getur þá það hjóna, er lagt var í hættu, krafist skilnaðar, nema það hafi þekt sýkingarhættuna og jafnframt verið sjálfviljugt til samfaranna.

Kröfu skal gera innan 6 mánaða frá því að maki vissi sig lagðan í hættu. Nú hefir afsýking eigi hlotist af samförunum, enda sjúkdómurinn orðinn ósótt næmur, og fellur þá skilnaðarkrafa niður.

68. gr.

Nú hefir annað hjóna sókst eftir lífi hins eða orðið uppvíst að misþyrmingu á því eða börnunum, og getur þá hitt krafist skilnaðar, enda hafi það eigi lagt samþykki á verknaðinn eða sjálfviljugt stutt að framgangi hans.

Kröfu skal gera áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að krefjanda varð kunnugt um verknaðinn, og þó eigi síðar en innan 3 ára frá framkvæmd hans.

69. gr.

Nú er annað hjóna dæmt til fangavistar í 2 ár eða lengur, og getur þá hitt krafist skilnaðar, nema það hafi lagt samþykki sitt á brotið eða sjálfviljugt stutt að því.

Kröfu skal gera innan 6 mánaða frá því að krefjanda varð kunnugt um dóminn, og eigi síðar en innan 3 ára frá dómsuppsögn.

70. gr.

Nú hefir annað hjóna verið haldið megnri geðveiki 3 ár eða lengur, enda bati ólíklegur, og getur þá hitt krafist skilnaðar.

71. gr.

Lögskilnaðar samkvæmt 62.—70. gr. má leita hvort heldur i stjórnarráðinu eða fyrir dómi. Nú er skilnaðar leitað i stjórnarráðinu, og skal þá fylgja skilnaðarbeiðninni sönnun þess, að sátt hafi verið reynd á ný með hjónunum, svo sem segir i 52. gr., og þess, að yfirvald hafi reynt að koma á samkomulagi með þeim um atriði þau, sem 75. og 76. gr. ræða um.

Nú er stjórnarráðið beðið um skilnað, en því þykja málavextir eigi nægilega skýrir, og getur það þá heimtað, að skilnaðarbeiðandi sanni með rjettarskýrslu þau atvik, er það telur máli skifta. Nú fæst slík rjettarskýrsla annaðhvort eigi eða hún þykir eigi skera úr, og fæst þá eigi skilnaður i stjórnarráðinu. En i því falli getur hvort hjónanna um sig leitað dómstólanna, þó að lögmæltur málshöfðunarfrestur sje þá liðinn.

72. gr.

Nú skilja hjón, og fellur þá niður lögmælt sameign með þeim, enda fer um skifti fjelagsbúsins svo sem lög standa til.

73. gr.

Nú krefst annað hjóna skilnaðar at því, að hitt hefir misboðið því freklega, og getur það þá einnig krafist bóta. Bæturnar skal meta eftir fjárhag og öðrum kjörum beggja, og má kveða svo á, að þær skuli greiða hvort heldur um allar i einu eða á tilteknum gjalddögum.

Sje skilnaðar krafist fyrir dómi, skal jafnframt krefjast bótanna. En sje skilnaðar krafist i stjórnarráðinu, skal höfða bótamálið áður en lögmæltur málshöfðunarfrestur til dómskilnaðar er úti.

74. gr.

Nú hafa hjón skilið, og verður annað þá eigi skyldað til að framsfæra hitt, nema alveg sjerstaklega standi á, og aldrei verður því hjóna, sem skilnaðurinn er aðallega að kenna, gert að þiggja styrk af hendi hins. Það fer eftir ákvæðum 54. gr., hve mikið öðru hjóna verður gert að leggja til framsfærslu hins.

Framsfærsluskylda fellur niður, giftist framfæringur á ný.

75. gr.

Nú skilja hjón, og skal þá i skilnaðarbrjefinu eða dóminum kveða á um það, hversu fara skal um forræði fyrir börnunum. Sjeu foreldrin sam-mála, skal ákvörðun ger eftir því, nema i bága koni við þörf eða hag barnanna. Sjeu foreldrin eigi á eitt sátt, skal ákvörðun ger eftir því, sem best þykir henta börnunum. Nú verður að kenna öðru hjóna aðallega um skilnaðinn, en bæði þykja jafnhæf til að ráða börnunum, og skal þá að jafnaði fá hinu

foreldrinu forræði barnanna. Forræði barna skal vera óskift hjá öðruhvorum foreldrinu.

Áður en hjer um rædd ákvörðun er ger skal leita umsagnar nánustu venslamanna barnanna.

76. gr.

Kveða skal á um það i skilnaðarbrjefi eða dómi, hversu skifta skuli framfærslu barna með foreldrunum. Þó má geyma úrskurð um það siðari ákvörðun yfirvalds.

Skiftinguna skal gera eftir öllum kjörum foreldra. Nú leggur annað foreldra eigi jafnmikið til heimaframfærðra barna, sem því ber framfærslu-skylda til, og má þá gera því að greiða hinu það, sem á vantar hlutfallslega rjett meðlag með börnunum.

77. gr.

Nú breytast kjör foreldra eða þörf barna verður meiri, og má þá stjórnarráðið, krefjist annað foreldra þess, breyta ákvörðun um framfærslu foreldris á hinu eða börnunum. Þó má, ef sjerstaklega stendur á, einskorða meðlag annars foreldris með hinu, og verður því þá eigi breytt.

Breyta má einnig ákvörðun um forráð barna, ef annað foreldra fer fram á það, enda standi öðruvísí á nú en þá, og líklegt, að breytingin verði börnunum til bóta. Breytingin ber undir sama stjórnvald, sem gerði uppruna-legu ákvörðunina.

78. gr.

Nú hafa hjón, vegna væntanlegs lögskilnaðar, komið sjer saman um skiftingu eigna sinna, um bæt看 samkvæmt 73. gr. eða um framfærslu annars á hinu eða börnunum, og getur þá það hjónanna, er þykir hallað á sig, stefnt hinu fyrir dóm og dómarrinn eftir atvikum hrundið samningnum, enda sje mál höfðað innan 6 mánaða frá skilnaði.

Nú hafa hjón gert samning um framfærslu barna sinna, og getur þá einnig stjórnarráðið breytt þeim samningi, ef hagur foreldranna hefir breyst, eða ef ætla má, að breyting verði börnunum til bóta.

79. gr.

Nú er meðlag samkvæmt 74. gr. og 76. gr. eigi greitt í tækan tíma, og getur þá meðlagsþegi heimtað meðlagið eftir sömu reglum og gilda um með-lagsheimtu óskilfenginna mæðra með óskilgetnum börnum, að svo miklu leyti sem þær reglur eiga við.

Ákvæði 74. og 76. gr. breyta í engu lögmælti skyldu foreldris til að framfæra barn sitt, nje rjetti sveitartjelags gagnvart framfærslumanni, út af lög-mætri framfærsluskyldu hans á maka.

80. gr.

Nú er skilnaður gerður með hjónum að kröfu bónda af ástæðum, sem kenna verður aðallega húsfreyju, og getur bóndi þá krafist dóms fyrir því, að hún megi ekki kenna sig til hans.

VIII. kap.

Um rjettarfar í hjúskaparmálum o. fl.

81. gr.

Hjúskaparmál eru hjer nefnd þau mál, sem höfðuð eru til ógildingar hjónabandi, eða til hjónaskilnaðar, eða til sönnunar því, að hjónaband sje gilt eða ógilt.

82. gr.

Sá einn getur, að sleptri heimild 40. gr, höfðuð hjúskaparmál, sem telur sig vera eða eigi vera annað hjóna eða, sem krefst ógildingar hjónabands eða hjónaskilnaðar.

83. gr.

Nú höfðar annar maður en annaðhvort hjóna mál til ógildingar því hjónabandi, og verður þá að stefna báðum hjónunum. Málið má höfða þar, sem lögsækja má annað hjóna samkvæmt 87. gr.

84. gr.

Nú þykist stjórnarráðið þurfa að gæta almannahagsmuna í hjúskaparmáli, og getur það þá látið málið til sín taka, hvort heldur í hjeraði eða æðra dómi, svo og stefnt máli fyrir æðra dóm, þó að það hafi eigi komið við málið í óæðra dómi.

Nú er hjúskaparmál þannig vaxið, að komið virðist geta við almannahagsmuni, og ber dómara þá að skýra stjórnarráðinu frá málavöxtum.

85. gr.

Hjón eru sjálfgildir aðiljar í hjúskaparmálum, hvort heldur til sóknar eða varnar, nema swift sjeu lögræði vegna geðveiki eða vitskorts.

Nú er annað hjóna eða bæði swift lögræði vegna geðveiki eða vitskorts, og kemur þá lögráðamaður í stað lögræðissvifts, enda hafi hann samþykki yfirfjárráðamanns til sóknar máls.

86. gr.

Hjúskaparmál má höfða hjer í landi, ef stefndur á hjer heima þá er mál er höfðuð eða eigi bæði hjónin þá íslenskan fæðingarjett, eða hafi síðasti sameiginlegur fæðingarjettur beggja verið íslenskur, enda eigi þau nú eigi bæði fæðingarjett í öðru landi og sama.

Hjúskaparmál má og höfða hjer á landi, hafi síðasta heimilisfang beggja hjóna verið hjer og hafi stefndur annaðhvort yfirgefið sækjanda án lögmætra ástæðna, eða skift um heimilisfang eftir að ógildingar- eða skilnaðarástæða varð til.

Gera má aðra skipun á hjernefndum reglum, ef svo um semst við annað ríki.

87. gr.

Mál skal höfða í þeirri þinghá, sem stefndur á heima.

Nú hefir stefndur farið af landi brott eða ókunnugt er um dvalarstað hans, og skal þá mál höfða í þeirri þinghá, sem hjónin áttu bæði síðast heima í, eða þar sem sækjandi á heima.

Nú á mál eigi undir tiltekið varnarþing lögum samkvæmt, og ákveður þá stjórnarráðið, hvar mál skuli höfða.

88. gr.

Nú er mál höfðað að tilhlutun stjórnarráðs samkvæmt 40 gr., og fer þá um rekstur þess sem um sakamál, hvort sem refsingar er krafist eða eigi.

Stjórnarráðið getur látið fresta málssókn til ógildingar hjónabandi samkvæmt 15. gr., sjerstaklega ef ætla má, að fyrra hjónabandi verði bráðlega slitið.

Um hjúskaparmál, sem sótt eru af hendi einstaklings, fer sem um venjuleg einkamál í hjeraði, að svo miklu leyti sem eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

89. gr.

Hjeraðsdómari leitar um sættir með hjónum í hjúskaparmálum. Þó getur sáttaumleitun af hendi prests beggja eða annars komið í stað sáttaumleitunar fyrir dómi, ef um hjónaskilnaðarsök er að ræða, og báðir aðiljar eru á eitt sættir um að leita prests. Nú hefir prestur eigi reynt sátt áður en málið kemur fyrir dóm, og skal þá fresta málinu ef aðiljar krefjast, svo að sátt megi reyna fyrir presti.

Nú leitar dómari eigi um sættir samkvæmt fyrri málsgrein, og skal hann þá samt reyna að ná samkomulagi hjóna um atriði þau, sem ræðir um í 74.—76. gr., áður en mál er dómtekið.

90. gr.

Nú þykir dómara ástæða til að skipa öðrum aðilja eða báðum málsvara, og skal þá greiða málsvaralaun af almannafje, að svo miklu leyti sem þau verða eigi lögð á sækjanda.

91. gr.

Dómari getur kvatt sækjanda í dóm, án tilefnis af hendi stefnds, til að skýra málavexti og vinna eið að skýrslu sinni. Nú kemur sækjandi eigi í dóm, og er þó óhindraður, eða færist án gildra ástæðna undan að bera um málavexti eða vinna eið, og skal þá frávísa málinu.

Dómari getur og kvatt stefndan í dóm, eigi hann heima eða dvelji hann innan dómshjeraðs eða í nágrennahjeraði, og þó eigi fjær en fjærst gæti verið innan hjeraðs, til þess að bera um málavexti eða vinna eið að skýrslu sinni. Nú kemur stefndur eigi í dóm, og er þó óhindraður, eða færist, án gildra ástæðna, undan að bera eða vinna eið, og metur þá dómari samkvæmt 92. gr., hvað upp úr því skuli leggja.

92. gr.

Nú játar stefndur atriði, sem máli skiftir, og kemur játningin þá að eins til álita sem sönnunargagn.

Slikt hið sama gildir um útivist stefnds, þögn og óákveðnar yfirlýsingar.

93. gr.

Hvor aðili í sinu lagi getur gert nýjar dómkröfur og flutt fram nýjar málsástæður og nýjar neitanir, þangað til mál er dómtekið, enda þarf eigi að leita sátta af nýju vegna nýrra dómkrafna.

Nú hefir hjúskaparmál verið dæmt að efni til, og má þá eigi nota þær ástæður, er hreyft hefir verið eða hreyfa hefði mátt í því máli, til mála-tilbúnings af nýju.

94. gr.

Aðiljaeiður er eigi heimill í hjúskaparmáli, nema svo standi á, sem lýst er í 91. gr.

95. gr.

Nú þarf í hjúskaparmáli að sanna geðveiki annars hjóna, og skal þá leita brjeflegrar yfirlýsingar sjerfróðs embættislæknis eða annars löggilts læknis, sje eigi kostur sjerfræðings.

96. gr.

Hjúskaparmál skulu sótt og varin og vitni spurð fyrir lokuðum dýrum, nema báðir aðiljar sjeu á eitt sáttir um annað.

Eigi má heldur, án leyfis beggja aðilja, birta almenningi á nokkurn hátt annað af því, er gerst hefir í slíkum málum, en dóminn. Brot gegn ákvæði þessu sætir 100–1000 króna sekt til landssjóðs.

97. gr.

Nú hefir öðrum aðilja eða báðum verið skipaður málsvari, og skal þá einnig kveðja hann til að hlýða á dómsuppsögn, enda nægir að kveðja mál-svara einan til, sje aðili staddur utanlands eða sje ókunnugt um dvalarstað hans, eða sje aðili sviptur lögræði vegna geðveiki.

98. gr.

Áfrýja skal hjeradsdómi í hjúskaparmáli til æðri rjettar innan 12 vikna frá dómsuppsögn.

Uppreisn verður eigi veitt nema til gagnáfrýjunar dómi í aðalmáli, sem áfrýjað er innan lögmæltis áfrýjunarfrests.

Hvorugur málsaðili má ganga í nýtt hjónaband innan loka áfrýjunarfrests, nema því að eins, að gagnaðili og stjórnarráð hafi brjeflega fallið frá áfrýjun.

99. gr.

Hjúskaparmál verður eigi höfðað eftir dauða annars hjóna.

Nú deyr annað hjóna áður en dómur gengur í hjúskaparmáli, og fellur þá málið niður.

100. gr.

Nú er svo ákveðið í lögum þessum, að mál skuli höfða innan lögmæltis tíma, og skal þá telja mál höfðað, er dómstefna er tekin hjá hjeradsdómara eða utanrjettarstefna er birt stefndum innan lögmæltis tíma.

Nú er máli vísað frá dómi eða það felt niður án kröfu sækjanda, og getur sækjandi þá höfðað mál af nýju innan 6 vikna, þó að lögmæltur máls-höfðunarfrestur sje þá úti.

101. gr.

Nú er beiðst hjónaskilnaðarbrjefs eða mál höfðað til ógildingar hjónabandi eða til hjónaskilnaðar, og getur þá stjórnarráðið, ef ástæður þykja renna til og húsfreyja krefst, boðið bónda að raska eigi fjelagsbúinu, þangað til kveðið er á um skilnaðinn.

Nú sinnir bóndi eigi boði stjórnarráðs, og getur konan þá þegar krafist fjárskilnaðar samkvæmt 29. gr. laga 12. janúar 1900, nr. 3.

Og enn getur stjórnarráðið, ef sjerstaklega stendur á og húsfreyja krefst, leyft henni að slita um stund samvistir við bónda sinn, og jafnframt gert bónda að greiða meðlag með konu hans og þeim börnum, sem hjá henni eru og honum ber að framsæra. Fer þá um meðlagið eftir því, sem segir í 54. og 56. gr.

IX. kap.

Venjuleg ákvæði og bráðabirgða.

102. gr.

Lög þessi raska eigi sjerreglum þeim, er gilda um hjónavígslu fyrir fulltrúa annars ríkis hjer á landi, nje heldur á 3. og 4. kap. þeirra við hjónavígslu fyrir löglegum fulltrúa landsins í öðru ríki, en um það atriði skal skipað fyrir með konunglegri tilskipun.

103. gr.

Lögin öðlast gildi 1. janúar 1921.

104. gr.

Nú vill lögskilinn maður eða kona giftast aftur, og skal þá meta vígslugengi hans eða hennar eftir lögum þessum.

Nú hefir kona skilið við bónda sinn og fengið leyfi til að giftast af nýju, áður en lög þessi ganga í gildi, og skal henni þá vera heimil vígsla, þótt eigi sjeu liðnir frestir þeir, er áskildir eru í 16. gr.

105. gr.

Nú hafa hjónaefni látið lýsa með sjer fyrir gildistöku laga þessara eða Alpt. 1920. A. (32. löggjafarþing).

fengið undanþágu frá lýsingu, og skal hjónaefnunum þá heimil vígsla á næstu 3 mánuðum frá lýsingar- eða undanþágudegi, enda sje vígsluskilyrða 19. gr. gætt, áður en vígsla fer fram.

106. gr.

Nú hafa hjón verið vígð áður en lög þessi gengu í gildi, og verður það hjónaband þá eigi ógilt, nema ógilding varði bæði að þágildum og þessum lögum.

Nú er slikt hjónaband ógilt, og skulu lögfylgjur hjónabandsins þá metnar eftir þessum lögum.

107. gr.

Nú hafa hjón skilið að borði og sæng áður en lög þessi gengu í gildi, og skal þeim þá heimill hjónaskilnaður samkvæmt 61. gr. laga þessara.

108. gr.

Nú hefir verið höfðað mál til ógildingar hjónabandi eða til hjónaskilnaðar, áður en lög þessi gengu í gildi, eða beiðst leyfis til hjónaskilnaðar eða til skilnaðar að borði og sæng, og skal þá fara um skilnaðinn að öllu leyti eftir þágildum lögum.

109. gr.

Nú hefir verið beiðst skilnaðar að borði og sæng eða til hjónaskilnaðar eftir gildistöku laga þessara eða dómstefnt hefir verið til hjónaskilnaðar, og fer þá um skilnað eftir lögnum, enda þó að skilnaðarástæða sje eldri.

110. gr.

Eftirfarandi ákvæði falla úr gildi frá og með gildistökudegi laga þessara: Hjónabandsartikular 2. júní 1587 (16. kap. III. bókar Dönsku laga, að svo miklu leyti sem fylgt hefir verið). 2. gr. XIII. kap. VI. bókar D. L., konungsbrjef 14. júní 1740 (tilskipun 5. marts 1734), tilsk. 29. maí og tilsk. 18. desbr. 1750, konungsbr. 28. marts 1776, tilsk. 1. desbr. 1797 (dómsmálastjórnarbrjef 15. júní 1799), 1. gr. I. kafla tilsk. 23. maí 1800, konungsúrskurður 28. janúar 1818, sbr. kansellibrjef 10. febrúar s. á. (tilsk. 18. október 1811), opið brjef 10. febrúar 1818, 1. liður konungsbr. 7. desember 1827 (tilsk. 30. apríl 1824: 1.—2. gr., nr. 1, nr. 3—9 og nr. 11. 3. gr., 4.—12. gr. og 14.—19. gr.), 164. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, lög 22. september 1899, nr. 19, lög 26. október 1917, nr. 30 (1.—9. gr. laga 19. febrúar 1886, nr. 4, nr. 2. 3. gr. og 13. gr. tilsk. 30. apríl 1824) lög 26. október 1917, nr. 31. (nr. 10, 3. gr. tilsk. 30. apríl 1824 og 62. gr. laga 10. nóvember 1905, nr. 44).

Og enn eru ógild frá sama degi öll önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. er samhljóða frv. því, sem stjórnin lagði fyrir síðasta þing. Um ástæður og greinargerð vísast til Alp. 1919. A. bls. 129—165.

4. Frumvarp

til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Lagt fyrir Alþingi 1920).

I. kap.

Óskilgetnaður.

1. gr.

Pau börn eru óskilgetin, sem eigi teljast skilgetin.

2. gr.

Það skiftir eigi máli að lögum þessum, þótt foreldri óskilgetins barns sje gift.

II. kap.

Faðerni.

3. gr.

Nú verður kona ljettari að óskilgetnu barni, og skal þá læknir sá eða ljósmóðir, er vitjar hennar í sængurlegunni, athuga nákvæmlega öll atriði, er ráða má af, hvort barnið hafi verið fullburða, eða hve mikið hafi vantað á, að svo væri, enda sje skýrsla um þetta skrásett þá þegar.

4. gr.

Nú gengst karlmaður sá, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, frjáls og viti sinu vitandi, við faðerni barnsins, fyrir presti eða valdsmanni, eða brjeflega og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins, hvort sem gengist hefir verið við faðerninu fyrir eða eftir barnsburðinn, enda sje faðernisjátningin fyrir presti eða valdsmanni þá þegar bókuð og brjefvottarnir lögráðir, valinkunnir menn, og eigi ástæða til að vefengja undirskrift þeirra.

5. gr.

Nú kennir kona karlmanni óskilgetið barn sitt, en hann gengst eigi við faðerninu, og getur hún þá krafist þess, að valdsmaður, þar er hún er heimilisföst eða stödd, hlutist til um höfðun barnsfaðernismáls gegn manninum.

Sama rjett hefir sá, sem skyldur er að framsæra barnið, að móðurinni látinni eða af öðrum lögmæltum ástæðum.

Nú er leitað fátækrastryks til framfærslu barnsins, og hlutast þá oddviti

sveitarstjórnar þeirrar, er leitað er, til um höfðun barnsfaðernismáls gegn manninum.

6. gr.

Nú sannar kona, vanfær að óskilgetnu barni, með vottorði þjónandi lækni eða ljósmóður, að liðnir sjeu 6 mánuðir frá getnaði fósturs, og getur hún þá krafist höfðunar barnsfaðernismáls með þeim hætti, sem getur í næstu grein á undan, enda sje maðurinn á lífi.

Nú hefir sá, er konan kennir fóstrið, gengist við faðerni þess á þann hátt, er greinir í 4. gr., eða gengst við því í rjettinum, og er þá skorið úr um faðernið, enda gengur málið þá eigi til dóms.

Gangist hann aftur á móti eigi við faðerninu, fer um úrslit málsins eftir því, sem segir í 14.—15. gr. sbr. síðustu málsgrein 13. gr., þó svo að eið samkvæmt 15. gr. skal þá vinna undir rekstri málsins.

7. gr.

Nú er sá maður, sem óskilgetið barn er kent, látinn, og má þá höfða barnsfaðernismál gegn búi hans. Fari skiftaráðandi með búið, skal stefna honum fyrir búsins hönd. Standi skiftaforstjórar eða erfingjar fyrir skiftunum, nægir að stefna einum skiftaforstjóra eða erfingja.

Nú er stefndur horfinn eða farinn af landi burt, og má þá höfða mál gegn honum hjer á landi, eftir opinberri stefnu.

8. gr.

Barnsfaðernismál skal höfða á varnarþingi þess, er barn (fóstur) er kent, eða því, er hann síðast átti, eða þar sem farið er með bú hans, sje hann látinn.

Málið skal höfðað innan árs frá fæðingu barnsins, sje móðir þess máls-höfðandi, ella innan árs frá því, að framfærsluskyldur tók við barninu til framfærslu. Standi sjerstaklega á, getur stjórnarráðið lengt frestinn, svo sem hæfa þykir.

9. gr.

Um stefnufrest í barnsfaðernismáli og stefnubirtingu fer að lögum, að svo miklu leyti sem eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

10. gr.

Sækjandi barnsfaðernismáls er undanþeginn öllum rjettargjöldum í hjer-aði. Um greiðslu annara gjalda hans fer svo, sem málið væri gjafsóknarmál af hans hendi.

Nú telur æðri dómstóll málstað málshöfðanda eigi ólíklegan, og getur dómurinn þá ákveðið, að svo skuli fara þar um greiðslu rjettargjalda og annara gjalda, sem mælt er um í hjeraði.

11. gr.

Um barnsfaðernismál í hjeraði fer sem einkalögreglumál, að svo miklu leyti, sem eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

12. gr.

Dómaranum ber af eigin hvötum að afla allra fáanlegra sannana fyrir þeim atriðum, sem bent geta til þess, hver vera muni faðir óskilgetins barns, meðal annars skýrslu læknis eða ljósmóður um það, hvort barnið hafi fæðst fullburða eða hve mikið hafi vantað á að svo væri. Hann getur í því skyni kallað bæði barnsmóður og þann, er faðernið er kent, fyrir sig, og krafið þau framburðar, en eið má hann eigi af þeim taka, nema svo standi á, sem greinir í niðurlagi 6. gr.

Nú neitar annað þeirra að koma í rjettinn, og má dómarinn þá láta sækja það, nema barnsmóðir sje sækjandi málsins og neiti að sækja rjettarhaldið, þá frávisar hann málinu.

Nú neitar annað þeirra að svara spurningum dómarans, og getur dómarinn þá gert því þingvíti, nema barnsmóðirin sje sækjandi málsins og neiti að svara, þá frávisar hann málinu.

Barnsmóðir og sá, er barn er kent, skulu spurð í rjetti fyrir lokuðum dyrum, nema bæði sjeu á annað sátt.

13. gr.

Nú koma fram líkur fyrir því, að fleiri hafi haft samfarir við barnsmóður á þeim tíma, er barnið gæti verið getið, og ber þá dómaranum að stefna þeim mönnum til að svara til sakar, með stefndum.

14. gr.

Nú má ætla, eftir því sem fram hefir komið í málinu, að stefndur sje aðir barnsins (fóstursins), og skal hann þá dæmdur faðir þess.

15. gr.

Nú þykja nokkrar líkur fyrir því, að stefndur hafi haft samfarir við konuna á þeim tíma, að hann geti verið faðir barnsins (fóstursins), og dæmir þá dómari þeim aðilja, er ætla má, að hafi rjettari málstað og trúverðari þykir, að staðfesta framburð sinn með eiði, konunni með fyllingareiði og karlmanninum með synjunareiði.

Nú er stefndur látinn, þegar málið er tekið til dóms, horfinn eða farinn af landi burt, og verður konunni þá dæmdur eiðurinn, sje hún eiðgeng og framburður hennar líklegur.

16. gr.

Í eiðstaf þeim, sem stilaður er í barnsfaðernismáli, skal einskorða tímabil það, er eiðurinn tekur til.

Móðirin vinnur eið að því, að sá, er hún kennir barnið (fóstrið), hafi haft samfarir við sig á því tímabili, sem tiltekið er í eiðstafnum, en hann synjar fyrir það með eiði, að svo hafi verið.

III. kap.

Framfærsla barns m. m.

17. gr.

Móðir er skyld að framfæra og uppala óskilgetið barn sitt, sem skilfengið foreldri skilgetið barn, enda er framfærsluskylda óskilgetins barns gegn móður þess söm sem framfærsluskylda skilgetins barns gegn foreldri.

18. gr.

Nú hefir maður gengist við faðerni að óskilgetnu barni (fóstri) eða hann hefir verið dæmdur faðir þess, honum orðið eiðfall eða eiður hefir fallið á hann, og er honum þá jafnt móður þess skylt að kosta framfærslu barnsins og uppeldi.

Framfærslu og uppeldi óskilgetins barns skal hagað svo, sem hæfa þykir högum þess foreldris, sem betur er statt, hafi karlmaðurinn gengist við faðerninu eða verið dæmdur faðir þess, honum orðið eiðfall um faðernið, eða faðerniseiður fallið á hann, en ella eftir högum móður þess. Þó má hvorugt vera síður en alment gerist.

19. gr.

Nú má ætla, að fleiri karlmenn hafi haft samfarir við konuna á þeim tíma, er líklegt er að barnið (fóstrið) sje getið, og verður þá enginn dæmdur faðir barnsins.

Hins vegar skal dæma þá alla i sameiningu til að gefa með barninu þangað til það er 16 ára, og til að inna af hendi þær greiðslur, sem óskilfengin móðir getur krafist sjer til handa af barnsföður sínum.

Nú eru fleiri dæmdir til meðgjafar með óskilgetnu barni eða til lög-mæltra greiðslna til handa móður barnsins (29. og 30. gr.), og ábyrgjast þeir þær greiðslur þá einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Nú hefir einn greitt fyrir alla umsamið eða úrskurðað framlag, og getur hann þá krafist hlutfallslegrar endurgreiðslu af hendi hinna.

20. gr.

Heimilt er barnsmóður eða þeim, sem kemur i hennar staði, þar á meðal fátækrastrjórn, að semja, jafnvel fyrir barnsburð, við barnsföður eða þann, sem á að greiða meðlag með barni, um greiðslu barnsfúlgunnar. En skriflegur skal sá samningur vera og vottfastur, enda staðfestur af valdsmanni, þar er barnsmóðir er heimilisföst eða dvelur.

Nú er samningurinn eigi i lög-mæltum búningi, og má þá þá krefjast framlaga framvegis, svo sem enginn samningur hefði verið gerður.

Nú er barnsfúlga greidd samkvæmt samningi um lengri tíma eða öll i einu, og skal þá fara með hana sem fje ófjárráðra.

21. gr.

Þröngva má barnsföður eða manni, sem lögskylt er að gefa með

óskilgetnu barni (fóstri), með úrskurði valdsmanna, þar er hann á heima, til að gefa með barninu helming meðgjafar eða meira, þó aldrei meira en meðgjöf þá, sem i raun og veru er greidd með barninu.

Nú má ætla, að barnið sje ávöxtur af samförum að óvilja eða án vilja móður, enda hafi faðirinn við rjettarrannsókn orðið sannur að slíku tilræði við móðurina, og er hann þá skyldur að kosta framfærslu og uppeldi barnsins að öllu leyti.

Í yfirvaldsúrskurði þeim, sem gerir manni að skyldu að greiða meðlag með óskilgetnu barni, eða meðlagsskyldan er staðfest með honum, skal vera skýrt, svo sem kostur er á, frá aldri mannsins, fæðingarstað og framfærslusveit.

22. gr.

Nú sýkist barn á ómagaaldri eða andast, og getur móðir þess þá krafist þess, að valdsmaður geri föður þess eða þeim, sem dæmdur hefir verið til meðgjafar með því, að leggja fram aukastyrk til hjúkrunar og lækningar og greiftrunar barninu.

Sama rjett hefir sá, sem skyldur er að framfæra barnið, að konunni látinni eða vegna annara lögmæltra ástæðna, þar á meðal fátækrastrjórn.

23. gr.

Nú er barnið komið úr ómegð, en ófært vegna andlegra eða líkamlegra bresta eða annara ósjálfráðra orsaka til þess að hafa sjálft ofan af fyrir sjer, og getur þá sá, sem að lögum er skyldur að annast barnið, krafist þess, að valdsmaður úrskurði föður þess skylt að framfæra barnið af sinni hálfu, að svo miklu leyti, sem hann er aflögufær að dómi sveitarstjórnar i dvalarsveit hans.

Óskilgetnu barni er skylt að framfæra föður sinn með sama skilorði.

24. gr.

Meðlag með óskilgetnu barni skal gjalda fyrirfram, fyrir hálft ár i senn. Úrskurðað meðlag má hækka eða lækka, ef hagur aðilja breytist.

Nú hefir manni verið gert að greiða meðlag með barni áður en barnið fæðist, en það fæðist andvana, og fellur þá meðlagsskyldan niður.

25. gr.

Nú deyr karlmaður og lætur eftir sig óskilgetið barn, er honum ber að gefa með, og skal þá greiða af fjármunum dánarbúsins sem skuld, er komið sje i gjalddaga, barnsfúlgu þá, er hinn dani skyldi greiða, hvort sem hún er ákveðin með meðlagsúrskurði eða samningi, svo framarlega sem beiðni kemur um það til skiftaráðanda áður en skuldalýsingarfrestur er liðinn eða 12 mánuðum frá láti mannsins, hafi skuldalýsingarfrestur eigi verið auglýstur, enda er skiftaráðanda skylt að lýsa slíkri kröfu i búinu, viti hann, að hinn látni hafi látið eftir sig óskilgetið barn, er honum bar að framfæra.

Sje barnsfúlga sú, er hinn látni skyldi lúka, hvorki ákveðin með samningi nje yfirvaldsúrskurði, skal greiða svo mikið, sem meðalmeðgjöf með barninu nemur frá dánardægri hans, þangað til það er 16 ára.

Ef ekkja barnsföður er á lífi eða skilgetin börn, þá skal þess gætt, að meðgjöf sú, er greidd er óskilgetnu barni til framfærslu, nemi eigi meira fje en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri.

Nú situr ekkja barnsföður í óskiftu búi, og heldur hún þá áfram að greiða barnsfúlgu þá, er á barnsföður hvíldi, nema valdsmaður ákvarði með rökstuddum úrskurði, að hún skuli greiða minna eða jafnvel ekkert um lengri eða skemri tíma vegna breyttra ástæðna. Skjóta má þeim úrskurði til stjórnarráðsins.

Nú er barnsfúlga greidd af hendi í einu eftir lát föður (meðlagsskylds), og fer þá um hana svo sem segir í 3. mgr. 20 gr., enda skal tiltaka, á hverjum tíma og hverjum greiða skuli meðlögin.

Falli barnsfúlga niður að nokkru eða öllu fyrir þá sök, að barnið deyr áður en það er orðið 16 ára, þá skal fje það, sem óeytt er, koma til skifta meðal erfingja greiðanda. Verði afgangur af fúlgunni af öðrum ástæðum, nýtur barnið hans.

26. gr.

Sje barnsfúlga, sú er barnsföður (meðlagsskyldum) er skylt að borga með óskilgetnu barni, samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni, eigi greidd á rjettum gjalddaga, og eigi móðir þess rjett til framfærslu hjer á landi, þá er henni heimilt að krefjast þess, að fúlgan verði greidd henni af sveitarfje í dvalarsveit hennar, þó eigi nema fyrir eitt ár og eigi meira en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, er barnið dvelur í. En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveða sýslunefndir og bæjarstjórnir fyrir hvert sveitarfjelag um 3 ár í senn, og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna.

Beiðni barnsmóður til dvalarsveitar skal fylgja meðlagsúrskurður valdsmanns, löglega birtur, eða samningur, staðfestur af honum og löglega birtur, og lifsvottorð barnsins, enda láti móðirin uppi þá skýrslu um framfærslusveit barnsföður (meðlagsskylds), sem hún er fær um.

Meðlagið skal talið sveitarstyrkur til handa barnsföður (meðlagsskyldum) frá dvalarsveit móður, og fer um endurgjald á honum sem öðrum sveitarstyrk.

27. gr.

Sama rjett, sem móðir óskilgetins barns hefir samkvæmt framansögðu, hafa og þeir, er annast eiga framfærslu og uppeldi barnsins, að móðirinni látinni eða af öðrum lögmæltum ástæðum, þar með talin framfærslusveit barnsins, hafi hún tekist framfærslu þess á hendur.

28. gr.

Nú er karlmaður skyldur að lögum til að gefa með óskilgetnu barni, en ókunnugt er um verustað hans, og getur þá sá, er framfærslu- og uppeldisskyldan hvílir á, krafist fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað hans.

Þá getur framfærsluskyldur og, þótt annar sje en framfærslusveit, neytt 60. gr. fátækralaganna, þegar svo stendur á, sem þar er lýst.

Nú fer maður af landi burt og hefir eigi sett slíka tryggingu, sem getur í nefndri fátækralagagrein, og getur framfærsluskyldur þá heimtað lögtað fyrir gjaldkræfum greiðslum og löghald fyrir ógjaldkræfum, hvorttveggja samkvæmt lögmaletum reglum.

29. gr.

Faðir óskilgetins barns (meðlagsskyldur) er skyldur að greiða móður barnsins að minsta kosti helming kostnaðar þess, er leitt hefir af barnsförum og styrk til framfærslu hennar næstu 6 vikur fyrir og eftir barnsburðinn.

Nú hefir barnsfaðir við rjettarrannsókn orðið sannur að slíku tilræði við móður barnsins, sem getur í 2. mgr. 21. gr., og ber houum þá að kosta að öllu leyti bæði barnsfarirnar og framfærslu og hjúkrun hennar út af meðgöngunni og barnsförum.

Nú er skorið úr um faðerni barns (meðlagsskyldu) fyrir fæðingu þess, og getur konan þá heimtað framfærslustyrkinn fyrir fyrri 6 vikurnar úrskurðaðan sjer þegar í stað.

Valdsmaður, þar er konan dvelur, ákveður framlög þessi, framfærslustyrkinn eftir högum beggja. Fyrirfram gerður samningur um hjernefnd framlög er ógildur. Framlögin eru gjaldkræf þegar er úrskurður hefir gengið um þau.

Nú greiðir barnsfaðir (meðlagsskyldur) eigi framlög þessi á gjalddaga, og getur þá móðir barnsins heimtað þau greidd af dvalarsveit sinni, hvort sem barnsfaðir er lífs eða líðinn. Um endurgreiðslu framfærslusveitar barnsföður á framlögum dvalarsveitar fer að lögum.

30. gr.

Nú sýkist kona, sem svo er ástalt um, sem segir í 6. gr., vegna meðgöngunnar, og er lengur frá verki en 2 vikur, og getur hún þá heimtað, að valdsmaður, þar er hún dvelur, geri manni þeim, er eigna má faðernið (meðlagsskyldum), styrk til hjúkrunar hennar mánaðarlega fyrirfram, þangað til hún verður ljettari, og framfærslustyrk jafnlengi, þó að frádregnum tíma þeim, er henni áður kynni að hafa verið úrskurðaður framfærslustyrkur fyrir.

Nú hefir óskilfengin móðir sýkst út af barnsförum og er lengur frá verki en venjulegt er um sængurkonur, eða hún sýkist svo eftir sængurleguna út af meðgöngunni eða barnsburðinum, að hún er lengur frá verki en 2 vikur, og hefir hún þá sama rjett gegn barnsföður sínum (meðlagsskyldum), sem getur í næstu málsgrein á undan, meðan hún er sjúk, þó eigi lengur en 6 mánuði eftir barnsburð, og að frádregnum þeim framfærslukostnaði, er henni kynni að hafa verið úrskurðaður áður.

Um ákvörðun og greiðslu hjer um ræddra framlaga gilda sömu reglur og um framlög samkvæmt 29. grein.

31. gr.

Nú líða meira en 6 mánuðir frá því að konan varð heil þangað til hún leitar dvalarsveitar út af gjaldkræfu framlagi samkvæmt 29. og 30. gr., og er dvalarsveit þá eigi skylt að inna það af hendi.

IV. kap.

Um forráð barna m. m.

32. gr.

Móðir óskilgetins, ósjálfráðs barns hefir jafnan rjett og foreldri skilgetins barns til þess að hafa barn sitt hjá sjer og ráða því að öðru leyti.

Nú giftist barnsmóðir öðrum en föður barnsins, og ráða þá hjónin barninu bæði saman, enda fylgi barnið móður sinni.

Nú andast móðirin frá manni sínum, og ræður þá stjúpinn barninu, sje það á framfæri hans, enda hafi barnið eigi verið skilgert.

33. gr.

Nú andast ógift kona frá óskilgetnu, ósjálfráðu barni sínu, eða fer alfarin af landi burt eða telst óhæf að dómi valdsmanns með ráði sóknarprests og hjeraðslæknis til að ala barnið upp, og á þá faðir þess rjett til að fá umráð yfir barninu, ef hann skilgerir það á þann hátt, er segir í 38. gr., eða þinglýsir því samkvæmt 39. gr.

Nú hefir barn, sem þinglýst hefir verið samkvæmt 39. gr., verið á fóstri með móðurforeldri eða móðursystkini um lengri tíma og vel farið um það, og getur þá stjórnarráðið heimilað slíku fósturforeldri að halda barninu áfram, enda kalli fósturforeldri eigi eftir meðgjöf með því af hendi barnsföður.

34. gr.

Skólanefndir og fræðslunefndir skulu hafa eftirlit með því, að óskilgetin börn innan umdæma þeirra sjeu vel upp alin.

Nú verður nefnd þess vör, að móður óskilgetins barns eða þeim, sem barnið er hjá, fari uppeldi barnsins eigi svo vel úr hendi sem skyldi, og skal nefndin þá áminna þann, sem í blut á. Nú skipast hann eigi við áminning nefndarinnar, og skal hún þá skýra valdsmanni frá málavöxtum, en hann leitar álits læknis og prests og gerir síðan þær ráðstafanir, er með þarf, getur meðal annars komið barninu fyrir á öðrum stað.

35. gr.

Um rjett og skyldu óskilgetins barns til annars nafns en eiginnafns fer að lögum, enda jafngildi faðernisdómur, eiðfall barnsföður eða eiður barnsmóður faðernisjátningu.

Um sveitfesti og sóknfesti barnsins fer að lögum.

V. kap.

Um erfðir barns og eftir það.

36. gr.

Óskilgetið barn erfir móður og móðurfrændur sem skilgetið barn, svo og föður sinn og föðurfrændur, hafi hann gengist við faðerni þess (4. gr.) eða verið dæmdur faðir þess (14. gr.).

Óslitin sambúð karls og konu ósamangefinna frá því 6 vikum fyrir getnað barns, þangað til 3 árum eftir fæðing þess, jafngildir faðernisjátningu, þá er um erfðarjett barns eftir föður og föðurfrændur ræðir eða þeirra eftir það.

Móðir og móðurfrændur erfa óskilgetið barn, svo sem skilfengið foreldri og foreldrafrændur erfa skilgetið barn. Slikt hið sama gildir um föður og föðurfrændur óskilgetins barns, hafi barnið haft erfðarjett eftir þá.

VI. kap.

Um skilgerð barna m. m.

37. gr.

Nú giftist karl og kona, er átt hafa saman óskilgetið barn, i lifanda lífi barnsins, og er barnið þá skilgert, enda hafi maðurinn annaðhvort gengist við faðerni barnsins, eða verið dæmdur faðir þess, honum orðið eiðfall eða þá eiður fallið á hann.

38. gr.

Nú má telja faðerni óskilgetins barns vist, þótt eigi sje sannað á lög-mæltan hátt, og getur stjórnarráðið þá úrskurðað, eftir beiðni barnsföður, að barnið skuli hafa skilgetinna barna rjettindi gagnvart föður og föðurfrændum og þeir gagnvart því, enda komi samþykki lögráðamanns barnsins til, sje það ósjálfrátt, en ella samþykki þess sjálfs.

39. gr.

Nú lýsir maður, er kona hefir kent óskilgetið barn sitt, því á varnarþingi sínu, manntalsþingi eða bæjarþingi, og lætur bóka, að hann eigi barnið, og öðlast barnið þá öll rjettindi fedraðs óskilgetins barns gagnvart föður og föðurfrændum, og þeir gagnvart því.

40. gr.

Nú er óskilgetið barn skilgert, samkvæmt 37. og 38. gr., og verður þá afstaða þess til föður og föðurfrænda sem skilgetins barns. Þó getur faðir eigi heimtað sjer fengin forráð barns, er skilgert hefir verið samkvæmt 38. gr., meðan móður þess nýtur.

VII. kap.

Almenn ákvæði og bráðabirgða.

41. gr.

Afstaða óskilgetins barns fer að islenskum lögum, hafi móðirin íslenskan ríkisborgararjett.

Slíkt hið sama gildir, þó að ríkisfesti móður rakni, haldist ríkisfesti barnsins óbreytt.

42. gr.

Framfærsluskylda föður gagnvart óskilgetnu barni og greiðsluskylda hans gagnvart móður þess fer að lögum lands þess, er konan tilheyrði, þá er hún varð ljettari eða vanfær, sje krafist barnsmeðlags eða framfærslustyrks til konu fyrir fæðing barnsins.

Þó verður frekari kröfum eigi framgengt en lögmæltar eru hjer í landi.

43. gr.

Skilgerð óskilgetins barns fer að islenskum lögum, hafi skilgerðarmaður verið ríkisfastur hjer, þá er skilgerðin fór fram.

Nú er skilgerðarmaður útlendur en barnið ríkisfast hjer, og er þá skilgerð ógild, nema til komi samþykki lögráðamanns, sje barnið ósjálfrátt, en ella samþykki þess sjálfs.

44. gr.

Nú er óskilgetið barn fætt áður en lög þessi gengu í gildi, og fer þá um barnið samkvæmt þeim, frá gildistöku laganna.

Þó fer framfærsluskylda föður (meðlagsskylda) gagnvart barninu, nema um hana sje samið, og skylda hans gagnvart móður þess eftir áðurgildum lögum.

Enn fremur gilda erfðanýmæli 36. gr. eigi um önnur börn en þau, sem fædd eru 10 mánuðum þritugnættum eftir gildistöku laganna.

45. gr.

Með lögum þessum eru eftirfarandi ákvæði úr gildi numin: N. L. 5. 2. 33 og 71—74, sbr. konungsbrjef 17. febr. 1769 og D. L. 5. 2. 33 og 70—73, sbr. 2. gr. tilsk. 25. sept. 1850, N. L. 6. 13. 5, sbr. kbr. 2. maí 1732, 9. gr. i tilsk. 25. sept. 1850, niðurlag 3. gr. fátækralaganna 10. nóv. 1905, 6.—8. gr., 1. og 2. mgr. 9. gr., 10.—13. gr. og síðari setning 1. mgr. 15. gr. sömu laga.

Þá ógildast og önnur ákvæði, er koma kunna í bága við lög þessi.

46. gr.

Lögin öðlast gildi 1. janúar 1921.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. er samhljóða frv. því, sem stjórnin lagði fyrir síðasta þing. Ástæður er að finna í Alþt. 1919, A, bls. 241—260.

5. Frumvarp

til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

(Lagt fyrir Alþingi 1920).

I. kap.

Skilgetnaður.

1. gr.

Þau börn eru skilgetin, sem fæðast í hjónabandi eða eftir hjónabands-slit, en þó á þeim tíma, að getin geta verið í hjónabandinu, enda sje skilgetn-aður þeirra eigi vjefengdur þann veg, er hjer fer á eftir.

2. gr.

Faðerni verður að eins vjefengt af hendi bónda, barns eða, að bónda látnum, af hendi þess erfingja bónda, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir bónda.

3. gr.

Nú vjefengir bóndi skilgetnað barns konu sinnar, og skal hann þá höfða mál gegn lögráðamanni barnsins innau 6 mánaða frá því er honum varð kunnugt um fæðing barnsins, enda hafi hann eigi gengist við faðerni barnsins eftir fæðing þess.

Nú er lögráðamaður barns eigi til taks, eða, að dómi hjeradsdómara, eigi fær um að gæta rjettar barnsins, og skal þá dómariinn setja barninu rjettargæslumann á rikiskostnað.

Nú er bóndi sviftur lögræði, vegna vitskerðingar eða fávits, og gengur þá lögráðamaður í hans stað.

4. gr.

Nú er bóndi látinn, en málshöfðunarfrestur þó eigi liðinn, og getur þá sá, sem jafngengur eða næstgengur er barninu til erfða eftir bónda, höfðað vje-fengingarmálið innan 6 mánaða frá því er hann fjekk vitneskju um fæðing barns og dauða bónda, enda hafi bóndi eigi gengist við faðerni barnsins eftir fæðing þess,

5. gr.

Barnið getur stefnt bónda til vjefengingar faðerninu eða, að bónda látnum, þeim erfingja hans, sem jafngengur eða næstgengur er barninu til erfða eftir bónda.

Nú er barnið ólögrátt vegna æsku eða svift lögræði vegna vitskerðingar eða fávits, og getur lögráðamaður þess þá höfðað málið.

6. gr.

Dómara ber af sjálfsdáðum að leita allra sannana um faðerni barnsins, þar á meðal skýrslu móður. Játning aðilja kemur að eins til greina sem sönnunargagn. Aðildareidur er óheimill.

Málið skal reka innan luktra dyra, nema báðir aðiljar sjeu á annað sáttir.

7. gr.

Dómkrafa stefnanda verður því að eins tekin til greina, að telja megí víst, að barnið geti eigi verið getið af bónda móður þess.

Nú hefir bóndi höfðað málið, og má þá dæma það honum í vil, þótt eigi standi svo á, sem getur í næstu málsgrein á undan, ef barnið er getið áður en hjónin voru gefin saman eða eftir að hjónin skildu að borði og sæng, enda sjeu líkur til þess, að hjónin hafi eigi haft samfarir á þeim tíma, er barnið getur verið getið.

8. gr.

Nú er barn, er 1. gr. laga þessara tekur eigi til, skilgert samkvæmt 37., eða 38. gr. laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og telst það barn þá skilgetið.

9. gr.

Nú er barn getið eða fætt í hjónabandi, en hjónabandið er síðar dæmt ógilt, og hefir barnið þá öll rjettindi skilgetins barns gegn foreldrum sínum.

Nú var annað foreldranna grandalaust um ógildingarástæðuna, er barnið var getið, og hefir það þá öll rjettindi skilfengins foreldris gagnvart barninu.

II.

Framfærsla og uppeldi.

10. gr.

Skýlt er foreldrum, báðum saman og hvoru fyrir sig, að framfæri börn sín, þangað til börnin eru 16 ára gömul.

11. gr.

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru fyrir sig, að uppala börn sín, þangað til börnin eru 16 ára gömul.

Sjerstaklega ber foreldrum að afla börnum sínum lögmæltrar fræðslu og að temja þeim iðjusemi og siðgæði.

12. gr.

Skylt er stjúpforeldri að framfæra og uppala stjúpbarn sitt, svo sem barnið væri skilgetið barn þess, enda hafi stjúpforeldri eigi skilið við maka sinn að lögum og barnið fylgt foreldri sínu.

13. gr.

Nú eru foreldrin, vegna efnaskorts, eigi fær um að inna lögmæltta framfærslu og uppeldi af hendi, en börnin eiga eignir, og má þá verja eignum barnanna þeim til framfærslu og uppeldis, meðan fjárbrestur bagar foreldrin.

Nú vill lögráðamaður barns eigi láta fje þess laust því til framfærslu eða uppeldis, og leggur þá valdsmaður úrskurð á ágreininginn.

14. gr.

Nú eru hjón skilin að samvistum, án þess að leyfis til skilnaðar að borði og sæng hafi verið aflað, og brestur verður á fullnægju lögmæltrar framfærslu og uppeldisskyldu af hendi annars, og getur þá hitt hjónanna eða annar lögráðamaður barnanna krafist úrskurðar valdsmanns fyrir meðlagi með þeim börnum, sem á vegum þess eru.

Sje það foreldri, sem krafði er meðlags, heimilisfast eða statt hjer á landi, skal leita valdsmanns þess um úrskurðun meðlagsins, en ella valdsmanns þess foreldris, er meðlagskröfuna gerir.

Meðlagsupphæðin fari eftir högum beggja foreldra. Meðlagið greiðist fyrirfram fyrir $\frac{1}{2}$ ár í senn.

Meðlagsúrskurði má breyta, ef hagar foreldris eða barns breytist að mun.

15. gr.

Nú hefir annað foreldri yfirgefið hitt, án þess að leyfis til skilnaðar að borði og sæng hafi verið aflað, eða það hefir valdið samvistaslitum á annan ólöglegan hátt, og getur þá hitt foreldrið, auk meðlags með börnunum samkvæmt næstu grein á undan, krafist úrskurðar valdsmanns fyrir meðlagi með sjer af hendi þess, er samvistaslitunum olli.

Meðlagsupphæðin fer eftir högum beggja, enda má breyta meðlagsúrskurði, ef hagar aðilja breytist að mun.

Meðlagið greiðist fyrirfram fyrir einn mánuð í senn.

16. gr.

Nú hefir foreldri verið gert að greiða meðlag samkvæmt 14. eða 15. gr., en það innir meðlagið eigi af hendi, og getur þá meðlagsþegi eða lögráða-

maður hans gengið eftir meðlaginu með sama hætti og heimta má meðlag með óskilgetnu barni.

Nú hefir dvalarsveit greitt meðlag samkvæmt 14. eða 15. gr., og getur hún þá látið taka það lögtaki hjá framfærsluskyldu foreldri eða krafist framfærslusveit þess um endurgreiðslu meðlagsins. Greiði framfærsluskyldur eigi meðlagið, telst það fátækrastrýkur honum til handa.

17. gr.

Nú eru hjón skilin að samvistum, án þess að skilnaðar að borði og sæng hafi verið aflað, og getur konan þá krafist þess, að valdsmaður banni bónda hennar að raska sameign þeirra, meðan þau eru óskilin að borði og sæng eða að lögum.

Valdsmaður getur heimtað, að viðlögðum alt að 10 kr. dagsektum, að bóndi láti sjer í tje innan tiltekins tíma sundurliðaða drengskaparskýrslu um allan hag fjelagsbúsins.

Nú hefir valdsmaður orðið við beiðni húsfreyju, og bónda verið birt bann valdsmanns, en bóndi brotið það, og varðar það þá bónda alt að tveggja mánaða refsingu við venjulegt fangaviðurværi, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Mál samkvæmt næstu málsgrein á undan sæta meðferð almennra lög-reglumála, enda sje eigi um sviksamlegt athæfi að teffa.

18. gr.

Nú hefir foreldri verið skyldað til að inna af hendi meðlag samkvæmt 14. eða 15. gr., en ókunnugt er um verustað þess, og getur þá meðlagsþegi eða lögráðamaður hans krafist fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað foreldris.

Þá getur meðlagsþegi eða lögráðamaður hans og neytt 60. gr. fátækralaganna, þegar svo stendur á, sem þar er lýst.

Nú fer framfærsluskýlt foreldri af landi burt og hefir eigi sett slíka tryggingu, sem getur í nefndri fátækralagagrein, og getur meðlagsþegi eða lögráðamaður hans þá heimtað lögtak fyrir gjaldkræfum og löghald fyrir ógjaldkræfum meðlagskröfum í hjerlendum eignum foreldris.

19. gr.

Foreldri skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir 16 ára gömlum og eldri börnum sínum, og mega börnin eigi verða sveitarþurfar, meðan þau eiga á lifi foreldri, sem eru þess umkomin að annast þau.

Söm er skylda barns gagnvart foreldri.

III. kap.

Foreldravald.

20. gr.

Foreldri ráða bæði saman, sjeu þau samvista, verustað barna sinna

og öðrum persónulegum högum þeirra. Slíkt hið sama gildir um stjúpforeldri, meðan stjúpbarnið er á framfæri þess.

Nú greinir samvista foreldri á um einhverja ráðstöfun á eða út af börnunum, enda valdi hún fjárframlögum, og ræður þá það hjónanna, er leggja vill fram fje til hennar af sjereign sinni eða framfærir aðallega heimilið. Er það hjóna þá í fyrirvari fyrir börnin að því leyti, hvort heldur til sóknar eða varnar, og jafnt gegn almannavaldi sem einstaklingi.

Umráðarjettur foreldra yfir börnunum helst þangað til börnin verða 16 ára gömul og nefnist foreldravald, enda er foreldrunum frjálst að halda börnunum til hlýðni með valdi.

Foreldrin mega fela öðrum að fara með þetta vald sitt um stundarsakir eða um óákveðinn tíma, en eigi til fullnaðar. Hins vegar getur almanna-valdið svift foreldri valdi yfir börnum þess, að svo miklu leyti sem lög leyfa.

21. gr.

Nú eru hjón skilin að samvistum, án þess að leyfis hafi verið aflað til skilnaðar að borði og sæng, og ræður þá hvort foreldri þeim börnum, sem á vegum þess eru.

22. gr.

Nú fer barn í leyfisleysi af heimili foreldris eða húsbónda, og getur þá heimilisráðandi sótt barnið með valdi og, þurfi á að halda, krafist fulltingis lögreglustjórnar til að ná barninu á sitt vald.

Nú heldur maður barni fyrir foreldri, og getur foreldrið þá höfðað mál gegn þeim manni til að hann láti barnið laust, eða eftir atvikum krafist fulltingis fógeta til að ná barninu.

23. gr.

Nú verður barnið brotlegt gegn almannavaldi eða einstaklingi, og fer þá um ábyrgð foreldris á broti barnsins, hvort heldur til refsingar eða skaðabóta, eftir almennum reglum.

24. gr.

Nú er heilsu eða högum barns þannig varið, að ástæða er til að ætla, að það verði eigi sjálfbjarga eða að það kunni eigi með fje að fara, og geta foreldrin þá, hvort heldur bæði saman eða hvort í sínu lagi, ákveðið það í erfðaskrá, að geyma skuli arf barnsins eftir foreldri þess, bæði eða annað, svo sem fje ófjárráðra.

Nú kemur slík erfðaskrá fram eftir látið foreldri, og skal þá valdsmaður þegar í stað hlutast til um, að lögráðamaður taki við erfðafjenu fyrir hönd eiganda, enda fer upp þaðan um meðferð fjárins sem um fje ófjárráðra.

25. gr.

Nú verður sú breyting á högum eiganda erfðafjárins, að fela þykir mega honum meðferð þess, og getur stjórnarráðið þá úrskurðað, að sleppa skuli fjenu við hann.

IV. kap.

Ýmisleg ákvæði.

26. gr.

Fallkomin sjereign er með foreldri og barni, enda varða fjárskyldur annars eigi hitt um fram það, sem getur í 13. og 19. gr.

27. gr.

Um nafn barns, ríkisfesti, þingfesti, sveitfesti og sóknfesti fer að lögum.

28. gr.

Lög þessi raska í engu skyldu foreldra gagnvart fátækrastrjórn til að framfæra og uppala börn sín.

29. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin D. og N. L. 5. 2. 32, og orðin: »skilgetin eða óskilgetin« í 1. mlsgr. 4. gr. fátækralaganna, nr. 44, 1905, og orðið: »skilgetin« í 2. mlsgr. sömu lagagreinar, svo og öll önnur ákvæði, er koma í bága við lögin.

30. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 19....

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er samhljóða frv. því, er af landsstjórnarinnar hálfu var lagt fyrir síðasta Alþingi. Um ástæður og greinargerð er vísað til Alþt. 1919, A. bls. 336—346.

6. Frumvarp

til laga um skipulag kaptúna og sjávarþorpa.

(Lagt fyrir Alþingi 1920).

I. Um mælingar bæja.

1. gr.

Í öllum íslenskum kaптúnum og sjávarþorpum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, skal mæla vandlega höfnina, alt svæðið, sem kaптúnið er bygt á,

og eigi minna land umhverfis en ætla má að fullnægi vexli kaupsins í næstu 50 árin. Eftir mælingum þessum skal síðan gera uppdrátt af höfninni, bænum og nágrenni hans. Undanþegnir eru þó þeir bæir, sem áður hafa látið mæla land sitt og gera uppdrætti af því, sem fullnægi ákvæðum laga þessara og reglugerðar þeirrar, sem ræðir um í 5. gr. Þá má og undanfella að mæla höfnina, ef sæmilegir uppdrættir eru til af henni, eða hvorki eru líkindi til þess, að hún verði endurbætt, henni lokað eða hafskipabryggja gerð, nje útvegur geti eflist í bænum á næstu áratugum.

2. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd í hverjum bæ annast mælingarnar og lætur gera uppdrættina, en verkið skal unnið af mælingarfróðum mönnum, sem stjórnarráðið samþykkir og telur hæfa til þess. Það getur krafist þess, að verkfræðingur leysi verkið af hendi, sjerstaklega ef bærinn er fjölmennur eða mælingin vandasöm.

3. gr.

Allan kostnað við mælingar og uppdrætti skal greiða úr bæjar- eða hreppssjóði.

4. gr.

Stjórnarráðið ákveður með hálfis árs fyrirvara, hve nær byrjað skuli á mælingum og um leið hve nær uppdráttum skuli lokið í hverjum bæ. Allir uppdrættirnir skulu fullgerðir í síðasta lagi 31. desember 1926.

5. gr.

Stjórnarráðið semur reglugerð um mælingarnar og hversu uppdrættir skulu gerðir, en fullnægja skulu þeir eftirfarandi skilyrðum:

- a. Mælikvarði sje eigi minni en 1:1000. Rjettar áttir (hánorður) sjeu sýndar.
- b. Á uppdrættina skulu markaðar allar byggingar og helstu mannvirki, sem bygð eru þegar uppdráttur er gerður, allar útmældar lóðir, bryggjur, götur og vegir, vatnsból, vatnsveita og frárenslisþípur neðanjarðar, svo og opin ræsi.
- c. Mishæðir á landi skulu sýndar með hæðarlínum frá ákveðnu sjávarmáli, og ákveður stjórnarráðið, hve þjettar þær skulu vera í hverjum bæ.
- d. Jarðveg skal merkja með litum eða glöggum merkjum, svo að sjá megi, hvað ræktað er og hvernig (tún, garðar), og hversu óræktaða landið er (klappir, sandur, móar, mýrar). Þá skal annaðhvort sýnt á uppdráttum eða í lýsingum, er þeim fylgja, hverjum hlutum svæðisins kann að vera hætta búin af ágangi vatns, sjávar, snjóflóða og því um líkt.
- e. Uppdráttunum skulu fylgja skriflegar skrár eða lýsingar, svo sem mælt verður fyrir í reglugerð (skrá yfir götur, lóðir og þvilíkt), sem gefi glöggar upplýsingar um öll mikilvæg atriði, er snerta ástand og skipulag bæjarins, að svo miklu leyti sem uppdrættir bera það ekki með sjer.

6. gr.

Eftirrit af uppdráttunum og lýsingum, sem þeim fylgja, skal senda stjórnarráðinu í síðasta lagi fyrir 1. apríl 1927.

7. gr.

Vanræki bæjarstjórn eða hreppsnefnd að framkvæma mælingarnar á þeim tíma og á þann hátt, sem stjórnarráðið hefir mælt fyrir um hvern bæ, eða að ljúka uppdráttum og lýsingum í tæka tíð, er stjórnarráðinu heimilt að láta vinna verkið á kostnað hlutaðeigandi kaupsþuns.

II. Um skipulagsuppdrætti.

8. gr.

Skipulagsuppdrætti skal gera yfir öll íslensk kaupsþun og sjávarþorp, sem hafa 200 íbúa eða fleiri. Uppdrættir þessir skulu sýna skipulagsbreytingar á byggða svæðinu og fyrirhugað skipulag á eigi minna af óbyggða bæjarstæðinu en ætla má að nægi 50 ára vexti bæjarins, enn fremur fyrirhugað skipulag á höfn og aðalbryggju, nema undanfellt hafi verið að mæla höfnina samkv. heimild síðast í 1. gr.

9. gr.

Ríkisstjórnin annast alla framkvæmd á skipulagsuppdráttum. Hún lætur sjerfróða menn (húsameistara, verkfræðinga) gera uppdrættina í samráði við bæjarstjórn eða hreppsnefnd í hverjum bæ, helstu atvinnurekendur bæjarins og hjeraðslækni. Hún getur og boðið til samkeppni um skipulag fjölmennustu bæjanna, áður en farið er að vinna að fullkomnum skipulagsuppdrætti, einnig þeirra bæja, þar sem skipulagið sýnist tiltölulega vandasamt, eða líkindi eru til þess, að bærinn vaxi hraðfara.

10. gr.

Stjórnarráðið ákveður á ári hverju, hvar gera skuli skipulagsuppdrætti, en lokið skal þeim í öllum kaupsþunum í síðasta lagi 1. janúar 1932.

11. gr.

Allur kostnaður við skipulagsuppdrætti greiðist að hálfu úr ríkissjóði, að hálfu úr bæjar- eða hreppssjóði.

12. gr.

Stjórnarráðið semur reglugerð um alla gerð skipulagsuppdrátta, en fullnægja skulu þeir eftirfarandi atriðum:

- a. Markað sje fyrir allri hagnýtingu bæjarstæðisins, fiskireitum utan bæjar og öðru landi, sem nauðsynlegt kann að vera fyrir atvinnurekstur bæjarins.
- b. Á bæjarstæðinu skal glögglega sýnd skifting byggðar, hvar hús skuli byggð samstæð, hvar í sundurlausum röðum og hvar dreifð í smáhýsi. Þá ska

og sýnt, hvar byggja megí þrilyft hús eða hærri, ef ráð er fyrir þeim gert. Þá skal og eigi að eins markað fyrir götum, heldur og fremri og aftari húsalinum, torgum, leikvöllum og þviliku. Á sjerstökum uppdrætti eða uppdráttum skal sýna skipulag frárenslis og vatnsveitu, að svo miklu leyti sem gert er ráð fyrir slíkum mannvirkjum.

- c. Við gerð skipulagsins skal vandlega tekið tillit til atvinnu bæjarbúa, heilbrigðis- og þrifnaðarnaúðsynja, greiðrar umferðar, brunahættu og fegurðar bæjarins. Sjerstaklega skal þess gætt, að opinberum og öðrum helstu byggingum sje smekklega skipað, að götur sjeu ekki með lengdarbungum, hafi hæfilegan halla og lokist á smekklegan hátt. Fjarlægðir á milli húshliða í íbúðargötum skulu að jafnaði miðaðar við það, að hornið milli lárjettrar línu, neðst úr gluggum íbúðarherbergja á aðalsólarhlið húsa, og línu frá næsta húsmæni, sem ber við loft, sje eigi meira en 26°, nema skipulag bygða þorpsins eða halli á bæjarstæðinu geri það ókleift, en ætíð skal miðað við þá húshæð, sem skipulagsuppdráttur gerir ráð fyrir. Þá skal og leitast við, að breytingar á bygða svæðinu skerði ekki óþarflega hagsmuni lóðareigenda.
- d. Mælikvarði skipulagsuppdráttar skal eigi minni en 1 : 2000.
- e. Skipulagsuppdrætti skal fylgja skrifleg lýsing, sem skýri frá öllum helstu atriðum, sem varða skipulagið, og eigi eru auðsæ af uppdráttum, eftir því sem reglugerð um uppdrættina ákveður.

Þar sem um smáþorp er að ræða, og lítil líkindi þykja til, að þau taki fljótum framförum, skal þó stjórnarráðinu heimilt að ákveða, að uppdrættirnir sjeu nokkru einfaldari en hjer er gert ráð fyrir.

13. gr.

Þegar skipulagsuppdrætti er lokið, skal það opinberlega auglýst, og uppdrátturinn ásamt lýsingu hafður almenningi í bænum til sýnis, eigi skemur en 4 vikur. Eigendur þeirra húsa eða lóða, sem uppdrátturinn breytir tilfinnanlega, skal auk þess send skrifleg tilkynning um það samtímis. Skulu þeir hafa sent athugasemdir sínar eða mótmæli til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar áður en sýningarfrestur er á enda. Þegar honum er lokið og leitað hefir verið álits bygginga- og veganefnda, þar sem slíkar nefndir eru skipaðar, ræðir bæjarstjórn eða hreppsnefnd málið og afgreiðir það með tillögum sínum og athugasemdum til stjórnarráðsins.

14. gr.

Eftir að skipulagsuppdráttur hefir verið lagður fram til sýnis fyrir almenning, má engin mannvirki gera, sem komi í bága við hann, nema stjórnarráðið hafi auglýst breytingar á honum.

15. gr.

Áður en skipulagsuppdrættir berast stjórnarráðinu skal það hafa skipað 5 manna skipulagsnefnd í Reykjavík, sem sje stjórninni til aðstoðar, er dæma skal um skipulagsuppdrætti. Í nefndinni skal eiga sæti einn fulllærður húsameistari, sem átt hefir kost á að kynna sjer sjerstaklega skipulag erlendra

bæja, einn verkfræðingur, einn kaupmaður eða útvegsmaður og kennarinn í heilbrigðisfræði við háskólann.

Nefndiu er skipuð til 5 ára, en heimilt er að skipa sömu menn á ný í nefndina.

Stjórnin ákveður hæfilega þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra. Þóknun til nefndarmanna og annar kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

16. gr.

Jafnóðum og skipulagsuppdrættir berast stjórnarráðinu sendir það þá, ásamt fylgiskjöllum, skipulagsnefnd þeirri, sem ræðir um í 14. gr. Skal hún athuga vandlega öll atriði skipulagsins og sjerstaklega allar þær breytingartilögur og athugasemdir, sem bæjarstjórnir eða hreppsnefndir kunna að senda með uppdráttunum, og síðan gera rökstuddar tillögur um, á hvern hátt hún álitur skipulagi hvers bæjar ráðið best til lykta. Tillögunum skulu fylgja uppdrættir, þar sem þess kann að vera þörf.

17. gr.

Hafi skipulagsnefnd gert breytingar á skipulagsuppdrætti einhvers bæjar, skal stjórnarráðið senda þær bæði þeim, sem skipulagsuppdráttinn gerðu, og hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd til umsagnar. Þá er leitað hefir verið endanlegra tillagna skipulagsnefndar, staðfestir stjórnarráðið skipulagsuppdráttinn, ef það sjer sjer það fært, óbreyttan eða með þeim breytingum, sem það álitur að til bóta sjeu, og fær hann þá gildi sem lögmæt samþykkt fyrir bæinn, þegar er hann hefir verið opinberlega auglýstur.

18. gr.

Heimilt er stjórnarráðinu að láta gera skipulagsuppdrætti samkvæmt 8.—16. gr. af kaupsúnum eða sjávarþorpum með færri íbúum en 200, eftir ósk hreppsnefndar eða ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi og skipulagsnefnd er því meðmælt.

Eftirrit af uppdráttum yfir kaupsún, svo og skipulagsuppdráttum, ásamt lýsingum er þeim fylgja, skal geyma í Þjóðskjalasafninu.

III. Um breytingar á skipulagi bæja og eftirlit með því.

19. gr.

Ef eldur eyðir mörgum húsum samtímis í kaupsúni eða sjávarþorpi, skal bæjarstjórn (eða hreppsnefnd) tafarlaust athuga, hvort ekki sje ástæða til þess að gera skipulagsbreytingar á brunasvæðinu, og tilkynna stjórnarráðinu álit sitt og óskir um það.

Hvort heldur sem bæjarstjórn æskir skipulagsbreytingar eða ekki skal leita umsagnar skipulagsnefndar um málið.

Síðan úrskurðar stjórnarráðið, hvort breyta skuli skipulaginu eða ekki.

20. gr.

Nú vill bæjarstjórn færa út bæjarstæðið, eða að einhverju leyti breyta því skipulagi, sem ákveðið er með skipulagsuppdrátti, og skal hún þá senda stjórnarráðinu beiðni um það, ásamt uppdráttum og upplýsingum, sem sýni ljóslega, hverrar breytingar er óskað og hver nauðsyn beri til hennar. Stjórnarráðið úrskurðar, hvort breyta skuli skipulaginu eða auka það, eftir að það hefir fengið umsögn skipulagsnefndar um málið.

21. gr.

Nú hefir stjórnarráðið úrskurðað, að breyta skuli skipulagi bæjar eða auka það, og skal þá, er um mikilvægar skipulagsbreytingar er að ræða, haga framkvæmdum svo, sem mælt er fyrir í 9. og 11.—16. gr. Smávægilegar breytingar staðfestir stjórnarráðið, ef meiri hluti skipulagsnefndar fellst á tillögur bæjarstjórnar. Allar skipulagsbreytingar skulu auglýstar opinberlega, nema þær sjeu svo litilfjörlegar, að þær snerti að eins hagsmunum fárra manna. Ef svo er, nægir að bæjarstjórn tilkynni þær brjeflega þeim, sem hlut eiga að máli.

22. gr.

Skyld skal öllum bæjarstjórnnum að geyma vandlega öll skjöl og uppdrátti, sem lúta að skipulagi bæjarins, og auka þá eða breyta þeim jafnóðum og bygðin eykst eða breytist, svo að ætíð megi glögglega sjá, hversu bærinn er bygður og öll veruleg mannvirki, sem gerð hafa verið.

23. gr.

Stjórnarráðið felur húsameistara eða öðrum manni, sem það telur hafa nægilega sjerþekkingu á skipulagi bæja, að hafa eftirlit með byggingu hvers kaups, sem skipulagsuppdráttur er samþykktur fyrir, eigi sjaldnar en á 5 ára fresti. Hann skal rannsaka vandlega, hvort skipulagsákvæðum er fyllilega hlýtt og hvort uppdráttir eru varðveittir, auknir og lagfærðir, svo sem vera ber. Í þeim bæjum, þar sem ekki er völd á hæfum manni til þess starfs, skal það framkvæmt af eftirlitsmanni stjórnarinnar, á kostnað hlutaðeigandi bæjar- eða hreppssjóðs. Á ferðum sínum skal eftirlitsmaður eftir fongum leiðbeina byggingarnefndum og bæjarstjórnnum um allt, er að skipulagi lýtur. Að lokinni eftirlitsferð gefur hann stjórnarráðinu skýrslu um öll þau atriði, sem áfátt kann að vera í hverjum bæ.

Kostnað við eftirlitið skal greiða úr ríkissjóði.

24. gr.

Nú kemur það í ljós við eftirlit eða á annan hátt, að skipulagsákvæði eru brotin, og skal þá stjórnarráðið gera tafarlausa gangskör að því, að mannvirki þau, sem tvímælalaust fara í bága við skipulagið (svo sem byggt fyrir götu eða á svæði, sem ákveðið var að skyldi vera óbyggt), sje rífið niður, nema um bráðabirgðamannvirki sje að ræða, t. d. byggingu eftir bæjarbruna, sem stjórnarráðið hefir fallist á.

Kostnað þann, sem af slíkum breytingum leiðir, og skaðabætur, skal greiða úr bæjar- eða hreppssjóði.

IV. Um eignarnám og skaðabætur.

25. gr.

Heimilt skal að taka lóðir og hús eignarnámi, ef þess gerist nauðsyn vegna skipulagsins. Um framkvæmd eignarnámsins fer sem mælt er fyrir í lögum nr. 61, frá 14. apríl 1917, um framkvæmd eignarnáms.

26. gr.

Engar skaðabætur skal greiða fyrir þá rýringu á verðmæti óbygðs lands, sem stafa kann af skipulagi því, sem gert er samkvæmt lögum þessum.

27. gr.

Hús og lóðir, sem að meira eða minna leyti ónýtast við skipulagsgerð, skal meta þannig, að jafnt tillit sje tekið til þess hagnaðar og óhagnaðar, sem stafa kann af skipulaginu, og koma þá skaðabætur því að eins til greina, að eign hafi í heild sinni rýrnað í verðmæti.

28. gr.

Hafi hús eða lóð rýrst svo mjög við skipulagið, að eigi megi nýta til byggingar, getur eigandi krafist, að öll fasteignin sje keypt eftir mati. Þá getur og bærinn krafist þess, að honum sjeu seldar, eftir mati, afklippur af lóðum, sem eru minni en svo, að nota megi til byggingar.

29. gr.

Nú hefir skipulag breytt svo lóðum eða viðhorfi þeirra á byggingareitum, að þær verði óhentugar til afnota, þá skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd leitast við að fá samkomulag milli eigendanna um hentugri lóðaskiftingu á reitum. Ef samkomulag næst ekki, getur bæjarstjórn eða hreppsnefnd krafist þess, að ný lóðaskifting sje gerð, svo framarlega sem $\frac{2}{3}$ eigenda eru því samþykkir og skipulagsnefnd styður málið.

30. gr.

Allar skaðabætur, svo og þóknun til matsmanna, skulu greiðast úr bæjar- eða hreppssjóði, nema um yfirmat sje að ræða. Þó verður eigi krafist, að skaðabætur sjeu greiddar fyr en sú skipulagsbreyting kemur til framkvæmda, sem skaðabæturnar eru goldnar fyrir.

31. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. október 1920, og jafnframt er málsgrein A. og B. í 6. gr. laga nr. 19, 20. október 1905, um byggingarsamþykktir, úr lögum numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á Alþingi 1917 var borið fram í neðri deild af hálfu þingmanna frumvarp til laga um skipulag kaptúna og sjávarþorpa. Frumvarpi þessu var vísað til landsstjórnarinnar og henni falið að undirbúa málið í samráði við prófessor Guðmund Hannesson og aðra sjerfræðinga á þessu sviði. Síðan hafa þeir prófessor Guðmundur Hannesson, húsameistari Guðjón Samúelsson og vegamálastjóri Geir G. Zoëga fjallað um málið, og er frumvarpið, eins og það nú liggur fyrir, í samræmi við tillögur þeirra.

Að því er snertir tilgang og efni frumvarpsins, skulu hjer teknar upp ástæður fyrir hinu upprunalega frumvarpi, með nokkrum breytingum og viðbótum.

Tilgangur frumvarps þessa er að tryggja betur en nú er nauðsynlegar endurbætur á skipulagi kaptúna og sjávarþorpa.

Mörg lagaákvæði hafa verið gerð í þessu augnamiði, en aðallega koma nú til greina lögín um byggingarsamþyktir, frá 20. okt. 1905. Í 6. gr. þeirra er það falið byggingarnefndum bæja að láta gera skipulagsuppdraetti af bæjunum »svo fljótt sem verða má«, og yfirleitt er ætlast til þess, að bæjarstjórnir sjái algerlega um skipulag bæjanna.

Þótt lög þessi sjeu betri en ekki neitt, sjerstaklega hafi komið því til leiðar, að nokkrir bæir hafa gert byggingarsamþyktir, þá eru þau að miklu leyti byggð á röngum grundvelli. Þau leggja bæjarstjórnnum starf á herðar, sem þær eru alls ekki vaxnar, því að það mun sanni næst, að fæstir bæjarstjórnarmenn vita öllu meira um skipulag bæja en t. d. úrsmíði eða læknisfræði. Hefir þetta leitt til þess, að þær hafa algerlega leitt það hjá sjer að láta gera skipulagsuppdraetti af bæjunum, þótt örfáar undantekningar sjeu (Akureyri og að nokkru leyti Ísa-fjörður), og lögín hafa að þessu leyti eigi náð tilgangi sínum. Lakast er þó, að engin minsta von var um það, að skipulag bæjanna kæmist í viðunandi horf, þótt lögnum hefði verið stranglega framfylgt, því að það er áreiðanlega ofvaxið hverjum manni, sem ekki hefir staðgóða sjerþekkingu á málinu, að ráða stórlýtalítið fram úr skipulagi bæjar. Reynslan í Reykjavík er órækur vollur þess, og er þar þó um fleiri menn að velja en víðast annarsstaðar. Þrátt fyrir lög þessi er skipulag bæjanna enn á ringulreið. Byggingarnefndir bæta götum við og marka húsastæði, eftir því sem augnablikspörf kallar að, án þess að í fullu, rækilega hugsuðu sambandi sje við heildina. Verður þá oft erfitt að komast hjá því í smábæjum, að hending ein, eða hagar einstakra manna, ráði miklu um skipulagið.

Í fyrsta kafla frv., um mælingar bæja, er í raun og veru hvorki um nýmæli að ræða nje ný útgjöld. Mælingarnar eru algerlega óumflýjanlegar hvort sem er, því enginn bær getur án þeirra verið, enda víðast búið að mæla land bæjanna og gera uppdraett af því, hvort sem þeir eru nægilega vel úr garði gerðir eða ekki. Það má því telja sjálfsagt, að bæirnir kosti mælingarnar sjálfir, svo sem verið hefir. Ef þess er gætt, að innan skamms verður mælingum lokið í Reykjavík og Hafnarfirði, en ljett verk að mæla land litilla kaptúna, þá má gera ráð fyrir því, að 6 ár sjeu nægilegur tími til þess að ljúka mælingum og landsuppdraettum í öllum kaptúnum landsins. Er þá fengin fyrsta undirstaðan undir gerð skipulags.

Þá er annar kaflinn, um skipulagsuppdraetti. Hann lýtur að því að gera tvær mikilvægar breytingar á núverandi fyrirkomulagi: að fela landsstjórninni

framkvæmdir málsins, og að skipulag bæjanna sje gert af manni, sem vit hefir og sjerþekkingu í þessum efnun.

Margt mælir með því, að *landsstjórnin annist alla framkvæmd málsins*. Reynslan hefir sýnt, að bæjarstjórnirnar vaurækja það, en framkvæmdir verða miklu tryggari í höndum stjórnarinnar. Þá er hún og miklu óháðari gagnvart öllu flokkatogi og einstaklingahag í bæjunum en bæjarstjórnir þeirra, stendur á ýmsan hátt betur að vígi og myndi fá betra samræmi á flest í bæjunum en hver bæjarstjórn fyrir sig.

Hvað hitt atriðið snertir, að sá maður skuli gera skipulagið, sem vænta má að hafi vit á því, þá virðist það svo sjálfsagt, að eigi þurfi að færa ástæður fyrir því. Því fer þó fjarri, að almenningi sje þetta ljóst. Flestir hafa mjög óljósa hugmynd um það, að skipulagsgerð bæja er mjög vandasamt verk, sem engir geta leyst vel af hendi nema sjerfróðir menn, og stórtjón hlýst ætíð af því fyr eða síðar, ef skipulag tekst illa. Eru það ótölulegar miljónir, sem erlendir bæir hafa skaðast á slíku forsjáleysi.

Frv. gerir ráð fyrir því, að landsstjórnin noti aðallega íslenskan eða erlendan húsameistara til þess að gera skipulagsuppdrættina, og hafi hann fengið tækifæri til þess að kynna sjer erlenda fyrirmyndarbæi, áður en hann tekst verkið á hendur. Að sjálfsögðu dvelur hann þá nokkurn tíma í hverjum bæ og vinnur að skipulagsuppdráttunum í samvinnu við bæjarstjórnir og helstu atvinnurekendur bæjanna. Er það því samilega trygt, að vandlega verði tekið tillit til álits og óska bæjarbúa, að svo miklu leyti sem þær eru á góðum rökum byggðar. Til þess að fá deilu- og álitamál útkljáð, er lagt til, að kosin sje nefnd í Reykjavík, sem vænta mætti að skipuð yrði mönnum, sem hafa samilega þekkingu á skipulagsmálum bæja. Er tæplega um annað úrræði að gera í landi, sem hefir svo fáum sjerfróðum mönnum á að skipa að svo stöddu.

Þetta fyrirkomulag hefir meðal annars þann mikla kost, að allir sem mestu ráða um skipulagið, sá sem uppdrátt gerir, skipulagsnefnd og landsstjórn, eru óháðir deilumálum bæjanna og einstaklingshagsmunum. Ættu þeir því að geta litið óhlutdrægt á hvert mál og farið eftir því, sem almenningsheill krefst.

Ráð er gert fyrir því, að ljúka megi öllum skipulagsuppdráttum á 12 ára fresti.

Vegna þess að gerð skipulagsuppdrátta leggur ný gjöld á bæina, þótt þau eflaust margborgi sig, þá virðist sanngjarnt, að landssjóður greiði helming kostnaðar.

Að lokum má geta þess, að þótt erlendis sje sú venjan, að láta bæjarstjórnir ráða fram úr skipulagsmálum bæja, líkt og verið hefir hjá oss, þá fer því fjarri, að það hafi gefist alls kostar vel, en auk þess er þar mjög öðru máli að gegna, því að víðast er vól á mörgum samilega mentuðum sjerfróðum mönnum til þess að framkvæma verkið.

Þriðji kaflinn, um *breytingar á skipulagi bæja og eftirlit með því*, lýtur að því að tryggja, að bæði nauðsynlegar breytingar á skipulagi og viðaukar við það sjeu með fullri forsjá gerðar, líkt og upprunalegi skipulagsuppdrátturinn. Þá er og leitast við að tryggja það, að bæjarstjórnnum haldist ekki uppi að brjóta skipulagsákvæði, vikja frá skipulagsuppdrætti af handahófi. Er tæplega mögulegt að tryggja þetta á annan hátt en að láta hæfan mann hafa eftirlit með framkvæmdum og byggingum bæjanna, t. d. með 5 ára millibili. Ráð hefir verið fyrir því gert, að verkfræðingar þeir, sem landið hefir í þjónustu sinni, hefðu jafnað-

arlega eftirlit þetta á hendi, eða húsameistari landsins, sem gera má ráð fyrir að sje á föstum launum. Ætti eftirlitið að verða kostnaðarlítið á þennan hátt.

Eins og sjá má af ofanrituðu, er ætlast til, að skipulag allra bæja á landinu sje komið í fast, tryggilegt horf að 12 árum liðnum. Ef valið tækist vel á manni þeim eða mönnum, sem fengnir verða til þess að gera skipulagsuppdrætti, yrði þetta stórvægilegt menningarspor og stórgróði fyrir þjóðina, en tæpast gæti það tekist svo illa, að eigi yrði um mikilvæga framför að ræða frá því, sem nú er. Hitt er aftur viðbúið, að margar bæjarstjórnir láti sjer fátt um það finnst, að yfirráð þeirra yfir skipulagsmálum sje á nokkurn hátt skert. Bæði þykir flestum sinn fugl fagur, og fæstum er það ljóst hjer á landi, að skipulag bæja sje annað eins vandamál og það er.

Fjórdi kaflinn, um eignarnám og skadabætur, stóð eigi í frv. því, sem flutt var á Alþingi 1917. Hafði þar eigi verið tekið tillit til þess, að breyta þurfti staflíð B. í 6. gr. laga um byggingarsamþykktir, frá 20. okt. 1905, nema hann úr gildi og setja annað í hans stað. Þessi kafli lýtur að því. Í hann eru tekin ýms atriði (27.—30. gr.), sem reynst hafa nauðsynleg erlendis og fæst þurfa frekari skýringar.

Um einstakar greinar frv. skal þessa getið:

4., 5., 6., og 8. gr. hefir verið orðuð eftir tillögum Geirs G. Zoëga vegamálastjóra og Guðjóns Samúelssonar húsameistara.

12. gr. Grein þessi er að innihaldi lítið breytt frá því, sem hún var í hinu upprunalega frv. Það hefir þótt varhugavert að sleppa svo miklu úr henni sem G. Z. og G. S. hafa lagt til, því bæði er hjer að ræða um allþýðingarmikil atriði, og auk þess rjettara, að öll meginatriði standi í sjálfum lögunum en ekki í reglugerð eingöngu. Þess má geta, að í frv. því, sem »Foreningen for bedre Byggeskik« hefir látið semja um skipulag bæja í Danmörku, eru atriðin í b.-liðnum talin enn nákvæmar en hjer er gert.

14. gr. Það hefir þótt nauðsynlegt að tryggja sjer það, að lóðaeigendur, sem telja sig verða fyrir halla við skipulagsgerðina, grípi ekki tímann frá því uppdráttur er sýndur opinberlega og til þess hann er staðfestur, til þess að byggja eða framkvæma einhver mannvirki, sem færu í bága við skipulagið og ekki myndu verða leyfð síðar.

15., 17., 18., 21., 23. og 24. gr. eru orðaðar samkvæmt tillögu G. Z. og G. S.

26. gr. Við skipulagsgerð verður sjaldnast hjá því komist, að sumar lóðir vaxi stórum í verðmæti og aðrar rýrni, þó yfirleitt megí búast við því, að bæjarlóðin í heild sinni verði verðmætari, er betur er á henni haldið. Slíkar verðmælisbreytingar er oftast afarerfitt að meta, nálega ókleift að fá endurgjald hjá þeim, sem fyrir hagnaði verða, og án þess er tæpast að tala um að endurgjalda þeim, sem kynnu að verða fyrir halla. Erlendis hefir það eigi þótt fært, og hjer er engum leyft að byggja á annan hátt en byggingarnefnd gefur leyfi til, án þess að skadabóta verði krafist fyrir þá rýringu á verðmæti, sem stafa kann af synjuninni. Hins vegar kemur að sjálfsögðu fult gjald fyrir allar þær lóðir, sem að einhverju leyti eru skertar, svo sem fyrir er mælt í 27. og 28. gr.

29. gr. Ef nauðsyn gerist að breyta stefnu gatna, eða gera nýjar skágötur, getur farið svo, að lóðum verði mjög óhentuglega skipað á byggingareitum og alt viðhorf þeirra breytist. Á þessu má oft ráða fulla bót með nýrri lóðaskift-

ingu og komast þannig hjá öllum skaðabótum. Erlendis eru því sett lík ákvæði um þetta og hjer er gert.

Að lokum má geta þess, að svo má segja, að nú sjeu síðustu forvöð til þess að koma máli þessu í gott horf án stórtjóns fyrir bæina. Enn eru flest hús úr timbri, holræsi óviða í götum og götur óvandlega gerðar. Meðan svo stendur má margt laga kostnaðarlítið, en nú er húsa- og gatnagerð að breytast, og úr því fjöldi steinhúsa er bygður og vandaðar götur gerðar, er bæði afarerfitt og dýrt að breyta skipulagi.

Fylgiskjal.

Kaflí úr brjefi vegamálastjóra Geirs G. Zoëga og húsameistara Guðjóns Samúelssonar til stjórnarráðsins, dags. 14. júní 1919.

— — — — — Við erum báðir sammála um, að hjer sje um mikið nauðsynjamál að ræða og að frumvarpið, eins og það lá fyrir, stefni rjetta leið að marki því, sem sett er um hollara og hagsýnna skipulag kauptúna hjer. Má geta þess, að í mörgum kauptúnum Norðurálfunnar hafa á síðustu árum verið sett lög sama efnis sem frumvarp þetta, t. d. í Englandi, Frakklandi, Hollandi, Svíþjóð, Þýskalandi og víðar. Í Danmörku er málið ekki komið lengra á leið en hjer, liggur fyrir í lagafrumvarpi frá alþjóðarfelagi þar (Landsforeningen for bedre Byggeskik), sem hefir beitt sjer fyrir því. Frumvarp þetta höfum við átt kost á að kynna okkur, og hefir það, þó frábrugðið sje í ýmsum atriðum, sannfært okkur enn betur um, að frumvarp það, sem hjer liggur fyrir til athugunar, sje einnig að forminu til hið ákjósanlegasta í öllum aðalatriðum, enda eru breytingar þær, er við höfum á því gert, engar mikilvægar. Í athugasemdum þeim, er fylgja frumvarpinu, eru svo glögg og ítarleg rök færð fyrir nytsemi þessa máls, að þar þarf ekki við að bæta, enda er málið undirbúið af þeim manni, próf. Guðm. Hannessyni, sem mest hefir beitt sjer fyrir umbótum á húsagerð hjer á landi. Við viljum taka það fram, að við teljum óefað þá leið rjetta, sem hjer er farin, að landsstjórnin sjái um, að skipulagsuppdráttir verði gerðir, en ekki einstakar bæjarstjórnir hver í sínu kauptúni. Álitum, að einmitt á þennan hátt fáist best trygging fyrir því, að verkið verði svo vel af hendi leyst, sem kostur er á. Með ákvæðum frumvarpsins er þess og einnig gætt, að vandlega sje tekið tillit til álits bæjarbúa.

Lög þessi hafa að sjálfsögðu nokkurn kostnað í för með sjer, en þar sem gera verður ráð fyrir, að landsstjórnin verði hvort eð er að skipa fastan húsameistara, er sje ráðunautur hennar í öllum málum, er snerta opinberar byggingar eða embættisbústaði í Reykjavík og úti um land, má gera ráð fyrir, að sama manni megi og fela að mestu leyti að sjá um, að gerðir verði skipulagsuppdráttir, og framkvæmd annara þeirra ákvæða í lögum þessum, sem landsstjórnin annast. Verður þannig aukakostnaður að þessu leyti ekki tilfínnanlegur. Sjerstakur kostnaður verður þó að sjálfsögðu við skipulagsuppdrátti þá, sem boðið verður til samkepní um, en að okkar áliti verður í því efni varla um aðra bæi að ræða en Reykjavík. Nokkur kostnaður mun verða af skipulagsnefndinni, mætti ætla jafnvel 2000 kr. fyrstu árin fram til 1930, er skipulagsuppdráttum á að vera lok-

ið, nema af þeim kauptúnum, sem við kunna að bætast með 200 íbúa þangað til. Að þeim tíma liðnum mun nefndarkostnaður verða hverfandi. Sjálf mæling verslunarstaðanna og uppdrættir af þeim, sem gert er ráð fyrir í fyrsta kafla laganna, er svo sjálfsagt mál, að gegn þeim mun engum andmælum verða breyft og verður að framkvæma, hvort sem frumvarp þetta verður að lögum eða ekki.

— — — — —

7. Frumvarp

til laga um einkaleyfi.

(Lagt fyrir Alþingi 1920).

1. gr.

Einkaleyfi er rjett að veita fyrir nýjum uppgötvunum, er hagnýttar verða í iðnaði, eða er framleiðslu þeirra má reka sem iðn.

Enginn má þó öðlast einkaleyfi fyrir

1. uppgötvunum, er eigi verða taldað að hafa neitt verulegt gildi;
2. uppgötvunum, er notkun þeirra kemur í bága við lög, siðgæði eða allsherjarreglu;
3. nýfundnum læknislyfjum, neysluefnum eða nautnar.

Einkaleyfi má þó veita fyrir sjerstakri aðferð við tilreiðslu slíkra hluta.

Uppgötvun telst ekki ný, ef hún hefir, áður en einkaleyfis var beiðst, verið leidd þannig í ljós í riti eða endursmið, sem almenningi er heimilt að kynna sjer, eða verið höfð svo opinberlega um hönd í ríki þessu, sýnd á sýningu (sbr. þó 23. gr.) eða höfð til sýnis þeim, er sjá vildu, að þeir, er vit hafa á, geta framleitt hana eftir því.

Til rita, er almenningi er heimilt að kynna sjer, teljast ekki í skilningi laga þessara lýsingar á uppgötvunum, er lagðar eru fram til sýnis almenningi í ríki þessu, samkvæmt 13. gr. laganna, eða í erlendu ríki samkvæmt samskonar lagaákvæði.

Að áskildu gagnkvæmi getur konungur ákveðið, að uppgötvanalýsingar, er gefnar eru út embættislega í erlendu ríki, skuli ekki fyr en að tilteknum tíma liðnum teljast til rita, er almenningi er heimilt að kynna sjer, í skilningi laga þessara.

2. gr.

Rjett er veita einkaleyfi fyrir breytingum á uppgötvunum, sem áður er fengið einkaleyfi fyrir, ef svo mikið kveður að breytingum þessum, að þær megi í sjálfu sjer teljast uppgötvanir.

Slíkt einkaleyfi nefnist aukaleyfi, og skal í því berum orðum vísað til frumleyfisins, að því viðbættu, að aukaleyfið veiti ekki leyfishafa rjett til að hagnýta sjer aðaluppgötvunina.

3. gr.

Uppgötvari einn hefir rjett til að öðlast einkaleyfi, eða sá, er löglega hefir eignast rjett hans. Skuldheimtumenn mega eigi leita fullnægingar í rjetti til að öðlast einkaleyfi; en í rjetti þeim, er einkaleyfi veitir, má fullnægingar leita.

Nú beiðast fleiri en einn einkaleyfis fyrir einni og sömu, eða nálega sömu, uppgötvun, og gengur sá fyrir hinum til að öðlast leyfið, sem fyr eða fyrst hefir borið upp beiðni um það.

4. gr.

Einkaleyfi skal veita fyrir 5 ár, að telja frá dagsetningu leyfisbrjefsins. Endurnýja má leyfið og lengja tvisvar, í bæði skifti um 5 ára skeið frá lokum næsta tímabils á undan.

Nú er gerð breyting á uppgötvun, sem einkaleyfi er fengið fyrir, og getur leyfishafi þá öðlast viðbótarleyfi fyrir breytingunni, og rennur það út jafnsnemma og frumleyfið.

5. gr.

Án samþykkis einkaleyfishafa má enginn gera sjer atvinnu eða gróða af því:

1. að tilbúa, flytja að eða hafa til sölu hlut þann, er einkaleyfður er, eða tilreiddur með einkaleyfðri aðferð;
2. eða að nota hina einkaleyfðu aðferð.

Þó má án tillits til einkaleyfis:

1. nota hluti, er fylgja samgöngutækjum úr öðrum löndum, í sambandi við tækin sjálf, þá er þau eru um stundarsakir hjer á landi, og
2. nota til langframa hluti, er fylgt hafa hingað og heyrtil samgöngutækjum, sem keypt hafa verið í útlöndum fyrir íslenskt fje eða handa íslensku skipi, sem bilað hefir á sjó og gert hefir verið að í útlöndum.

6. gr.

Einkaleyfi verður ekki beitt gegn þeim, er farinn var að nota uppgötvunina hjer á landi áður en beiðni um einkaleyfi var borin upp, eða búið hafði sig undir það til hlitar.

Nú hefir maður notað uppgötvun eftir það, er einkaleyfisbeiðni var borin upp, og má þá koma fram ábyrgð á hendur honum fyrir ágang á einkaleyfisrjett (sbr. 20. gr.), svo framarlega sem honum, er hann tók að nota uppgötvunina, hefir verið kunnugt um, að einkaleyfisbeiðni hafði verið borin upp, eða hann haldið því áfram eftir að hann varð þess vísari. Nú hefir auglýsing verið birt (sbr. 13. gr.), og skal þá hafa fyrir satt, að alkunnugt sje, að beiðnin hafi verið borin upp.

7. gr.

Fyrir einkaleyfi hvert skal greiða 50 kr. gjald til ríkissjóðs. Fyrir endurnýjun einkaleyfis skal greiða 300 króna gjald, en 600 króna gjald, ef endurnýjað er í annað sinn.

8. gr.

Ákveða má með konungsúrskurði, að hið opinbera skuli, án samþykkis einkaleyfishafa, hafa rjett til að nota einkaleyfða uppgötvun mót endurgjaldi.

Nú lætur einkaleyfishafi liða svo 3 ár frá því er leyfið er útgefið, að hann kemur ekki uppgötvuninni í framkvæmd innan ríkisins, að svo miklu leyti sem ætlast verður til með sanngirni, annaðhvort sjálfur, eða aðrir hans vegna, og er honum þá skylt að veita öðrum leyfi til að nota uppgötvunina í iðn sinni, ef þess er beiðst, mót endurgjaldi.

Þá er liðin er þrjú ár frá því, er einkaleyfisbrjef var gefið út, er einkaleyfishafa sömuleiðis skylt að leyfa notkun einkaleyfisins þeim, er hefir yngra einkaleyfi fyrir uppgötvun, sem er mjög mikilsvarðandi fyrir iðnaðinn, en ekki er unt að hagnýta án þess að nota eldra leyfið, enda komi endurgjald fyrir. Þegar svo lagað leyfi er veitt, er eiganda eldra einkaleyfisins hins vegar heimilt að nota uppgötvun þá, er seinna varð einkaleyfð, gegn endurgjaldi.

Ráðherra atvinnumálanna sker úr því, hvort skilyrði eru til þess að öðlast leyfi til að nota einkaleyfi annars manns, samkvæmt lagagrein þessari. Sá, sem ber slíkt mál upp, greiði gjald, að upphæð 100 kr. Úrskurði ráðherrans má, innan þriggja mánaða frá því er hann var uppkveðinn, skjóta til dómstólanna, að því er snertir skilning þann á lögunum, sem úrskurðurinn er byggður á.

Grein þessi nær ekki til einkaleyfa, sem eru eign hins opinbera.

Að áskildu gagnkvæmi, getur konungur samið svo um við önnur ríki, að það skuli eigi hafa lögmæltar afleiðingar, þótt uppgötvun komist eigi í framkvæmd í ríki hjer.

9. gr.

Endurgjald það, er einkaleyfishafa ber samkvæmt 8. gr., skal ákveðið með mati óvilhallra manna, ef ekki næst samkomulag.

Nú er endurgjald ákveðið þannig, að greiða skuli tiltekna fjárhæð eitt skifti fyrir öll, og skal inna hana af hendi áður en farið er að nota uppgötvunina.

Sje afgjald ákveðið, skulu matsmennirnir, ef einkaleyfishafi fer þess á leit, einnig tiltaka gjalddaga á því og ákveða, hverja tryggingu setja skuli fyrir skilvislegri greiðslu þess.

Afgjald það, er ákveðið er með mati eða úrskurði atvinnumálaráðherrans, má innheimta með lögtaki.

10. gr.

Það á undir atvinnumálaráðherrann að gera út um einkaleyfisumsóknir.

Sá, sem vill beiðast einkaleyfis fyrir uppgötvun, á að senda ráðuneytinu:

1. beiðni um einkaleyfi, er stíluð sje til ráðuneytisins og tvírituð;
2. lýsing á uppgötvuninni, tvíritaða;
3. enn fremur uppdrátt, ef með þarf til þess að lýsingin skiljist, og eiga sömu-

leiðis að vera tvö eintök af honum; eftir atvikum ber einnig að senda fyrirmynd, sýnishorn o. fl.;

4. yfirlýsing um það, hvort beiðst hefir verið einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni.

Áður en leyfi sje veitt ber umsækjanda, auk þessa, að færa sönnur á, að skilyrðum þeim sje fullnægt, er sett eru í 1., 2. eða 4. gr. laga þessara. Ráðuneytið ákveður, hver skirteini sjeu nauðsynleg í því efni, og getur það tekið gilda úrskurði stjórnarvalda, er fara með einkaleyfismálefni í ríkjum, þar sem einkaleyfi eru veitt að undangenginni rannsókn.

11. gr.

Í beiðninni skal greina nafn beiðanda, stöðu og heimili, svo og tákna uppgötvunina, eins og ætlast er til að hún eigi að verða nefnd í leyfinu. Beiðandi skal og segja til, hver uppgötvvari er; ef það er annar en sjálfur hann, ber honum að leiða fullnægjandi rök að því, að hann sje löglega að rjetti hins kominn.

Lýsingin á að vera svo glögg og fullkomin, að þeir, sem þekkingu hafa til að bera, þurfi ekki frekari leiðbeiningar við til að framleiða og nota uppgötvunina. Þar á að vera ljós skilgreining á því, sem beiðandi telur vera uppgötvun og vill því fá verndað með einkaleyfi. Uppdrættir skulu vera greinilegir og haldgóðir og þannig, að allir heildarpartar, sem drepið er á í lýsingunni, komi fram í þeim, enda eiga þeir í lýsingu og uppdraetti að vera táknadir með sömu bókstöfum eða tölum.

Nú vill maður beiðast einkaleyfis fyrir fleiri uppgötvunum en einni, og er hver annari óháð, og skal hann þá bera upp sín beiðnina fyrir hverja uppgötvun.

12. gr.

Einkaleyfisbeiðni skal fylgja yfirlýsing beiðanda um, að hann játist undir íslensk lög í öllum málum, er varða hið íslenska einkaleyfi, og lofi að svara til sakar í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Nú er beiðandi ekki heimilisfastur hjer á landi, eða lætur af heimilisfangi hjer, enda hafi hann ekki sagt ráðuneytinu til einhvers, er hjer sje heimilisfastur og hafi umboð fyrir hann, eða umboð fellur úr gildi, og er þá rjett að senda tilkynningar allar, er snerta einkaleyfið, svo og stefnur til rjettarhalda hjer á landi, í ábyrgðarbrjefi, er sent sje atvinnumálaráðuneytinu til framskila og beri utanáskrift beiðanda eða umboðsmanns hans erlendis, samkvæmt því, sem sagt hefir verið til í beiðninni eða síðar tilkynt ráðuneytinu. Bæjarfógetinn í Reykjavík tiltekur stefnufrestinn, þá er stefnt er á þennan hátt.

13.

Ef beiðni um einkaleyfi er ekki með þeim frágangi, sem fyrirskipað er í 10.—12. gr., setur ráðuneytið beiðanda hæfilegan frest til að ráða bót á því, sem áfátt er.

Þegar beiðnin er í rjettu lagi, lætur ráðuneytið birta stutturða auglýsingu um, að hún sje komin því í hendur, og skal þar getið nafns beiðanda, stöðu hans og heimilis og uppgötvunin nefnd á nafn. Jafnframt skal beiðnin

með fylgigögnum lögð fram almenningi til sýnis á þeim stað, er ráðuneytið tiltekur. Beiðandi á heimtingu á, að auglýsingu og framlengingu sje frestað í 6 mánuði, frá því er beiðnin var afhent.

14. gr.

Í 12 vikur frá birtingu auglýsingar er sjerhverjum frjálst að gefa sig fram við ráðuneytið og hreyfa mótmælum gegn því, að einkaleyfi verði veitt, hvort sem nú mótmælin eru byggð á því, að til þess bresti almenn skilyrði, eða því er haldið fram, að leyfisveiting mundi koma í bág við einkarjett mótmælanda. Mótmæli skulu vera skrifleg og rökstudd, og á að gefa leyfisbeiðanda kost á að segja álit sitt um þau.

15. gr.

Nú synjar ráðuneytið beiðanda um einkaleyfið, en hann telur synjunina ekki vera á rökum byggða, og á hann þá heimting á, að málið verði tekið upp aftur og rannsakað á ný, ef hann fer þess á leit við ráðuneytið innan 12 vikna frá því, er hann fjekk frá því tilkynning um úrslitin, og gerir grein fyrir málaleitun sinni.

16. gr.

Nú hefir ráðuneytið úrskurðað, að veita megi einkaleyfi, og skal það tilkynt beiðanda og honum jafnframt tjáð, að honum beri að útleysa einkaleyfið innan 3 vikna frá því, er honum barst tilkynningin. Ráðuneytið auglýsir, að leyfið sje útleyst, þegar það er gert.

17. gr.

Ráðuneytið heldur skrá yfir öll einkaleyfi, sem út eru gefin, og skal þar geta um aðalefni hvers einkaleyfis og dagsetning, en frá henni telst gildi þess, svo og nafn, stöðu og heimili einkaleyfishafa og umboðsmanns hans, ef nokkur er.

Þegar einkaleyfistíminn er á enda, eða einkaleyfi fellur niður, eða er metið ógilt að öllu eða nokkru leyti, skal þess getið í einkaleyfaskránni.

Sömuleiðis skal geta þess í skránni, er ráðuneytinu berst tilkynning um skilríki fyrir, að einkaleyfi hafi verið framselt öðrum, eða höfð hafi verið umboðsmannaskifti. Meðan ekki er komin tilkynning um slíkt, má höfða mál út af einkaleyfinu á hendur hinum fyrri einkaleyfishafa eða umboðsmanni.

Hverjum manni er heimilt að kynna sjer bæði einkaleyfaskrána og umsóknir þær, lýsingar og annað, er snertir útgefin einkaleyfi.

18. gr.

Auglýsingar frá ráðuneytinu um einkaleyfi skulu birtar í blaði því, sem flytur opinberar auglýsingar.

19. gr.

Nú telur einhver, að einkaleyfi komi í bága við rjett sinn, eða við 1. gr. 3. lið í lögum þessum, og að því hefði ekki átt að veita það, eða veita það innan þrengri takmarka en gert hefir verið, og getur hann þá höfðað mál til

ógildingar einkaleyfinu á neimilisþingi, eða umsömdu varnarþingi, einkaleyfshafa eða umboðsmanns hans í ríki hjer, sbr. 12. gr.

Í hvert skifti sem dæmt er, að einkaleyfi sje niður fallið eða ógilt, ber dómstólnum að senda ráðuneytinu afrit af dómnum.

20. gr.

Hver sá, er gengur á rjettindi þau, er einkaleyfi veitir (5. gr.), er skyldur að bæta þeim, er fyrir ágangi verður, alt það tjón, er hann af því biður, samkvæmt almennum skaðabótareglum; munir þeir, er ólöglega hafa verið aðfluttir, tilbúnir eða boðnir til kaups, skulu látnir af hendi við hann, ef hann krefst þess, gegn því að hann greiði andvirði þeirra, eða að það sje látið koma upp í skaðabætur þær, er honum bera. Sá, sem af ásettu ráði gengur á einkaleyfisrjett, skal auk þess sæta sektum, alt að 2000 kr. fyrir fyrsta brot, og ef brotið er ítrekað, alt að 4000 kr. eða fangelsi. Sektirnar renna í ríkissjóð.

21. gr.

Mál, sem höfðuð eru í því skyni að koma fram hegningu eftir 20. gr., skulu rekin sem einkalögreglumál.

Nú er því haldið fram í málinu, að einkaleyfið sje niður fallið eða ógilt, og ber að leggja dóm á það atriði, svo framarlega sem sekt eða sýkna hins kærða er undir því komin.

Bæði hegning og skaðabætur falla niður, ef ágangur er ekki kærður innan árs frá því, er einkaleyfshafa varð kunnugt um hann, eða innan 3 ára frá því, er hann átti sjer stað.

22. gr.

Lög þessi ná eigi til einkaleyfa, er veitt hafa verið eftir reglum þeim, er gilt hafa hingað til.

Með einkaleyfisumsóknir, sem bornar hafa verið upp, en ekki afgreiddar, áður en lög þessi ganga í gildi, ber að fara eftir reglum þeim, er gilt hafa til þessa, og ber að veita einkaleyfi, ef til kemur, eftir sömu reglum.

23. gr.

Nú hefir uppgötvun verið sýnd á íslenskri sýningu, eða alþjóðasýningu hjer á landi, og á þá fundningarmaður heimting á að fá einkaleyfi fyrir henni, ef hann ber upp beiðni um það innan 6 mánaða frá því, er uppgötvunin var látin á sýninguna, og kemur þá eigi til greina, þó að uppgötvuninni hafi á því tímabili verið lýst, eða hún notuð, svo sem segir í 3. lið 1. greinar. Með konunglegri tilskipun má ákveða, að hið sama skuli gilda um uppgötvunir, sem sýndar eru á alþjóðasýningum í öðru ríki.

Enn fremur má ákveða með konunglegri tilskipun:

1. að hver sá, er sótt hefir um einkaleyfi fyrir uppgötvun í öðrum ríkjum, er tilgreind sjeu, einu eða fleirum, skuli eiga heimting á að öðlast einkaleyfi fyrir hinni sömu uppgötvun hjer á landi, ef hann beiðist þess innan 12 mánaða frá því er fyrsta beiðnin var borin upp, og það þótt uppgötvuninni hafi á nefndu tímabili verið lýst, eða hún notuð, svo sem segir í 3. lið 1. greinar; og

2. að beiðni, sem þannig hefir verið borin upp hjer á landi, skuli standa svo að vígi gagnvart öðrum beiðnum, sem hafi hún verið borin upp jafnsnemma og sú, er fyrst var borin upp í öðru ríki.

24. gr.

Ráðuneytið getur sett nánari reglur um afgreiðslu einkaleyfa, fyrirkomulag einkaleyfisbrjefa og efni, svo og um annað, er með þarf til að koma lögunum í framkvæmd.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1921.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stjórnin lagði fyrir Alþingi 1919 frumvarp til laga um einkaleyfi, og var það samþykkt með nokkrum breytingum í efri deild, en í neðri deild mun ekki hafa unnist tími til að fjalla um það. Frumvarpið er nú lagt fyrir Alþingi, eins og það var samþykkt í efri deild.

8. Frumvarp

til laga um þingmannskosning í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi 1920).

1. gr.

Alþingismenn Reykjavíkur skulu vera 6.

Þeir 4 þingmenn, sem við bætast í Reykjavík, skulu eiga sæti í neðri deild Alþingis, og skipa þá 30 þingmenn þá deild.

2. gr.

Alþingiskosningar í Reykjavík skulu vera hlutbundnar. Um kosningar þessar gilda hinar sömu reglur sem um aðrar kjördæmakosningar, með þeim breytingum, sem leiða af því, að kosningarnar í Reykjavík eru hlutbundnar.

3. gr.

Þegar alþingiskosningar eiga fram að fara í Reykjavík, skal með lög-mæltum fresti afhenda yfirkjörstjórninni lista með nöfnum þingmannaefna þeirra, er fram eru boðin.

Nöfn þeirra skulu táknuð svo skýrt með tilgreindri stöðu og heimili, að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru. Einskis manns nafn má á lista setja, nema hann hafi gefið til þess skriflegt leyfi, og skal það fylgja

listanum til yfirkjörstjórnar. Berist yfirkjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, skal nema það nafn burt af listanum og eigi prenta það á þann lista.

Nú hefir maður skriflega leyft nafn sitt á fleirum listum en einum, og skal þá nema nafnið burt af öllum listunum.

Á framboðslista skulu að jafnaði vera jafnmörg nöfn þingmannaefna sem kjósa á þingmenn í hvert skifti. Gildur er framboðslisti, þótt á honum standi færri nöfn, en ógildur, ef fleiri eru.

Framboðslista skal fylgja yfirlýsing að minsta kosti 100 kjósenda um, að þeir styðji þann lista.

Listar skulu afhentir formanni yfirkjörstjórnar, og ritar hann á þá dag og stund, er hann veitir þeim móttöku, og merkir þá bókstöfunum A, B, C, o. s. frv., eftir því sem þeir berast honum.

4. gr.

Á hverjum lista skal tilgreina umboðsmenn fyrir listann. Sjeu umboðsmenn eigi tilgreindir, eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, er fremstir standa þingmannaefna, rjettir umboðsmenn listans. Þessir umboðsmenn gæta rjettar lista þeirra, er þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun framboðslista, útbúning kjörseðla og talning atkvæða, og gefa þær upplýsingar listunum viðvikjandi, er yfirkjörstjórn þarfnast og óskar; svo er þeim og heimilt að mæta eða gefa öðrum heimild til að mæta fyrir sína hönd við kosningargerð, til þess að gæta þess, að alt fari löglega fram.

5. gr.

Oddviti yfirkjörstjórnar skal kveðja kjörstjórnina til fundar degi eftir að liðinn er hinn lögmælti framboðsfrestur, eða beri það upp á helgan dag, þá næsta virkan dag þar á eftir, og skal umboðsmönnum þingmannaefna og meðmælenda gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrjetta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem tími og atvik leyfa. Sjeu gallar, er yfirkjörstjórn hefir bent á, eigi leiðrjettir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Sje listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, er rækur er ger.

Þá er listar hafa verið úrskurðaðir, skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla og gera almenningi kunnugt með auglýsingu í Lögbirtinga-bladini, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, með tilgreindum nöfnum þingmannaefna á hverjum lista og bókstaf hvers lista. En hafi eigi nema einn listi, er gildur er tekinn, komið til yfirkjörstjórnarinnar í tæka tíð, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir yfirkjörstjórnin þá kosna, er listinn greinir.

6. gr.

Á kjörseðli skulu allir framboðslistar, er gildir hafa verið metnir, teknir upp, þannig, að öðru megin á hæfilega stóru blaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn þingmannaefna ásamt stöðu og heimili, sem þó má vera skammstafað á hverjum framboðslista, hver nafna-

röð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr strik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu settir á kjörseðilinn hver við annars hlið í röð eftir bókstöfum sínum, og nöfn þingmannæfnanna á hverjum lista aðskilin með þverstrikum. Hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þess striks, sem takmarkar listann.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum þykkum pappír, og skal yfirkjörstjórn gæta þess, að eigi sjeu fullgerðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða kjörstjórnnum. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig, að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá brotinu gengið, að auðvelt sje að leggja þá í sama brot, er þeir eru notaðir.

7. gr.

Kosning fer fram á sama hátt sem við aðrar kjördæmakosningar, með þeirri breytingu, að kjósandi markar kross, rjettan kross eða skákross við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill gefa atkvæði. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja, o. s. frv. Sje eitthvert nafn, sem hann getur ekki felt sig við, á þeim lista, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá ekki með við samtalningu atkvæða á þeim lista; þessi strik mega vera hvort heldur þverstrik eða langstrik yfir nafnið. Krossinn við listabókstafinn, tölustafinn við nöfnin og útstrikun nafna skal hann gera með blýanti, er kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan leggur hann atkvæðaseðilinn saman aftur í sömu brot, sem hann var í, stingur honum svo þannig saman brotnum niður í atkvæðakassann.

Ekki má kjósandi haggja neitt við hinum listunum, sem hann kýs ekki, hvorki strika út á þeim nje setja önnur merki á þá, nje heldur nein merki, önnur en tjeð kosningarmerki, á lista þann, sem hann kýs, ella verður atkvæðaseðill hans ónýtur.

8. gr.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleirum listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista,
3. skrifað nafn sitt á seðilinn,
4. sett á hann strik eða rispu eða önnur slik einkenni, er ætla má að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan,
5. notað annan seðil, en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett eða krossað við eitt nafn á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Pegar allir kjörseðlar eru upp tekuir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðmagn listanna, hvers um sig. Bera skal

samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt, eftir skýrslum þeim, er undirkjörstjórnir gefa um kjörseðlafjölda úr hverri kjördeild. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla og leiðrjetta skekkjur þær, sem á hafa orðið.

9. gr.

Til þess að finna, hve mörg þingmannaefni hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því hve marga þingmenn á að kjósa, og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum, eftir sömu reglu.

Til þess nú að finna, hver þingmannsefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks þingmannsefnis á þann hátt er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti yfirkjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra þingmannaefna allra, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum, einn af öðrum, sýnir þá umboðsmönnum og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði, þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra þingmanna, sem kjósa á, þannig, að það sje jafnt tölu þeirra þingmanna, sem kjósa á, að fráðreginni tölu þingmannaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með tölu þingmanna, sem kjósa á. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upp lesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Þeir menn, sem hæsta hafa fengið atkvæðaupphæðina á hverjum lista, eru þingmenn listans, svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans.

10. gr.

Hafi tveir eða fleiri á einum lista fengið jafnmörg atkvæði, og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem þingmenn, þá skal hlutkesti ráða.

11. gr.

Að öðru leyti gilda við kosningar þessar ákvæði alþingiskosningalaganna um kjördæmakosningar, eftir því sem við á, viðvikjandi kosningarrjetti og kjörgengi, kjörstjórnnum, samning kjörskrár, framboði þingmannaefna og umboðsmönnum, undirbúningi af hálfu kjörstjórnar, kjördegi, kjörstað, kjörherbergi og atkvæðakössum, kosningarathöfninni, kosningarúrslitum, upp-

kosningum, aukakosningum og kosningum eftir þingrof, kostnaði og kærurum um kjörgengi, og loks gilda hin almennu ákvæði nefndra laga.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fram fara svo fljóft, sem verða má, kosning á þeim þingmönnum, sem við er bætt með þessum lögum.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Í 26. gr. stjórnarskrárfrumvarps þess, sem Alþingi 1919 samþykkti, er heimilað að ákveða megi með lögum, að þingmenn Reykjavíkur skuli kosnir hlutbundnum kosningum. Bygt er á því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt 1920.

Með því að það virðist ekki næg ástæða til þess að hafa öðruvísi kosningaraðferð við kjördæmakosningar í þessu kjördæmi en í öllum öðrum kjördæmum landsins, ef að eins á að velja 2 þingmenn fyrir Reykjavík, þá hlýtur í þessu ákvæði stjórnarskrárfrumvarpsins að vera gert ráð fyrir fleiri þingmönnum hjer en tveim.

Það er og sannast að segja, að ekki verður lengur undan því komist að fjölga alþingismönnum í Reykjavík. Ójöfnuðurinn á móts við önnur kjördæmi landsins er orðinn svo mikill, að ekki má lengur við una.

Eftir síðustu kjörskrár er kjósendatala á hvern þingmann kjördæmakosinn þannig:

Gullbringu- og Kjósarsýsla	1037	(þm. 2, kjósendur alls 2074),
Borgarfjarðarsýsla	874	
Mýrasýsla	693	
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	1166	
Dalasýsla	635	
Barðastrandarsýsla	1168	
Vestur-Ísafjarðarsýsla	896	
Ísafjarðarkaupstaður	682	
Norður-Ísafjarðarsýsla	1090	
Strandasýsla	592	
Húnavatnssýsla	779	(þm. 2, kjósendur alls 1558),
Skagafjarðarsýsla	775	(— 2, — — 1551),
Eyjaísfjarðarsýsla	1051	(— 2, — — 2103),
Akureyri	949	
Suður-Þingeyjarsýsla	1447	
Norður-Þingeyjarsýsla	515	
Norður-Múlasýsla	536	(þm. 2, kjósendur alls 1072),
Seyðisfjörður	287	
Suður-Múlasýsla	844	(þm. 2, kjósendur alls 1688),
Austur-Skaftafellssýsla	439	
Vestur-Skaftafellssýsla	630	
Rangárvallasýsla	659	(þm. 2, kjósendur alls 1318),

Vestmannaeyjar	699
Árnessýsla	985 (þm. 2, kjósendur alls 1970),
en	
i Reykjavík	2755 (— 2, — — 5511).

Tala allra kjósenda á landinu er 31607, og eftir því ætti að rjettu lagi að koma einn þingmaður á hverja um 830 kjósendur, ef hin kjördæmin eru látin halda sínum þingmönnum, en bætt við 4 í Reykjavík. Að vísu fær Reykjavík þá heldur fáa þingmenn eftir kjósendatölu, nær væri 7 þingmenn alls, eða nákvæmlega um 6,7 þingmenn. Með 6 þingmönnum kemur þá einn þingmaður á hverja 918 kjósendur í Reykjavík.

Með því fyrirkomulagi, sem hjer er farið fram á, fæst nokkurn veginn rjettlæti, að haldinni gömlu kjördæmaskiftingunni, því að þótt kjósendatalan í kjördæmunum utan Reykjavíkur sje ærið misjöfn, eins og sjest á framangreindri skýrslu, þá er þó ekkert kjördæmi svo mannmargt, að heimting eigi á heilum þingmanni fram yfir þá tölu, sem nú er.

Um einstakar greinar athugast: Undirbúningur undir kosningu og kosningin sjálf á að fara eftir reglunum um kjördæmakosningar yfirleitt, sbr. lög nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, með þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru vegna þess, að alþingiskosningar í Reykjavík eiga að vera hlutfallskosningar. Þessar breytingar eru sniðnar eftir ákvæðum sömu laga um hlutbundnar kosningar. Að öðru leyti virðist ekki þörf frekari athugasemda um einstakar greinar frumvarpsins.

9. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi 1920).

Í stað 1. og 6. gr. í lögum 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, koma eftirfarandi greinar:

1. gr.

(1. gr. laga 3. nóv. 1915).

Með þeim takmörkunum, sem hjer fara á eftir, hafa kosningarrjett til Alþingis við kosningar í sjerstökum kjördæmum allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri þegar kosning fer fram, hafa óflekkað mannorð, hafa ríkisborgararjett hjer á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram.

2. gr.

(6. gr. laga 3. nóvbr. 1915).

Kjörgengur við kosningar í sjerstökum kjördæmum er hver ríkisborgari, sem kosningarrjett á til þeirra, nema þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt heima í kjördæminu skemur en 1 ár.

Greinargerð.

Þar sem þess er að vænta, að frumvarp það til stjórnarskrár konungs-ríkisins Íslands, er samþykkt var á Alþingi 1919, verði endursamþykkt á Alþingi 1920, hefir þótt rjett að koma þegar fram með ofanritað frumvarp til laga um breyting á lögum 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, til þess að kosningalögin geti sem fyrst orðið í samræmi við stjórnarskrána, þegar hún nær staðfestingu konungs.

10. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 64, 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.

(Lagt fyrir Alþingi 1920).

1. gr.

Auk þóknunar þeirrar af landsfje, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m., skulu hreppstjórar njóta samskonar launauppbótar sem embættis- og sýslunarmenn landsins samkvæmt 33. gr. launalaganna.

Uppbótin greiðist ásamt þóknuninni fyrir hvert umliðið fardagaár.

2. gr.

Hreppstjóralaun um fardagaárið 1919—1920 skulu fyrir tímabilið frá 6. desember 1919 til loka fardagaársins reiknast samkvæmt ákvæðum 1. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Neðri deild síðasta Alþingis samþykkti þingsályktun, þar sem skorað var á stjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um bætur á launum hreppstjóra. Með lögum nr. 64, 14. nóv. 1917, voru laun hreppstjóra allmikið bætt frá því sem áður voru þau, sem og borgun fyrir einstakar

gerðir hækkaðar. Stjórninni þykir því ekki ástæða til gagngerðrar breytingar á ákvæðum þessara laga, en telur hins vegar rjett, að þessir starfsmenn ríkisins, eins og aðrir, njóti uppbótar á hin fastákvæðnu laun samkvæmt reglum launalaganna. Annars þykja greinar frumvarpsins ekki þurfa skýringa.

II. Frumvörp

til laga um sjerleyfi til hagnýtingar á orkuvötnum og raforku.

1. gr.

Eiganda fallvatns eða umráðamanni, enda sje hann islenskur ríkisþegn og búsettur hjerlendis, er heimilt að hagnýta orku þess án sjerleyfis, ef orkunotin fara elgi fram úr 500 eðlishestorkum, og ef það má verða án tjóns fyrir aðra, einstaka menn eða sveitarfjelög. Ávalt skal þó um þetta gætt ákvæða vatnalaganna.

2. gr.

Til hagnýtingar vatnsorku framar því, sem í 1. gr. getur, eða þegar um fjelög er að ræða með takmarkaðri ábyrgð, sem og þegar þegnar annara ríkja eiga þátt í fyrirtækinu, þarf sjerleyfi, sem konungur veitir með eða án samþykkis Alþingis.

3. gr.

Ef um orkuvinslu er að ræða, sem fer fram úr 5000 eðlishestorkum, skal samþykkis Alþingis leitað áður en leyfið er veitt.

4. gr.

Þessi eru aðalskilyrði fyrir því að geta öðlast sjerleyfi konungs til orkuvinslu:

1. Sjerleyfið veitist nafngreindum manni, stofnun eða fjelagi, sem heimilisfang hefir í landinu, og skal meiri hluti fjelagsstjórnar skipaður innlendum mönnum og búsettum í landinu. Leyfið veitist því að eins, að almenningssheill stafi engin hættu af því.

2. Sjerleyfið heimilar notkun vatnsins eftir leyfisbrjefinu og gildandi lögum um iðnrekstur. Ákveða má, að orkuna megi ekki nota til vissra iðjutegunda, en einnig, að hún skuli að öllu eða nokkru notuð til sjerstakrar iðju.

3. Sjerleyfið skal bundið við ákveðið fallvatn, eitt eða fleiri, og skal tiltekið hámark þeirrar orku, sem eftir sjerleyfinu má vinna.

4. Sjerleyfishafi skal hafa byrjað á virkjun áður en 3 ár liða frá útgáfu leyfisbrjefs, og rekstur vinnuvjela skal hafinn áður 5 ár liða þaðan frá. Fresti þessa má þó framlengja, gegn hæfilegu gjaldi í ríkissjóð, sem stjórnarráðið ákveður. Ef stöðvun verður á rekstri orkuversins lengur en 3 ár, eða framleiðsla þess minnar um þriðjung af því, sem vjelunum er ætlað að vinna, skal leyfið falla niður og rikið taka vatn og virki á þann hátt, sem segir í

17. Lið, er leyfistími er á enda. Tímaákvörðun þessi kemur ekki til greina, ef óviðráðanleg atvik (vis major), verkföll eða þess háttar aftra framkvæmdum. Ákveða má, að virkjun fari fram smátt og smátt.

5. Sjerleyfishafa skal skylt við byggingar og rekstur orkuvers og iðjuvers að nota sem mest hjerlenda menn, bæði til algengrar vinnu og annara starfa, þegar hæfir menn fást hjer til þeirra. Nánari reglur um þetta setur stjórnarráðið í hvert sinn.

6. Verkkaup skal goldið í peningum, og reki leyfishafi verslun við verkalyð sinn, skal arðinum af henni varið verkalýðnum til hagsbóta, eftir ákvörðun nefndar, sem verkamennirnir sjálfir kjósa og ásamt leyfishafa ráðstafar fjenu. Um allan ágreining, sem af þessu kann að risa, fellir stjórnarráðið fullnaðarúrskurð.

7. Leyfishafi skal sjá verkafólki sinu fyrir nægilegri læknishjálp, eftir nánari ákvörðun heilbrigðisstjórnarinnar. Enn fremur ber honum að sjá því fyrir nægilegum forða bóka og blaða, sem er við hæfi þess, og húsnæði til lestrar. Sömuleiðis ber honum að sjá börnum verkamanna fyrir góðri kenslu, ef utan kaupsins er.

8. Skylt er leyfishafa, ef þörf krefur, að veita verkalýðnum, gegn ágóðalausri þóknun, holl og nægileg húsakynni með vatnsleiðslu, fráræslu og raflýsingu. Enn fremur nægilega lóð til að reisa á fundarhús. Nánari ákvæði um þetta setur stjórnarráðið í hvert sinn. Það úrskurðar einnig, ef með þarf, ágreining milli leyfishafa og verkafólksins, er að þessu lýtur, svo sem hvað sje hæfileg húsaleiga, hvort uppsögn á húsaleigu sje lögleg o. s. frv.

Ef ætla má, að þorp myndist við orkuverið eða iðjuver þess, skal leyfishafa skylt að semja byggingaráætlun um það, og skal fá staðfestingu stjórnarráðsins á henni. Skyldur er leyfishafi til að láta af hendi endurgjaldslaust lóð undir götur, kirkju, skóla og aðrar nauðsynlegar opinberar byggingar.

9. Sjerleyfishafi er skyldur að taka þátt í viðhaldi á vegum þeim, brúm og bryggjum, sem vegna iðjurekstrar hans ganga úr sjer, eftir því, sem stjórnarráðið ákveður. En heimilt skal honum jafnframt, eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins, að leggja vegi, járnbrautir og simpæði frá hafnarstað til fallvatns þess, er hann notar, sem og að gera bryggjur eða hafnarvirki þau, er nauðsyn krefur, ef ríkið sjálft vill eigi annast byggingu þessara mannvirkja. Nú er leyfishafa heimilað að byggja slík mannvirki, og skal hann þá skyldur að leyfa almenningi frjáls afnot þeirra að því leyti, sem þau not valda ekki verulegum бага fyrir hann.

10. Sjerleyfishafi skal skyldur til, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, að gera nauðsynlega ráðstöfun, er tryggi sveitarfjelögin gegn því, að verkalýður hans verði þeim til þyngsla.

11. Ef vatnsorkan er notuð til að afla afurða, sem geta komið landbúnaðinum að notum, skal leyfishafi skyldur að láta af hendi vissan hluta þeirra afurða árlega, eftir ákvörðun stjórnarráðsins, með niðursettu verði frá því, sem varningurinn er seldur fyrir hjer kominn á skipsfjöl. Slík ákvæði má setja um aðrar iðjuafurðir, sem þýðingu hafa fyrir innlenda atvinnu.

12. Sjerleyfishafi er skyldur að láta af hendi, ef þess er óskað, til sveitarfjelaga alt að 7% af raforku þeirri, sem vinst, gegn hámarksverði, sem samsvavar vinslukostnaði, að meðtöldum 6% af stofnþje og 10–20% ágóða.

Enn fremur skal honum skylt að látta af hendi til ríkisins, ef þess er óskað, allt að 5% orkunnar, með sömu kjörum. Orkan skal afhent í því ástandi, sem stjórnarráðið ákveður, hvort heldur er við orkuverið eða tekið úr orkutaugunum annarsstaðar.

13. Sjerleyfishafa skal gert að skyldu að greiða í ríkissjóð árgjald, er ekki sje minna en 25 aurar og eigi meira en 2 krónur fyrir hestorku hverja, er hann notar. Jafnhátt gjald skal hann greiða til hjeraða þeirra, sem fyrir-tækið tekur til.

Ef sjerleyfishafi greiðir vatnsmiðlunargjald eftir 80. gr. vatnalaganna, skal tillit tekið til þess, og sjerleyfisgjaldið, að miðlunargjaldi við bættu, eigi fara fram úr hámarki. Því, er að framan greinir.

Stjórnarráðið ákveður skiftingu þess hluta sjerleyfisgjaldsins, sem hjer-uðin taka, milli sveitarfjelaga og sýslna, ef til kemur.

Ef innlent hjerað eða bæjarfjlag á orkuverið, má undanþiggja gjaldi í ríkissjóð þann hluta orkunnar, sem hjeraðið eða bærinn notar í heimilis- og búsparfir íbúanna.

Nánari ákvæði um greiðslu gjaldsins og hestorkufjöldann ákveður stjórnarráðið, og má endurskoða þau ákvæði 5. hvert ár.

Gjöld þessi má taka lögtaki. Þau hafa forgangsrjett fyrir öllum skuld-um, er á orkuverinu eða iðjuverum kunna að hvila.

14. Ef fallvatn það, lönd eða löðir, sem sjerleyfishafi notar við atvinnu-reksturinn, eru komin í eigu hans, eða hann orðinn umráðamaður þeirra fyrir lægra kaupverð eða leigu en telja mátti sanngjarnlegt þegar hann óðlaðist rjettindin, má ákveða, að hann greiði fyrri rjetthafendum hæfilega uppbót kaupverðs eða leigu.

15. Gerð orkuvers og iðjuvers, sem og rekstur þeirra og viðhald, skal háð opinberu eftirliti, og ber leyfishafi allan kostnað af því. Skylt er honum einnig, að greiða kostnað allan, er leiða kann af auknu lögreglueftirliti vegna orkuvers og iðjuvers.

16. Sjerleyfishafi er skyldur að hlíta öllum þeim ákvæðum, er stjórnarráðið kann að setja um eftirlit með því, að settum skilyrðum verði fullnægt. Stjórnarráðið getur skipað eftirlitsmann til þess, og skal honum heimill aðgangur að öllum eftirlitsgögnum, mannvirkjum og bókum, sem snerta reikningshald, en vinna skal hann þagnarheit áður hann tekur við starfinu og vera óvilhallur. Engum öðrum en stjórnarráðinu má skýra frá því, sem hann kemst að við eftirlitið og ætla má að sjerleyfishafi vilji leyndu haíða eða ætlar ekki almenningi að vita. Verði ágreiningur milli eftirlitsmanns og sjerleyfishafa um takmörk eftirlitsins, skal stjórnarráðið skera úr. Þóknun fyrir eftirlitið greiðir sjerleyfishafi, eftir ákvörðun stjórnarráðsins.

17. Sjerleyfi skal veitt um ákvæðið árábil, allt að 65 árum, talið frá dagsetningu sjerleyfisbrjefs. Að 40 árum liðnum frá veitingu sjerleyfis hefir rikið rjett til að leysa til sín allt það, sem við lok sjerleyfistímans á að falla til þess endurgjaldslaust. Innlausnarverðið ákveða 7 menn, dómkvaddir af æðsta innlendum dómi, og getur hvortveggja aðilja krafist yfirmats. Þegar rikið ætlar að nota innlausnarrjett sinn, hvort heldur 40 árum frá leyfisveit-ingu eða síðar á leyfistímanum, skal sjerleyfishafa tilkynt það með 5 ára fyrirvara.

Við innlausn, eftir því að framan segir, skal meta lóðir og vatnsrjettindi því verði, sem á þau var sett, er þau voru afhent frá jörðunum.

Þegar sjerleyfistíminn er á enda, fellur fallvatnið og orkuverið endurgjaldslaust til ríkisins. Með orkuverinu telst allur umbúnaður, sem breytir straumi og farvegi vatnsins, svo sem stíflur, holrásir, safnhyljir, vatnsæðar o. fl., enn fremur lóðir og rjettindi, sem keypt hafa verið til vatnsvirkjana og orkustöðvanna, vjelar og öll tæki orkuversins, sem og íbúðarhús verkamanna og önnur húsakynni, sem notuð hafa verið í þarfir orkuversins.

Það, sem ekki verður eign ríkisins eftir framansögðu, getur það leyst inn eftir mati á sinn kostnað, eða krafist þess, að það verði flutt burtu á þeim tíma, sem stjórnarráðið ákveður.

Kauplausrar afhendingar til ríkisins þarf eigi að krefjast þegar innlent hjerad eða bæjarfjelag á orkuverið, nje heldur ef það er að öllu eign innlendra manna og orkunotin fara eigi fram úr 2500 hestorkum. Í þess stað má að loknum leyfistíma framlengja leyfið með eða án breytinga á skilyrðum.

18. Vilji sjerleyfishafi afhenda öðrum fallvatn sitt og rjettindi, þarf til þess nýtt sjerleyfi, enda þótt viðtakandi sje íslenskt hjerad eða hreppur. Verður viðtakandi að undirgangast þau skilyrði, er sett voru í hinu upphaflega leyfi, og önnur þau skilyrði, er stjórnarráðið telur ástæðu til að setja.

Þegar leyfishafi þannig vill afhenda rjettindi sín, hefir ríkið forgangs-rjett til að kaupa fyrir sama verð og fyrirhuguðum kaupanda er gerður kostur á, en segja skal til kaupanna áður 3 mánuðir liða frá tilkynningu um afhendingu. Vilji ríkið eigi nota forkaupsrjett sinn, á hjeradið þar, sem orkuverið er, rjett til að ganga inn í kaupin með sömu kjörum, en sagt skal þá af eða á um kaupin áður næstu tveir mánuðir liða.

19. Auk framanritaðra skilyrða má setja í sjerleyfisbrjef önnur þau skilyrði, er í hvert sinn þykja nauðsynleg vegna almenningsheillar eða einkahagsmuna, ef mikið er í húfi.

Sjerleyfi og skjöl, sem því fylgja, skal þinglesa á kostnað sjerleyfishafa. Öll veðbönd á orkuveri og iðjuveri eða því, sem þeim fylgir, sbr. 17. lið, falla burtu, er þau eru leyst inn af ríkinu eða falla til þess að sjerleyfistímanum loknum.

Sá, sem lánar eða hefir lánað fje gegn veði í fallvatni og orkuveri, getur, ef skilyrðum þessara laga er fullnægt, fyrirfram fengið sjerleyfi eftir þessari grein til þess að eignast rjettindin við sölu á nauðungaruppboði, ef hann er þá enn veðhafi, er uppboðið er haldið. Leyfistíminn telst þá frá dagsetningu hins upphaflega sjerleyfis.

5. gr.

Nú vill einhver leigja eða kaupa raforku frá vatnsorkuveri til iðjurekstrar, annar en ríkið eða sveitarfjelög, og skal þá sjerleyfi til þess og byggingar iðjuvers fengið eftir 2. og 3. gr., ef orkunotin fara fram úr 500 hestorkum.

6. gr.

Sjerleyfi til raforkunota og iðjurekstrar eftir 5. gr. skal venjulega bundið þessum skilyrðum:

1. Leyfið veitist ákveðnum manni, stofnun eða fjelagi. Venjulega skal

tilskilja, að stjórn fyrirtækisins sje öll búsett hjerlendis, og að nokkur hluti stofnfjárins sje íslenskur. Orkurjett þann, sem keyptur er eða leigður, má eigi framselja öðrum, nema með leyfi stjórnarráðsins.

2. Leyfið veitist um ákveðið árabíll, alt að 65 árum. Að 40 árum liðnum hefir ríkið rjett til að leysa til sín iðjuverið með lóðum og mannvirkjum, sbr. 4. gr. 17. lið, og á 5 ára fresti hverjum þaðan af, til loka sjerleyfistímans. Að loknum sjerleyfistíma falla lóðir, brýr, vegir og simaþræðir, er sjerleyfishafi kann að hafa notað vegna iðjuversins, endurgjaldslaust til ríkisins, en iðjuverið og önnur mannvirki, sem í því fylgja, skal leyfishafi færa á brautu eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins, nema ríkið þá innleysi, svo sem að framan segir, eða nýtt sjerleyfi verði veitt.

3. Banna má að nota orkuna við ákveðnar iðjugreinar.

4. Nota skal innlenda menn til starfa við orkuverið og til verkstjórnar, eftir því sem hægt er. Undanþágu um þetta getur stjórnarráðið veitt, ef sjerstök eða knýjandi ástæða er til. Einnig skal leyfishafi nota innlendar tryggingar, eftir því sem stjórnarráðið nánar tekur til.

5. Fyrir sjerleyfi eftir 5. gr. má áskilja árlegt gjald til ríkissjóðs, er eigi fari fram úr 1,50 kr. fyrir hverja notaða hestorku, sem fer fram úr 500. Sje orkan keypt eða leigð frá orkuveri, sem leyft hefir verið eftir 4. gr., skal gjaldið þó eigi fara fram úr 1 krónu á hestafl. Eindagi gjaldsins er í árslok hver; það hefir forgangsrjett jafnt sköttum, og má taka það lögtaki.

6. Að öðru leyti skal leyfið bundið þeim skilyrðum, sem á hverjum tíma gilda um iðjurekstur, og ákvæðum 4. gr. 4., 7.—11., 15.—16. og 18. lið, eftir því sem við á.

Leyfisbrjefið skal þinglesið á kostnað sjerleyfishafa.

7. gr.

Umsókn um sjerleyfi eftir lögum þessum skulu fylgja nauðsynlegar skýrslur um alt, er að fyrirtækinu lýtur og máli skiftir. Stjórnarráðið getur heimtað viðbætur við skýrslurnar, uppdrætti og önnur skýringargögn.

Sæki fjelag um leyfið, skal auk þess fylgja yfirlýsing stjórnar þess um það, hverjir eru fjelagar, hvert stofnfje sje, hvort það er fengið eða hvernig ráðgert er að afla þess. Einnig skal frá því skýrt, ef þegnar annara ríkja eiga í fyrirtækinu, hve mikil þeirra hlutdeild er. Fáist leyfið, skal stjórn fyrirtækisins um hver áramót og þegar stjórnarráðið krefst þess gefa samskonar skýrslu um hag fyrirtækisins og hlutföllin milli eigna innlendra og útlendra manna í því.

Sannist, að skýrslur þessar sjeu rangar, skal með það farið eftir 155. gr. hegningarlaganna.

Áður en sjerleyfi veitist eftir lögum þessum skal leitað álits sveitarstjórna þeirra, er í hlut eiga.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og sjerleyfi eftir þeim varða sektum frá 5—500 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Með mál, sem rísa af vangæslu þessara laga, skal farið eins og almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1921. Jafnframt falla úr gildi ákvæði 2. gr. í lögum nr. 55, 22. nóv. 1907, að því er snertir rjett til að nota fossa.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá millipinganeðndinni, sem skipuð var samkvæmt allrahæstum úrskurði 22. október 1917 til þess að taka til ihugunar fossamál landsins, hafa stjórnarráðinu borist 3 frumvörp til sjerleyfislaga, sem sje frumvarp til laga um vatn-orkusjerleyfi, frá meiri hluta nefndarinnar, frumvarp til laga um sjerleyfi til hagnýtingar á orkuvötnum og raforku, frá alþingismanni Sveini Ólafssyni, og frumvarp til sjerleyfislaga, frá sýslumanni Guðmundi Eggerz. Frumvarp meiri hluta fossaneðndarinnar og frumvarp Sveins Ólafssonar voru borin fram í neðri deild á síðasta þingi af hálfu þingmanna, og fjallaði samvinnunefnd beggja þingdeilda í fossamálunum um frumvörp þessi, ásamt öðrum málum, sem snertu fallvötn landsins og lögð voru fyrir þingið eða komu fram frá einstökum þingmönnum og á annan hátt. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri unt að afgreiða vatnamálin þá á þinginu vegna þess, að tími þess var mjög bundinn af öðrum stórmálum, sem fyrir lágu. Vatnamálunum var síðan í neðri deild vísað til landsstjórnarinnar með svo feldri rökstuddri dagskrá: »Í því trausti, að landsstjórnin taki til rækilegrar yfirskoðunar frumvörp millipinganeðndarinnar og þingnefndanna í ár í fossamálinu, og leggi síðan fyrir Alþingi frumvörp til samfelldrar fossalöggjafar fyrir ríkið, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni«.

Á því stutta tímabili, sem nú er milli þinga, hefir það að sjálfsögðu ekki verið unt fyrir ráðuneytið að taka vatnamálin til meðferðar frá rótum, sem þó hefði þurft að gera, ef semja hefði átt að nýju frumvörp til samfelldrar löggjafar í þessu efni. Núverandi ráðuneyti hefir ekki heldur, samkvæmt aðstöðu sinni, getað talið það skyldu sína að gera það. Hins vegar hefir ráðuneytið talið það rjett að leggja fyrir þingið frumvarp alþingismanns Sveins Ólafssonar til laga um sjerleyfi til hagnýtingar á orkuvötnum og raforku, sem ráðuneytið getur aðhýlst í aðalatriðum, ásamt frumvarpi minni hluta fossaneðndarinnar til vatnalaga. Greint frumvarp til sjerleyfislaga er lagt fyrir þingið óbreytt, að öðru leyti en því, að ákvæðið um samþykki Alþingis tvisvar sinnum, fyrir og eftir nýjar kosningar, til veitingar sjerleyfis, þegar um orkuvinslu er að ræða sem fer fram úr 40,000 eðlishestorkum, er felt burt.

12. Frumvarp

til laga um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli.

(Lagt fyrir Alþingi 1920).

1. gr.

Íslandsbanki skal, með samþykki bankastjórnarinnar, leystur undan þeirri skyldu að greiða handhafa seðla bankans með gullmynt, samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóvember 1905, 4. gr., gegn því, að hann afhendi ríkisstjórninni allan málmforða sinn, sbr. sömu lög, 5. gr. a og b, til ráðstöfunar, enda taki ríkisstjórnin fyrir ríkissjóðs hönd jafnframt að sjer ábyrgð á greiðslu jafnmikillar upphæðar af seðlum bankans, sem málmforðanum nemur.

Um leið og ráðstöfuninni um óinnleysanleik seðlanna verður af ljett afhendir ríkisstjórnin bankanum aftur gullforðann.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja bann, að einhverju leyti eða öllu, við útflutningi úr landinu á myntuðu eða ómyntuðu gulli, svo og að ákveða refsingar fyrir brot gegn hjer að lútandi ákvörðunum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og má með konunglegri tilskipun fella þau úr gildi, þegar ekki þykir lengur þörf fyrir ákvæði þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í byrjun desembermánaðar skýrði framkvæmdarstjórn Íslandsbanka stjórnarráðinu frá því, að vegna sívaxandi gengismunar á peningum og verðhækkunar á gulli væri mikil hætt á því, að menn taki að flytja gull það, sem fáanlegt er hjer í landi, til útlanda, þar eð það sje nú orðinn ekki lítill gróðavegur. Taldi bankastjórnin fullar líkur til þess, að bankinn myndi von bráðar verða að láta af hendi allmikið af gullforða sínum hjer, eða jafnvel hann allan, enda hefði bankinn þegar orðið að borga út nokkuð af gulli, og fór hún því þess á leit, að seðlar bankans yrðu gerðir óinnleysanlegir um stundar sakir eða þangað til gengismunur peninga kynni að minka, á líkan hátt og gert var með lögum nr. 11, 3. ágúst 1914.

Eftir að ráðuneytið hafði rannsakað mál þetta, varð það að telja nauðsynlegt, að gerðar væru þegar ráðstafanir til þess að hindra útflutning á gulli úr landinu. Þótti því ekki verða hjá því komist að gefa út bráðabirgðalög og gera seðla Íslandsbanka óinnleysanlega fyrst um sinn, og jafnframt heimila bann gegn útflutningi á gulli úr landinu.

Samkvæmt tillögum ráðuneytisins staðfesti H. h. konungurinn bráðabirgðalög samhljóða frumvarpi þessu, sem samkvæmt 6. gr. stjórnskipunarлага 19. júní 1915 hjer með leggjast fyrir þingið.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Ráðherrann í atvinnu- og samgöngumálum hefir tjáð Oss, að vegna sívaxandi gengismunar á peningum sje hættu á því, að gull verði flutt úr landinu til útlanda og að gullforði sá, sem til er í landinu og aðallega er í vörslum Íslandsbanka, verði allmikið skertur við það. Teljum vjer því brýna nauðsyn að leysa Íslandsbanka með bráðabirgðalögum, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarлага 19. júní 1915, undan þeirri skyldu að greiða handhafa seðla bankans með gullmynt, og enn fremur teljum Vjer brýna nauðsyn til að heimila ríkisstjórninni að banna flutning á myntuðu eða ómyntuðu gulli úr landinu.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Íslandsbanki skal, með samþykki bankastjórnarinnar, leystur undan þeirri skyldu að greiða handhafa seðla bankans með gullmynt, samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóvember 1905, 4. gr., gegn því að hann afhendi ríkisstjórninni allan málmforða sinn, sbr. sömu lög, 5. gr. a og b, til ráðstöfunar, enda taki ríkisstjórnin fyrir ríkissjóðs hönd jafnframt að sjer ábyrgð á greiðslu jafnmikillar upphæðar af seðlum bankans, sem málmforðanum nemur.

Um leið og ráðstöfuninni um óinnleysanleik seðlanna verður af ljett, afhendir ríkisstjórnin bankanum aftur gullforðann.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja bann, að einhverju leyti eða öllu, við útflutningi úr landinu á myntuðu eða ómyntuðu gulli, svo og að ákveða refsingar fyrir brot gegn hjer að lútandi ákvörðunum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og má með konunglegri tilskipun fella þau úr gildi, þegar ekki þykir lengur þörf fyrir ákvæði þeirra.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 13. desember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.

(A. XIII,[§]1).

Nd.

13. Frumvarp

til laga um eftirlit með útlendingum.

(Lagt fyrir Alþingi 1920).

1. gr.

Rjett er dómsmálaráðherra að mæla svo fyrir í reglugerð, að eigi skuli mönnum heimilt að stíga hjer á land af skipum, nema þeir hafi vegabréf eða önnur skilríki, er sýni á fullnægjandi hátt, hverjir þeir eru.

2. gr.

Nú hefir útlendur maður komið hingað til lands til þess að leita sjer atvinnu eða dveljast hjer lengur eða skemur, og skal honum þá skylt að skýra lögreglustjóra eða hreppstjóra, þar sem hann kemur fyrst á land, frá því og gera grein fyrir því, í hvaða skyni hann er hingað kominn.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um þau efni, er í þessari grein segir.

3. gr.

Rjett er að meina þeim mönnum útlendum að setjast hjer að eða dveljast hjer, sem:

1. Eigi geta sannað eða gert sennilegt, að þeir fái framfært sig eða þá, sem á vegum þeirra eru, án þess að þiggja hjer fátækrastrýrk næstu 2 ár eftir að þeir hafa hingað flutst.
2. Haldnir eru næmum sjúkdómi, enda þótt eigi sé lögs skylt að beita sóttvörnum, ef landlæknir telur ástæðu til að meina manni landsvist þess vegna.
3. Gera eigi grein fyrir því eða skýra rangt frá því, í hvaða skyni þeir eru hingað komnir.
4. Komnir eru hingað til starfa eða athafna, sem dómsmálaráðherra telur ólög-

legar, ósæmilegar eða hættulegar hagsmunum ríkis eða almennings, eða högum þeirra er að öðru leyti svo háttað, að vist þeirra hjer megi teljast hættuleg eða bagaleg hagsmunum ríkis eða almennings.

5. Hefir verið vísað burt úr öðru ríki af ástæðum þeim, er í 4. tölul. greinir.
6. Hafa orðið sekir um brot, sem svivirðileg eru að almenningsáliti, þar sem þeir hafa áður dvalist, eða lögreglan þar lýsir eftir þeim vegna brota á landslögum þar.

4. gr.

Nú hefir útlendur maður setst að hjer á landi, og skal þá visa honum burt:

1. Ef hann verður hjer sveitarstyrkspurfi.
2. Ef hann verður sekur, áður en hann hefir dvalist hjer full 5. ár samfleytt, að lagadómi um verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti, enda hafi hann verið dæmdur til refsingar í fængelsi við vatn og brauð að minsta kosti. Skal það þá tekið fram í refsidómi, að sökunautur skuli verða af landi burt, þegar hann hefir þolað refsingu samkvæmt dóminum.

Dómsmálaráðherra getur þó veitt landsvistarleyfi, þegar svo stendur á, sem í þessum tölul. segir, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

5. gr.

Ef útlendur maður hefir setst að á landi hjer eða tekið hjer dvöl, þá getur dómsmálaráðherra ákveðið, að hann skuli verða af landi brott:

1. Ef hann hefir skýrt visvitandi rangt frá um atriði þau, er í 3. gr. segir.
2. Ef svo reynist eða svo verður ástatt um hann, sem í 3. gr. 2. og 4.—6. tölul. segir.

6. gr.

Nú er manni meinuð landsvist samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og skal hann þá flytja af landi burt ásamt skuldaliði sínu. Þó getur dómsmálaráðherra leyft honum eða þeim, sem á vegum hans hafa hjer verið, landsvist framvegis, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um alt það, er flutninginn varðar.

7. gr.

Hver sá, er gesti hýsir fyrir endurgjald, skal hafa gestabók, löggilta af lögreglustjóra, gegnumdregna og tölusetta. Skulu allir þeir, er gistingu taka eina nótt eða lengur, rita með eigin hendi nöfn sín, heimili, stöðu og síðasta dvalarstað í bókina. Lögreglumönnum skal jafnan heimilt að skoða bók þessa og taka eftirrit af henni. Dómsmálaráðherra getur einnig skyldað forstöðumenn gistihúsa til þess að senda lögreglunni eftirrit úr gestabók.

8. gr.

Skylt er lögreglumönnum að hafa eftirlit með útlendum mönnum, er hjer taka sjer dvöl eða aðsetur, samkvæmt þeim reglum, er dómsmálaráðherra setur.

9. gr.

Ef sá maður, er meinuð hefir verið landsvist hjer samkvæmt 3. gr. 2.—6. tölul., eða vísað hefir verið burt af landi hjer samkvæmt 4. gr. 2. tölul. og 5. gr. laga þessara, kemur hingað aftur til lands án þess að hann hafi til þess leyfi dómsmálaráðherra, skal sæta sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda skal það brýnt fyrir þeim í refsidómi samkvæmt 4. gr. 2. tölul. eða í brottflutningsskipun dómsmálaráðherra, að endurkoma til landsins varði þessum viðurlögum.

Brot gegn ákvæðum 7. gr. laga þessara varða sektum frá 50—1000 krónum. Auk þess má dæma sökunaut til þess að hafa fyrirgert rjetti til að halda gistihús eða standa fyrir gistihúsi eða veitinga, ef brot er itrekað.

Brot gegn ákvæðum þeim, sem dómsmálaráðherra setur með heimild í lögum þessum, varða sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Sektir samkvæmt lögum þessa renna í rikissjóð.

10. gr.

Með mál út af brotum samkvæmt 9. gr. skal fara sem almenn lögreglumál.

Ef halda þarf annars rjettarrannsókn um hagi útlendra manna hjer, vegna einhverra atriða, er í lögum þessum greinir, þá skal hún fara að hætti opinberra mála.

11. gr.

Lög þessi, að undantekinni 1. og 7. gr., taka eigi til íslenskra rikisborgara. Eigi raska þau heldur þeim rjettindum, er borgarar annara rikja hafa hjer samkvæmt samningum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi

Ákvæði 4. og 5. gr., sbr. 9. og 10. gr., ná þó til þeirra útlendra manna, er tekið hafa sjer dvöl eða aðsetur á landi hjer áður en þau öðluðust gildi.

17. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, svo og önnur ákvæði í lögum, er koma kynnu í bág við lög þessi, eru úr gildi numin.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Í núgildandi íslenskum lögum vantar að mestu leyti fyrirmæli um þau efni, er í frumvarpi þessu greinir. Í 17. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 eru ákvæði, er bjóða eða heimila að vísa útlendum manni af landi hjeðan, ef hann hefir ekki að staðaldri verið í löndum Danakonungs 5 síðustu árin, og ef hann verður hjer dæmdur til refsingar, hegningarvinnu eða fangelsis við vatn og braud. Og af ákvæðum fátækralaga nr. 44, 10. nóv. 1905, 32. og 43. gr., leiðir það, að borgari annars rikis verður fluttur hjeðan af landi burt, ef hann þarfnast

sveitarstyrks, hversu lengi sem hann hefir dvalist hjer. Danskir ríkisborgarnr geta þó unnið sjer hjer sveit samkvæmt 36. gr. fátækralaganna og eiga hjer jafnrjetti við íslenska ríkisborgara samkv. 6. gr. sambandslaga 30. nóv. 1918.

Þessi ákvæði í lögum eru ófullnægjandi. Hjer vantar alveg ákvæði um eftirlit með því, hverjir útlendingar fá að dveljast hjer eða taka sjer hjer bólfestu og hve nær vísa megi þeim burt af öðrum ástæðum en þeim, er í hegningarlögunum og fátækralögunum segir. Annarsstaðar hefir þótt ástæða til þess að setja lög og heimila stjórnnum að setja reglur um þessi efni. Einkum reynist slík löggjöf nauðsynleg, þegar óvenjuleg atvik ber að höndum, svo sem styrjaldir og dýrtíð.

Alþingi hefir kannast við, að setja þurfi hjer lög um eftirlit með útlendingum. 13. ágúst 1919 var afgreidd ályktun frá Alþingi um »að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp ... til laga um: 1. heimild utanríkismanna til þess að ná landsvist á landi hjer ... og um það, hve nær þeim verði úr landi vísað, og hvaða ráðstafanir stjórnarvöld skuli gera í því skyni«.

Stjórninni hefir þótt skylt að verða við þessari áskorun Alþingis, og því hefir þetta frumvarp verið samið, til þess að það verði lagt fyrir Alþingi á þessu ári.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Ekki þykir ástæða til þess að fyrirskipa mönnum skilyrðislaust að hafa vegabréf eða önnur slík skilríki, ef þeir vilja koma hjer til lands. Hins vegar getur verið ástæða til þess að fyrirskipa slíkt um stundarsakir eða um óákveðinn tíma. Þykir því nægilegt að veita dómismálaráðherra heimild til þess að gera landgöngu hjer háða því, að maður hafi vegabréf eða önnur fullnægjandi skilríki. Það virðist sjálfsagt, að þesskonar ákvæði eigi einnig að ná til íslenskra ríkisborgara, því að annars kæmu þau ekki að haldi. Og þar sem þau eiga að taka til íslenskra ríkisborgara, þá er einnig ljóst, að annars ríkis borgarar, sem jafnrjettis njóta hjer við íslenska ríkisborgara, verða að hlíta sömu ákvæðum.

Um 2. gr.

Orðið »útlendur maður« verður að skýra samkvæmt 11. gr.; það tekur því bæði hjer og annarsstaðar í frv. til allra þeirra, sem eigi eru íslenskir ríkisborgarar. Ákvæði greinarinnar eru auðvitað til þess, að unt sje að hafa nokkurt eftirlit með útlendingum, sem hjer ætla að hafa nokkra dvöl. Það þykir hentugra, að dómismálaráðherra setji hinar nánari reglur um þessi efni, en að taka þær í lög, með því að ráðherra getur hagað þeim fremur eftir því, sem reynslan sýnir heppilegast.

Um 3. gr.

Hjer segir um það, hve nær meina megi útlendum mönnum landsvist hjer á landi. Eru talin í þessari grein þau atvik, er valda mega því, að maður fái eigi heimild til að setjast hjer að eða hafa hjer dvöl. Það er vitanlegt, að dómismálaráðherra sker úr, ef ágreiningur verður um skilning eða framkvæmd ákvæða greinarinnar.

Um 4. og 5. gr.

Ákvæði þessara greina taka aftur á móti til þess, ef útlendur maður hefir þegar tekið sjer hjer á landi dvöl eða heimili, en svo sannast það, að hann hefir aldrei haft sum þau skilyrði, sem löggjöfin setur til þess, sbr. 3. gr., eða hann hefir mist þau eða skýrt vísvitandi rangt frá um þau atriði, sem í 3. gr. segir.

Í 4. gr. eru að efni til svipuð ákvæði sem í fátækralögunum og í 17. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1860. Burtvísunarheimildin í 2. tölul. er þó nokkru rýmri en ákvæði 17. gr. hegningarlaganna. Hins vegar þykir rjett, að eigi þurfi skilyrðislaust að vísa manni úr landi, þótt hann sæti refsíðómi samkvæmt 2. tölul. á 5 ára dvalartímanum, því að vera má, að það sje bæði hart og óþarft.

Um 6. gr.

Hefir að geyma ákvæði, sem auðskilin eru og nauðsynleg til framkvæmdar á ákvæðum 4. og 5. gr.

Um 7. gr.

Í öðrum löndum tíðkast víðast, ef eigi alstaðar, eftirlit með hýsingu gesta á gistihúsum. En hjer vantar lög um slíkt, og þykir því rjett að setja ákvæði um það í sambandi við eftirlit með útlendingum.

Um 8. gr.

Reynslan verður að skera úr því, með hverjum hætti eftirlit með útlendingum fram yfir það, sem í frumvarpinu greinir, verði hallkvæmast. Það virðist því hentast að fela dómsmálaráðherra að setja þau fyrirmæli um það efni, sem reynslan sýnir að þurfa muni.

Um 9. og 10. gr.

Það virðist ekki viðeigandi að leggja refsingu við, þótt maður komi aftur til landsins leyfislaust, er orðið hefir að fara hjeðan vegna þess, að hann skortir framfærslueyri. Hins vegar virðist rjett, að þeir, sem vísað hefir verið burt af öðrum þeim ástæðum, sem taldar eru í 3., 4. og 5. gr., þurfi leyfi til þess að dveljast hjer eða taka sjer hjer bólfestu, og að þeir sæti því refsingu, ef þeir koma af frjálsum og fúsum vilja án slíks leyfis. Annars er samsvarandi ákvæði nú í 17. gr. almennra hegningarlaga.

Um 11. gr.

Vísast til aths. við 2. og 7. gr. Það liggur í augum uppi, að samningar, þótt lögin kynnu að hafa að geyma ákvæði ósamrýmanleg þeim, standa eftir sem áður. Sama er um almennar og víðurkendar þjóðarjettarreglur.

Um 12. gr.

Rjett þykir, að ákvæði 4. og 5. greinar nái til þeirra útlendinga, sem þegar hafa setst hjer að.

14. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 12, 12. ágúst 1916, um stimpilgjald.

(Lagt fyrir Alþingi 1920).

1. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans eins fljótt og verða má, reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum farangri ferðamanna. Hina sýndu reikninga skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla þannig, að reikningar um allskonar leikföng og allskonar muni, sem eingöngu eru ætlaðir til skrauts, úr hvaða efni sem eru, stimplast með 10% af verðinu, en reikningar um allar aðrar vörur með 1%.

2. gr.

Nú fylgir eigi reikningur vöru eða kemur eigi kaupanda í hendur eða umboðsmanni hans innan tveggja mánaða frá móttöku hennar, og er kaupandi eða umboðsmaður hans þá skyldur til að afhenda lögreglustjóra þeim, er í hlut á, eða umboðsmanni hans, yfirlýsingu um, að hann hafi engan reikning meðtekið og hvað hann áltí, að varan muni hafa kostað í innkaupi, hvort-tveggja að viðlögðum drengskap. Skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans þá stimpla yfirlýsinguna á sama hátt og innkaupsreikningur væri.

Yfirlýsing þessi skal vera þannig sundurliðuð, að hið áætlaða verð hverrar vörutegundar sjáist.

3. gr.

Nú lætur kaupandi eða umboðsmaður hans farast fyrir að sýna til stimplunar reikning eða yfirlýsingu, og getur lögreglustjóri þá þvingað hann til þess með dagsektum, alt að 100 kr. fyrir dag hvern, og má tillaka sektina í brjefi eða símskeyti. Sektum þessum má þó eigi beita nema að undangenginni aðvörun með viku fyrirvara.

4. gr.

Nú sýnir kaupandi eða umboðsmaður hans til stimplunar reikning, sem hann veit að eigi sýnir hið rjetta innkaupsverð, eða gefur visvitandi ranga yfirlýsingu um verðið, og varðar það refsingu samkvæmt 156. gr. hinna almennu hegningarlaga, 25. júní 1869. Auk þess gjaldi hann þrefalt það, er á vantar, að hann hafi greitt lögboðið stimpilgjald.

5. gr.

Ef lögreglustjóri eða umboðsmanni hans leikur grunur á, að viljandi eða óviljandi sje rangt frá skýrt um verð á vöru, er honum rjett og skylt að rannsaka málið og fresta stimplun þar til þeirri rannsókn er lokið.

6. gr.

Lögreglustjórar og umboðsmenn þeirra eru skyldir til að hafa eins nákvæmt eftirlit með því og föng eru á, að móttakendur vara gæti skyldna þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, sjerstaklega með því að bera, eftir því sem við verður komið, hina afhentu reikninga og yfirlýsingar saman við farm-skrár þær, er þeir heimta vörutoll eftir.

7. gr.

Af vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, skal greiða gjald það, er ræðir um í lögum þessum til pósthúss þess, er afhendir vöruna kaupanda, og skal gjaldið greiðast um leið og varan er afhent. Gjaldið greiðist með frimerkjum, sem pósthjónn stimplar og limir á fylgibrjef eða umbúðir vöru. Andvirði slíkra frimerkja telst með pósttekjum.

Af dagblöðum greiðist ekkert gjald.

Af vörum, sem póstkrafa hvílir á, er gjaldið 1% af póstkröfunni.

Ef reikningur fylgir vöru, er viðtakandi skyldur að sýna hann, og tels. þá gjaldið eftir fjárhæð hans, en ef enginn reikningur fylgir, skal viðtakandi gefa út samskonar yfirlýsingu og þá, er ræðir um í 2. gr., og reiknast gjaldið samkvæmt henni.

Um viðurlög við röngum reikningum eða yfirlýsingum fer eftir 4. gr

8. gr.

Um reikningsskil lögreglustjóra fyrir stimpilgjaldi því, er ræðir um í lögum þessum, fer sem annað stimpilgjald. Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur þar að lútandi.

9. gr.

Sektir allar eftir lögum þessum renna í rikissjóð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1921.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það var mjög greinilega tekið fram á Alþingi í umræðunum um fjárlaga-frumvarpið fyrir árin 1920—1921, að þótt fjárlögin fyrir þau ár sýni á pappírnum tekjuafgang, hlyti svo að fara, að allmikill tekjuhalli yrði á yfirstandandi fjárhagstímabili, með því að launahækkun opinberra starfsmanna er að mjög litlu leyti tekin með í gildandi fjárlögum. Það er því auðsætt, að nauðsyn er á að útvega tekjuauka, enda var því lýst yfir á síðasta Alþingi af hálfu stjórnarinnar, að hún mundi hugsa fyrir tekjuaukafrumvarpi eða tekjuaukafrumvörpum, og hefir í þessu efni þótt tiltækilegust sú leið, sem ráðgerð er í þessu frv., og hefir það valdið nokkru um, að þessi leið er tekin, að æskilegt er að fá nokkra reynslu,

áður en hin nýju skattalög verða samin og sett, um hvernig verðtollur muni reynast hjer, auk þess, sem æskilegt má telja að koma hærri skatti á skrautgripi, leikföng og annan slíkan óþarfa.

Aðfluttar vörur námu samkvæmt hagskýrslum og upplýsingum hagstofunnar árin 1912—1916 því sem hjer segir:

1912	kr. 15347411,00
1913	— 16717724,00
1914	— 18111351,00
1915	— 26260067,00
1916	— 39183647,00

Þegar litið er til þessara talna, verðlags þess, sem nú er og væntanlega verður fyrst um sinn, virðist með hliðsjón af, að vænta verður frjálsrar verslunar, eigi óvarlegt að gera ráð fyrir, að frv. þetta gefi, ef það verður að lögum, um 400000 kr. á ári, og er þá miðað við, að innfluttar vörur nemi undir 40 milj. kr. á ári. En með því að frv. þetta getur naumast óðlast lagagildi fyrir en um 1. apríl þ. á., má eigi vænta meiri tekna af gjaldi þessu yfirstandandi fjárhagstímabil en 700000 kr.

Um hinar einstöku gr. frv. þykir eigi þörf að ræða, því að þær skýra sig væntanlega sjálfar.

(B. I. 1).

Nd.

15. Frumvarp

til laga um biskupskosningu.

Flutningsm.: Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Biskup skal kosinn af prestum þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Rjettkjörinn biskup er sá, sem fengið hefir meiri hluta atkvæða; gefur konungur honum veitingarbrjef. Biskupsvigslu skal hann taka.

3. gr.

Nú fær enginn meiri hluta atkvæða, og veitir konungur þá embættið.

4. gr.

Nánari reglur um kosninguna setur stjórnarráðið eftir tillögum guðfræðideildar háskólans.

Ástæður.

Biskupsstólar voru settir á Íslandi 1056 í Skálholti og 1107 á Hólum. Fram um miðja 12. öld stóðu íslensku biskuparnir undir erkibiskupum, fyrst í Hamborg og síðan í Brimum. Á þessu tímabili kaus íslenska prestastjettin biskupa sína, og stóð biskupsdómur á Íslandi þá með miklum blóma. Eftir þann tíma komu biskupsstólarnir undir erkibiskupsstólinn í Niðarósi, er stofnaður var 1154. Þrándheimsbiskupar gerðust brátt ærið afskiftasamir um íslensk kirkjumál og tóku að skipa norræna biskupa á Íslandi án allrar tilhlutunar íslensku prestastjettarinnar og henni þvert um gegn; magnaðist hjer af erlent ofriki, til stórtjóns fyrir íslensku kirkjuna, og stuðlaði auk þess mikið að glötun sjálfsforræðis landsins. Á öndverðri 16. öld tókust að visu upp aftur biskupskosningar af hálfu prestastjettarinnar, og helst sá síður nokkurn veginn samfleytt fram um miðja 17. öld. Gísli biskup Þorláksson á Hólum mun hafa verið síðastur biskupa á Íslandi, er kosinn var af prestum árið 1656. Eftir það voru biskuparnir skipaðir af danska valdinu. Ríki þess varð þess valdandi, að þessi síður lagðist niður fyrir fult og alt.

Meðan prestar kusu biskupa sína varð skipun biskupsembættisins aldrei neitt verulegt óánægjuefni, en eftir það vakti hún stundum nokkra óánægju meðal landsmanna, bæði lærðra og leikra.

Skipun prestsembættanna í íslensku þjóðkirkjunni er fyrir nokkru lögð í hendur safnaðanna, og með lögum 30. júlí 1909, um vígslubiskupa, er skipun þeirra embættismanna þjóðkirkjunnar lögð undir atkvæði prestastjettarinnar. Þessi ráðbreytni löggjafarvaldsins fer beinlínis í þá átt að losa kirkjuna við tilhlutun ríkisvaldsins um skipun embætta hennar, að svo miklu leyti er samrýmt getur hinu núverandi þjóðkirkjufyrirkomulagi.

Frumvarpið fer fram á, að góður og gamall síður sje aftur upptekinn um skipun biskupsembættisins, og virðist fátt geta mælt á móti því, en margt með því, og verður nánar bent á það í flutningi frumvarpsins í deildinni.

(B. II, 1).

Nd.

16. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson og Jón A. Jónsson.

Í staðinn fyrir tölulið XIV, 48 komi tveir nýir töluliðir:

Ísafjörður: Ísafjardarsókn.

Hóll: Hólssókn í Bolungavík.

Ástæður.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, samkvæmt áskorun safnaðarfunda í báðum þeim sóknum, sem hjer eiga hlut að máli. Sömu leiðis lá þá fyrir þinginu einróma áskorun frá hjeraðsfundi í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi með eindregnum meðmælum hjeraðsprófasts og biskups. Allar hinar sömu ástæður, sem voru fyrir frumvarpi þessu 1919, eru enn fyrir hendi, og verður gerð nánari grein fyrir þeim í flutningi málsins í deildinni.

(B. III, 1).

Nð.

17. Frumvarp

til laga um gjöld til holræsa og gangstjetta á Ísafirði.

Flutningsmaður: Jón A. Jónsson.

1. gr.

Þar sem lagt hefir verið holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji alt skólp frá húsi hans út í göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón veganefndar eða þess manns, er hún felur umsjónina, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur um tilhögun skólpræsa innan húss og utan. Í reglugerðinni má ákveða, að regnvatn skuli leitt í göturæsin. Vanræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

Fyrir öllum kröfum, sem bæjarstjórnin öðlast á hendur húseigendum og lóðareigendum samkvæmt lögum þessum, hefir bæjarstjórnin lögveð í húsinu eða lóðinni, og gengur sá veðrjettur fyrir öllum veðskuldum samkvæmt samningi.

2. gr.

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins og sömu leiðis kostnaður, er leiðir af því, að gerðar eru steinlímdar, hellulagðar eða aðrar jafnvandaðar gangstjettir, greiðist úr bæjarsjóði. En heimilt er bæjarstjórninni að leggja holræsa- og gangstjettaskatt á hús og lóðir í bænum, samkvæmt reglugerð, er hún setur og stjórnarráðið samþykkir. Skal gjaldið miðað við skattvirðingarverð húseigna og lengd lóða meðfram götu, þar sem holræsi eða gangstjettir verða lagðar.

3. gr.

Lögtaksrjettur fylgir öllum kröfum og gjöldum samkvæmt lögum þessum.

Ástæður.

Það hafa fleirum sinnum borist bæjarstjórn Ísafjarðar tilmæli margra bæjarbúa um að lögð yrði holræsi í aðalgötur bæjarins. Bæjarstjórnin hefir ekki sjeð sjer fært að hefjast framkvæmda í þessu efni, fyr en lög um gjald til holræsa og gangstjetta fyrir bæinn væru samþykkt.

Fyrir því hefir bæjarstjórnin falið mjer að bera fram lagafrumvarp um þetta efni.

Frekari greinargerð við framsögu.

(B. IV, 1).

Ed.

18. Frumvarp

til laga um æfinlega erfingjarentu.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Upphæð þeirri, er greiðist ár hvert í erfðafjárskatt, samkv. lögum nr. 15, 11. júlí 1911, skal skift í hluti, er nemi 1000 kr. hver. Það, sem verður afgangs heilum hlutum, legst við erfðafjárskatt næsta árs.

2. gr.

Hver embættismaður hjer á landi, sem gefur saman hjón, (prestur, sýslumaður eða bæjarfógeti), skal við hvert nýár gefa skýrslu, er gengur til stjórnarráðsins, um hjón, er hann hefir gefið saman á næstliðnu ári, og tilgreina þar nöfn og heimili hjónanna.

3. gr.

Peir 1000 króna hlutir, sem nefndir eru í 1. gr., ganga til hjúa þeirra, er gifst hafa næsta ár á undan og verið hafa í ársvist á giftingardegi minst 5 ár eftir 16 ára aldur, og ræður hlutkesti milli þessara hjúa, hverjir hlutina fá. Stjórnarráðið sjer um hlutkestið, og skal niðurstaða þess birt í Lögbirtinga-bláðinu.

4. gr.

Hjú þau, sem þannig giftast og verið hafa á giftingardegi í ársvist minst 5 ár eftir 16 ára aldur, skulu, ef þau vilja koma til greina við hlutkestið um erfingjarentuna samkvæmt 3. gr., afhenda þeim, er framkvæmir giftinguna, og í síðasta lagi á giftingardegi, fullnægjandi skilríki fyrir því, að þau hafi verið í ársvinnumensku eins og lög þessi tilskilja, og skal senda stjórnarráðinu gögn þessi með skýrslunni, sem getur í 2. gr.

Skyldur er hver húsbóndi, sem haft hefir slík hjú í ársýnnumensku, að gefa drengskaparvottorð um, hversu lengi hjúid var hjá honum sem árs-hjú. Varðar það sekt, alt að 100 krónum til landssjóðs, ef synjað er um að gefa slíkt vottorð.

5. gr.

Eigi skerðir það rjett hjúa til að fá erfingjarentu, þótt þau á vinnu-menskutímabilinu hafi með samþykki húsbænda sinna verið við nám vetr-armánuðina á alþýðuskólum, svo sem búnaðarskóla eða gagnfræðaskóla, eða notið almenns náms annarsstaðar, ef þau vinna húsbændunum alt gagn sem hjú allan annan tíma ársins.

6. gr.

Þann hlut, sem hjúum hlotnast samkvæmt 3. gr., skal leggja í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu í Söfnunarsjóði Íslands undir nafni eigandans sem vaxtaeiganda.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, og ganga þau í gildi 1. janúar 1921.

Ástæður.

Um deild hinnar æfinlegu erfingjarentu segir svo í lögum um Söfnunarsjóð Íslands frá 10. febr. 1888:

»Undir aðaldeild Söfnunarsjóðsins heyrir deild hinnar æfinlegu erfingjarentu, er tekur á móti fje með þeim skilmálum, að jafnan skuli árlega leggjast við höfuðstólinn hálfir vextirnir af honum, en hinn helmingurinn falla árlega til útborgunar til nafngreinds manns, sem vaxtaeiganda, eða þeirra, sem vaxtaeigendur verða að innstæðunni eftir hans dag, því að hinum nafngreinda vaxtaeiganda látnum eiga allir lögákveðnir erfingjar hans rjett til að innstæða sú, er hann var vaxtaeigandi að, skiftist frá næstu árslokum eftir fráfall hans milli þeirra sem vaxtaeigenda, eftir þeirri tiltölu, sem fyrirskipuð er um lögerfdir, og getur þá hver þeirra fengið það, sem honum hlotnast, flutt í bókum Söfnunarsjóðsins til sín sem vaxtaeiganda, og sama rjett hafa að hverjum þeirra látnum allir lögákveðnir erfingjar hvers þeirra, og sama gildir framvegis við fráfall hvers vaxtaeiganda að nokkru af umræddu fje. Sá, sem er vaxtaeigandi að fje í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu, getur ráðstafað vöxtum þeim, sem höfuðstóllinn ber til næstu ársloka eftir fráfall hans og útborgast eiga, en lengra ná eigi umráð hans yfir fje þessu«.

Eins og ofan nefnd ákvæði bera með sjer, fer hver upphæð í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu smám saman vaxandi, með því að helmingur vaxtanna legst jafnan við höfuðstólinn, en við fráfall hvers vaxtaeiganda skiftist upphæð sú, er honum tilheyrði, meðal allra lögákveðinna erfingja hans. Við þetta dreifist hver upphæð áður en á löngu liður til mjög margra, jafnframt því, sem hún í heild sinni fer stöðugt vaxandi.

Þau þrjú fjárhagstímabil, sem liðin eru síðan lögin frá 1911 um erfðafjárskattinn komu í gildi, hefir hann numið að meðaltali rúmum 10000 kr. og fyrir árið 1918 nam hann kr. 10315,98. Eftir ofanrituðu frumvarpi mundu því 10 hjú hafa árlega getað fengið 1000 kr. hlut hvert. Ef t. d. 22 ára konu blotnast 1000 króna hlutur, og hún tæki jafnan hálfa vextina, þá mundi upphæð hennar með þeim vöxtum, sem Söfnunarsjóðurinn nú borgar, nema kr. 3099,61, er hún væri orðin sjötug, og sá helmingur vaxtanna, er hún þá fengi útborgaðan, mundi vera kr. 73,60; alls mundi hún þá vera búin að fá útborgaðar rúmar 2090 krónur. Lifði hún lengur, þá hækkar með hverju ári bæði það, sem hún fær útborgað, og það, sem hún eftirlætur erfingjum sínum. Við fjárupphæð þá, sem alls yfir stæði í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu, mundi yfirleitt bætast árlega töluvert meira af vöxtunum en helmingurinn, því sumir, sem nokkur efni hefðu, mundu eigi kæra sig um að taka neitt af vöxtunum, heldur láta þá leggjast við innstæðuna til hagnaðar fyrir erfingja sína, og enn fremur er svo ákveðið í lögum Söfnunarsjóðsins, að við innstæðuna leggist vextir, sem eigi nema 10 kr., þótt þeir annars ættu að útborgast, því engum mundi vera verulegur styrkur að svo litilli upphæð. En framan af mundi þetta oft koma fyrir, þegar fjeð dreifist milli margra erfingja, meðan það enn væri lítið.

Nái ofanritað frumvarp fram að ganga, þá munu ekki mjög margar kynslóðir verða liðnar áður en mikill hluti landsmanna, og einkum hinir fátækari, mundu fæðast til nokkurrar eignar, sem vaxandi færi ár frá ári, og með tímanum mundi meiri hluti íslenskra heimila hafa þær tekjur af hinni æfinlegu erfingjarentu, að fátæku fólki væri verulegur styrkur að því.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hversu mikið los er komið á yngra fólk, svo að það fæst nú naumlega til að vera í ársvinnumensku. Það virðist því full þörf á að hvetja yngra fólk til vinnumensku, og að því stefnir frumvarp þetta, þótt fjárhæðin sje fyrst um sinn takmörkuð, eða bundin að eins við erfðafjárskattinn. Þegar fjárhagur landsins yrði betri en hann er nú mætti auka þessu fúlgu hve nær sem ástæður leyfðu. Og svo virðist, sem slík uppörfun til vinnumensku, eins og hjer um ræðir, ætti smám saman að geta breytt hugsunhætti þeirra, sem hafa skömm á algengri vinnu og að vera í ársvinnumensku, sem áður var algengast og setti hið nauðsynlega mót staðfestunnar á unglingana.

(B. V, 1).

Nd.

19. Frumvarp

til laga um löggilding verslunarstaðar í Valþjófsdal í Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Ólafur Proppé.

1. gr.

Í Valþjófsdal, vestan megin Öndarfjarðar, skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ástæður.

Í öllum Önundarfirði er að eins einn löggiltur verslunarstaður, austan megin fjarðarins, en eins og sjá má af meðfylgjandi áskorun, sem er undirrituð af hjeradsbúum báðum megin fjarðarins, er það einlægur vilji fjarðarbúa, að breyting verði hjer á gerð.

Önundarfjörður er einn með stærstu og fjölmennustu fjörðum vesturkjálkans, og þar sem nágrannafirðirnir hafa 2 og 3 löggilta verslunarstaði, virðist öll sanngirni mæla með löggilding þessari.

Fylgiskjal.

Vjer undirritaðir eigendur Kirkjubóls, jeg Eyjólfur Jónsson, Jón Guðmundsson og Steinþór Jónsson, förum þess á leit við hið háa Alþing í Reykjavík, að það löggildi verslunarstað ásamt höfn í Valþjófsdal við Önundarfjörð.

Verslunarstaðið takmarkist að austanverðu frá Valþjófsdalsá, sem er landamerki á milli Þorfinnsstaða og Kirkjubóls, og út að »Rauðku«, (svo nefndum læk, er fellur þar í sjó fram).

Það skal tekið fram, að höfn er ágæt og verslunarlóð og bryggjustæði gott.

Jón Guðmundsson. Steinþór Jónsson. Eyjólfur Jónsson.

Við undirritaðir erum samhuga ofanskráðri beiðni.

(57 nöfn).

(B. VI, 1).

Nd.

20. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

Í stað tölul. XI, 53 í lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, komi tveir töluliðir:

Suðurdalalþing: Sauðafells-, Snóksdals- og Stórvatnshornssóknir.

Hjarðarholtsþing: Hjarðarholtssókn.

Greinargerð.

Þinginu hefir borist áskorun frá 158 safnaðarmönnum um að láta Hjarðarholtsprestakall ekki sameinast Suðurdalapingum við næstu prestaskifti. Er áskorun þessi prentuð hjer aftan við (fgskj. I) og sömuleiðis nánari greinargerð af hálfu safnaðarmanna, frá Árna hjeraðslækni Árnasyni (fgskj. II).

Fylgiskjal I.

Vjer undirritaðir safnaðarmenn í Hjarðarholtsprestakalli leyfum oss hjer með að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að lögum um skipun prestakalla, frá 16. nóv. 1907, verði breytt þannig, að Hjarðarholtssókn verði sjerstakt prestakall, eins og áður var samkvæmt lögum og enn er í framkvæmdinni. Samkvæmt áður nefndum lögum á Hjarðarholt að leggjast til Suðurdalapinga, er núverandi prestur vor segir af sjer embætti, og verður verksvið þess prests þá 4 sóknir, eða mjög nálægt hálf Dalasýsla að víðlendi og fyllilega það að fólksfjölda.

Oss er það fyllilega ljóst, að mjög er mikils um það vert fyrir hverja sókn, að trúar- og safnaðarlíf hennar sje vel vakandi; er oss það áhugamál, að svo verði hjá oss. En vjer getum ekki sjeð, hvernig sami prestur allra þessara safnaða á að geta fullnægt þörfum þeirra í andlegum efnum, þó að hann á hinn bóginn kunni að anna því að framkvæma hin sjerstöku lögboðnu prestsverk.

Á það viljum vjer benda, að kirkja vor var vel efnum búin, jarðir hennar, er seldar hafa verið, nema hárri upphæð og að hún því leggur góðan skerf til launa handa presti sínum.

Vjer væntum þess fastlega, að hið háa Alþingi geti fallist á ástæðurnar fyrir málaleitun vorri og sjái sjer fært að verða við henni.

Hjarðarholtssókn, janúar 1920.

Virðingarfylst.

(158 nöfn).

Til Alþingis.

Fylgiskjal II.

Búðardal, 14. janúar 1920.

Herra alþingismaður Bjarni Jónsson!

Á nýársdag síðastliðinn var haldinn auka-safnaðarfundur að Hjarðarholti, til þess að ræða um að fá því framgengt, að Hjarðarholtssókn verði sjerstakt prestakall áfram, eins og verið hefir að lögum og er enn í framkvæmdinni, á meðan prestur vor, síra Ólafur Ólafsson, hefir ekki sagt af sjer. Fundurinn sam-

þykti í einu hljóði að skrifa Alþingi beiðni þessa efnis, og var jeg undirritaður kosinn af fundinum til þess að koma henni áleiðis. Beiðni þessi, undirrituð af 158 safnaðarmönnum, 21 árs og eldri, fylgir með brjefi þessu, og vil jeg leyfa mjer að biðja yður að koma henni á framfæri. Vil jeg nú skýra yður frá skoðun vorri á málinu nokkru ger en gert er í brjefinu til Alþingis.

Vjer safnaðarmenn erum á þeirri skoðun, að það sje til mikils gagns fyrir þjóðfjelagið í heild sinni, að trúar- og safnaðarlíf sje sem best vakandi og að öll starfsemi prestastjettarinnar sje í sem bestu lagi. En þá er á það að líta, hvort vjer höfum gildar ástæður til þess að biðja um sjerstakan prest.

Fyrst má þá spyrja, hvort vjer höfum þörf á sjerstökum presti. Þá er á það að líta í fyrsta lagi, hvert er hlutverk prestanna. Hlutverk eða starf presta mun mega greina í fimm atriði. Í fyrsta lagi eiga þeir að halda við trúarlífi í söfnuðunum, bæði í kirkju og utan kirkju, og ekki eingöngu að halda því við, heldur líka að auka það og glæða. Þetta er nú og verður fyrsta starf prestanna, aðalstarf þeirra, en jafnframt líklega öðrugasta starf þeirra. Í öðru lagi eiga þeir að innræta æskulýðnum trú og siðgæði. Þetta atriði er mjög mikilsvert, ekki síst nú orðið, þegar svo lítur út sem fræðsla heimilanna fari minkandi, bæði í þeim efnum og öðrum. Það er líka mikilsvert fyrir prestana sjálfa, og það af þeirri ástæðu, að »smekkurinn sá, sem kemst í ker, keiminn lengi eftir ber«. Sá prestur, sem vill vinna hugi safnaðarins, má ekki slá slóku við æskunni. Starf þetta tekur líka allmikinn tíma, sje það rækt með fullri alúð og samviskusemi. Í þriðja lagi eiga þeir að framkvæma lögboðin aukaverk presta. Í fjórða lagi eiga prestarnir að vera hollir vinir og ráðgjafar sóknarbarna sinna, eldri sem yngri, er þau geti leitað ráða hjá og sótt traust til í ýmsum andlegum öðugleikum sínum. Í fimta lagi eiga prestarnir að vera frömuðir hollrar andlegrar menningar og andlegra framfara yfirleitt í prestakalli sínu og efla þar andlegt líf og styðja alla holla viðleitni í þeim efnum. Þeir eiga að hafa mentandi, göfgandi og bætandi áhrif alstaðar þar, sem þeir ná til. Þetta hlutverk er mikið og mikilsvert í afskektum sveitum. Að því er til dæmis snertir þetta prestakall sjerstaklega, þá er hjer einmitt að þessu leyti mikið hlutverk handa góðum presti og áhugasömum. Það getur t. d. varla heitið, að á þessu svæði sje sá mentamaður, sem bæði hafi tíma og hæfileika til þess að miðla öðrum verulegri fræðslu. Unglingar þeir, sem eru fróðleiksfúsir og vilja fræðast utan skólanna, eiga ekki í neitt hús að venda. Og andlega lífið yfirleitt þarf þess með, að það sje vakið og glætt og ýtt undir fjelagsskap til andlegra framfara.

Starf prestanna virðist þannig ekki vera neitt smáræði.

Næst er á það að líta, hvort einn prestur í Suðurdalþingum, eins og þau eiga að verða, með Hjarðarholtssókn, muni geta fullnægt öllu prestakallinu og leyst þessi margbrotnu störf sín þar svo af hendi, að söfnuðunum verði til fulls gagns.

Prestakallið alt, Suðurdalir og Hjarðarholt, verður fjórir hreppar, eða mjög nálægt því hálf Dalasýsla að viðáttu. Fólksfjöldi í þessum hluta sýslunnar var við nýár 1919, samkvæmt manntalsskýrslum prestanna, 998 manns, en 981 í hinum helming sýslunnar. Að fólksfjöldi er þessi hluti því fullkomlega hálf sýslan. En í hinum helming hennar sitja að lögum tveir prestar. Annar þeirra hefir að auki eina litla sókn í Barðastrandarsýslu, og þótti presti þeim, er þar var síðast, prestakallið erfið.

Niðurstaða vor og skoðun er því sú í fáum orðum, að starfsvið presta sje viðtækt, störfin mörg og sum erfið og tímafrek, og að það sje oflítið fyrir oss að fá að eins fjórða hluta af tíma og starfskröftum prestsins í Suðurdalabyingum til þess að vekja trúar- og safnaðarlífið og halda því við og að fullnægja að öðru leyti þörf vorri á presti, og að beiðni vor sje því rjettmæt að þessu leyti.

Þá er þessu næst að athuga, hvort Hjarðarholtsprestakall sje svo stórt, að vjer getum með sanngirni beðið um sjerstakan prest fyrir þá sök. Árið 1910 voru hjer í sókninni, samkvæmt manntalinu, 322 manns, en við áramótin 1918—19 voru þeir 343, samkv. manntalsskýrslum prestanna. Samkvæmt manntalinu 1910 eru á landinu 14 prestaköll, sem eru mannfærri en þetta prestakall (Hb.), en þau eru: Auðkúla, Breiðihólstaður á Skógarströnd, Brjánslækur, Hruni, Hofteigur, Hvammur í Laxárdal, Mjóifjörður, Rafnseyri, Sandfell í Örafum, Skeggjastaðir, Staður í Grunnavík, Tjörn á Vatnsnesi, Pingvellir og Þóróddsstaður, auk Grims-eyjar, sem ekki kemur til samanburðar í þessu máli.

Af þessu virðist það ljóst, að vjer erum eigi svo fámennir, að ósanngjarnt sje, að vjer fáum að halda sjerstökum presti vorum, svo sem verið hefir frá gamalli tíð.

Loks er á það að lita, hvérnig fjárhagur kirkju vorrar er og hefir verið, hvort hún hefir verið og er svo fátæk, að hún sje til byrði öðrum fremur. Fyrir 12 árum átti Hjarðarholtskirkja þessar jarðir í Laxárdalshreppi: Hjarðarholt, Hrappsstaði, Fjós, Spágilsstaði, Sauðhús, Sámsstaði og Þrándarkot. Fimm þessara sjö jarða hafa síðan verið seldar: Sauðhús, 17,8 hndr. að dýrleika (að nýju mati), seld 1909 fyrir 2700 kr., Hjarðarholt, 29,78 hndr., selt 1910 og Hrappsstaðir, 8,33 hndr., seldir sama ár, báðar fyrir 7150 kr. samtals, Spágilsstaðir, 8,33 hndr., seldir 1910 fyrir 1750 kr. og loks Sámsstaðir, 26,2 hndr., seldir 1916 fyrir 5300 kr. Alls voru þessar 5 jarðir því 90,44 hndr. og voru seldar fyrir 16900 kr. samtals. Tvær jarðirnar, Fjós, 9,53 hndr., og Þrándarkot, 4,7 hndr., á kirkjan enn, eða alls 14,23 jarðarhundruð. Önnur þessara jarða, Fjós, á land það, sem Búðardalskaupþún er reist á. Sú jörð væri þægileg til afnota handa presti, er stunda vildi búskap, þótt hann yrði sjálfur að sjá sjer fyrir húsnæði¹⁾.

Vjer getum eigi sjeð annað en að efnahagur kirkju vorrar sje og hafi verið svo góður, og að hún með seldum jörðum sínum hafi lagt þann skerf til launa presti sínum, að beiðni vor sje rjettmæt og sanngjörn einnig þá er á þessa hlið er lítið.

Að öllum þessum ástæðum athuguðum vil jeg, fyrir hönd safnaðarmanna í Hjarðarholtsprestakalli, biðja yður, herra alþingismaður, að koma þessu máli voru á framfæri á Alþingi og styðja að því, að því verði ráðið farsællega til lykta.

Virðingarfylst

Árni Árnason,
hjeraðslæknir.

1) Loks á kirkjan einnig laxveiði í Laxá neðanverðri.

(A. I, 2).

Nð.**21. Nefndarálit**

um frumvarp til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Frá stjórnarskrárnefndinni.

Nefnd sú, sem háttvirt neðri deild kaus á fundi sínum 13. þ. m. til þess að íhuga frumvarp til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands, það er nú liggur fyrir aukþinginu, hefir lokið störfum sínum.

Nefndin ræður einróma háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt, eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 14. febrúar 1920.

Sigurður Stefánsson,
formaður.

Pórarinn Jónsson,
fundaskrifari.

Sveinn Björnsson,
framsögumaður.

Jón Sigurðsson. Stefán Stefánsson. Þorleifur Jónsson. Pjetur Ottesen.

(B. VII, 1).

Nð.**22. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

Flm.: Björn Hallsson og Þorsteinn M. Jónsson.

Hróarstunguhjeraði skal skift í tvö læknishjeruð sem hjer segir:

1. *Hróarstunguhjerað*: Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðahreppur og Eiðahreppur.
2. *Bakkahjerað*: Borgarfjarðarhreppur.

Greinargerð.

Síðan bústaður læknisins í Hróarstunguhjeraði var fluttur til Borgarfjarðar má svo segja, að hjeraðshreppar þess læknishjeraðs sje læknislausir með öllu. Hjeraðsmenn verða að vitja læknis ýmist í Brekku í Fljótsdal, niður til Borgarfjarðar eða á Vopnafjörð. Hver þessi leið, sem valin er, er langsótt og erfið, og má svo segja í öllum bráðum tilfellum, að hver og einn verði að deyja drottni sínum án þess til læknis náist í tæka tíð.

Reynslan er orðin sú, að Borgarfjarðarlæknir er mjög lítið sóttur af Hjer-aði, sjerstaklega að vetrarlagi, sem stafar mest af því, hvað fjallgarðurinn á milli Hjeraðs og fjarða er snjósæll og erfiður yfirferðar.

Sú leið er oft fremur valin, að sækja lækni upp í Brekku, af því sú leið er innanhjeraðs, þótt vegalengd sje eins mikil, eða þá til Vopnafjarðar. En þeir læknar eru ekki skyldir að fara í önnur læknishjeruð, ef þeir þurfa að gegna sjúklingum í sínum hjeruðum, þótt þeir hafi gert það þegar þeir hafa mögulega getað. Vissa er því engin fyrir því, að læknir fáiast þegar búið er að fara þessar löngu, dýru og erfiðu ferðir. Ástandið er því þannig, að menn eru oft í óvissu, hvert á að vitja lækni. Allir sjá, að þetta er óviðunandi með öllu.

Reynslan er búin að leiða það í ljós, að Borgfirðingar og Hjeraðsmenn geta aldrei hjeðan af sameinast um einn lækni. Sú leið virðist því tiltækilegust, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Mannfjöldi Hróarstunguhjeraðs var 1910 sem hér segir: Í hjeraðshrepp-unum, sem mynda eiga hið nýja Hróarstunguhjerað, 1021, og í Borgarfirði, hinu fyrirhugaða Bakkahjeraði, 432 — eflaust fleira nú, t. d. í Borgarfirði um 500 manns.

Frekari greinargerð virðist óþörf, þar sem samskonar frv. lá fyrir síðasta þingi, og svo verður málið skýrt nánar við framsöguna.

(C. I, 1).

Nd.

23. Tillaga

til þingsályktunar um útborgun á launum presta.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að láta sömu reglur gilda um útborgun á launum presta og annara embættismanna ríkisins.

(C. II, 1).

Ed.

24. Tillaga

til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga stjórnarskrármálið.

Flutningsm.: Guðmundur Guðfinnsson, Jóh. Jóhannesson og Karl Einarsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að íhuga stjórnarskrármálið.

(C. III, 1.)

Sp.**25. Tillaga**

til þingsályktunar um varnir gegn spönsku influensusýkinni.

Flutningsm.: Gísli Sveinsson, Magnús Pjetursson, H. Steinsson og Sveinn Björnsson.

Sameinað Alþingi skorar alvarlega á landsstjórnina að hlutast til um, að sem öflugast verði haldið uppi vörnum gegn því, að spanska influensusýkin berist til landsins eða breiðist út innanlands, og spara til þess hvorki fje nje fyrirhöfn.

(A. X, 2).

Nd.**26. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 64, 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin fellst á frv. þetta eins og það kemur frá stjórninni. Leggur hún því til, að háttv. deild leyfi því fram að ganga án breytinga.

Alþingi, 16. febr. 1920.

Pjetur Jónsson,
formaður.

Magnús Pjetursson,
skrifari og framsögumaður.

Bjarni Jónsson
frá Vogu.

Þorleifur Jónsson. Stefán Stefánsson. Gunnar Sigurðsson. Ó. Proppè.

(B. VIII, 1.)

Nd.**27. Frumvarp**

til laga um ráðstafanir til útrýmingar fjárkláða.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að gera ráðstafanir til algerðrar út-

rýmingar fjárkláða og láta fram fara tvennar baðanir með 12 daga millibili á öllu sauðfje, svo fljótt sem því verður við komið.

2. gr.

Reglugerð um framkvæmdir verksins semur landsstjórnin eftir tillögum dýralæknisins í Reykjavík, en felur dýralæknunum, hverjum í sínum fjórðungi, að annast og hafa eftirlit með framkvæmdunum.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

3. gr.

Allur kostnaður við útrýming fjárkláðans greiðist að hálfu af eigendum fjárens, en hinn helmingurinn úr ríkissjóði. Landsstjórnin ákveður hver baðlyf skuli notuð og sjer um útvegum þeirra.

4. gr.

Þann vetur sem útrýmingarboðunin fer fram, skulu hinar árlegu þrifaðanir samkv. lögum nr. 46, 10. nóv. 1913, niður falla og frestað skal framkvæmd tilskipunar 5. jan. 1866, tilsk. 4. mars 1871 og laga 8. nóv. 1901, að því leyti sem tilskipanir þær og lög samrýmast ekki lögum þessum.

Greinargerð.

Greindir menn og reyndir í Dalasýslu hafa hvað eftir annað snúið sjer til Alþingis og beðist ráðstafana til þess að útrýma fjárkláðanum. Nú hefir Guðbrandur Jónsson á Spákelsstöðum sent þinginu langt og fróðlegt erindi um þetta mál. Jeg hefi því beðið Magnús Einarsson dýralækni að semja frv. í þessa átt og legg það fyrir deildina. Erindi Guðbrands er svo:

Háttvirta Alþingi!

Jeg gerist svo djarfur að leyfa mjer að senda yður eftirfarandi erindi eða athugasemdir viðvíkjandi fjárkláðanum hjer á landi og útrýmingu hans.

Þegar litið er yfir sögu fjárkláðans frá því fyrst, að hans varð vart hjer, til þessa tíma, finst mjer sem telja megí hann eina af landplágunum, sem hjer hafa gengið, að minsta kosti um einn tíma. Man jeg líka eftir, þegar jeg var unglingur, að jeg heyrði aldrað fólk þá minnst á hann og tala um hann þannig, enda hefir líka löggjöfin reynt til að útrýma honum með öllu, en mistök hafa þó verið á, að það hafi tekist til þessa.

Ílt finst mjer, að verk, sem byrjað hefir verið á að framkvæma og kostað hefir verið til ærnu fje bæði frá einstaklingum og hinu opinbera, skuli vera hætt við í miðju kafi, og það jafnvel þá, þegar vissa er fengin fyrir því, að verkið er hægt að framkvæma með fremur litlum tilkostnaði, og þegar líka um jafnmikið þjóðnytjafyrirtæki er að ræða sem útrýming fjárkláðans er.

Hjer hafa verið og eru enn þrenn lagaboð, sem öll beinast að því einu að útrýma fjárkláðanum, sem sje: 1. tilskipun frá 5. jan. 1866, 2. tilskipun frá 4. mars 1871 (niðurskurðarl. alræmdu) og 3. lög 8. nóv. 1901. Með hinum síð-

ast töldu lögum er háð höfuðorusta við fjárkláðamaurinn og gengið svo vel fram, að ælla má, að fjárkláðinn hafi um nokkur ár útrýmst úr flestum hjeruðum landsins, en orustan var of stutt; hefði verið baðað nokkra vetur samfleytt um alt landið, hefði fjárkláðinn útrýmst með öllu, en einhversstaðar hafa sloppið lifandi maurar, sem svo hafa náð að auka kyn sitt og breiðast út um landið aftur.

Engan vafa tel jeg þó á því, að hefði tilskipuninni frá 1866 og viðaukalögunum frá 1901 verið fylgt í öllum greinum, væri nú enginn fjárkláði til lengur hjer í landi, því eftir þessum lagaboðum átti vöndulega að líta eftir, hvort fjárkláða yrði vart, og ef það kæmi fyrir, að einangra þá strax og baða alt sjúkt og grunað fje; en þetta hefir farið á annan veg.

Einstakir menn, sumir að minsta kosti, sem orðið hafa varir við kláða hjá sjer, hafa forsómað að tilkynna um hann og jafnvel hilmað, og lögreglustjórar og hreppstjórar hafa líka algerlega forsómað það, sem þeim bar að gera hjer að lútandi samkvæmt tilskipuninni frá 1866 og viðaukalögunum, og sumir af þeim vita einu sinni ekki, hvað lagaboð þessi mæla fyrir.

Þótt fjárkláðinn kunni nú aftur að vera kominn í flest hjeruð landsins, sem jeg veit þó ekki með vissu hvort er, þá hefir þó mjög mikið unnið við tilraunir þær, sem gerðar hafa verið til að útrýma honum, því með því hefir þó fengist örugg vissa fyrir því, að útrýma má honum með böðun, sje baðlyfið haft við hæfi sterkt og unnið að böðunarstarfinu að öðru leyti vöndulega, og þegar nú þessi vissa er fengin, sýnist nú svo í fljótu bragði, að bændum ætti að vera það vorkunnarlaust að leggjast á eitt með að útrýma honum; allir ættu þeir að geta sjeð, að best er að vera laus við hann, því kláðasjúk kind getur með engu móti þrífist á hvaða tíma sem er; jafnvel að sumrinu í bestu veðrum, þegar hún fódrastr þá á tómu grængresi, getur hún dregist upp og orðið ósjálfbjarga. -- Þessu hefi jeg sjálfur orðið sjónarvottur að.

Jeg vjek að því hjer á undan, að bændum ætti ekki að vera vorkunn á að útrýma fjárkláðanum, þar sem nú væri fengin vissa fyrir því, að útrýma mætti honum með böðunum, en til þess að það takist, verða baðanir að framkvæmast allsstaðar, þar sem nokkur kláðavon er, og líka að mestu leyti samtímis, svo að baðaðar og óbaðaðar kindur ekki komi saman. Nú er það svo, að sumir bændur verjast fjárkláðanum með öllu eða að mestu, enda þótt nágrannar þeirra sumir hafi hann hjá sjer árið um kring og tíðar samgöngur sjeu á fje þeirra; en árvekni, ástundun og tilkostnað verður sá bóndi að hafa, sem þannig getur varist kláðanum, og hart er það líka fyrir hann að verða að þola það að eiga alt af á hættu, að fjenadurinn smitist árlega, ef ekki daglega, af annara kindum, sem eins gætu verið heilbrigðar, ef bara ekki vantaði eina saman kærusemi fjáreiganda til þess.

Hjer finst mjer að löggjöfin verði að koma til; hún á að vernda rjett einstaklingsins. Þetta er nú að vísu gert í fyrirmælum tilskipunarinnar frá 1866 og viðaukalögunum frá 1901, en þessi lagaboð hjer að lútandi eru ekki haldin hjer fremur en engin væru, enda erum við Dalasýslubúar líka oftast núna sýslumannslausir. Hin almennu þrifaböðunarlög frá 10. nóv. 1913 hafa að mínu áliti ekki gert minsta gagn til að útrýma fjárkláðanum, enda virðist, að þau hafi ekki verið samin til þess, eins og orðið »þrifaböðun« í fyrstu greininni líka bendir til. Hefir þá löggjöfin líklega gert ráð fyrir, að búið væri að útrýma honum, en þær

baðanir, sem þau lög skipa fyrir um, hafa á sumum stöðum orðið beinlínis til að auka kláðann og á þann hátt, að sum af hinum lögskipuðu baðlyfjum, sem brúkuð hafa verið, eru svo veik, að maurinn, sem borist hefir í baðlöginn af kláðasjúkum kindum, hefir komist úr honum aftur lifandi á heilbrigðar kindur, sem baðaðar hafa verið úr sama legi, og smitað þannig örara en ella mundi. Þetta kann nú sumum að þykja öfgar, en hægt er mjer að sanna þetta, þótt ekki hirði jeg að rökræða það frekar hjer. Veldur ef til vill nokkru hjer um óvand-virkni baðenda; lögin sjálf eru líka ófullkomin, þar sem þau ekki mæla fyrir um neitt verulegt eftirlit með böðunum nje um eftirlit með blöndun á baðlegi; má þó óhætt fullyrða, að þess hefði þurft, að minsta kosti í sumum stöðum.

Síðan útrýmingarböðunin fór fram um land alt, hefir stjórnarráðið nokkrum sinnum skipað fyrir um fjárbaðanir á ríkissjóðs-kostnað í einstökum hjeruðum í hvert skifti, þar sem fjárkláða hefir þá orðið vart, en þær ráðstaf-anir hefir mjer virst reynast eintómt kák, að eins til að eyða peningum, sem betur hefði verið varið til annars; og nú í vetur hafa verið fyrirskipaðar baðanir á ríkissjóðs-kostnað á allviðtæku svæði, en aldrei finst mjer þó sem kákið hafi verið annað eins í þessu efni, ef ekki kennir kæruleysis í meðhöndlun ríkissjóðs, ef ekki hefir átt að baða annað fje en á þeim heimilum, þar sem kláða varð vart við kláðaskoðun þá, er fram fór í byrjun des. í vetur, enda þótt vitanlegt sje, að kláði hefir verið á mikið fleiri heimilum í haust og fjeð því verið smitað, þó ekki væri komið hrúður, og heldur ekki skipað fyrir um eftirlit með böð-unum. Þessi ráðstöfun verður líka meira kák fyrir það, hvað hún kemur seint; bæði er nú það, að hin lögskipaða þrifaböðun, sem framkvæmast á á tímabilinu frá 1. nóv. til 15. jan., var fyrir löngu um garð gengin á sumum stöðum, sem mjer finst að stjórnarráðið hefði átt að athuga. Enn er það, að þegar skipun þessi kemur, er orðið ómögulegt að ná að sjer baðlyfinu á sumum stöðum; að minsta kosti var það svo hjer. Ekkert skip gat þá orðið komist inn á Hvamms-fjörð fyrir íshroða, og ófært var að sækja á klökkum út í Stykkishólm alt það baðlyf, sem hefði þurft til Dala, og því síður, að hægt sje að koma við æki þessa leið. En þrátt fyrir þessi mistök á stjórnarráðstöfun þessari mun þó ríkis-sjóður kosta baðanir á nokkrum stöðum nú í vetur, en Dalasýsla mun þó öll eða mestöll verða fyrir utan það; má þó nokkurn veginn fullyrða, að fjárkláðinn sje hjer útbreiddur um alt, því ekkert heimili mun til, sem hægt sje að fullyrða um að sje grunlaust. Nokkrum einstökum heimilum hjer og hvar mun hafa tek-ist að verjast honum að mestu, þótt ekki hafi þeim tekist að einangra fjenaðinn frá kláðasjúkum kindum þann tíma, sem hann er ekki í húsi.

Jeg vil geta þess, að mjer hefir verið sýnt skeyti það, sem stjórnarráðið sendi til sýslumanns hjer viðvikjandi þessari ríkissjóðskostnaðar-böðun, og vildi jeg mega skilja það svo, að baða ætti allar kláðasjúkar kindur, og enn fremur allar grunaðar kindur, hvar sem væri í hjeraðinu; en þann veg var það skilið af ýmsum mönnum, sem hjer um áttu að ráða, að baða ætti aðeins á þeim bæjum þar sem kláðasjúkar kindur findust, þegar kláðaskoðun fór fram í haust; var þó þá á sumum bæjum alveg nýskeð búið að farga kláðasjúkum kindum, og því engin von til að þær findust þar þá dagana, en margar kindur gátu þá verið auðugar af maurum, þó ekki sæjust, og komnar með hrúður eftir fáa daga.

Jeg hefi hjer að framan orðið nokkuð margorður um þetta efni, en vil nú leyfa mjer, að víkja að því nokkrum orðum, á hvern hátt jeg hefi hugsað

mjer að útrýma mætti fjárkláðanum, án þess það verði fjárhagslega tilfinnanlegt hinu opinbera og einstaklingum.

Jeg er fyllilega þeirrar skoðunar, að fjárhagslega er bændum alls ekki of-
vaxið að útrýma fjárkláðanum, en samhuga vilji og viðleitni allra verður að vera
til þess; annars tekst það ekki, en um slíkt er varla að ræða enn sem komið er.
Kæruleysi sumra fjárhafa er of mikið í þessu efni, til þess að treysta megí að
þetta takist afskiftalaust frá hendi löggjafarinnar. Á þessu kæruleysi er það sem
fjárkláðamaurinn hefir lifað og dafnað undanfarin ár og breiðst um landið.

Hjer verður að mínu áliti að semja ný lög um útrýminguná og nema
úr gildi öll þau lagaboð, sem nú eru hjer um; ekki svo að skilja, að jeg áliti ekki
neitt nýtilegt í þeim, heldur hitt, að jeg tel heppilegra að yngja þau upp og færa
þau saman í eina heild. Það er að mjer virðist komið sem upp í hefð að brjóta
þessi lagaboð, sem nú eru, sem jeg hygg að síður verði um ný lög, að minsta
kosti fyrst í stað, þó aldrei nema margt af hinum eldri ákvæðum verði tekið
upp í þau. Í lögnum verður að skipa fyrir um mardrepani þaðanir á sauðfje
um land alt, um örugt eftirlit með þeim og um eftirlit með heilbrigði fjárens,
sem jeg tel ekki minst um vert, og svo líka hvaðan kostnaður hjer af leiðandi
skuli greiddast.

Einn eftirlitsmaður ætti að vera í hverjum hreppi á öllu landinu, sem
sýslumaður skipaði í samráði við hlutaðeigandi hreppsnefnd. Ein böðun ætti að
fara fram á öllu sauðfje á tímabilinu frá 1.—24. des. Eftirlitsmaður ætti ná-
kvæmlega að líta eftir, að þær fari reglulega fram og lögum samkvæmt. Áður en
byrjað er að baða á hverjum stað, verður að grandskoða hverja kind, og þar
sem kláða kann að verða vart, sje baðað aftur alt fje á því heimili eftir hæfi-
legan tíma.

Þar sem hreppar eru stórir eða fjármargir, ætti eftirlitsmaður að mega
kveðja sjer til aðstoðar 1—2 menn til þess að böðun geti verið lokið innan hins
tiltekna tíma, en svara ætti hann sjálfur til, ef einhversstaðar kynni að koma
fyrir mistök á eftirliti þessara manna, því þess betur mundi hann vanda val
þeirra.

Í byrjun marsmánaðar ætti eftirlitsmaður að grandskoða hverja kind í
hreppnum, og komi þá í ljós, að kláði hafi einhversstaðar gert vart við sig að
vetrinum eftir að böðun fór fram, ætti að baða þá samstundis alt fje á því heimili.
Jeg hefi reynslu fyrir því, að ekkert sakar að neinu leyti, þó ær sjeu baðaðar á
þeim tíma. Þessa ráðstöfun tel jeg afaráriðandi; er þá vissa fyrir því, að kláða-
kindum sje ekki slept úr húsi að vorinu, og hafi enginn kláði þá gert vart við
sig að neinu leyti, gerir hann það valla þó síðar sje; en sleppi aftur á móti kláða-
sjúk kind út úr húsi að vorinu, getur hún smitað afarmikið yfir tímann til hausts.

Baðlyf það, sem brúkað er, verður að vera rannsakað á þann hátt, að
vissa sje fyrir að það sje mardrepani; það verður líka að vera handhægt til
notkunar; ákvarða verður hversu lengi hverri kind sje haldið niðri í baðleg-
inum og hversu lengi fje sje haldið í húsi eftir böðun, sem líklega ætti ekki að
vera styttra en 3 dagar.

Sjálfsgagt er að eftirlitsmaður njóti aðstoðar lögreglustjóra, ef þess kynni
einhversstaðar með að þurfa.

Á manntalsþingum ætti eftirlitsmaður að afhenda sýslumanni skýrslu um
störf sín yfir síðastliðinn vetur, er svo sendir hana til hagstofunnar. Í skýrslunni

ætti að greina frá hvaða daga baðað er, og hvað margt fje á hverjum stað, enn fremur ef kláða hefir orðið vart, og þá á hvaða tíma, hvaða bæjum og í hvað mörgu fje á hverjum stað. Ætti með því að fást nokkurn veginn vissa um, hvað gengur með útrýminguna.

Alt baðlyf, sem þarf til að framkvæma baðanir þessar, ættu hreppsnefndir að útvega en fjáreigendur að borga. Viðvíkjandi útvegum á baðlyfi til einnar böðunar tel jeg heppilegt ákvæði 5. gr. í þrífaböðunarlögum frá 1913, að sleptu stjórnarráðinu sem millilið, en það baðlyf, sem þurfa kynni til fleiri baðana, ættu hreppsfjelögin að hafa til, eða tryggja sjer á einhvern hátt, t. d. hjá kaupfjelögum eða verslunum, og á ábyrgð hreppsnefnda ætti það að vera, að alt af sjeu fyrir hendi nægileg baðlyf til þeirra baðana, sem fyrir kunna að koma.

Laun eftirlitsmanns tel jeg nokkuð hæfilegt 3—4 aur. fyrir hverja kind, sem böðuð er hvert skifti, en 2 aur. á kind fyrir eftirlitið í apríl, því ekki þarf að gera ráð fyrir að hann kosti sig á meðan; með greiðslu á launum sínum verður hann líklega að eiga aðgang hjá hreppsnefnd og sje hún skyld til að greiða það úr sveitarsjóði, en innheimta það þá aftur hjá hlutaðeigendum. Gæti hún ef til vill notið aðstoðar eftirlitsmanns til þess, um leið og hann framkvæmir starfið. Gjald þetta verður hver fjárhafi að inna af hendi fyrir alt það fje, sem hann hefir á föðri, og mega þá aftur eiga aðgang að fjáreigendum, og lögtaksrjett verður það að hafa, en heppilegra hefði jeg nú talið, að eftirlitsmaður tæki laun sín hjá sýslumanni, úr sýslusjóði, en hann þá aftur innheimti þau á manntalsþingum, annaðhvort hjá fjárhöfum eða hreppsnefndum. En þetta fyrirkomulag þykir nú ef til vill óþarflega umfangsmikið; það sem sjerstaklega vakir fyrir mjer hjer er það, að eftirlitið alt sje vel trygt, því á því finst mjer alt velta um framkvæmd þessa máls; verður því að koma öllu svo fyrir, að ekkert geti veikt aðstöðu eftirlitsmannsins, og að hann sje sem minst háður þeim, sem hann lítur eftir hjá. Þann greiðslumáta, að eftirlitsmaður hafi víst á kind, en ekki daglaun, tel jeg hagkvæmara og sanngjarnara öllum hlutaðeigendum, vegna þess sjerstaklega, að þó að margt fje sje að baða á einum stað, mundi því þó vera lokið á einum degi, eða látið ganga fram á nóttina, þar til búið er. Aftur á móti mundi dagurinn líka eyðast til að baða á öðrum stað sem fátt er, en þá leggur líka eftirlitsmaðurinn þar minna á sig.

Jeg vil taka það fram, að jeg tel óþarft að eftirlitsmaður taki þátt í böðunarstarfinu, en aldrei má hann vikja frá því, og blanda ætti hann sjálfur lögin. Það getur verið mjög nýtur eftirlitsmaður, sem ekki er þó fær um að starfa að böðun, enda ekki nema hraustustu mönnum hent að ferðast að kvöldinu á milli bæja í misjöfnum veðrum, blautum eftir böðunarstarf, sem eftirlitsmaður yrði oftast að gera til að undirbúa þar böðun næsta dag.

Jeg býst nú við, að sumum kunni að finnast alt óþarfa umstang, sem jeg hefi hjer bent á um eftirlitið, og aðeins megi fela hreppstjórum eða hreppsnefndum að velja menn til eftirlits eða sjá um það, en slíkt mundi reynast kák. Jeg veit vel, að á mörgum stöðum mundi fyllilega mega treysta bæði hreppstjórum og hreppsnefndum til þessa, en þeir menn mundu líka finnast meðal þeirra, sem hugsuðu mest um það að koma þessu þannig fyrir, að kostnaðurinn yrði sem minstur, þótt notin yrðu líka minni; en hjer mega engin mistök koma fyrir á nokkrum stað, ef takast á að útrýma fjárkláðanum. Kostnaður við að framkvæma tillögur mínar er afar lítill hverjum einstaklingi, baðlyfið og mest 1—2

dagsverk (eftirlitsmaður) árlega, sem fyllilega mundi borgast með aukinni ull við góð þrif fjenaðarins, að sleptu öllu auknu fóðri og sjerstakri umönnun, sem kláðasjúkar kindur verða að hafa, og að sleptum öllum lifum, ungum og gömlum, sem fjárkláðinn hefir eyðilagt undanfarin ár á sumum stöðum.

En eru nú þessar tillögur mínar einhlítar til að útrýma fjárkláðanum?

Engan vafa tel jeg á því, að sjeu þessar baðanir framkvæmdar með eftirliti í nokkur ár hljóti fjárkláðinn að útrýmast. Jeg þykist hafa, meira að segja, örugga reynslu fyrir því, að þótt nokkuð mikill fjárkláði sje, þá útrýmist hann algerlega með einni böðun, sje baðað upp úr Coopers fjárbaðdufti, og jeg veit af mörgum mönnum hjer, sem þykjast fullvissir um þetta sama. Hr. Hallgrímur Þorbergsson fjárræktarmaður minnst á í »Frey« (6. ár bls. 92) not þessa baðlyfs í Bretlandi, og getur þess, að það vari í ullinni alt að mánaðar tíma eftir böðunina og drepí því öll kvikindi, sem koma í ullina á því tímabili; telur hann það eina baðlyfið, sem útrýmt geti færilúsinni til fulls, því það drepí lúsina jafn-óðum og hún skriði út úr egginu. Þetta baðlyf, eða annað því um líkt og hjer er lýst, ætti að lögskipa til notkunar við útrýminguna.

Jeg læt þá þessar línur frá mjer fara með þeirri ósk og þeirri von, að þingið nú í vetur geri eitthvað í þessu máli, sem verulegt gagn sje að til framkvæmda, en útrými öllu káki hjer að lútandi, sem ekki er nema til kostnaðar fyrir ríki og þjóð. Jeg vona, að þingið sje nú skipað einhverjum þeim mönnum, sem láti þetta mál til sín taka svo um muni.

Með mikilli virðingu.

Spákelsstöðum, 30. jan. 1920.

Guðbrandur Jónsson.

(A. IX, 2).

Nd.

28. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá stjórnarskrárnefndinni.

Nefndin hefir nú lokið meðferð sinni á greindu frumvarpi, sem hæstvirt landsstjórn hefir lagt fyrir háttv. deild.

Þykir nefndinni ástæða til að gera þær breytingar á frumvarpinu, sem felast í breytingartillögum þeim, sem hjer fara á eftir. Tillögurnar skýra sig að mestu sjálfar. Þó þykir nefndinni ástæða til að taka þetta fram:

Frumvarp þetta er samið og lagt fyrir þingið af hæstviritri landsstjórn. Í ástæðunum fyrir frumvarpinu er þess getið, að það sje fram komið til þess að kosningarlögin geti sem fyrst orðið í samræmi við stjórnarskrána, sem væntan-

lega verður samþykkt á þessu þingi, þegar hún nær staðfestingu konungs. Nefndin fellst á þessar ástæður stjórnarinnar, en telur ómögulegt, að það samræmi náist nema gerðar sju breytingar þær, sem hjer er lagt til að gerðar sju.

Þegar um er að ræða breytingar, sem, eins og hjer, eru aðallega eða eingöngu lögformlegs eðlis, telur nefndin óheppilegt, að í undirbúningi stjórnarinnar skuli gleymast svo sjálfsagðar breytingar sem breytingin á 79. gr. og ákvæðunum um stundarsakir.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr.

Á eftir orðunum »hver ríkisborgari« komi:
karl og kona.

2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, sem verði 3. gr., svo hljóðandi:

Fyrri málsgrein 79. gr. orðist svo:

Almennar hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar til Alþingis fara venjulega fram 4. hvert ár.

3. Á eftir þeirri grein komi ný grein, sem verði 4. gr., svo hljóðandi:

Í stað fyrri málsgreinar ákvæða um stundarsakir komi:

Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en stjórnarskrá þessi öðlast gildi, þótt ekki sju þeir íslenskir ríkisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.

Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá árið 1922 eftir hlutkesti Alþingis 1917, falla niður árið 1926.

Almennar, reglulegar alþingiskosningar í sjerstökum kjördæmum skulu fara fram árið 1923. Ekki mega þær þó fram fara fyr en að loknu reglulegu Alþingi það ár.

4. Upphaf frv. orðist svo:

Í stað 1. og 6. gr., fyrri málsg. 79. gr. og fyrri málsg. ákvæða um stundarsakir í lögum 3. nóv. 1915 um kosningar til Alþingis koma eftirfarandi greinar.

Frekari grein verður gerð fyrir breytingartillögum þessum í fram-sögu málsins.

Alþingi, 16. febrúar 1920.

Sigurður Stefánsson,
formaður.

Þórarinn Jónsson,
fundaskrifari.

Sveinn Björnsson,
framsögum.

Pjetur Oltesen.

Stefán Stefánsson.

Þorleifur Jónsson.

Jón Sigurðsson.

(B. IX, 1).

Nð.**29. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Flutningsm.: Þorsteinn M. Jónsson og Björn Hallsson.

12. gr. breytist svo:

Á eftir »Norðfjarðar« falli niður »Hróarstungu«, en á eftir »Fljótsdals« komi:

Hróarstungu, Bakka o. s. frv.

(B. X, 1.)

Nð.**30. Frumvarp**

til laga um breyting á tilskipun 10. júlí 1795 og tilskipun 20. janúar 1797 um sáttanefndir.

Flutningsm.: Sveinn Björnsson og Gunnar Sigurðsson.

38. gr. síðasta málsg. í tilskipun 10. júlí 1795 og 25. gr. síðasta málsg. í tilskipun 20. janúar 1797 orðist svo:

Þó er óheimilt að málaflutningsmenn sjeu umboðsmenn aðilja við sáttaumleitanir, nema umbjóðandi þeirra sje búsettur utan þeirrar þinghár, þar sem sáttaumleitun fer fram.

Greinargerð.

Í tilskipun um sáttanefndir frá 20. jan. 1797, 25. gr., sem talin er gilda utan Reykjavíkur, er kveðið svo að orði, að það skuli að öllu leyti bannað vera að taka málafylgismenn með sjer eða senda þá fyrir sig til að túlka mál fyrir forlíkunarnefndinni. Samskonar ákvæði er í tilsk. frá 10. júlí 1795, 38. gr., sem talin er gilda fyrir Reykjavík. Hefir þótt leika efi á um það, hvort þetta ákvæði nái til þess, þegar aðili er búsettur utan þeirrar þinghár, þar sem sáttaumleitun fer fram og er því óskýlt að koma sjálfum, eða að eins til hins, þegar aðili er búsettur innan sáttaumdæmis (sjá E. A. Dómsstólar og rjettarfar, bls. 84—85), og hefir það lengi tíðkast, að málaflutningsmenn hafi verið við sáttaumleitanir fyrir aðilja, sem búsettir voru utan sáttaumdæmis. Það hefir og verið skoðun ýmsra lögfræðinga, að Plakat frá 31. des. 1823, sem gefið er fyrir Danmörku og berum orðum heimilar málaflutningsmönnnum að vera við sáttaumleitanir þegar aðili er búsettur utan sáttaumdæmis og eigi nær sáttastað en 4 mílur, gildi einnig fyrir Ísland. En

nýlega hefir verið kveðinn upp í landsyfrrjetti dómur, sem gerir ráð fyrir, að málaflutningsmönnum sje með öllu óheimilt að vera við sáttaumleitanir í umboði annara, hvernig sem ástatt er. Bakar þetta einatt bæði aðiljum og málaflutningsmönnum mikið óhagræði. Aðiljum, sem búsettir eru fjarri sáttaastað og ókunnugir þar um slóðir, er sjaldnast unt að fá nokkurn til að vera fyrir sig við sáttaumleitanir nema málaflutningsmenn. Verða þeir því að láta ósóttan sáttafund og sáttaumleitun að farast fyrir. Og málaflutningsmenn, sem hafa tekið að sjer mál fyrir menn úr fjarlægum hjeruðum, verða að láta óviðkomandi menn vera við sáttaumleitunina. Geta þeir að sjálfsögðu aldrei sæst á annað en það, sem málaflutningsmaðurinn hefir leyft þeim fyrirfram. En væri hann sjálfur viðstaddur, gætu sættir oft komið til greina á þeim grundvelli, sem ekki hefði verið hægt að gera ráð fyrir fyrirfram, áður en umræða tókst um málið. Er því ljóst, að þetta fyrirkomulag miðar að eins að því að hindra sættir, auk þess sem það bakar aðiljum aukinn kostnað. — Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, á að bæta úr þessu, með því að heimila málaflutningsmönnum að mæta við sáttaumleitanir þegar umbjóðandi þeirra er búsettur utan þinghár, svo sem tíðkast hefir til þessa.

(B. XI, 1).

Ed.

31. Frumvarp

til laga um að leggja jarðirnar Kjarna og Hamra í Hrafnagilshreppi undir lög-sagnarumdæmi og bæjarfjelag Akureyrar.

Flutningsm.: Einar Árnason.

1. gr.

Jarðirnar Kjarni og Hamrar í Hrafnagilshreppi skulu lagðar undir lög-sagnarumdæmi og bæjarfjelag Akureyrar frá 6. júní 1920.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Akureyrarbær að sjer framfærslu allra þeirra þurfa-linga, er hjálparþurfa kunna að verða og eru nú sveitlægir í Hrafnagilshreppi, vegna fæðingar á Kjarna eða Hömrum.

3. gr.

Að öðru leyti er Akureyrarbær laus við framfærslu þeirra, er hingað til kunna að hafa unnið sjer sveit í Hrafnagilshreppi, þótt sveitfesti hafi unnist vegna dvalar á Kjarna eða Hömrum.

4. gr.

Lög þessi koma eigi til framkvæmda fyr en sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samþykkt að breyting þessi komist á,

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir eindregnum tilmælum hreppsnefndarinnar í Hrafnagilshreppi, og þar sem bæjarstjórn Akureyrar og hlutaðeigandi hreppsnefnd hafa með samningi orðið ásáttar um málið, virðist sjálfsgætt að lög verði sett hjér um.

(B. XII, 1).

Nd.

32. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á glysvarnings.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt með reglugerð eða reglugerðum að takmarka eða banna innflutning allskonar glysvarnings, og ákveður hún hvaða vörur skuli teljast til slíks varnings.

2. gr.

Brot gegn reglugerð eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt 1. gr., varða sektum, allt að 100000 kr. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Víða í heiminum eru nú uppi raddir um það, að þjóðunum sje hin mesta nauðsyn á að spara, og ræður af líkum, að oss muni eigi minni nauðsyn á því en öðrum þjóðum. Nú er það kunnugra en frá þurfi að segja, að vjer eyðum of fjár í ýmiskonar óþarfa, sem að miklu leyti er aðfluttur frá öðrum löndum. Fjármagn það, sem af þessum ástæðum fer út úr landinu, margfaldast nú á tímum, bæði vegna hinnar ægilegu dýrtíðar og gengismunar á erlendri mynt. Þar við bætist, að skipastóll vor er eigi stærri en svo; að full nauðsyn er á, að vjer sjeum á verði um að nota á skynsamlegan hátt það skiprúm, er vjer ráðum yfir, því að ella má svo fara, að oss skorti nauðsynjavörur fyrir það eitt, að vjer höfum eigi notað skiprúm vort á hagkvæman hátt.

Ef frv. þetta verður að lögum og stjórnin notar þau, mundi að nokkru bætt úr þessu.

(A. VIII, 2).

Nd.**33. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um þingmannskosning í Reykjavík.

Frá stjórnarskrárnefndinni.

Nefndin hefir nú lokið meðferð sinni á frumvarpinu, og ræður hún háttvirtri deild til þess að samþykkja frv. með þeim breytingum, er hjer fara á eftir.

Nefndin getur fallist á það, sem segir í athugasemdum hæstv. stjórnar, að í stjórnarskrárfv. því, er samþykkt var á síðasta Alþingi og væntanlega verður samþykkt til fullnaðar nú á þessu þingi, felist fyrirheit um að fjölgað verði þingmönnum Reykjavíkur um fleiri en einn áður en langt um liður. Nefndin telur alla sanngirni mæla með fjölgun þingmanna í Reykjavík, svo fjölment sem það kjördæmi er nú orðið; og nefndin finnur ekki ástæðu til að draga að gera það.

Hins vegar eru 6 af 7 nefndarmönnum þeirrar skoðunar, að fullnægt sje þessum sanngirniskröfum, ef þingmönnum er fjölgað um 2, úr 2 upp í 4. Því til stuðnings skulu teknar hjer fram tvær ástæður, þótt fleiri megi telja.

Ef byggt er á yfirliti því um hlutfall milli fulltrúatölu og kjósendatölu, sem prentað er í athugasemdum stjórnarinnar við frumv., þá mun Reykjavík með fjölgun þeirri, er nefndin leggur til, fá einn þingmann fyrir hverja 1377 kjósendur. Eitt kjördæmi hefir aðeins einn fulltrúa fyrir 1477 kjósendur og fimm kjördæmi hafa einn fulltrúa fyrir frá 1037—1168 kjósendur. Þannig verður eitt kjördæmi ver sett en Reykjavík og 5 litlu betur sett.

Þegar á þetta er litið í sambandi við hina ástæðuna, en hún er sú, hversu margir menn búsettir í Reykjavík eiga sæti á Alþingi sem fulltrúar fyrir önnur kjördæmi eða landskjörnir, þá þykir greindum 6 nefndarmönnum nógu langt farið að fjölga um 2.

Enn fremur skal á það bent, að aðstaða kjósenda í Reykjavík til þess að neyta kosningarrjettar síns og fylgjast með störfum þingsins er betri en aðstaða kjósenda í nokkru öðru kjördæmi.

Nefndinni þykir eðlilegt, að tala þingmanna í neðri deild aukist um tvo við þessa breytingu, en þykir of mjög við borð bundið, að þessir tveir þingmenn Reykvíkinga *skuli* eiga sæti í neðri deild, nema það, sem eðlilegt er, að þeir setjist þar í fyrsta skifti sem kosið er, með því að efri deild er nú skipuð svo sem orðið er á þessu þingi.

Nauðsynlegt virðist að gera ráð fyrir því í lögunum, hvernig farið skuli að, ef það kemur fyrir, að kjósa þurfi aðeins einn þingmann við uppkosningu eða aukakosningu, og hlutfallskosningu verður því eigi við komið. Að því lýtur 2. breytingartill. nefndarinnar.

Að svo mæltu ber nefndin fram þessar

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. 1. gr. orðist svo:

Alþingismenn Reykjavíkur skulu vera 4. Þegar þannig hafa bæst við 2 þingmenn, skal neðri deild Alþingis skipuð 28 þingmönnum.

2. Við 11. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef um uppkosningu eða aukakosningu á einum þingmanni er að ræða, skal um kosningu hans fara að á sama hátt sem um kosningu þingmanna í sjerstökum kjördæmum.

3. Fyrir orðið »þingmannskosning« í fyrirsögn frumvarpsins komi: Þingmannakosning.

Alþingi, 17. febrúar 1920.

Sigurður Stefánsson,
formaður.

Þórarinn Jónsson,
ritari.

Sveinn Björnsson,
með fyrirvara.

Þorleifur Jónsson. Stefán Stefánsson. Jón Sigurðsson. Pjetur Ottesen.

(A. VIII, 3).

Nð.

34. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um þingmannskosning í Reykjavík.

Flutningsmaður: Sveinn Björnsson.

Aðaltillaga.

1. gr. frv. orðist svo:

Alþingismenn Reykjavíkur skulu vera 6.

Þegar þannig hafa bæst við 4 þingmenn, skal neðri deild Alþingis skipuð 30 þingmönnum.

Varatillaga.

1. gr. frv. orðist svo:

Alþingismenn Reykjavíkur skulu vera 5.

Þegar þannig hafa bæst við 3 þingmenn, skal neðri deild Alþingis skipuð 29 þingmönnum.

Alþt. 1920. A. (32. löggjafarþing).

(A. XIV, 2).

Nd.**35. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 12, 12. ágúst 1918, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta með hliðsjón af upplýsingum þeim og athugasemdum, sem fram komu við 1. umr., og hefir eftir atvikum orðið sam-
mála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. febr. 1920.

Magnús Guðmundsson,
form. og framsögumaður.

Pórarinn Jónsson,
fundaskrifari.

Þorl. Guðmundsson.

Jón A. Jónsson.

(A. VIII, 4).

Nd.**36. Breytingartillögur**

við frv. til laga um þingmannskosning í Reykjavík.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. Í stað 1. gr. skulu koma eftirfarandi 3 gr.

1. gr.

Alþingismenn skulu vera 48, þar af 16 í efri deild en 32 í neðri deild.

2. gr.

Þeir 8 nýir þingmenn, sem 1. gr. ræðir um, skiftast svo niður á kjördæmi sem hjer segir:

Reykjavík fær 4.

Hafnarfjörður fær 1.

Stokkseyri og Eyrarbakki fær 1.

Snæfells- og Hnappadalssýsla fær 1.

Barðastrandarsýsla fær 1.

3. gr.

Tvímenningskjördæmum skal öllum skift í einmenningskjördæmi og hafa hliðsjón af fólksfjölda og staðhættum, en einkum af atvinnu. Stjórnar-

ráðið kveður á um kjördæmamörk þau, er hjer ræðir um. Reykjavík skal eigi skifta sundur í einmenningskjördæmi.

2. Fyrirsögn frv. skal orða svo:

Frumvarp til laga um fjölgun alþingismanna, kjördæmaskifting og hlutfallskosningar í Reykjavík.

(B. XIII, 1).

Nd.

37. Frumvarp

til laga um kenslu í mótorvelfræði.

Flutningsm.: Magnús Kristjánsson.

1. gr.

Við vjelstjóraskólann í Reykjavík skal stofna sjerstaka deild, þar sem kend er mótorvelfræði, munnleg og verkleg.

Stjórnarráðið ræður kennara eftir þörfum. Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Til mótorvjelstjóraprófs útheimtist:

1. Í íslensku: Að geta gert ljettan stíl um alment efni; skrifað sæmilega og nokkurnveginnn rjett.
3. Í dönsku: Að geta lesið upp og þýtt ljettan kafla í danskri bók verkfræðilegs efnis.
3. Í mótorfræði: Þekking á hinum algengustu mótorum, sem notaðir eru í skipum og á landi, útbúnaði þeirra, hirðingu og stjórn. Þekking á sundurliðun mótora, hreinsun þeirra og samsetningu. Þekking á að lagfæra þá galla á mótorum, sem orsakast af notkun og sliti. Þekking á algengustu bilunum mótora, áhöldum þeirra og endurbótum. Þekking á hinum algengustu eldsneytistegundum, sem notaðar eru til mótora, hestafla þeirra og olíueyðslu.
4. Í reikningi: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum; að geta leyst ljettar líkingar með einni óþektri stærð og prósentureikning.
5. Í eðlisfræði: Þekking á lögum um loftkend efni, þrýstimælum, eðlisþyngd, hita og dreifing hans, útpenslu hluta við hita, hitamælum, bræðslu, eldsneyti og vjelaáburði.

3. gr.

Prófið er skriflegt, munnlegt og verklegt. Það skal haldið af prófnefnd, og eru í henni forstöðumaður vjelstjóraskólans og tveir menn aðrir, er stjórnar-

ráðið skipar í hvert skifti, og skal fyrir prófinu standa sá nefndarmanna, er skipaður er oddviti.

Hinir skipuðu prófdómendur velja prófverkefni. Verkefni til hins skriflega prófs skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma.

Kennarar dæma um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt hinum tveim, sem tilnefndir eru af stjórnarráðinu.

4. gr.

Sá einn má ganga undir mótörvjelstjórapróf, sem:

1. Hefir stundað járnsmíði eitt ár í þeim járnsmiðjum, er stjórnarráðið tekur gildar, eða á eigin ábyrgð hefir verið mótörvjelstjóri á mótorbát eitt ár, eða verið 2. vjelstjóri á bát yfir 12 lestir að stærð um jafnlangan tíma og áður greinir.
2. Sýnir læknisvottorð um að hann hafi enga líkamsgalla, sem haft geti áhrif á þessa framtíðarstarfsemi hans.
3. Er fullra 18 ára að aldri.

Sje sá, er undir próf vill ganga, eigi námssveinn vjelstjóraskólans, skal beiðni hans um að fá að ganga undir próf send forstöðumanni vjelstjóraskólans mánuði áður en prófið er haldið.

Auk áður nefndra vottorða skulu beiðninni fylgja skirnarvottorð um-sækjanda og vottorð frá þeim manni eða mönnum, er kent hafa honum eitt-hvað, er að vjelfræði lýtur.

Hafi hann gengið undir mótörvjelstjórapróf áður, skal þess getið í um-sókninni.

Sá, sem fengið hefir mótörvjelstjórapróf áður en lög þessi ganga í gildi, hefir rjett til að ganga undir próf samkvæmt lögum þessum, þótt hann full-nægi ekki í öllu skilyrðum þeirra.

5. gr.

Ákvæði um það, hvernig kenslunni skuli háttað, um inntökuskilyrði, próf o. fl. setur stjórnarráðið í reglugerð.

6. gr.

Þeim, sem prófi hafa náð, skal veitt skirteini um það. Skal þar telja þær kenslugreinar, sem hann hefir verið reyndur í, og tilgreina einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu, er krafist er til að standast prófið, og hina hæstu, sem unt er að ná. Allir þrír prófnefndarmennirnir skulu undir-rita prófskirteinið.

Nöfn þeirra, sem undir prófið ganga, skal rita í þar til gerða bók. Skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, degi og ári, svo og frá einkunnum þeim, sem gefnar hafa verið við prófið.

7. gr.

Ákvæði annara laga, sem kynnu að koma í bága við lög þessi, eru hjer með úr gildi numin.

Greinargerð.

Það hefir leikið orð á því, að kunnáttu í meðferð og hirðingu mótorvjela hafi verið mjög ábótavant frá því fyrst var farið að nota þær hjer á landi, og svo mun enn vera, þótt nokkur breyting hafi orðið á þessu hin síðustu árin. En þrátt fyrir það þótt námsskeið fiskifjelagsins, til fræðslu í þessari grein, hafi haft góðan árangur, þá er langt frá því, að þau hafi verið fullnægjandi, sem eðlilegt er vegna margvíslegra erfiðleika, svo sem vöntunar húsnæðis og ýmsra nauðsynlegra áhalda, enda hafa þau nú lagst niður, vegna þess að enginn hæfur maður er fáanlegur til að halda kenslunni áfram með því fyrirkomulagi, sem verið hefir.

Þar sem það er vitanlegt, að árangurinn af útgerð mótorskipa er að miklu leyti undir því kominn, að vjelarnar sjeu í góðu lagi, og að lífi fjölda manna er hætta búin, ef svo er eigi, þá ætti öllum að vera augljóst, að nauðsyn ber til, að þegar sjeu gerðar ráðstafanir til að menn eigi kost á að afla sjer nauðsynlegrar fræðslu í þessari grein.

Þess vegna er frumvarp þetta fram komið.

(A. XIII, 2).

Nd.

38. Álit

um frv. til laga um eftirlit með útlendingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir ekki haft tök á að ræða frv. þetta svo vel sem hún hefði óskað, og getur því vel verið, að henni hafi sjest yfir galla, sem kunna að vera á því.

Hins vegar dylst nefndinni ekki, að nauðsyn ber til, að sett verði hið allra fyrsta lög um þetta efni, á þeim umbóta- og byltingatímum, sem nú eru, þar eð engin lög eru til hjer á landi um eftirlit með útlendingum.

Gert er ráð fyrir, að Alþingi eigi ekki langa setu að þessu sinni, og má því ekki tefja þau frv. lengi í nefndum, sem talið er nauðsynlegt að gangi fram á þinginu.

Nefndin vill því greiða sem best fyrir þessu frv. og ræður því háttv. deild að samþykkja það með eftirfylgjandi

BREYTINGUM.

1. Við 7. gr.

Fyrir orðin í upphafi greinarinnar:

»Hver sá, er gesti hýsir fyrir endurgjald«, komi:

Hver sá, sem gerir sjer það að atvinnu að nokkru eða öllu leyti að hýsa gesti.

2. Við 12. gr.

Fyrir orðin: »Lög þessi öðlast gildi« komi:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Alþingi, 18. febr. 1920.

Sveinn Björnsson,
formaður.

Björn Hallsson,
skrifari.

Pjetur Ottesen. Þorsteinn Jónsson. Sigurður Stefánsson.

(A. VIII, 5).

Nð.

39. Breytingartillaga

við breytingartillögur stjórnarskrárnefndar á þgskj. 33.

Flutningsmaður: Sveinn Björnsson.

Aðaltillaga: 1. brtt. nefndarinnar orðist þannig:

1. gr. frv. orðist svo:

Alþingismenn Reykjavíkur skulu vera 6.

Þegar þannig hafa bæst við 4 þingmenn, skal neðri deild Alþingis skipuð 30 þingmönnum.

Varatillaga: 1: brtt. nefndarinnar orðist þannig:

1. gr. frv. orðist svo:

Alþingismenn Reykjavíkur skulu vera 5.

Þegar þannig hafa bæst við 3 þingmenn, skal neðri deild Alþingis skipuð 29 þingmönnum.

(B. XIV, 1).

Nð.

40. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþyktir utan kaupstaðanna.

Flutningsm.: Einar Þorgilsson.

Úr 1. málsgrein laga nr. 18, 20. okt. 1905, falli niður orðin:
»enda búi sýslumaður þar«.

Ástæður.

Í lögum nr. 18, 20. okt. 1905, er svo ákveðið, að verslunarstaðir utan kaupstaða geti gert lögreglusamþykktir með því móti að sýslumaður búi í verslunarstaðnum. Nú eru sumir verslunarstaðir á landinu svo settir, og það jafnvel þeir verslunarstaðir, sem hafa marga íbúa, svo sem t. d. Keflavíkurverslunarstaður í Gullbringusýslu, að þeir hafa ekki sýslumennina búsetta hjá sjer, en er þó bráðnauðsynlegt að geta gert lögreglusamþykkt hjá sjer, sökum mannfjölda og þar af leiðandi nauðsynja á því, að geta haldið uppi góðri reglu. Sumstaðar er svo ástatt, að jafnvel þótt miklir örðugleikar væru á því að ná til sýslumanns til löggæslu árið 1905, þá hefir sú breyting orðið á síðan, að bifreiðafærir vegir hafa verið lagðir frá og til, sem gera sýslum. mögulegt að koma á skömmum tíma. Þannig er t. d. ástatt í verslunarstaðnum Keflavík, er hjer um ræðir, enda er hreppstjóri þar og búsettur.

Þótt þessi lagabreyting verði samþykkt, þá hafa sýslumenn og stjórnarráðið öll ráðin í hendi sjer um það, hvort lögreglusamþykkt fyrir einhvern verslunarstað nær staðfestingu eða ekki. Það ætti því að vera alveg hættulaust að leyfa þessu frumvarpi fram að ganga, sem er fram komið fyrir einróma ósk Keflavíkurkaupstaðarbúa.

(B. XV, 1).

Nd.

41. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

Flutningsm.: Einar Þorgilsson.

Kjósarhreppur, Kjálarnesshreppur og Mosfellshreppur í Kjósarsýslu skulu vera eitt læknishjerað, sem nefnist Kjálarnesshjerað, með læknissetri á Kjálarnesi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið eftir ósk hjeraðsbúa í tilgreindum hreppum, og fyrir eindregnar og ítrekaðar bænir þeirra til Alþingis um að láta eigi lengur dragast að bæta úr læknisþörf þeirra. Að öðru leyti eru ástæður þessa máls hinu háa Alþingi kunnar. Að eins skal enn minst á það, sem áður hefir verið bent á í flutningi málsins á þingi, að eftir læknaskipunarlögunum 13. okt. 1899 höfðu þessir hreppar sjerstakan lækni, en voru sviftir honum með lögum 16. nóv. 1907, og hafa sjerstaklega Kjósar- og Kjálarnesingar mótmælt þeirri meðferð frá upphafi. Nú er þeim ætlað að vitja lækni til Hafnarfjarðar, sem má heita sama sem þeir hafi engan lækni,

Til mála kemur varla annað fyrir þá en að vitja læknið til Reykjavíkur, þótt það einnig sje erfitt og kostnaðarsamt, því að þar er enginn læknir skyldur til að sinna þeim, og þá ekki bundinn við taxa, sem búast má við að geri læknisvitjunina dýrari. Til samanburðar skal tekið fram, að íbúatala í þessum hreppum var eftir manntali árið 1910 sem næst 950, og eru mörg hin núverandi læknishjeruð hjer á landi að mun mannfærri.

Frekari ástæður geymast flutningi málsins.

(A. IX, 3).

Nd.

42. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Í stað 1. og 6. gr., fyrri málsg. 79. gr. og fyrri málsg. ákvæða um stundarsakir í lögum 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, koma eftirfarandi greinar:

1. gr.

(1. gr. laga 3. nóv. 1915).

Með þeim takmörkunum, sem hjer fara á eftir, hafa kosningarrjett til Alþingis við kosningar í sjerstökum kjördæmum allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri þegar kosning fer fram, hafa óflekkað mannorð, hafa ríkisborgararjett hjer á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram.

2. gr.

(6. gr. laga 3. nóv. 1915).

Kjörgengur við kosningar í sjerstökum kjördæmum er hver ríkisborgari, karl og kona, sem kosningarrjett á til þeirra, nema þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt heima í kjördæminu skemur en 1 ár.

3. gr.

Fyrri málsgrein 79. gr. orðist svo:

Almennar hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar til Alþingis fara venjulega fram 4. hvert ár.

4. gr.

Í stað fyrri málsgreinar ákvæða um stundarsakir komi:

Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en stjórnarskrá þessi öðlast gildi,

þótt ekki sjeu þeir íslenskir ríkisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.

Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá árið 1922 eftir hlutkesti Alþingis 1917, falla niður árið 1926.

Almennar, reglulegar alþingiskosningar í sjerstökum kjördæmum skulu fara fram árið 1923. Ekki mega þær þó fram fara fyr en að loknu reglulegu Alþingi það ár.

(C. I, 2).

Nd. 43. Þingsályktun

um útborgun á launum presta.

(Samþykkt í Nd. 19. febrúar).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að láta sömu reglur gilda um útborgun á launum presta og annara embættismanna ríkisins.

(B. XVI, 1).

Nd. 44. Frumvarp

til laga um sjerstakt læknishjærað í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson.

Ólafsfjörður í Eyjafjarðarsýslu skal vera sjerstakt læknishjærað.

Ástæður

fyrir því, að frumv. þetta var flutt á síðasta þingi og aftur nú, eru þær, hversu þessi sveit er afarilla sett hvað snertir samgöngur við önnur hjeruð, og þá sjerstaklega til þess að vitja læknið síns, sem nú er búsettur í Svarfaðardal.

Milli þessara sveita er hár fjallgarður, illfær yfirferðar mestan hluta árs, sökum fannkyngi og snjóflóða, enda alloft ófær með öllu, vegna dimmviðra og ófærðar dögum og jafnvel vikum saman.

Sje hins vegar að ræða um sjóleiðina, er að því leyti sömu söguna að segja, að hún er margoft alófær vegna brima og illviðra, þar sem hún liggur norður fyrir Ólafsfjarðarmúla í hafi úti.

Alpt. 1920. A. (32. löggjafarþing).

Af þessu leiðir, að hvað sem menn annars vilja í sölurnar leggja til þess að vitja læknis, þá er það alloft, er jafnvel mest á liggur, allsendis ómögulegt.

Úr þessu verður bætt með því einu, að læknir fái búsettur í Ólafsfirði.

Að öðru leyti vísast til fylgiskjalsins, er við flutningsmenn málsins ljætum fylgja frv. á síðasta þingi.

(B. XVII, 1).

Ed.

45. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

Flutningsm.: Guðjón Guðlaugsson.

1. málsgrein 5. greinar í lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, orðist svo:

Enginn má stýra bifreið, nema hann sje fullra 20 ára að aldri og hafi öskuskirteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið. Þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá aldurstakmarkinu, alt niður í 18 ára aldur, þegar svo stendur á, að bifreiðarstjórinn vill aðeins stýra sinni eigin bifreið, foreldris eða fósturforeldris, og notar hana alls ekki til almennra fólksflutninga.

(A. IX, 4).

Nd.

46. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Flutningsm.: Gisli Sveinsson.

Við 4. gr.

Fyrir orðin »stjórnarskrá þessi« í 1. málgr. komi:

Hin nýja stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

(C. IV, 1).

Nd.

47. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á innsiglingu að Kaldrananesi við Bjarnarfjörð í Strandasýslu og víðar.

Flutningsmenn: Magnús Pjetursson og Hákon Kristófersson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka svo fljótt sem unt er innsiglingu á Bjarnarfjörð hinn syðra í Strandasýslu og hafnarstað við Kaldrananes. Enn fremur að láta rannsaka siglingaleiðina frá Flatey á Breiðafirði til Hagabótar á Barðaströnd.

(B. XVIII, 1).

Nd.

48. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

Flutningsm.: Sveinn Björnsson, Ólafur Proppé og Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Ráðaneytinu heimilast að veita hlutafjelagi, sem þeir hæstarjettarmála-flutningsmaður Eggert Claessen, prófessor Einar Arnórsson, kaupmaður Augúst Flygenring, skipamiðlari Guðmundur Kr. Guðmundsson, skipstjóri Hjalti Jónsson, konsúll G. J. Johnsen, kaupmaður Jón Laxdal og dýralæknir Magnús Einarsson eru nú í framkvæmdarnefnd fyrir, hlunnindi handa banka, er fje-lagið ætlar að stofna í Reykjavík, þau er hjer segir:

- a. Ef viðurkenning eða viðskiftabók fyrir innláni eða fyrir sparisjóðsinnlagi glatast, getur stjórn bankans stefnt til sín handhafa með sex mánaða fyrirvara, en birta skal innköllunina þrisvar samfleytt í Lögbirtingablaðinu. Gefi enginn sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn, getur bankinn greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefir viðurkenninguna eða viðskiftabókina, án þess að nokkur annar, sem viðurkenningin eða viðskiftabókin kann að hafa verið afsöluð, geti gert kröfu á hendur bankanum.
- b. Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrsetning og löghaldi.
- c. Bankinn hefir sem handveðshafi rjett til þess að selja sjálfur veðið við opinbert uppboð, en að öðru leyti samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum um veð 4. nóv. 1887, 1. gr.
- d. Bankanum heimilast samkvæmt 4. gr. laga um sparisjóði, nr. 44 3. nóv. 1915, að reka sparisjóðsstörf.

- e. Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annara stofnana.
- f. Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem útgefast af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, hlutabréf bankans og framsöl þeirra, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

2. gr.

Hlunnindi þau, sem ræðir um í 1. gr., ná einnig til útbúa þeirra, sem bankinn kann að setja á stofn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er farið fram á það, að banka þeim, sem hlutafjelag eitt hjer hefir í hyggju að stofna, verði veitt sömu hlunnindi, sem þeir bankar hafa, er nú eru hjer fyrir, Landsbankinn og Íslandsbanki, auðvitað að seðlaút-gáfurjettinum undanskildum.

Þau hlunnindi, að mega innkalla handhafa viðurkenninga eða viðskifta-bóka (1. gr. a.), að inneignir skuli undanþegnar kyrsetningu og löghaldi (1. gr. b.), að bankinn hafi rjett til að selja sjálfur handveð sín (1. gr. c.) og að bankinn megi reka sparisjóðsstarfsemi samkvæmt 4. gr. laga nr. 44, 3. nóv. 1915 (1. gr. d.) verða naumast talin nokkur útlát að veita. Um síðasta atriðið (1. gr. d.) má geta þess, að eigi ætti það að vera hætta að veita sparisjóðsrjettindin, því að stofnun með því hlutafje og öðru starfsfje, sem hún fær væntanlega, ætti síst að vera ótryggari en sparisjóðir eru alment. Undanþága undan skattskyldu (1. gr. e.) og stimpilgjaldi (1. gr. f.) kynni í fljótu bragði að mega telja nokkur útlát. En þegar þess er gætt, að Íslandsbanki hefir nú þessi hlunnindi, enda þótt hann sje einstakra manna eign, og Landsbankinn, þá virðist engu vera fórnað, þótt þessi hlunnindi sjeu veitt, því að þótt þessir bankar rjeðu yfir því fjármagni, sem hinn fyrirhugaði nýi banki fær til umráða, þá mundu þeir hvorki gjalda af því skatta nje stimpilgjald. Og auðvitað mundi nýjum banka verða torvelt, ef eigi ómögulegt, að starfa við hliðina á hinum bönkunum, sem, auk seðlaútgáfurjettarins, njóta fulls skattfrelsis, ef hann fengi eigi þessi hlunnindi.

Framkvæmdarnefndin skýrir svo frá, að þegar sjeu fengin loforð innanlands um 1 milj. 300 þús. kr. af hlutafje bankans. En þar að auki er í ráði, að almenn opinber hlutafjársöfnun verði látin fara fram, og að hlutir verði svo lágir hafðir, að öllum almenningi verði kleift að gerast hluthafar. Enn fremur er þegar fengið loforð fyrir útlendri hluttöku bæði með lánsfje og hlutafje, en til þess er ætlast, að útlent hlutafje verði aldrei meira en svo, að innlendir hluthafar geti jafnan haft meiri hluta atkvæða á aðalfundum, og þar með ráðið stjórn og framkvæmdum bankans.

Enn fremur telur framkvæmdarnefnd fjelagsins þess kost að ganga að því skilyrði, að hlunnindin samkvæmt 1. gr. yrðu fyrst um sinn að eins veitt svo lengi sem forrjettindi Íslandsbanka standa, þau er honum voru veitt samkvæmt lögum nr. 11, 7. júní 1902, með auglýsingu nr. 48, 25. nóv. 1903.

Það getur væntanlega ekki orkað tvímælis, að þörf sje hjer á nýrri bankastofnun. Að visu eykst ekki starfsfje í landinu, þótt landsmenn sjálfir leggi fje til bankastofnunar. En hagræðing þess getur orðið önnur en nú er og gagn af því þess vegna meira. En auk þess hefir hin fyrirhugaða bankastofnun fengið, sem fyr er sagt, loforð um hluttöku útlends fjármagns, sem notað yrði hjer til framkvæmda í landinu, en eigi mundi annars vera fáanlegt. Með þeim hætti eykst beinlínis starfsfje í landinu. Og það skiftir mjög miklu máli, svo framarlega sem það er álitid, að starfsfje vanti hjer og að útlent starfsfje sje þiggjandi afarkostalaust, enda ráði innlendir menn, hvernig því er stjórnað.

(B. XIX, 1).

Nd.

49. Frumvarp

til laga um manntal á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ar þau, er ártalið endar á 0, skal taka alment manntal um alt land. Skal það fara fram 1. desember eða annan dag, sem konungur ákveður, og skal því lokið þann sama dag, nema óviðráðanlegar hindranir komi í veg fyrir það. Skulu allir taldir þar sem þeir höfðu náttstað aðfaranótt manntalsdagsins, hvort sem þeir eiga þar heima eða ekki. Þó skal þeirra, sem að heiman eru aðfaranótt manntalsdagsins, einnig getið á heimili þeirra, með athugasemd um, að þeir sjeu fjarverandi. Hagstofa Íslands gerir fyrirmyndir að eyðublöðum undir manntalsskrárnar. Á þeim skal tilgreina fult nafn hvers manns, fæðingarár og dag, fæðingarstað, atvinnu og annað það, sem hagstofan í hvert sinn ákveður í samráði við þar til kjörna nefnd manna.

2. gr.

Í kaupstöðunum annast bæjarstjórnin um framkvæmd manntalsins, en annarsstaðar prestarnir með aðstoð hreppstjóra og hreppsnefnda. Áður en manntalið á fram að fara, skal skifta hverjum kaupstað og prestakalli í svo mörg umdæmi eða hverfi, að einn maður komist á einum degi yfir að telja alla þá, sem þar dvelja eða eru staddir, og afla um þá þeirra upplýsinga, sem krafist er. Teljarastarfið er trúnaðarstarf, sem enginn getur skorast undan, sem til þess er hæfur.

3. gr.

Að viðlagðri alt að 1000 kr. sekt er hver maður skyldur til að gefa fullnægjandi skýrslu um sjálfan sig og hagi sína til afnota við manntal það, sem lög þessi skipa fyrir um. Að viðlagðri sömu sekt er einnig hver húsráðandi skyldur til að gefa í sama skyni allar þær skýrslur um húsbúa sína og annað, sem hann getur í tje látið.

4. gr.

Störf presta og hreppstjóra við manntalið teljast til embættisverka þeirra, sem þeim ber ekkert kaup fyrir sjerstaklega. Teljarar geta heldur eigi krafist neins kaups fyrir starf sitt, en heimilt er þó bæjar- og sveitarstjórnnum, ef ástæða þykir til, að greiða þeim einhverja þóknun úr bæjar- eða sveitar-sjóði, og þaðan greiðist einnig annar kostnaður, sem verða kann við framkvæmd manntalsins í kaupstaðnum eða hreppnum.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem með almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Að undanfögnu hafa almenn manntöl farið fram hjer á landi 10. hvert ár, hið síðasta 1. des. 1910. Hinn 1. des. þ. á. eru því liðin 10 ár frá síðasta manntali, og á þá samkvæmt þeirri venju, sem tíðkast hefir, nýtt manntal fram að fara. Undanfarið hafa manntölin verið framkvæmd eftir boði í ráðherrabrjefum, sem fyrmeir studdust við konungsúrskurði um manntal í danska ríkinu. Það mundi nú líka eins og áður mega hafa þá aðferð að fyrirskipa manntal 1. des. næstkomandi með konungsúrskurði eða ráðherrabrjefi, því að í lögnum um kaupstaðina er landsstjórninni heimilað að heimta af bæjarstjórnunum skýrslur um manntal í kaupstaðnum, og einnig getur hún fyrirskipað embættismönnum landsins og starfsmönnum, svo sem prestum og hreppstjórum, að vinna að framkvæmd manntalsins. En ef manntalið á að fara fram á einum degi, eins og verið hefir bæði 1901 og 1910, og sjálfsagt virðist, þá verður þörf á miklum fjölda aðstoðarmanna sjálfan manntalsdaginn (teljurum). Fyrir manntalið er það mjög áriðandi, að teljararnir sjeu vel valdir, bæði vel hæfir til starfsins og ræki það vel. En ef engin lagafyrirmæli eru til um skyldu til að takast slíkt starf á hendur, kynni að geta farið svo, að þeir, sem hæfastir væru til starfsins, fengjust ekki til þess. Og ef þeir krefðust borgunar, þá mundu þeir að visu í kaupstöðunum eiga aðganginn að bæjarsjóðnum, en engin lagafyrirmæli kveða neitt á um, hvaðan borgunina ætti að taka í sveitunum. Nú má að visu búast við því, að allur þorri þeirra, sem valdir yrðu til þessa starfs, mundu skoða það sem trúnaðarstarf, er þeir vildu fúslega inna af hendi eins vel og þeim væri unt, og það jafnvel þótt þeir fengju enga borgun fyrir. Þannig voru manntölin bæði 1901 og 1910 framkvæmd kauplaust af völdum teljurum, án þess að nokkur lagaákvæði þyrftu að skylda menn til þess. Vera má þó, að það hafi að nokkru stafað af því, að menn

hafi haldið, að þeir væru skyldir til þess. En þar sem það væri mjög bagalegt, ef framkvæmd manntalsins einhversstaðar hindraðist eða truflaðist vegna þess, að hæfir menn neituðu um aðstoð sína, sem þó væri hugsanlegt, að fyrir gæti komið, þá virðist heppilegast að slá því föstu með lögum, að menn geti eigi skorast undan þessu starfi.

Teljararnir við manntölin 1901 og 1910 fengu enga borgun fyrir starf sitt. Það kom fyrir við manntalið 1910, að teljarar sendu stjórnarráðinu eftir á reikning fyrir það, en eigi voru þeir reikningar greiddir. Það virðist nú heldur ekki svo sjerlega þung kvöð, þó mönnum væri gert að skyldu að verja þannig einu dagsverki 10. hvert ár í almannaparfir án endurgjalds. En ef greiða ætti borgun fyrir þetta starf, þá virðist sjálfsagt, að sú borgun yrði greidd úr sveitar-sjóðnum. Virðist heppilegast, að sveitarstjórnirnar sjeu sjálfar látnar skera úr því, hvort ástæða sje til að greiða einhverja þóknun fyrir þetta starf, og þá hve mikla.

Af þeim ástæðum, sem nú eru greindar, virðist nauðsynlegt að setja lagafyrirmæli um manntalið, en auk þess virðist það langeðlilegast, að svo mikil-væg ráðstöfun sem alment manntal er hvíli á lagaboði.

Það virðist ekki hentugt að telja upp í lögnum alt það, sem spyrja skal um við manntalið, því að ástæða getur verið til að spyrja um sumt við eitt manntal, sem ekki er ástæða til að spyrja um við annað, og verður því að taka það til ihugunar á undan hverju manntali, um hvað skuli spyrja við það mann-tal. Hjer eru því aðeins talin upp nokkur atriði, sem sjálfsagt virðist, að spurt sje um við öll manntöl, en hvað meira skuli spurt um er gert ráð fyrir, að hæg-stofan ákveði í hvert sinn í samráði við nefnd manna. Er það ákvæði sett vegna þess, að það virðist nokkuð viðtæk heimild fyrir hægstofuna, ef henni er sett í sjálfsvald að ráða því ein, án nokkurrar ihlutunar annarsstaðar frá, hvaða spurn-ingar eru lagðar fyrir menn við manntalið og þeir skyldaðir til að svara. Og þar sem um svo umfangsmikla og kostnaðarsama framkvæmd er að ræða sem al-ment manntal, virðist einnig rjett, að það sje sem vandlegast ihugað og frá ýms-um hliðum, hvaða spurningar sje æskilegt og gerlegt að leggja fyrir menn og hve viðtæk not megi þannig hafa af manntalinu.

(A. XIV, 3).

Nd.

50. Breytingartíllaga

við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 12, 12. ágúst 1918, um stimpilgjald.

Flutningsmaður: Pjetur Ottesen.

Við 1. gr.

- a. Á eftir »farangri ferðamanna« í öðrum málslið komi:
svo og salti og kolum.

- b. Síðasti málsliður orðist svo:

Hina sýndu reikninga skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla, þannig að 20% skal greiða af verði allskonar leikfanga og allskonar

muna, sem eigi eru ætlaðir til nauðsynlegra vjela eða verkfæra, úr gulli og gullblendingi, silfri og silfurblendingi, eiri og eirblendingi, kopar og koparblendingi og eftirlíkingum af þessum málum, svo sem allskonar skrautnálum, hálsmenjum, hringum, festum, úrum o. fl., hvort sem munir þessir eru skreyttir með öðrum efnum, steinum eða eftirlíkingum af steinum, hverju nafni sem nefnast og til hvernar notkunar sem ætlaðir eru, svo og af allskonar gimsteinum og steinum og steinlíkingum, er ætlaðir eru til skrauts, en af verði allrar annarar vöru 1⁰/_o.

(A. VIII, 6).

Nd.

51. Frumvarp

til laga um þingmannakosning í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Alþingismenn Reykjavíkur skulu vera 4. Þegar þannig hafa bæst við 2 þingmenn, skal neðri deild Alþingis skipuð 28 þingmönnum.

2. gr.

Alþingiskosningar í Reykjavík skulu vera hlutbundnar. Um kosningar þessar gilda hinar sömu reglur sem um aðrar kjördæmakosningar, með þeim breytingum, sem leiða af því, að kosningarnar í Reykjavík eru hlutbundnar.

3. gr.

Þegar alþingiskosningar eiga fram að fara í Reykjavík, skal með lög-mæltum fresti afhenda yfirkjörstjórninni lista með nöfnum þingmannaefna þeirra, er fram eru boðin.

Nöfn þeirra skulu táknúð svo skýrt með tilgreindri stöðu og heimili, að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru. Einskis manns nafn má á lista setja, nema hann hafi gefið til þess skriflegt leyfi, og skal það fylgja listanum til yfirkjörstjórnar. Berist yfirkjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, skal nema það nafn burt af listanum og eigi prenta það á þann lista.

Nú hefir maður skriflega leyft nafn sitt á fleirum listum en einum, og skal þá nema nafnið burt af öllum listunum.

Á framboðslista skulu að jafnaði vera jafnmörg nöfn þingmannaefna sem kjósa á þingmenn í hvert skifti. Gildur er framboðslisti, þótt á honum standi færri nöfn, en ógildur, ef fleiri eru.

Framboðslista skal fylgja yfirlýsing að minsta kosti 100 kjósenda um, að þeir styðji þann lista.

Listar skulu afhentir formanni yfirkjörstjórnar, og ritar hann á þá dag og stund, er hann veitir þeim móttöku, og merkir þá bókstöfunum A, B, C, o. s. frv., eftir því sem þeir berast honum.

4. gr.

A hverjum lista skal tilgreina umboðsmenn fyrir listann. Sjeu umboðsmenn eigi tilgreindir, eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, er fremstir standa þingmannaefna, rjettir umboðsmenn listans. Þessir umboðsmenn gæta rjettar lista þeirra, er þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun framboðslista, útbúning kjörseðla og talning atkvæða, og gefa þær upplýsingar listunum viðvikjandi, er yfirkjörstjórn þarfnast og óskar; svo er þeim og heimilt að mæta eða gefa öðrum heimild til að mæta fyrir sína hönd við kosningargerð, til þess að gæta þess, að alt fari löglega fram.

5. gr.

Oddviti yfirkjörstjórnar skal kveðja kjörstjórnina til fundar degi eftir að liðinn er hinn lögmælti framboðsfrestur, eða beri það upp á helgan dag, þá næsta virkan dag þar á eftir, og skal umboðsmönnum þingmannaefna og meðmælenda gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrjetta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem timi og atvik leyfa. Sjeu gallar, er yfirkjörstjórn hefir bent á, eigi leiðrjettir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Sje listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, er rækur er ger.

Þá er listar hafa verið úrskurðaðir, skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla og gera almenningi kunnugt með auglýsingu í Lögbirtinga-bladiniu, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, með tilgreindum nöfnum þingmannaefna á hverjum lista og bókstaf hvers lista. En hafi eigi nema einn listi, er gildur er tekinn, komið til yfirkjörstjórnarinnar í tæka tíð, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir yfirkjörstjórnin þá kosna, er listinn greinir.

6. gr.

Á kjörseðli skulu allir framboðslistar, er gildir hafa verið metnir, teknir upp, þannig, að öðru megin á hæfilega stóru blaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn þingmannaefna ásamt stöðu og heimili, sem þó má vera skammstafað á hverjum framboðslista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr strik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu settir á kjörseðilinn hver við annars hlið í röð eftir bókstöfum sínum, og nöfn þingmannafnanna á hverjum lista aðskilin með þverstrikum. Hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þess striks, sem takmarkar listann.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum þykkum pappír, og skal yfirkjörstjórn gæta þess, að eigi sjeu fullgerðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða kjörstjórnnum. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig, að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá brotinu gengið, að auðvelt sje að leggja þá í sama brot, er þeir eru notaðir.

7. gr.

Kosning fer fram á sama hátt sem við aðrar kjördæmakosningar, með þeirri breytingu, að kjósandi markar kross, rjettan kross eða skákross, við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill gefa atkvæði. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja, o. s. frv. Sje eitthvert nafn, sem hann getur ekki felt sig við, á þeim lista, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá ekki með við samtalningu atkvæða á þeim lista; þessi strik mega vera hvort heldur þverstrik eða langstrik yfir nafnið. Krossinn við listabókstafinn, tölustafinn við nöfnin og útstrikun nafna skal hann gera með blýanti, er kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan leggur hann atkvæðaseðilinn saman aftur í sömu brot, sem hann var í, stingur honum svo þannig samanbrotnum niður í atkvæðakassann.

Ekki má kjósandi haggja neitt við hinum listunum, sem hann kýs ekki, hvorki strika út á þeim nje setja önnur merki á þá, nje heldur nein merki, önnur en tjeð kosningarmerki, á lista þann, sem hann kýs, ella verður atkvæðaseðill hans ónýtur.

8. gr.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleirum listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista,
3. skrifað nafn sitt á seðilinn,
4. sett á hann strik eða rispu eða önnur slik einkenni, er ætla má að gert sje til þess að gera seðilinn þekktanlegan,
5. notað annan seðil, en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett eða krossað við eitt nafn á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Pegar allir kjörseðlar eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðamagn listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt, eftir skýrslum þeim, er undirkjörstjórnir gefa um kjörseðlafjölda úr hverri kjördeild. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla og leiðrjetta skekkjur þær, sem á hafa orðið.

9. gr.

Til þess að finna, hve mörg þingmannaefni hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því hve marga þingmenn á að kjósa, og hverjum lista getur mest hlotnast,

þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum, eftir sömu reglu.

Til þess nú að finna, hver þingmannsefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks þingmannsefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti yfirkjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann, er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra þingmannaefna allra, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum, einn af öðrum, sýnir þá umboðsmönnum og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði, þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra þingmanna, sem kjósa á, þannig, að það sje jafnt tölu þeirra þingmanna, sem kjósa á, að frádreginni tölu þingmannaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með tölu þingmanna, sem kjósa á. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upp lesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Þeir menn, sem hæsta hafa fengið atkvæðaupphæðina á hverjum lista, eru þingmenn listans, svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans.

10. gr.

Hafi tveir eða fleiri á einum lista fengið jafnmörg atkvæði, og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem þingmenn, þá skal hlutkesti ráða.

11. gr.

Að öðru leyti gilda við kosningar þessar ákvæði alþingiskosningalaganna um kjördæmakosningar, eftir því sem við á, viðvíkjandi kosningarrjetti og kjörgengi, kjörstjórnnum, samning kjörskrár, framboði þingmannaefna og umboðsmönnum, undirbúningi af hálfu kjörstjórnar, kjördegi, kjörstað, kjörherbergi og atkvæðakössum, kosningarathöfninni, kosningarúrslitum, uppkosningum, aukakosningum og kosningum eftir þingrof, kostnaði og kærnum um kjörgengi, og loks gilda hin almennu ákvæði nefndra laga.

Ef um uppkosningu eða aukakosningu á einum þingmanni er að ræða, skal um kosningu hans fara að á sama hátt sem um kosningu þingmanna í sjerstökum kjördæmum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fram fara svo fljótt, sem verða má, kosning á þeim þingmönnum, sem við er bætt með þessum lögum.

(A. XII, 2).

Nð.**52. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er á einu máli um það, að nauðsynlegt hafi verið, eftir atvikum, að gefa út bráðabirgðalögin frá 13. desember 1919 um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli.

Þar sem álíta verður, að Landsbankinn hafi verri aðstöðu til þess að fá nauðsynlegt fje flutt landa milli með afnámi innleysanleiks seðla Íslandsbanka, verður að sjálfsögðu að tryggja honum það með nýjum ákvæðum, að Íslandsbanki yfirfæri nauðsynlegar fjárhæðir fyrir Landsbankann.

Nefndin getur ekki sjeð, að yfirfærsluákvæðið sje að neinu leyti hættulegt fyrir Íslandsbanka. Það er álit nefndarinnar, að Íslandsbanki hafi mikinn meiri hluta útflutningssvöru landsmanna á sinni hendi og fái þar af leiðandi miklar innborganir hjá erlendum viðskiftamönnum. Fjárhagur hans stendur með miklum blóma og hann mun hafa mjög góð viðskiftasambönd erlendis og væntanlega mikið lánstraust.

Kæmi það nú fyrir, að bankinn gæti ekki annast yfirfærslu á fje fyrir Landsbankann, þá álitur nefndin, að ríkisstjórnin skoði það sem skyldu sína að hjálpa bankanum til þess að ná í nauðsynlegt fje erlendis, því vissulega eru hagsmunir bankans nú orðið svo samgrónir viðskiftalífshagsmunum þjóðarinnar, að það er þjóðarnauðsyn, að bankinn komist hjá viðskiftakreppu.

En eins og að framan er á vikið, teljum vjer enga hættu á slíku.

Af greindum ástæðum, svo og því, að stjórn Íslandsbanka hefir tjáð sig fúsa til þess að yfirfæra fje fyrir Landsbankann, eftir því sem stjórn Íslandsbanka sjer sjer mögulegt, leggur nefndin til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGU.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Íslandsbanki er skyldur til að greiða ókeypis og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytja á sama hátt og ókeypis það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar.

Nú getur Íslandsbanki ekki yfirfært fje fyrir Landsbankann eins og að framan er tilskilið, og fellur þá óinnleysanleiki seðla Íslandsbanka úr gildi gagnvart Landsbankanum.

Alþingi, 21. febr. 1920.

Magnús Guðmundsson,
formaður.

Þórarinn Jónsson,
fundaskrifari.

Jón A. Jónsson,
framsögum.

Þorleifur Guðmundsson. Hákon Kristófersson.

(A. I, 3).

Ed.

53. Frumvarp

til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.):

I.

1. gr.

Stjórnskipulagið er þingbundin konungsstjórn.

2. gr.

Löggjafarvaldið er hjá konungi og Alþingi, báðum saman, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

3. gr.

Skipun konungserfða er sú, er segir í 1. og 2. gr. konungserfðalaga frá 31. júlí 1853. Konungserfðum má ekki breyta, nema með samþykki Alþingis.

4. gr.

Ákvæði þau, er giltu 1. des. 1918 í Danmörku um trúarbrögð konungs og lögræði, svo og um meðferð konungsvalds, þegar konungur er sjúkur, ólög-ráða eða staddur utan beggja ríkjanna, skulu einnig gilda á Íslandi.

5. gr.

Konungur getur ekki verið þjóðhöfðingi í öðrum löndum án samþykkis Alþingis.

6. gr.

Konungur vinnur eið að stjórnarskránni, er hann kemur til ríkis, enda hafi hann ekki unnið þann eið meðan hann var ríkisarfi. Af eiðstaf þessum skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

7. gr.

Ríkisarfi er lögráða, er hann er orðinn fullra 18 ára að aldri.

8. gr.

Ákveða skal með lögum greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar.

9. gr.

Konungur hefir hið æðsta vald í öllum málefnum ríkisins, með þeim

takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur hann ráðherra framkvæma það. Ráðuneytið hefir aðsetur í Reykjavík.

10. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

11. gr.

Konungur skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiftir störfum með þeim.

12. gr.

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skulu bornar upp fyrir konungi í rikisráði. Ráðherrar skipa rikisráð, og á rikisarfi sæti í því, þegar hann er lög-ráða. Konungur er forseti rikisráðsins. Ríkisráðsfund getur konungur haldið með einum ráðherra utan Íslands.

13. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórn-armálefni. Svo skal og halda ráðherrafund, er einhver ráðherranna óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er konungur hefir kvatt til forsætis. Sá ráðherra, er forsæti skipar, nefnist forsætisráðherra.

14. gr.

Nú er konungur ekki staddur hjer á landi, og ber forsætisráðherra þá að jafnaði málin upp fyrir konungi, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna, ef þeir eru ekki viðstaddir. Þá er ráðherra ber upp fyrir konungi mál, sem annar ráðherra hefir undirritað, ber hann ábyrgð á því, að málið sje rjett flutt, en annars ekki sjerstaka ábyrgð vegna flutningsins, nema hann á annan hátt hafi tekið stjórnskipulega ábyrgð á efni þess.

15. gr.

Undirskrift konungs undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir með honum.

16. gr.

Konungur veitir öll þau embætti, er hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararjett. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, er hann hefir veitt það.

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa um, hvort þeir vilji heldur embættaskiftin eða þá lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.

Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, er taldir eru í 57. gr.

17. gr.

Konungur gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sjer fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingi komi til.

18. gr.

Konungur stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hve nær því skuli slitið. Þinginu má eigi slita fyrir en fjárlög eru samþykkt. Konungur getur og kvatt Alþingi til aukafunda.

19. gr.

Konungur getur frestað fundum Alþingis um tiltekinn tíma, þó ekki lengur en 2 vikur, nema Alþingi samþykki, og ekki nema einu sinni á ári.

20. gr.

Konungur getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður en 2 mánuðir sjeu liðnir frá því, er það var rofið, en Alþingi stefnt saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir að það var rofið.

21. gr.

Konungur getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til annara samþykta.

22. gr.

Staðfesting konungs þarf til þess, að nokkur samþykkt Alþingis fái lagagildi. Konungur annast birting laga og framkvæmd.

Nú hefir konungur eigi staðfest lagafrumvarp, sem Alþingi hefir samþykkt, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman, og er þá frumvarpið niður fallið.

23. gr.

Þegar brýn nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó riða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstimabilið eru samþykkt af Alþingi.

24. gr.

Konungur getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn nje hegningu, sem landsdómur hefir í dæmt, nema með samþykki Alþingis.

25. gr.

Konungur veitir annaðhvort sjálfur, eða með því að fela það stjórnarvöldum í hendur, leyfi og undanþágur frá lögum, samkvæmt reglum, sem farið hefir verið eftir hingað til.

II.

26. gr.

Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 þingmenn, en 6 hlutbundnum kosningum um land alt í einu lagi.

Með lögum má ákveða, að þingmenn Reykjavíkurborgar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarrjett sömu reglur sem við óhlutbundnar kosningar.

Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt, og auk þeirra 8 þingmenn, er sameinað Alþingi kys úr flokki þingmanna, sem kosnir eru í sjerstökum kjördæmum. Hinir eiga sæti í neðri deild.

27. gr.

Þingmenn kosnir í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir til 4 ára, en þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum um land alt til 8 ára, og fer helmingur þeirra frá fjórða hvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt.

28. gr.

Deyi þingmaður, kosinn í sjerstöku kjördæmi, á kjörtímanum, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eltir er kjörtímans. Verði á sama hátt ault sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu um land alt, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum um land alt, enda kosnir á sama hátt og samtímis. Sama er og, ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu um land alt, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaðing, eða það sem eftir er af því þingi.

29. gr.

Kosningarrjett við kosningar til Alþingis í sjerstökum kjördæmum hafa allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri, er kosning fer fram, og hafa ríkisborgararjett hjer á landi og verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema

hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga um land alt. Að öðru leyti setja kosningarlög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna í efri deild.

30. gr.

Kjörgengur við kosningar í sjerstökum kjördæmum er hver ríkisborgari, sem kosningarrjett á til þeirra. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt heima í kjördæminu skemur en 1 ár. Með sömu skilyrðum hefir maður, karl eða kona, 35 ára eða eldri, kjörgengi við hlutbundnar kosningar um land alt.

Peir dómendur, er ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

III.

31. gr.

Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar, eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyr á árinu.

Breyta má þessu með lögum.

32. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess nje frelsi.

33. gr.

Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sjerstaklega er ástatt, getur konungur skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

34. gr.

Hvor deild hefir rjett til að bera fram og samþykkja fyrir sitt leyti frumvörp til laga og annara samþykta. Einnig má hvor þingdeild, eða sameinað Alþingi, senda konungi ávörp.

35. gr.

Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmönnum, til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett til að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

36. gr.

Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje af taka, nema með lögum; ekki

má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, nje selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins nje afnotarjett þeirra, nema samkvæmt lagaheimild.

37. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

38. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld.

Frumvarp til fjárlaga og frumvörp til fjáraukalaga skal ætíð leggja fyrst fyrir neðri deild Alþingis.

39. gr.

Sameinað Alþingi kys 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins og gæta þess, hvort tekjur landsins sjeu þar allar taldar og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um samþykkt á honum og athugasemdir yfirskoðunarmanna.

Rjett er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur ríkisfjehirðis, og sömu leiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það, sem er að liða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugasemdir, skulu þeir gera eftirmönnum sínum visbendingu um það skriflega.

40. gr.

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

41. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarhvorri þingdeild, skal það lagt fyrir hina deildina svo sem það var samþykkt. Ef þar verða breytingar á gerðar, fer frumvarpið aftur til fyrri þingdeildar. Ef hjer verða aftur gerðar breytingar, fer það af nýju til hinnar deildarinnar.

Nú gengur enn eigi saman, og ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og er þá málinu lokið með einni umræðu í sameinuðu Alþingi.

Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu til þess, að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um einstök málsatriði. En eigi ná þó lagafrumvörp, önnur en frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga, fullnaðarsamþykki, nema tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með þeim.

42. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi mist kjörgengi.

43. gr.

Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefir verið tekin gild.

44. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til Alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir rikissjóð, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin telur nægja.

45. gr.

Meðan Alþingi stendur yfir má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefir sagt í þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi.

46. gr.

Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rjett þann, er þingkosningin hafði veitt honum.

47. gr.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rjett á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrjett eiga þeir þó því að eins, að þeir sjeu jafnframt alþingismenn.

48. gr.

Hvor þingdeild og sameinað Alþingi kys sjálft forseta sinn.

49. gr.

Hvorug þingdeildin getur gert samþykt um mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði.

50. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sjerhvert alment mál í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, ef hún leyfir það, og beiðast um það skýrslu ráðherra.

51. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna flytji það.

52. gr.

Nú þykir þingdeild ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og getur hún þá vísað því til ráðherra.

53. gr.

Fundir beggja þingdeilda og sameinaðs Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingskópum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.

54. gr.

Þingsköp sameinaðs Alþingis og beggja deilda þess skulu sett með lögum.

IV.

55. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

56. gr.

Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.

57. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

58. gr.

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum.

59. gr.

Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem best á við sannfæringu hvers eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

60. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

VI.

61. gr.

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

62. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit, nje kyrsetja brjef og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eftir dómsúrskurði eða eftir sjerstakri lagaheimild.

63. gr.

Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sina, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli og komi fult verð fyrir.

64. gr.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararjett nema með lögum.

Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignarjettindi hjer á landi skal skipað með lögum.

65. gr.

Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningseill krefji, enda þarf lagaboð til.

66. gr.

Sá skal eiga rjett á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær sjeð fyrir sjer og sínum, og sje eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, er lög áskilja.

67. gr.

Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannaþje.

68. gr.

Hver maður á rjett á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.

69. gr.

Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að sækja þurfi um leyfi til þess. Ekkert fjelag má leysa upp með stjórnsarráðstöfun. Þó má banna fjelag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn fjelaginu, til þess að það verði leyst upp.

70. gr.

Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

71. gr.

Sjerhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því, sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum.

72. gr.

Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.

73. gr.

Skattamálum skal skipa með lögum.

74. gr.

Sjerrjettindi, er bundin sjeu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi taka í lög.

75. gr.

Rjettinda þeirra, er um getur í 16., 29. og 30. gr., og bundin eru við íslenskan ríkisborgararjett, njóta einnig danskir ríkisborgarar, að öðru jöfnu, samkvæmt dansk-íslenskum sambandslögum.

76. gr.

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandslögum Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

Sama skal og gilda, ef lagabreyting verður gerð á kirkjuskipuninni samkvæmt 58. gr.

77. gr.

Stjórnarskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 1921. Samtímis falla úr gildi stjórnarskrá um hin sjerstöku málefni Íslands 5. janúar 1874 og stjórnskipunarlög 3. okt. 1903 og 19. júní 1915, um breyting á henni.

Ákvæði um stundarsakir.

1. Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en stjórnarskrá þessi öðlast gildi, þótt ekki sjeu þeir íslenskir ríkisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.
2. Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá árið 1922 eftir hlutkesti Alþingis 1917, falla niður árið 1926.
3. Almennar, reglulegar óhlutbundnar alþingiskosningar skulu fram fara árið 1923. Ekki mega þær þó fram fara fyr en að loknu reglulegu Alþingi það ár.

(A. IX, 5).

Ed.

54. Framvarp

til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Í stað 1. og 6. gr., fyrri málsg. 79. gr. og fyrri málsg. ákvæða um

stundarsakir i lögum 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, koma eftirfarandi greinar:

1. gr.

(1. gr. laga 3. nóv. 1915).

Með þeim takmörkunum, sem hjer fara á eftir, hafa kosningarrjett til Alþingis við kosningar i sjerstökum kjördæmum allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri þegar kosning fer fram, hafa óflekkað mannorð, hafa ríkisborgararjett hjer á landi og hafa verið búsettir i landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram.

2. gr.

(6. gr. laga 3. nóv. 1915).

Kjörgengur við kosningar i sjerstökum kjördæmum er hver ríkisborgari, karl og kona, sem kosningarrjett á til þeirra, nema þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt heima i kjördæminu skemur en 1 ár.

3. gr.

Fyrri málsgrein 79. gr. orðist svo:

Almennar hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar til Alþingis fara venjulega fram 4. hvert ár.

4. gr.

I stað fyrri málsgreinar ákvæða um stundarsakir komi:

Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en hin nýja stjórnaðskrá konungs-ríkisins Íslands öðlast gildi, þótt ekki sjeu þeir íslenskir ríkisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.

Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá árið 1922 eftir hlutkesti Alþingis 1917, falla niður árið 1926.

Almennar, reglulegar alþingiskosningar i sjerstökum kjördæmum skulu fara fram árið 1923. Ekki mega þær þó fram fara fyr en að loknu reglulegu Alþingi það ár.

(A. X, 3).

Ed.

55. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 64, 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.

(Eftir 3. umr. i Nd.)

1. gr.

Auk þóknunar þeirrar af landsfje, sem ræðir um i 1. gr. laga nr. 64,

14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m., skulu hreppstjórar njóta samskonar launauppbótar sem embættis- og sýslunarmenn landsins samkvæmt 33. gr. launalaganna.

Uppbótin greiðist ásamt þóknuninni fyrir hvert umliðið fardagaár.

2. gr.

Hreppstjóraun um fardagaárið 1919—1920 skulu fyrir tímabilið frá 6. desember 1919 til loka fardagaársins reiknast samkvæmt ákvæðum 1. gr.

(A. XIII, 3).

Nd.

56. Frumvarp

til laga um eftirlit með útlendingum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Rjett er dómsmálaráðherra að mæla svo fyrir í reglugerð, að eigi skuli mönnum heimilt að stiga hjer á land af skipum, nema þeir hafi vegabryf eða önnur skilríki, er sýni á fullnægjandi hátt, hverjir þeir eru.

2. gr.

Nú hefir útlendur maður komið hingað til lands til þess að leita sjer atvinnu eða dveljast hjer lengur eða skemur, og skal honum þá skylt að skýra lögreglustjóra eða hreppstjóra, þar sem hann kemur fyrst á land, frá því og gera grein fyrir því, í hvaða skyni hann er hingað kominn.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um þau efni, er í þessari grein segir.

3. gr.

Rjett er að meina þeim mönnum útlendum að setjast hjer að eða dveljast hjer, sem:

1. Eigi geta sannað eða gert sennilegt, að þeir fái framsært sig eða þá, sem á vegum þeirra eru, án þess að þiggja hjer fátækrastyrk næstu 2 ár eftir að þeir hafa hingað flutst.
2. Haldnir eru næmum sjúkdómi, enda þótt eigi sje löbskylt að beita sóttvörn-um, ef landlæknir telur ástæðu til að meina manni landsvist þess vegna.
3. Gera eigi grein fyrir því eða skýra rangt frá því, í hvaða skyni þeir eru hingað komnir.
4. Komnir eru hingað til starfa eða athafna, sem dómsmálaráðherra telur ólög-legal, ósæmilegar eða hættulegar hagsmunum ríkis eða almennings, eða högum þeirra er að öðru leyti svo háttað, að vist þeirra hjer megi teljast hættuleg eða bagaleg hagsmunum ríkis eða almennings.

5. Hefir verið vísað burt úr öðru ríki af ástæðum þeim, er í 4. tölul. greinir.
6. Hafa orðið sekir um brot, sem svivirðileg eru að almenningsáliti, þar sem þeir hafa áður dvalist, eða lögreglan þar lýsir eftir þeim vegna brota á landslögum þar.

4. gr.

Nú hefir útlendur maður setst að hjer á landi, og skal þá vísa honum burt:

1. Ef hann verður hjer sveitarstyrkspurfi.
2. Ef hann verður sekur, áður en hann hefir dvalist hjer full 5 ár samfleytt, að lagadómi um verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti, enda hafi hann verið dæmdur til refsingar í fangelsi við vatn og brauð að minsta kosti. Skal það þá tekið fram í refsidómi, að sökunautur skuli verða af landi burt, þegar hann hefir þolað refsingu samkvæmt dóminum.

Dómsmálaráðherra getur þó veitt landsvistarleyfi, þegar svo stendur á, sem í þessum tölul. segir, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

5. gr.

Ef útlendur maður hefir setst að á landi hjer eða tekið hjer dvöl, þá getur dómsmálaráðherra ákveðið, að hann skuli verða af landi brott:

1. Ef hann hefir skýrt visvitandi rangt frá um atriði þau, er í 3. gr. segir.
2. Ef svo reynist eða svo verður ástätt um hann, sem í 3. gr. 2. og 4.—6. tölul. segir.

6. gr.

Nú er manni meinuð landsvist samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og skal hann þá flytja af landi burt ásamt skuldaliði sínu. Þó getur dómsmálaráðherra leyft honum eða þeim, sem á vegum hans hafa hjer verið, landsvist framvegis, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um alt það, er flutninginn varðar.

7. gr.

Hver sá, sem gerir sjer það að atvinnu að nokkru eða öllu leyti að hýsa gesti, skal hafa gestabók, löggilta af lögreglustjóra, gegnumdregna og tölusetta. Skulu allir þeir, er gistingu taka eina nótt eða lengur, rita með eigin hendi nöfn sín, heimili, stöðu og síðasta dvalarstað í bókina. Lögreglumönnum skal jafnan heimilt að skoða bók þessa og taka eftirrit af henni. Dómsmálaráðherra getur einnig skyldað forstöðumenn gistihúsa til þess að senda lögreglunni eftirrit úr gestabók.

8. gr.

Skylt er lögreglumönnum að hafa eftirlit með útlendum mönnum, er hjer taka sjer dvöl eða aðsetur, samkvæmt þeim reglum, er dómsmálaráðherra setur.

9. gr.

Ef sá maður, er meinuð hefir verið landsvist hjer samkvæmt 3. gr. 2.—6. tölul., eða vísað hefir verið burt af landi hjer samkvæmt 4. gr. 2. tölul. og 5. gr. laga þessara, kemur hingað aftur til lands án þess að hann hafi til þess leyfi dómsmálaráðherra, skal hann sæta sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda skal það brýnt fyrir þeim í refsidómi samkvæmt 4. gr. 2. tölul. eða í brottflutningsskipun dómsmálaráðherra, að endurkoma til landsins varði þessum víðurlögum.

Brot gegn ákvæðum 7. gr. laga þessara varða sektum frá 50—1000 krónum. Auk þess má dæma sökunaut til þess að hafa fyrirgert rjetti til að halda gistihús eða standa fyrir gistihúsi eða veitinga, ef brot er itrekað.

Brot gegn ákvæðum þeim, sem dómsmálaráðherra setur með heimild í lögum þessum, varða sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Sektir samkvæmt lögum þessa renna í rikissjóð.

10. gr.

Með mál út af brotum samkvæmt 9. gr. skal fara sem almenn lögreglumál.

Ef halda þarf annars rjettarrannsókn um hagi útlendra manna hjer, vegna einhverra atriða, er í lögum þessum greinir, þá skal hún fara að hætti opinberra mála.

11. gr.

Lög þessi, að undantekinni 1. og 7. gr., taka eigi til íslenskra rikisborgara. Eigi raska þau heldur þeim rjettindum, er borgarar annara rikja hafa hjer samkvæmt samningum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði 4. og 5. gr., sbr. 9. og 10. gr., ná þó til þeirra útlendra manna, er tekið hafa sjer dvöl eða aðsetur á landi hjer áður en þau öðluðust gildi.

17. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, svo og önnur ákvæði í lögum, er koma kynnu í bág við lög þessi, eru úr gildi numin.

(C. V, 1).

Ed.

57. Tillaga

til þingsályktunar um flutningabrautina frá Þjórsá austur yfir Ytri-Rangá.

Flutningsm.: Guðmundur Guðfinnsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að athuga, um leið og endurskoðun vegalaganna frá 1907 fer fram samkvæmt ályktun síðasta Alþingis,

hvort ekki sje rjettast að telja flutningabrautina frá Þjórsá austur yfir Ytri-Rangá í Rangárvallasýslu í sjerstökum flokki flutningabrauta, með sjerstökum ákvæðum um viðhaldsskyldu.

Greinargerð.

Þessi þingsályktunartillaga er flutt sem viðbót við þingsályktunartillögu frá síðasta Alþingi um endurskoðun vegalaganna frá 1907.

Flutningabraut þessi (Holtabraut) er byggð samkvæmt vegalögunum frá 1894, þar sem ákveðið var, að flutningabrautir skyldu vera akfærar á sumrum; vegir eftir þessum lögum eru ver gerðir í upphafi en aðrir vegir, sem byggðir eru eftir lögnum frá 1907. Skál þess og getið hjer, að öll er brautin ómalborin (ópúkkuð) og vegarstæðið eitt hið lakasta hjer á landi, sjerstaklega erfitt að ná í ofaniburð og langt að flytja hann, t. d. víða 5 km.; verður því viðhaldið á þessari braut óvenju dýrt og erfitt, samanborið við aðrar flutningabrautir á landinu.

Af þessum framangreindu ástæðum virðist full ástæða til að þetta atriði verði athugað af stjórninni.

(A. VIII, 7).

Nð.

58. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um þingmannakosning í Reykjavík.

Flutningsmaður: Sveinn Björnsson.

Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

Alþingismenn Reykjavíkur skulu vera 4. Þegar sú skipun er á komin samkvæmt 12. gr., skulu sæti eiga í neðri deild Alþingis 28 þingmenn.

(B. XIV, 2).

Nð.

59. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglu-samþyktir utan kaupstaðanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til að það verði samþykt með þessari

BREYTINGU.

Frumvarpsgreinin orðist svo:

Í stað orðanna »enda búi sýslumaður þar« í 1. málsgrein laga nr. 18, 20. okt. 1905, komi:

Enda búi sýslumaður, umboðsmaður sýslumanns eða hreppstjóri þar.

Alþingi, 21. febrúar 1920.

Sveinn Björnsson, Björn Hallsson, Sigurður Stefánsson.
formaður og framsögum. skrifari.

Pjetur Ottesen. Þorsteinn Jónsson.

(A. XIV, 4).

Nð. 60. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 12, 12. ágúst 1918, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr.

Í stað »10⁰/o« komi:
15⁰/o.

2. Við 1. gr.

Aftan við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir stjórnarráðið um það fullnaðarúrskurð.

3. Við 7. gr. 3. málsg.

Í stað orðanna »er gjaldið 1⁰/o af póströfunni« komi:
telst gjaldið af fjárhæð póströfunnar.

(B. XII, 2).

Nð.

61. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á glysvarningi.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr.

Í stað »allskonar glysvarnings« komi:
á allskonar óþörfum varningi.

2. Við fyrirsögn frumvarpsins.

Fyrir »glysvarningi« komi:
óþörfum varningi.

(C. VI, 1).

Ed.

62. Tillaga

til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til þess að veita styrk til að kaupa björgunarbát.

Flutningsmaður: Karl Einarsson.

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að veita Björgunarfjelagi Vestmannaeyja alt að 50 þúsund króna viðbótarstyrk til að kaupa björgunarbát, í viðbót við styrk þann, er heimilað er að veita í þingsályktunartillögu 11. júní 1918 í þessu skyni.

Styrkveitingin er sömu skilyrðum bundin og styrkveitingin í nefndri tillögu.

Greinargerð.

Eins og háttv. alpm. mun kunnugt, var á Alþingi 1918 samþykkt þingsályktunartillaga, sem heimilaði stjórninni að veita sveitarfjelagi, fiskifjeldsdeild eða fjelagi einstakra manna í Vestmannaeyjum alt að 40 þús. króna styrk til að kaupa björgunarbát, þó ekki fram yfir þriðjung kostnaðar. Það var þegar áður vaknaður mikill áhugi á því í Eyjum að fá björgunarbát eða hjálparbát, bæði til þess að aðstoða báta, sem í nauðum væru staddir, og svo til að hafa eftirlit með veiðarfærum manna. Þegar nú hið háa Alþingi tók þannig í þetta mál, hjelt jeg 3. ágúst 1918 fund með Eyjamönnum, og var þá þegar safnað talsverðu fje á þeim fundi; um haustið var myndað fjelag, sem var nefnt Björgunarfjela Vestmannaeyja, og kosin stjórn til þess að hrinda málinu áfram. Var svo haldið áfram að

safna hlutafje í fjelagið og sendur maður til útlanda til þess að reyna að fá tilboð í hæflegan bát eða skip. Árangur af ferð þeirri varð mjög mikill, því margt kom þá í ljós, sem varð til að leiðbeina stjórninni síðar í málinu. Það komu ýms tilboð, en ekkert þeirra líkaði til fulls, þar til stjórnin rjeð af síðastliðið haust að kaupa gufuskipið Thor af dönsku stjórninni. Stjórninni varð það sem sje betur og betur ljóst, að mótorskip væri ekki nærri eins trygt og gufuskip, og varð því ekki sjeð í það, þótt útgerðarkostnaður yrði nokkuð meiri. Það varð því, eftir mjög nákvæma yfirvegun stjórnar fjelagsins, ýmsra fjelagsmanna og þeirra, sem í ráðum voru með fjelagsstjórninni um þetta mál, að ráði að kaupa gufuskip þetta, og fer hjer á eftir skýrsla um kostnað við að eignast það:

1. Kaupverð skipsins	kr. 150000,00
2. Provision	— 1500,00
3. Aðgerð til 1. flokks	— 75000,00
4. Þinglestur og stimpilgjald	— 1652,00
5. Ljósastari	— 5000,00
6. Loftskýtatæki og uppsetning	— 10000,00
7. Kol og olía heim ..	— 9000,00
8. Kaup skipverja til 1. mars	— 8275,00
9. Fargjöld og fæðispen. sömu til útlanda ..	— 3580,00
10. Vátrygging á leiðinni	— 920,00
11. Stríðsvátrygging	— 3000,00
12. Annar kostnaður	— 4500,00
	kr. 272427,00

Allar aðalupphæðirnar í skýrslu þessari eru ábyggilega rjettar, en um nokkrar þeirra má segja, að þær sjeu áætlaðar, en fjarri sanni munu þær ekki vera, enda skiftir það ekki miklu máli, þar sem ætlast er til að ríkissjóður leggi til þriðjung hins raunverulega kostnaðar.

Að stjórn Björgunarfjelagsins rjeðist í að kaupa skip þetta, þótt dýrara væri en húist var við í fyrstu, kom fyrst og fremst til af því, að minna skip, og þá sjerstaklega mótorskip, þótti ekki tryggilegt, því harla leitt væri, ef hjálparskipið sjálft, jafnvel iðuglega, þyrfti á hjálp að halda eða bílaði, ef til vill þegar þörfin væri mest á hjálp þess. Fjelagsstjórnin varð því á það eitt sátt, að annað hvort var að gera að kaupa vel haffært skip eða láta málið niður falla; en með þörfina fyrir augum á slíku skipi og gagni því, er það gæti gert, ekki að eins við Vestmannaeyjar, heldur og víðar á landinu, þá bar hún það traust til hins háa Alþingis, að það mundi ekki hætta við hálfunnið verk, heldur fyrir alvöru taka þetta mál í sínar hendur og um leið þiggja þá hjálp, sem fjelagið getur í tje lát-ið. Til þess að sýna, hvernig stjórn fjelagsins lítur á þetta mál í heild sinni, fer hjer á eftir einskonar skýrsla eða umsögn stjórnarinnar um það efni, er hún hef-ir samið 17. þ. mán.

Skýrslan hljóðar svo:

»Það er kunnugt öllum landslýð, að Vestmannaeyjar eru eitt hið mesta sjósóknarpláss á öllu landinu, og eins hitt, að sjór er þar sóttur um hávetrar-tímann, þegar allra veðra er von.

Síðan að hætt var að mestu við opnu skipin, og í þeirra stað komu vjel-bátar, eins og nú er raun á orðin, hefir útvegurinn stækkað að miklum mun; skipum fjölgað, lengra sótt og í verra veðri og róðrar byrjaðir um og fyrir jól,

og jafnvel fyr, ef tíð er góð. Veifaræri þau, sem notuð eru, hafa líka tekið miklum stakkaskiftum frá því, sem áður var; í stað handfæra er nú að mestu veitt á lóðir og í net, og hefir þessi síðastnefnda veiðiaðferð með góðum notum mjög færst í aukana ófriðarárin, þar eð minna var hjer um botnvörpunga og því minni hættu á skemdum á netunum en áður.

Það leiðir af sjálfu sjer, að samfara þeirri kappsemi í sjósókninni, sem óhjákvæmilega leiðir af þeirri breytingu til framfara útgerðinni, sem raun hefir á orðið hjer hin síðustu árin, hefir hættan aukist stórlega fyrir sjómenn vora.

Litlir vjelbátar eru illa komnir við hina hafnlausu suðurströnd landsins, þegar á skella skammdegis stórviðri, ef eitthvað bilar ofan þilfars eða neðan. Það eru þó einkum vjelbátarnir, sem hættu stafar af, en fyrir þeim verður aldrei gert að fullu. Að sönnu eru þær fatiðari nú en á fyrstu árum vjelbátanna og vjelamennirnir betur orðnir starfi sínu vaxnir, en við vjelbilunum má altaf búast, og ef þá hittist illa á með veður, er voðinn vís. Eru mörg og sorgleg dæmi þess.

Á 10 árum höfum vjer mist 19 vjelbáta og 33 mannslíf í sjóinn. Stundum hefir tekist að hjarga mönnunum, þó ekki hafi tekist að hjarga bátunum. Vjelbátunum er það í flestum tilfellum um megn að draga annan jafnstóran bát á eftir sjer í stormi og stórsjó.

Slysin vofa daglega yfir hinni hraustu sjómannastjett vorri, og það þó alls sje gætt, sem samrýmanlegt er vaskri sjósókn. Við svo ramman reip eiga sjómenn vorir að draga, þar sem er vetrarveðráttan og hafnleysið. Bátarnir reyna auðvitað af fremsta megni að hjálpa hver öðrum þegar í nauðirnar rekur, enda er ekki öðru til að dreifa, nema þá sjaldan næst í botnvörpunga, ef svo vill til í það og það skiftið. En þetta eru hin mestu vandræði, að neyðast til að senda út í hæltuna þá, sem nýlega eru úr henni komnir, og eru eðlilega lítið betur staddir, þegar þangað er komið, en bátarnir, sem þeir eiga úr henni að hjarga.

Af þessu hafa einnig hlotist stórslys fyrir þá, sem hjálpina vildu veita, og þó ekkert slíkt hefði komið fyrir er það auðsætt, hvílikt neyðarúrræði slík bjargráð ávalt verða fyrir vjelbátana.

Þessi daglega yfirvofandi slysaætta, ásamt ljelegum og stopulum bjargráðum, hefir knúð oss Vestmannaeyinga til að bindast samtökum um það, að eignast og hafa á varðbergi gott skip með sjerstökum útbúnaði til að hjálpa nauðstöddum bátum.

Í þessum tilgangi aðallega er *Björgunarffjelag Vestmannaeyinga* stofnað.

En það er fleira en líf sjómannanna, sem er í hættu og þarfnast verndar á hafinu. Með sívaxandi fjölda útlendra fiskiskipa verður æ þrengra á fiskimiðum vorum, og verða sjómenn vorir oft fyrir þungum búsiðjum af völdum botnvörpunga, að því er snertir skemdir á veiðarfærum. Það dylst því engum, að hið sama skip, sem hjer væri til bjargráða, gæti einnig hjálpað til að gæta hagsmuna bátanna gagnvart útlendingum, með öðrum orðum verið hvorttveggja í senn, björgunar- og strandvarnarskip.

Þessi störf, sem nú hafa verið nefnd, fara einnig mjög vel saman og koma traúðlega í bága hvort við annað, og skal þetta skýrt nokkuð nánar.

Bátar haga hjer svo veiðum sínum, að þeir róa, seinni part nætur og koma heim að kvöldi sama dags, að öllu forfallalaus, en liggja ekki úti fyr en fer að vora og nótt styttr.

Björgunarskipið mundi að deginum til sveima um fiskimiðin og gefa gætur að bátunum og útlendu fiskiskipunum, hvorttveggja í senn. Sje gott í veðri, gæti það mestmegnis beitt athygli sinni að eftirliti með fiskiveiðum útlendinga.

Versni veður, heldur það sig meira í nánd við bátaflokkann, til að vera ekki langt frá, ef með þarf.

Geta má þess, að þegar ekki er orðið sjóveður fyrir bátana og þeir verða veðurs vegna að leita hafnar, þá fiska botnvörpungar trauðlega lengur, með öðrum orðum, að þegar svo er komið veðri, að bátar þurfa hjálpar skipsins, er um litlar eða engar veiðar hjá botnvörpungum að ræða, og því síður þörf gæslu-skipisins.

Það er álit allra þeirra, sem hjer þekkja til, að skipið geti verið hvorttveggja í senn, björgunar- og strandvarnarskip. Þó er enn ótalið ýmislegt það, sem svona skip getur leyst af hendi hjer jafnframt, eins og samskonar skip líka gera annarsstaðar, án þess að það komi í bága við aðalstörf þess, og skal hjer drepa á nokkur atriði.

Sjókort yfir Vestmannaeyjar og umhverfi þeirra er mjög ófullkomið og enda sumstaðar villandi, og er þó nauðsynlegt sjófarendum, að kort yfir þetta svæði sje sem allra fullkomnast.

Á daglegum siglingum sínum um þessar slóðir geta yfirmenn skipsins gert athuganir um dýpi, grynningar, strauma og ýmislegt annað, sem nauðsynlegt er að sjómenn viti sem best og rjettast. Sá fróðleikar, sem þannig smátt og smátt yrði fenginn, mundi verða að miklu liði til að fullkomna þekkingu sjómannanna á þessu svæði.

Þá eru um vetrarvertiðina auk vjelbátanna mörg hundruð skip, bæði innlend og útlend, að fiskiveiðum við Vestmannaeyjar og nágrenni þeirra. Mörg eru þau tilfelli, að þessi skip þurfa einhverrar hjálpar við, og mundi skipið oft geta veitt þeim aðstoð og enda hugsanlegt, að þau tilfelli geti komið fyrir, að skipið hefði einhverjar tekjur af því, en þó ekki sje á hið síðastnefnda litið, er það mjög mikilsvert fyrir allan íslenska fiskiflokkann, að hafa hjer á sveimi sitt eigið hjálparskip, og enda ekki vansalaust fyrir hið íslenska ríki að hafa engar opinberar eftirlitsfleytur á þessum slóðum um hávertiðina.

Um það hefir verið talað, að ríkið þyrfti að gera út skólaskip, þar sem ungir sjómenn gætu mentast í sinni grein. Vjer gerum ekki ráð fyrir, að skip vort geti kallast skólaskip, en geta má þess, að skipstjóri sá, sem ráðinn er á það, herra Jóhann Jónsson, er lautinant í danska sjóliðinu og enginu vafi á því, að hann, með aðstoð tveggja duglegra stýrimanna, getur kent ungum nýliðum í sjómannastjettinni mörg þau undirstöðuatriði, sem þeim er þörf á að læra.

Við ráðningu háseta á skipið hefir líka verið tekið tillit til þess síðastnefnda, og ráðnir ungir menn, sem ætla að læra verklega sjómensku á skipinu og síðan ganga á stýrimanna- og vjelstjóra-skólann.

Nú hefir verið sagt frá ástæðum fyrir stofnun Björgunarsfjelagsins, nauðsyn þess og hugmyndum vorum um tilhögun starfs þess á vetrarvertiðinni fyrir sunnan land.

Þykir oss rjett, áður en lengra sje farið, að minnast nokkuð á skip það, sem fjelagið hefir keypt.

Það var í fyrstu hugsað um að kaupa mótorskip, en horfið frá því ráði eftir bendingum þeirra manna, sem best höfðu vit á og mest höfðu hjálpað fje-

lagsstjórninni til að undirbúa þetta mál. Er nú svo komið, að fjelagið hefir keypt af dönsku stjórninni hafrannsóknarskipið Þór, sem er rúmlega 200 tonn að stærð, eða á borð við meðal botnvörpung. Er skipið nú í Kaupmannahöfn, ferðbúið hingað. Það hefir fengið viðgerð til 1. flokks í Flydedokken og það hafa einnig verið sett í það sjerstök tæki til björgunar.

Ljóskastari var settur á skipið í Kaupmannahöfn, og er hann mjög ljósstyrkur, en loftskeytatæki, sem fjelagsstjórnin er að kaupa, verða ekki sett á það fyrir en það kemur heim.

Að dómi þeirra, er til þekkja, hefir fjelagið orðið fyrir mestu happakaupum á skipinu, enda hefir landsstjórnin sýnt það í verkinu, að hún ber fult traust til skipsins, með því að hún hefir þegar greitt 40 þús. kr. til skipskaupanna. En með því að skipið heimkomið og búið til starfa kostar 270—280 þús. kr. hlýtur þingið að hlaupa undir bagga með skipakaupin frekar en orðið er, ef nokkuð á að verða úr framtíð þessarar tilraunar til bjargráða og eftirlits við strendur landsins.

Að lokinni vetrarvertíð hefir skipið ekkert að gera fyrir sunnan land; bátar eru hjer að mestu hættir veiðum og hættan sama sem engin móts við það sem er á vertíðinni. Þá eru og útlendu skipin líka komin á önnur mið við strendur landsins, þar sem aflavænlegra er um þann tíma árs.

En er þá hvergi við land þörf á eftirliti með fiskiveiðunum nema við Vestmannaeyjar á vetrarvertíðinni?

Mundi ekki skipið geta orðið að liði sem strandvarnarskip við Faxaflóa og Vestfirði vor og haust og fyrir norðan land um sildveiðitímann?

Það er engum vafa undirorpið, að nóg er fyrir skipið að starfa allan ársins hring víðs vegar við landið til strandgæslu og til hjálpar sjómönnum landsins. Vjer lítum svo á, að þingi og stjórn beri alveg sjerstök skylda til að taka þetta mál til alvarlegrar ihugunar; sjómannastjett landsins á fyrir löngu síðan heimtingu á þeirri vernd, sem slíkt skip getur í tje látið.

Björgunarfjelog Vestmannaeyja hefir runnið hjer á vaðið til að flýta fyrir að hafist væri handa í björgunar- og strandgæslumáli Íslands. Með aðstoð góðra manna er nú svo vel á veg komið, að fjelagið getur boðið ríkinu nú strax hæfilega stórt og að öllu leyti vel útbúið *gufuskip* til björgunar og strandvarna, gegn því, að ríkið haldi úti skipinu. Skilyrði setur fjelagið engin um starfstílhögun og starfssvæði skipsins önnur en þau, að skipið haldi sig fyrir sunnan land á vetrarvertíð. Að þeim tíma loknum ráðstafar landsstjórnin skipinu, eftir því sem best hentar.

Þá er björgunarfjelagsstjórnin einnig fús til að vinna að því, að í notum þess, að skipið er hjer fyrir sunnan land um vetrarvertíðina, sjeu greidd tillög til útgerðar skipsins bæði frá Vestmannaeyjum, Stokkseyri, Eyrarbakka og öðrum veiðistöðum, sem gagn hafa af starfsemi skipsins þann tíma. Að þessu mætti ríkinu vera dálitill ljettir á útgerðarkostnaði skipsins. Önnur hjeruð gætu svo látið eitthvað af mörkum í sama ægnamiði og mynduð til þess fjelagsskap samskonar og Björgunarfjelog Vestmannaeyja. Væri þá vel, ef landsmenn tækju alment höndum saman við þing og stjórn, líkt og Vestmannaeyingar eru nú reiðubúnir að gera, til að koma strandvörnum Íslands í sæmilegt horf og til að bjarga einhverju af þeim mannhlífum, sem hjer fara árlega í sjóinn.

Hin síðari árin hefir mikið verið skrifað og skrifað um bjargráð og strand-

varnir bæði í blöðunum og á Alþingi. Vjer lítum svo á, að það megi með engu móti dragast að *hefst verklegra framkvæmda*, og í fullu trausti þess, að þing og stjórn liti ekki smærri augum á þetta mál en vjer og vilji styðja viðleitni vora, þá höfum vjer hiklaust ráðist í að kaupa gott og vandað skip, ef mætti verða sem flestum landsmönnum að liði. Kviðalausir um það, að þingið skilji skyldur sínar gagnvart slíkum fjelagsskap, sem varðar alla landsmenn og hefir verið stofnað og stutt af einstökum mönnum, fremur sem sjálfsagt mannúðarfyrirtæki en beinlínis sem gróðafyrirtæki.

17. febrúar 1920.

Stjórn Björgunarfjelags Vestmannaeyja.

Þessi umsögn fjelagsstjórnarinnar er nú í sjálfu sjer mjög greinileg, og það er margt, sem af henni má læra. T. d. skal jeg taka fram, að þegar neta-veiðarnar byrja fyrir alvöru í mars—apríl, liggja í sjónum í einu veiðarfæri fyrir yfir 300 þús. krónur að eins í Vestmannaeyjum. Alt þetta fjemæti er svo að segja í hers höndum, ef ekkert er eftirlit með því. Það hefir oft komið fyrir, að stórskemdir á veiðarfærum þessum hafa átt sjer stað, og er það þá ekki að eins sá beini skaði að missa veiðarfærin, sem skeður, heldur og jafnvel meira tjón af aflamissi, sem af hlýst beinlínis. Björgunarskipið mun geta, alveg að bagalausum fyrir annað starf þess, komið í veg fyrir þessar skemdir, sem oft verða óviljandi og til tjóns einnig fyrir þann, sem skemdunum veldur. Það mun í flestum tilfellum að eins þurfa að vara fiskiskipin við netunum, en auðvitað er einnig sagt, að slíkar skemdir sjeu gerðar viljandi, og þá mun oftast vera um beinan þjófnað að ræða. Væri það litill skaði, þótt næðist einhvern tíma í slíka pílta.

Jeg álit annars óþarft að fara um þetta fleiri orðum hjer, en læt fylgja hjer beiðni frá stjórn Björgunarfjelagsins um viðbótarstyrkinn, og hefi jeg, eins og þingsályktunartillagan ber með sjer, miðað við lægri töluna.

Símskeytið hljóðar svo, og er dagsett 17. þ. m.:

»Stjórn Björgunarfjelagsins felur yður að fara þess á leit við Alþingi, að ríkissjóður taki þátt í að borga sem svarar einum þriðja af kaupverði björgunarskipsins Þór, sem nú er keypt og væntanlegt heim í byrjun næsta mánaðar. Upp í þennan þriðja part af verði skipsins hefir ríkissjóður þegar greitt fjelaginu 40 þúsund krónur, en verð alls skipsins verður 270 til 280 þúsund krónur.

Stjórn Björgunarfjelagsins.

(C. VII, 1).

Ed.**63. Tillaga**

til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að gera út björgunar- og eftirlitsskipið Þór frá Vestmannaeyjum.

Flutningsmaður: Karl Einarsson.

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að verja úr ríkissjóði alt að 300 þús. krónum árlega til þess að gera út björgunar- og eftirlitsskipið Þór frá Vestmannaeyjum, eftir samningi við Björgunarfjelag Vestmannaeyja. Skipið hafi aðalstöðvar við Vestmannaeyjar frá 1. janúar til 15. maí, en aðstoði veiðistöðvar frá og með Faxaflóa til Hornafjarðar á sama tíma. Skilyrði fyrir þessu er, að bæjarsjóður Vestmannaeyja leggi til útgerðarinnar árlega 15 þús. krónur. Stjórnarráðið semur reglugerð um útgerð skipsins og starfsvið þess og starf.

Greinargerð.

Jeg get að mestu um þetta mál vísað í greinargerð mína við þingsályktunartillögu á þingskjali 62 um styrk til björgunarbátskaupa. Það liggur í augum uppi, að Björgunarfjelag Vestmannaeyja getur ekki af eigin rammleik haldið út björgunarskipinu, jafnvel að eins þann tíma, sem það þarf að vera fyrir Suðurlandi.

Á kostnaðaráætlun þeirri yfir útgerð skipsins, er hjer fer á eftir, sjest, að útgjöldin hljóta að verða mikil, en aftur óvist um þær beinu tekjur, sem skipinu kann að hlotnast, enda þótt fáir eða engir efist um hið mikla gagn, sem það gerir útveginum bæði beint og óbeint.

Fjelagsstjórn Björgunarfjelagsins hefir með svo hljóðandi símskeyti 17. þ. m. falið mjer þetta mál:

Þar eð stjórn Björgunarfjelagsins er það ljóst, að hluthafar geta ekki borið rekstrarkostnað björgunarskipsins, samþykkir hún að fara fram á, að landsstjórnin leigi það til eins árs eða lengur til björgunar- og landhelgis eftirlits, þannig, að á vetrarvertíðinni sje það sunnanlands, Vestmannaeyjar aðalbækistöð, en aðstoði einnig á þeim tíma veiðistöðvar við Faxaflóa og Hornafjörð, ef þess er beðist. Loftskeytataeki verða á skipinu; þess vegna hægt að ná til þess hvaðanæva að. Leigan sje hinn raunverulegi úthaldskostnaður, að því frá dregnu, er skipinu kann að áskotnast fyrir björgun báta eða skipa. Að lokinni vetrarvertíð ráðstafi landsstjórnin skipinu í þær veiðistöðvar, sem þess álist mest þörf. Eftir lauslegri áætlun telst oss alls útgerðarkostnaður muni nema um 364 þúsund krónum, en trá þessu dregst svo það, sem skipið væntanlega innvinnur.

Fjelagsstjórnin felur yður að bera þetta fram við landsstjórnina og Alþingi og að semja nánar um leigu skipsins.

Stjórn Björgunarfjelagsins.

Áætlun yfir kostnað við útgerð skipsins árlega hljóðar svo:

1.	1000 tonn kol á 200 kr.	kr.	200000,00
2.	Olía o. fl. neðandekks	—	10000,00
3.	Áhöld o. fl. ofandekks	—	10000,00
4.	Fæði 13 skipverja á 6,00 pr. dag	—	28470,00
5.	Karkóváttrygging	—	18000,00
6.	Interesseváttrygging	—	3568,50
7.	Laun:		
a.	laun skipstjóra	kr.	10000,00
b.	— 1. stýrimanns	—	6000,00
c.	— 2. do.	—	4800,00
d.	— 1. meistara	—	9000,00
e.	— 2. do. ...	—	6000,00
f.	— bryta	—	5000,00
g.	— hjálparengs	—	2000,00
h.	— 4 háseta	—	9600,00
i.	— 2 kyndara	—	4800,00
			57200,00
8.	Skrifstofukostnaður	—	2000,00
9.	Fyrning og viðhald	—	20000,00
10.	Ýmislegt	—	6000,00
11.	5% af hlutafje, 180 þúsund krónum (þar af er innborgað 155 þús. krónur)	—	9000,00
		Alls kr.	364238,50

Eins og áætlun þessi ber með sjer, mun ekki hægt verulega að spara á hinum ýmsu liðum áætlunarinnar svo um muni, nema á kolunum, en þá er og hætt við, að gagnið að skipinu verði minna. Jeg ætla ekki að orðlengja þetta mál frekar, en vísa til greinargerðar á þingskjali 62; þó skal tekið fram, eins og sjest á umboði fjelagsstjórnarinnar, að alt, sem inn kann að koma við starfsemi skipsins, dregst frá útgerðarkostnaðinum. Að áætla þessar tekjur álit jeg alveg tilgangslaust, enda ómögulegt, þar sem alla reynslu vantar í þessu efni og þær geta orðið mjög mismunandi.

(B. XIII, 2).

Nd.

64. Nefndarálit

um frv. til laga um kenslu í mótorvjelfræði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og hefir fallist á að mæla með því að það nái fram að ganga með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. 1. lið.

Á eftir orðunum «Hefir stundað járnsmíði» komi:
eða vjelsmíði.

2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Stjórnarráðið setur reglugerð um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kenslunnar, próf o. fl.

Alþingi, 22. febr. 1920.

M. J. Kristjánsson,
formaður og framsögumaður.

Pjetur Ottesen,
skrifari.

Ó. Proppé. Einar Þorgilsson. Þorl. Guðmundsson.

(B. XX, 1).

Nd.

65. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að stofna sjerstaka, íslenska peningasláttu.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn sjerstaka, íslenska peningasláttu og verja til þess fje ár ríkissjóði, svo sem þörf er á, eða taka lán í því skyni.

2. gr.

Noti ríkisstjórnin heimild þá, er um ræðir í 1. gr., setur hún með reglugerð eða reglugerðum öll nauðsynleg fyrirsmáli, er að þessu lúta.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Um gengi myntar mun mestu ráða hlutfallið milli aðfluttrar og útfluttrar vöru. En þessu er ekki til að dreifa hjá oss, vegna þess að vjer notum enn danska mynt, en gengi hennar í þeim löndum, er vjer eigum mest skifti við, er lágt, eins og kunnugt er. Verslunarjöfnuður hins íslenska ríkis virðist, samkvæmt reynslu undanfarinna ára, vera mjög hagkvæmur, en hins vegar er alt öðru máli að gegna um Danmörku. Þar eru hlutföllin alt önnur í þessu efni en hjer og

landinu óhagstæðari. Er engu sýnna en að gengi hinnar dönsku myntar muni enn lækka að miklum mun, og það svo, að oss mun geta af staðið hana mest fjárhagsvoði. Á þessum byltinga- og breytingatímum er eigi fyrir það að synja, að sá voði geti á skömmum tíma að oss stöðjað, og því virðist brýn nauðsyn bera til, að ríkisstjórninni sje veitt heimild sú, er frv. þetta fer fram á. En til þess er að sjálfsgöðu ætlast, að stjórnin rannsaki hið allra bráðasta alt, er að þessu máli lýtur. Vilji stjórnin neyta heimildarinnar, leiðir það og af sjálfu sjer, að hún lætur áður fram fara samninga þá við Noreg og Svíþjóð, sem 9. gr. dansk-íslenskra sambandslaga gerir ráð fyrir.

(B. XXI, 1).

Nd.

66. Frumvarp

til laga um heimild handa stjórninni til þess að greiða styrk af ríkisfje til beinna skipaferða milli Íslands og Gautaborgar.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogu.

Ríkisstjórninni er heimilt að ~~veita~~ af ríkisfje alt að 30000 kr. til þess að styrkja beinar skipaferðir milli Íslands og Gautaborgar, ~~gegn~~ að minsta kosti jafnmiklum fjárstyrk frá ~~sænska~~ ríkinu.

Greinargerð.

Slíkar skipagöngur mundu auðvelda mjög sölu á þeim íslenskum afurðum, er Svíar kaupa, svo sem síld, kjöti og ull.

Nánari greinargerð biður framsögu.

(A. XIV, 5).

Nd.

67. Breytingartillögur

við breytingartillögu við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 12, 12. ágúst 1918, um stimpilgjald, þingskjal 50.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

1. Við a-lið.

Í staðinn fyrir »salti og kolum« komi:
salti, kolum og steinolíu.

2. Við b-lið.

Á eftir »allskonar leikfangi« komi:
úr hvaða efni sem eru.

(B. XXII, 1).

Nd.**68. Frumvarp**

til laga um breyting á póstlögum, nr. 43 16. nóv. 1907.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Framan við 9. gr. laga nr. 43, 16. nóv. 1907, komi:

Hvert skip, sem er íslensk eign, eða skip, sem menn, búsettir hér á landi, hafa á leigu, er skyldugt til, þegar það er afgreitt frá höfn í útlöndum til Íslands, að láta pósthús þar á staðnum vita um för sína, og taka til flutnings, ef þess er óskað, allskonar brjefasendingar, sem taldar eru undir staflíða í 2. gr. póstlaganna.

Útgerðarmenn og skipstjóri ber ábyrgð á að þessu sje hlýtt.

2. gr.

Aftan við 22. gr. sömu laga komi:

Umræddar sektir má fimmfalda þegar miklar sakir eru, og auk þess er póststjórninni heimilt að útiloka hlutaðeigendur frá póstsambandi um ákveðinn tíma, þannig að hvorki sjeu fluttar til þeirra póstsendingar eða frá þeim meðan sá tími stendur yfir.

Póststjórninni skal einnig heimilt á sama hátt, ef stjórnarráðið samþykkir, að loka póstsambandi fyrir mönnum, sem gera sig seka í megnum vanskilum gagnvart henni.

Greinargerð

fyrir frv. þessu felst í brjefi aðalpóstmeistara til stjórnarráðsins frá 16. þ. m., er hér fer á eftir, og hefir póststjórnin samið frumvarpið, en stjórnarráðið sent það samgöngumálanefndum Alþingis, sem hafa fallist á það og bera það fram.

»Fyrir styrjöldina og í byrjun hennar voru 10 pótskip í förum milli Íslands og annara landa eftir fyrirfram auglýstum prentuðum áætlunum fyrir allt árið, en nú engin.

Það er að vísu svo, að hvert skip, sem afgreitt er frá höfn hér á landi, er skyldugt til að taka póstflutning, ef á það er skorað af póststjórninni, og er það óspart notað, þótt oft sje erfitt að ná í skipin.

Póststjórnin danska sjer um flutning á pósti frá Danmörku samkvæmt samningi, sem jeg gerði við hana síðastliðið sumar, og þar gilda samskonar ákvæði um skyldu skipa til að flytja póst, en frá Stórabretlandi og ýmsum öðr-

um löndum eru skip eigi skyldug til að flytja póst hingað, og verðum vjer því að sjá um þann flutning sjálfir.

Það hefir verið torsótt að fá pósthjórnnina á Englandi til að nota tækifærisferðir til pósthflutninga hingað. Þó tókst mjer síðastliðið haust að fá hana til að senda brjefapóst til Fleetwood, til þess að koma honum með botnvörpungum, sem áttu þaðan tíðar ferðir, og til þess að eigi yrði of mikið á þá lagt, tók jeg það sjerstaklega fram, að með þessum ferðum mætti eigi senda neinn bögglaþóst, því að botnvörpungar mundu eiga erfitt með að flytja hann.

Þetta gekk nú ágætlega í nóvember og desember, og kom þá brjefapóstur hingað frá Englandi, Danmörku og öðrum löndum, stundum oft í viku.

Í byrjun janúar ætlaði pósthjórnnin enska, eins og áður, að senda brjefapóst með einum af botnvörpungum Kveldúlfs, en var gerð afturreka, því að skipsthjórnnin neitaði að taka póstinn.

Pósthjórnnin á Englandi hefir eigi notað þessar ferðir frá Fleetwood síðan, og býst jeg við, að hún muni eigi fáanleg til að senda póst framvegis frá öðrum stöðum en Leith, meðan hún getur átt á hættu að verða rekin með póstinn til baka aftur, og það gæti líka komið fyrir, að þau skip, sem sigla frá Leith, neiti að taka pósthflutning, að minsta kosti láti pósthúsið þar eða í Edinborg ekkert vita um ferðir sínar.

Jeg tel því nauðsynlegt að setja lög um að íslensk skip og skip, sem hjer búsettir menn hafa á leigu, sjeu skylduð til að flytja brjefapóst frá útlöndum fyrir hæfilega borgun, eins og frá höfnum hjer á landi.

Það mætti ákveða sektir fyrir að neita pósthflutningi, og þær yrðu að hækka frá því sem ákveðið er í pósthlögunum, með því að peningar eru mjög fallnir í verði, en þar eð hin auðugu útgerðarfelög þurfa eigi að meta peningana mikils, væri rjett að heimila pósthjórnninni að útiloka þá frá pósth sambandi, sem brjóta slík ákvæði, þannig að hvorki yrðu fluttar til þeirra pósth sendingar eða frá þeim um ákveðið tímabil.

Ef jeg gæti sagt pósthjórnninni á Englandi, að slík lög hefðu verið sett hjer á landi, mundi hún fúsari til að afgreiða póst með tækifærisferðum.

Það mundi verða til stórmikils hagræðis fyrir almenning hjer á landi, ef þessi tækifærissskip flyttu brjefapóst hingað, án þess þó að baka útgerðarmönnum eða skipsthjórum nokkur veruleg óþægindi.

Það gæti einnig í mörgum öðrum tilfellum verið heppilegt að heimila pósthjórnninni að útiloka þá frá pósth sambandi, sem sýna af sjer megn vanskil gagnvart henni, t. d. þegar menn þverskallast við að greiða pósthkröfur, þótt pósthmanni kunni að hafa orðið það á að afhenda sendinguna sjálfa, án þess um leið að innheimta pósthkröfuna, eða þegar menn fást eigi til að endurgreiða simapósthávísanir, sem siminn hefir missið, annaðhvort of háar eða tvítaldar, eins og stundum ber við o. s. frv.

Samkvæmt framanskriðuðu hefi jeg samið hjálagt lagafrumvarp, og leyfi mjer virðingarþyllst að mælast til að stjórnnarráðið, ef það er mjer samþóma um þörf á slíkum lagaþyrirmælum, vildi koma því á framfæri á Alþingi.

(B. V, 2).

Nd.**69. Breytingartillaga**

við frv. til laga um löggilding verslunarstaðar í Valþjófsdal í Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Hákon Kristófersson.

1. Við 1. gr.

Á eftir orðunum »vestan megin Önundarfjarðar« komi:
og á Lambeyri við Tálknafjörð í Barðastrandarsýslu.

2. Við fyrirsögn frumvarpsins.

Í staðinn fyrir »í Vestur-Ísafjarðarsýslu« komi:
og á Lambeyri við Tálknafjörð.

(B. XXIII, 1).

Nd.**70. Frumvarp**

til laga um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá samvinnunefnd sjávarútvegsnefnda.

1. gr.

Í landhelgi við Ísland skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpum.

2. gr.

Nú er botnvörpuskip í landhelgi, og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 10000—20000 kr.; skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Brot gegn 2. gr. varða sektum, 2000—10000 kr. Um upptekt afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., er um ítrekað brot er að ræða.

Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

4. gr.

Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við botnvörpuveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 500—5000 kr. Sömu hegningu

ingu skal hver sá sæta, sem er í botnvörpuskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á botnvörpuskipinu.

5. gr.

Skipstjóri, er gerir sig sekan í ítreknuð broti gegn 1. gr., skal, auk refsingar þeirrar, sem getur um í 3. gr., sæta fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta fangelsi fyrir brot gegn 1. gr., auk sektarþegningar þeirrar, sem ákveðin er í 3. gr.

6. gr.

Sektarfje eftir lögum þessum, svo og andvirði fyrir upptækan afla og veiðarfæri, rennur í Landhelgissjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seka upptæk veiðarfæri, og afla því að eins, að knýjandi nauðsyn sje fyrir hendi.

7. gr.

Mál þau, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal reka sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 8, 6. apríl 1898, lög nr. 18, 8. júlí 1902, lög nr. 27, 25. sept. 1902, lög nr. 56, 30. júlí 1909, svo og 2. gr. taga nr. 55, 10. nóv. 1913, um stofnun Landhelgissjóðs Íslands, um það, er tekur til sektafjár og andvirðis upptækra veiðarværa og afla eftir lögum þessum.

Greinargerð.

Flestum mönnum, sem nokkuð hugsa um bjargræðisvegi þessa lands, er það ljóst, hver hættu er yfirvofandi af yfirgangi botnvörpuveiðara, þegar þjóðirnar geta fyrir alvöru farið að snúa sjer að atvinnugreinum sínum nú eftir heimsófriðarhamfarirnar, og þá jafnframt að fiskveiðum, er þær stunda hröðum fetum vaxandi hjer við land. Þetta hefir Alþingi sjeð, er það síðastl. sumar samþykkti lög, sem heimila stjórnarráðinu að láta byggja, kaupa eða leigja eitt skip eða fleiri til landhelgisvarnar fyrir ríkisins fje og þannig taka landhelgisgæsluna í ríkisins hendur.

Sjávarútvegsnefndir beggja þingdeildanna hafa gengið í samvinnunefnd og leitað sjer upplýsinga hjá stjórnarráðinu um aðgerðir þess í því efni, en þær upplýsingar, sem nefndin hefir fengið, benda á, að framkvæmdir stjórnarráðsins sjeu engar enn sem komið er, aðrar en að Danir hafi enn landhelgisgæsluna fyrir vora nönd eins og að undanfögnu, með þeim einum frábrigðum, að skip þeirra verði tvö hjer við land um einhvern tíma af árinu, í staðinn fyrir eitt áður.

Samvinnunefndinni finst því, að vjer verðum að gera það, sem í voru valdi stendur, ef verða mætti að liði til þess að mótspyrna ágangi botnvörpuveiðara innan landhelgislínunnar. Finnur nefndin þá það ráð reynandi, er í fljótu bragði gæti fremst að liði komið, að herða með lögum á sektarákvæðum fyrir landhelgisbrot. Og leyfir nefndin sjer því að koma fram með þetta frumvarp, sem er samandregin nógildandi lög að þessu máli lútandi, með þeim einum breytingum aðallega, að sektarákvæðin eru harðari. Þetta er jafnframt gert eftir áskorunum kjósenda á þingmálafundum í ýmsum kjördæmum úti um land, og falla þær saman við skoðun nefndarinnar á þessu máli. Vjer væntum þess, að hið háa Alþingi fallist á sömu skoðun og að því mætti þóknast að greiða svo fyrir frumvarpinu, að það næði fram að ganga og að lögum verða á þessu þingi. Frekari greinargerð við framsögu.

(A. VIII, 8).

Nd.

71. Breytingartillaga

við frv. til laga um þingmannakosning í Reykjavík.

Flutningsm : Sveinn Ólafsson.

Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi koma til framkvæmda næst þegar almennar kosningar til Alþingis fara fram og kosnir verða samtímis allir þingmenn Reykjavíkurborgar kjördæmis.

(A. VII, 2).

Ed.

72. Álit

um frv. til laga um einkaleyfi.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir nú athugað frv. þetta á nokkrum fundum og komist að þeirri niðurstöðu, að allmiklar breytingar þurfi að gera á því, ef það á að koma fyllilega að þeim notum að vernda rjett þeirra hjer á landi, sem finna upp eitt-hvað nýtt og nýtilegt, og að hvetja þá til uppgötvana.

Það mun öllum koma saman um, að fjölbreyttar gáfur felist með þjóðvorri og að þær komi í ljós, eftir því sem að þeim er hlynt. Og tæplega mun vera vafi á því, að til sjeu menn hjer á landi, sem hafi uppgötvunargáfur, sem mundi og koma í ljós, ef þeim væri sómi sýndur, en í því skyni er frv. þetta fram borið af stjórnvorri.

En því miður eru hlunnindi þau, sem uppgötvurum er ætlað að njóta samkvæmt frumvarpinu, mjög svo takmörkuð, og það svo, að óumflýjanlegt virðist að bæta úr því.

Það hefir og þýðingu fyrir þetta land, að lög, sem eru að einhverju leyti viðskiftalegs eðlis, og sem geta snert útlendinga jafnt og innlenda menn, eins og slík lög sem þetta frumvarp gera, að þau sjeu í sem mestu samræmi við samskonar lög nágrannalandanna, og þá sjerstaklega Norðurlanda.

Stjórn vor að undanfögnu hefir og haft þá stefnu að sníða lög viðskiftalegs efnis eftir lögum Norðurlanda, og viljum vjer sem dæmi nefna *almenn viðskiftalög*, sem er langur lagabálkur og orðrjett þýðing á viðskiftalögum Norðurlanda. Enn fremur *vixillög* vor og *tjekkllög*, sem einnig eru orðrjett þýðing af samskonar lögum þessara landa.

Að vísu eru einkaleyfislög Norðurlanda ekki samhljóða, en þau fela í sjer hjer um bil alveg sömu ákvæðin í svo lítið mismunandi búningi. Stjórnin hefir sniðið þetta frumvarp, svo langt sem það nær, eftir dönsku einkaleyfislögunum, en fellt þó úr þeim mjög svo þýðingarmikil ákvæði. Það eru ákvæðin um stofnun einkaleyfisnefndar, sem gera á út um öll einkaleyfismál, án þess að uppgötvurinn þurfi að leita til útlanda til þess að fá vottorð um, að uppgötvun sje einkaleyfishæf. En önnur leið virðist ekki fær, ef uppgötvurinn á að hafa *tryggingu* fyrir því að fá einkaleyfi.

Viðtækustu breytingarnar, sem nefndin leggur til að gerðar sjeu, eru þær:

1. Að einkaleyfi sje veitt óslitið í 15 ár.
2. Að gjaldið, sem greiða á fyrir uppgötvun, sje að mun lægra en stjórnarráðið leggur til, og
3. Að sett sje á stofn sjálfstæð einkaleyfisnefnd, sem geri út um öll einkaleyfismál, eins og venja mun vera í öllum löndum, er veita einkaleyfi fyrir nýjum uppgötvunum.

Aðrar breytingar stafa einkum af þessum aðalbreytingum og stefna enn fremur að því að gera frumvarpið sem mest í samræmi við dönsku einkaleyfislögin. Skal svo farið nokkrum orðum um þessi 3 aðalatriði.

Að því er fyrsta atriðið snertir, þá er í 4. gr. frumvarpsins svo ákveðið, að einkaleyfi skuli veitt fyrir 5 ár. Segir svo enn fremur: »Endurnýja má leyfið og lengja tvisvar, í bæði skifti um 5 ára skeið« o. s. frv.

Einkaleyfishafi hefir því enga *tryggingu* fyrir að fá einkaleyfi nema í 5 ár, þótt stjórnarráðið hafi *heimild* til að framlengja það.

Þegar nú þess er gætt, að oft verður að kosta miklu til að koma nýjum uppgötvunum á markað fyrstu árin, þótt þarflegar sjeu, þá er það augljóst, einkum eins og hjer hagar til, að fyrstu 5 árin gangi að eins til þess að tryggja uppgötvuninni markað, sem þess utan er svo litill hjer á landi, að hann þolir engan samanburð við markaðinn í öðrum löndum.

Það virðist því litil ástæða til að hafa þennan einkaleyfistíma *skemri* en á Norðurlöndum, en þar er hann ákveðinn 15 ár í einu lagi.

Að því er annað aðalatriðið snertir, gjaldið til landssjóðs, þá virðist það vera sett alt of hátt í frv., 7. grein. Gjaldið samkvæmt þeirri grein mundi nema, með *stimpilgjaldi*, 1100 kr. í 15 ár. Fyrir sama tímabil ákveða dönsku einkaleyfislögin, að samanlögð árgjöld nemi að eins 675 kr. Norsku einkaleyfislögin ákveða þetta gjald fyrir 15 ár samtals 510 kr.

Þegar litið er til þess, að fólkstala hjer á landi er um 90 þús., og markaðurinn eftir því litill, en í Danmörku um 3 miljónir manna, þá virðist auðsætt, að árgjaldið eftir frv. er alt of hátt.

Þá er eftir að minnst á 3. og síðasta aðalatriðið, það er stofnun einkaleyfisnefndar, sem geri út um öll einkaleyfismál fyrir nýjar uppgötvanir. Skal þá fyrst tekið fram, að það er alveg nauðsynlegt, að einkaleyfislögin segi uppgötvaranum skýrt og ákveðið, hvaða rjett hann hefir og hvernig hann eigi, svo trygt sje, að bera sig að til þess að hann geti verið *viss um* að fá einkaleyfi, ef uppgötvunin er einkaleyfishæf.

Ákvæðin um þetta efni eru í 10. gr. frv., í síðustu málsgrein. Málsgrein þessi er alt of óljós til þess, að nokkur uppgötvari geti bygt á henni. Virðist málsgreinin helst benda uppgötvaranum á að fara til útlendra einkaleyfisnefnda til þess að fá hjá þeim þá sönnun, sem stjórnarráðið tekur gilda fyrir því, að uppgötvun sje ný, að hún komi ekki í bága við íslensk lög og að hún hafi verulegt gildi fyrir Ísland (sbr. 1. gr.).

Í fyrsta lagi er þess að geta, að útlendar einkaleyfisnefndir hafa enga skyldu til að gefa íslenskum einkaleyfisbeiðanda neina yfirlýsingu um þetta. Og svo hafa þær enga þekkingu á t. d. hvað kemur í bága við lög hjer á landi, og hvort uppgötvun hefir verulegt gildi fyrir Ísland o. s. frv. Gagnvart íslenskum manni, sem kæmi fram fyrir hana með nýja uppgötvun, hefði útlend einkaleyfisnefnd' enga þagnarskyldu, og gæti uppgötvarinn þess vegna átt á hættu að missa uppgötvun sína o. s. frv.

Það virðist því ljóst, að ekki verður komist hjá að fara að dæmi annara landa, svo framarlega sem frumvarp þetta á að verða að lögum, og láta einkaleyfisnefnd hjer á landi gera út um allar einkaleyfisbeiðnir, sem hefir fulla þagnarskyldu eins og erlendar einkaleyfisnefndir hafa, þótt það baki landssjóði einhvern lítilfjórlegan kostnað, sem mundi fara eftir því, hversu mikið nefndin hefði fyrir starfinu. Og þegar vjer lítum til nágrannalandanna, þá mundi það vekja traust á þingi og stjórn, ef vjer í þessu efni höguðum oss eins og aðrar þjóðir gera.

Nefndin leggur því til, að gerðar verði á frumvarpinu þær breytingar, sem hún kemur fram með á sjerstöku þingskjali.

Alþingi, 23. febrúar 1920.

Björn Kristjánsson,
formaður og framsögumaður.

Guðm. Ólafsson,
fundaskrifari.

Guðjón Guðlaugsson.

(B. IV, 2).

Ed.

73. Nefndarállit

um frumvarp til laga um æfinlega erfingjarentu.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og dylst henni ekki, að það hefir inni að halda mjög markvert nýmæli, sem komið getur að verulegum notum í framtíðinni.

Væntum vjer að háttvirt deild verði oss sammála um, að frumvarpið, ef það verður að lögum, tryggir til muna hag efnalítilla manna, sem verðlaun hljóta, og afkomenda þeirra.

En vinnuhjúin, sem njóta eiga góðs af þessu, telur nefndin meðal hinna þörfustu stjetta þjóðfélagsins, sem fyrir löngu hefir gert sig maklega opinberrar viðurkenningar og upphvatningar, þótt meiri væri en hjer er gert ráð fyrir.

Fjárhæð sú, sem ríkissjóði er ætlað að leggja fram í þessu skyni, er svo lítil og föstu takmarki bundin, ef breytingartillögur nefndarinnar verða samþykta, að ekkert virðist varhugavert við málið, skoðað frá þeirri hlið.

Að öðru leyti vísast til ástæðna flutningsmanns fyrir frumvarpinu.

Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
 - a. Á eftir »1911« bætist inn í:
þó ekki yfir 20000 kr.
 - b. Síðari málsg. »Það næsta árs« falli burtu.
2. Við 3. gr.
 - a. Á eftir »minst 5 ár« bætist inn í:
og eigi á fleiri en 2 heimilum.
 - b. Fyrir »16« komi:
20.
 - c. Orðið »þessara« falli burtu.
 - d. Aftan við fyrri málslið bætist:
ef fleiri hafa gift á árinu en verðlaun geta hlotið.
3. Við 4. gr.
 - a. Í stað orðanna: »minst 5 ár eftir 16 ára aldur«, komi:
samkvæmt 3. gr.
 - b. Fyrir »hlutkeitið um erfingjarentuna samkvæmt 3. gr.« komi:
úthlutun erfingjarentunnar.
 - c. Fyrir »gögn þessi« komi:
gögn þau.

- d. Fyrir »alt að 100 kr.« komi:
50—100 kr.
4. Við 7. gr.
- a. Orðin »og ganga þau í gildi 1. janúar 1921« falli burtu.
- b. Á eftir 7. gr. komi ný 8. grein, svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1921.

Alþingi, 23. febr. 1920.

Björn Kristjánsson,
form.

Guðm. Ólafsson,
skrifari og framsögum.

Guðjón Guðlaugsson.

(A. VII, 3).

Ed.

74. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um einkaleyfi.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Á eftir fyrirsögninni komi:
I.
2. Við 1. gr.
 - a. Fyrir »23. gr.« komi:
28. gr.
 - b. Fyrir »13. gr.« komi:
14. gr.
3. Við 3. gr.
 - a. Fyrir »Uppgötvari einn hefir« í upphafi greinarinnar komi:
Uppgötvari hefir einn.
 - b. Aftan við greinina bætist:
Enginn getur á meðan hann er í þjónustu landsins og í næstu 3 ár eftir að hann fór úr þjónustunni fengið einkaleyfi fyrir uppgötvun, án samþykkis stjórnarráðsins, ef ætla má, að hann hafi á meðan hann var í þjónustu landsins getað á nokkurn hátt aflað sjer þar stuðnings við uppgötvunina.
4. Við 4. gr.
Fyrri málsgrein orðist svo:
Einkaleyfi skal veita fyrir 15 ár, frá dagsetningu leyfisbrjefsins að telja. Eigi má framlengja einkaleyfið að þeim tíma liðnum.
5. Við 6. gr.
 - a. Fyrir »20. gr.« komi:
25. gr.

b. Fyrir »13. gr.« komi:

14. gr.

6. Við 7. gr.

Greinin orðist svo:

Fyrir hvert sjerstakt einkaleyfi, að undanteknum viðbótareinkaleyfum, skal greiða árlegt gjald í rikissjóð, sem hjer segir:

a. Fyrir fyrstu 5 árin 20 krónur á ári,

b. fyrir næstu 5 ár 30 krónur á ári og

c. fyrir síðustu 5 árin 100 krónur á ári.

Gjald þetta greiðist árlega fyrirfram. Sje það ekki greitt á rjettum tíma, hækkar gjaldið um 20 %.

Nú er gjaldið ekki greitt innan 4 mánaða frá gjalddaga, og hefir þá einkaleyfishafi fyrirgert einkaleyfisrjetti sínum fyrir fult og alt. Ef einkaleyfisgjald er ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga, skal einkaleyfisnefndin þegar gera einkaleyfishafa aðvart um það með ábyrgðarbrjefti.

7. Við 8. gr.

Greinin orðist svo:

Ákveða má það með konungsúrskurði, að hið opinbera skuli, án samþykkis einkaleyfishafa, hafa rjett til að nota einkaleyfða uppgötvun mót fullu endurgjaldi. Ef eigi semst um endurgjaldið, skal það ákveðið af fjöggra manna nefnd. Tilnefnir stjórnarráðið tvo nefndarmennina og einkaleyfishafinn tvo þeirra. Komi meiri hluti þeirra sjer ekki saman um endurgjaldsupphæðina, skal hæstirjettur útnefna oddamann í nefndina, og ákveðst þá upphæð endurgjaldsins innan þeirra upphæða, er báðir nefndarhlutarnir hafa stungið upp á.

8. Við 9. gr.

Fyrir greinina komi svohljóðandi grein:

II.

9. gr.

Stjórnarráðið skipar 3 manna nefnd, er nefnist einkaleyfisnefnd, til 5 ára í senn. Gerir hún út um allar einkaleyfisbeiðnir. Nefndin skal vera búsett í Reykjavík. Einn nefndarmanna skal vera lögfræðingur, sem hefir öll skilyrði til að geta gegnt lögfræðistörfum við hæstarjett, en hinir tveir nefndarmenn skulu hafa sem besta þekkingu á iðnaðarmálum.

Þegar eitthvert mál gerir það nauðsynlegt eða æskilegt, getur einkaleyfisnefndin bætt við sig mönnum, sem sjerstaklega hafa þekkingu á því máli, sem fyrir liggur. Úrskurður nefndarinnar skal vera skriflegur og rökstuddur.

Þóknun til einkaleyfisnefndar og þeirra, sem aðstoða hana, svo og fje til ritfanga, skal ákveðið í fjárlögum.

9. Við 10. gr.

a. Greinin orðist svo:

Meðlimir einkaleyfisnefndarinnar mega hvorki sjálfir eða fyrir milli-göngu annara sækja um einkaleyfi fyrir uppgötvun, eða vera umboðsmenn annara í einkarjettarmálum. Dómarar mega ekki eiga sæti í einkaleyfisnefndinni.

b. Eftir 10. gr. komi ný 11. gr., svo hljóðandi:

Sá, sem vill beiðast einkaleyfis fyrir uppgötvun, á að senda einkaleyfisnefndinni:

1. tvírtaða beiðni um einkaleyfi, stílaða til einkaleyfisnefndar,
2. tvírtaða lýsingu á uppgötvuninni,
3. uppdrátt, ef með þarf, til að lýsingin skiljist, og eiga sömuleiðis að vera tvö eintök af honum. Eftir atvikum ber einnig að senda fyrirmynd, sýnishorn o. fl.

10. Við 11. gr.

Greinin verður 12. gr., svo hljóðandi:

Í umsókninni skal skýra frá nafni, stöðu og heimili umsækjanda, svo og lýsa uppgötvuninni, eftir því sem óskað er að hún sje nefnd í einkaleyfisbrjefinu. Í umsókninni skal umsækjandi enn fremur skýra frá, hver sje uppgötvarinn. Ef hann er það ekki sjálfur, skal hann sanna fyrir einkaleyfisnefndinni, að uppgötvunin sje orðin hans lögleg eign.

Lýsingin skal vera svo greinileg og ýtarleg, að menn, sem vit hafa á, geti eftir henni notað uppgötvunina. Umsóknin skal greinilega taka fram það, sem umsækjandinn álitur að sje uppgötvun og sem hann þess vegna leitar verndar fyrir með því að sækja um einkaleyfi.

Uppdrættirnir verða að vera greinilegir og sterkir og sýna öll einstök atriði, sem tekin eru fram í lýsingunni. Í lýsingunni og uppdrættinum eiga samskonar atriði að vera auðkend með samhljóða bókstöfum eða tölum. Umsóknin og fylgiskjöl hennar skulu vera skrifuð á íslensku. Ef einhver vill sækja um einkaleyfi fyrir fleiri sjálfstæðar uppgötvanir, skal vera sjerstök umsókn fyrir hverja þeirra.

11. Við 12. gr.

a. Greinin verður 13. gr.

b. Fyrir »ráðuneytinu« komi:

einkaleyfisnefnd.

c. Fyrir »atvinnumálaráðuneytinu« komi:

einkaleyfisnefndinni.

12. Við 13. gr.

Greinin verður 14. gr. og orðist svo:

Þegar einkaleyfisnefndin hefir fengið umsókn um einkaleyfi, rannsakar hún, hvort umsækjandinn hefir fylgt fyrirætlunum í 11., 12. og 13. gr. Ef nefndin álitur, að misbrestur sje á þessu, aðvarar hún umsækjandann um það og gefur honum hæfilegan frest til þess að bæta úr göllunum. Einkaleyfisnefndin ákveður og, hvort líta beri svo á, að umsóknina skuli skoða sem fram komna fyrst er hún var fram borin, eða þann dag, sem búið er að bæta úr göllunum. Fer álit nefndarinnar í þessu efni eftir því, hvers eðlis gallarnir voru og hvað mikið kvað að þeim. Ef umsækjandinn lætur hjá líða að bæta úr því, sem ábótavant var, á þeim tíma, sem einkaleyfisnefndin tiltók upphaflega eða sem hún hafði framlengt, þá skal nefndin láta umsóknina niður falla.

13. Við 14. gr.

a. Á eftir 14. gr., sem verður 15. gr., kemur ný grein, svo hljóðandi:

Ef einkaleyfisnefndin álitur, að ekki sje hægt að veita einkaleyfið

samkvæmt ákvæðunum í 1. gr., eða ef skýrt er rangt frá uppgötvaranum eða umsækjandann vantar heimild til að sækja um einkaleyfið, skal einkaleyfisnefndin gefa umsækjandanum tækifæri til að koma skriflega eða munnlega fram með skýringar, og ef nefndin þá álitur vafalaust, að einkaleyfið eigi ekki að veita, synjar hún um það.

b. Á eftir þessari grein komi ný grein, er verður 16. gr., svo hljóðandi:

Ef umsóknin uppfyllir ákvæðin í 11., 12. og 13. grein, og eigi er synjað um einkaleyfið samkvæmt 15. gr., gefur einkaleyfisnefndin út auglýsingu um umsóknina, þar sem tilfært er nafn umsækjanda, staða, heimili og nafn uppgötvunarinnar.

Jafnframt skal leggja umsóknina fram með fylgiskjöllum hjá einkaleyfisnefndinni, almenningi til sýnis. Fresta má auglýsingunni og framlagningunni, ef umsækjandi óskar þess, alt að 3 mánuðum eftir að nefndin hefir aðvarað umsækjandann um, að auglýsing geti fram farið.

14. Við 14. gr.

a. Greinin verði 17. gr.

b. Fyrir »ráðuneytið« komi:
einkaleyfisnefndina.

15. Við 15. gr.

a. Fyrir 15. gr., sem verður 18. gr., komi ný grein, svo hljóðandi:

Þegar fresturinn er liðinn, sbr. 17. gr., úrskurðar einkaleyfisnefndin, samkvæmt framkomnum skýrslum og upplýsingum, sem hún hefir aflað sjer sjálf, hvort einkaleyfið skuli veitt eða ekki. Skal nefndin kveða upp úrskurð sinn innan 12 vikna eftir að auglýsingin var birt.

b. Á eftir þessari grein komi:

19. gr.

Falli úrskurðurinn á móti umsækjandanum samkvæmt 15. eða 18. grein, og umsækjandinn álitur að úrskurðurinn sje ekki bygður á rökum, getur hann heimtað, að einkaleyfisnefndin taki málið fyrir aftur til nýrrar yfirvegunar. Skal krafa um það koma fram innan 12 vikna eftir að nefndin gerði honum aðvart um úrslitin, og skulu kröfunni fylgja nánari skýringar. Úrskurði þeim, sem einkaleyfisnefndin fellir, að fengnum hinum nýju skýringum, getur einkaleyfishafi, innan 4 vikna eftir að hann hefir fengið vitneskju um niðurstöðu nefndarinnar, skotið til stjórnarráðsins og farið þess á leit, að það skipi sjerstaka 5 manna nefnd til að rannsaka málið. Umsókninni til stjórnarráðsins skal einkaleyfisbeiðandi láta fylgja 100 krónur, sem endurgreiðast honum, ef úrskurður einkaleyfisnefndarinnar er feldur úr gildi.

16. Við 16. gr.

Greinin verði 20. grein og orðist svo:

Ef úrskurður fellur þannig, samkvæmt 18. eða 19. grein, að einkaleyfi skuli veita, gefur nefndin umsækjanda einkaleyfisbrjef. Í því skal tilgreint, fyrir hvaða tímabil það gildi, hversu miklu árgjaldið nemi og hve nær það fellur árlega í gjalddaga.

Eftir að einkaleyfið er veitt skal einkaleyfisnefndin auglýsa það svo fljótt sem verða má. Þegar auglýsingin samkvæmt umsókn, sbr. 16. gr., hefir

verið birt og umsóknin eftir það er afturkölluð, henni er synjað og frestur sá er liðinn samkvæmt 19. grein, sem veittur er til umsóknar um frekari rannsókn, án þess að beiðni um það hafi fram komið, eða sú frekari rannsókn hefir leitt til að staðfesta úrskurð einkaleyfisnefndarinnar, skal einkaleyfisnefndin birta það.

17. Við 17. grein.

a. Greinin verði 21. grein.

b. Fyrir »ráðuneytið« í upphafi greinarinnar komi:
einkaleyfisnefndin.

18. Við 18. gr.

a. Greinin verði 22. gr.

b. Fyrir »ráðuneytinu« komi:
einkaleyfisnefndinni.

19. Við 19. gr.

Greinin verði 24. gr. og orðist svo:

Hver sem álitur að einkaleyfi sje upphafið samkvæmt ákvæðum 23. greinar, eða að það skerði rjett hans, sbr. 1. gr. 3. lið, þannig, að ekki hefði átt að veita það, eða veita það innan þrengri takmarka en gert hefir verið, og getur hann þá höfðað mál til ógildingar einkaleyfinu á heimilisþingi eða umsömdu varnarþingi einkaleyfishafa eða umboðsmanns hans í ríki hjer, sbr. 13. gr. Í hvert skifti sem dæmt er, að einkaleyfi sje niður fallið, ber dómstólnum að senda einkaleyfisnefndinni afrit af dómnum.

20. Við 20. gr.

a. Greinin verði 25. gr.

b. Fyrir »2000 kr.« komi:
1000 kr.

c. Fyrir »4000 kr.« komi:
2000 kr.

21. Við 21. gr.

a. Greinin verði 26. gr.

b. Fyrir »20. gr.« komi:
26. gr.

22. Við 22. gr.

a. Greinin verði 27. gr.

b. Á eftir 22. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

III.

28. gr.

Einkaleyfi fellur niður:

1. Þegar árgjaldið samkvæmt 7. grein er ekki greitt innan þess frests, sem þar er ákveðinn.
2. Þegar einkaleyfiseigandinn tekur sjer búsetu í öðru ríki, eða að einkaleyfi er framselt til einhvers, sem hefir búsetu utan ríkis, og einkaleyfisnefndinni eigi er innan 6 vikna tilkynt, hver sje umboðsmaður eigandans hjer á landi, samkvæmt fyrirmælum 13. greinar.
3. Þegar maður sá, sem einkaleyfisnefnd hefir verið tilkynt að væri umboðsmaður einkaleyfishafa, eigi vill lengur hafa umboðið á hendi, og

að einkaleyfishafinn, þrátt fyrir aðvörun einkaleyfisnefndar, sem skal senda í ábyrgðarbrjefi, ekki hefir tilkynt nefndinni innan þess frests, sem hún tiltók í brjefinu, hver taki við umboðinu.

Ef verustaður einkaleyfishafa er ókunnur, skal birta aðvörunina með auglýsingu.

4. Þegar einkaleyfishafi hefir eigi innan 5 ára komið uppgötvuninni á markað hjer í landi, eða hætt við að hafa hana á boðstólum meira en eitt ár. Þessa fresti getur einkaleyfisnefndin þó lengt, ef það upplýsist, að kringumstæður, sem ekki eru einkaleyfishafa að kenna, hindra framkvæmdir.

23. Við 23. gr.

Greinin verði 29. gr.

(A. XV, 1).

Ed.

75. Frumvarp

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af.

(Lagt fyrir Alþingi 1920).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að banna flutning til landsins á brúkuðum fatnaði, lini og sængurfatnaði, dulum, brúkuðu vatti, hnökraull, pappírsafklippum, hári, húðum og öðrum þeim varningi, er stjórnin telur stafa sýkingarhættu af.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 5. nóvember 1919 gaf Hans Hátign konungurinn út eftir tillögum stjórnarráðsins eftirfarandi bráðabirgðalög, og er í forsendum laganna getið ástæðna þeirra, sem þau byggjast á. Frv. þetta er því lagt fyrir Alþingi samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915.

Fylgiskjal.**Bráðabirgðalög**

um

heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Låenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnngt: Ráðherrann í dóms- og kirkjumálum hefir tjáð Oss, að til landsins hafi nú flutst nokkuð af brúkuðum fatnaði, og að hann verði, eins og á stendur, þar sem skæðar farsóttir ganga hjer og hvar, að telja innflutning brúkaðs fatnaðar og ýmislegs annars varnings hættulegan fyrir heilbrigði í landinu. En ráðherrann telur sig bresta heimild til að setja alment bann í þessu efni. Teljum Vjer því brýna nauðsyn að heimila ríkisstjórninni, með bráðabirgðalögum samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlags 19. júní 1915, að banna innflutning ýmislegs varnings, er stjórnin telur að sýkingarhætta stafi af.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að banna flutning til landsins á brúkuðum fatnaði, líni og sængurfatnaði, dulum, brúkuðu vatti, hnökraull, pappírsafklippum, hári, húðum og öðrum þeim varningi, er stjórnin telur stafa sýkingarhættu af.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigandur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 5. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

(A. VIII, 9).

Ed.

76. Frumvarp

til laga um þingmannakosning í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Alþingismenn Reykjavíkur skulu vera 4. Þegar sú skipun er á komin samkvæmt 12. gr., skulu sæti eiga í neðri deild Alþingis 28 þingmenn.

2. gr.

Alþingiskosningar í Reykjavík skulu vera hlutbundnar. Um kosningar þessar gilda hinar sömu reglur sem um aðrar kjördæmakosningar, með þeim breytingum, sem leiða af því, að kosningarnar í Reykjavík eru hlutbundnar.

3. gr.

Þegar alþingiskosningar eiga fram að fara í Reykjavík, skal með lög-mæltum fresti afhenda yfirkjörstjórninni lista með nöfnum þingmannaefna þeirra, er fram eru boðin.

Nöfn þeirra skulu táknuð svo skýrt með tilgreindri stöðu og heimili, að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru. Einskis manns nafn má á lista setja, nema hann hafi gefið til þess skriflegt leyfi, og skal það fylgja listanum til yfirkjörstjórnar. Berist yfirkjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, skal nema það nafn burt af listanum og eigi prenta það á þann lista.

Nú hefir maður skriflega leyft nafn sitt á fleirum listum en einum, og skal þá nema nafnið burt af öllum listunum.

Á framboðslista skulu að jafnaði vera jafnmörg nöfn þingmannaefna sem kjósa á þingmenn í hvert skifti. Gildur er framboðslisti, þótt á honum standi færri nöfn, en ógildur, ef fleiri eru.

Framboðslista skal fylgja yfirlýsing að minsta kosti 100 kjósenda um, að þeir styðji þann lista.

Listar skulu afhentir formanni yfirkjörstjórnar, og ritar hann á þá dag og stund, er hann veitir þeim móttöku, og merkir þá bókstöfunum A, B, C, o. s. frv., eftir því sem þeir berast honum.

4. gr.

Á hverjum lista skal tilgreina umboðsmenn fyrir listann. Sjeu um-boðsmenn eigi tilgreindir, eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, er fremstir standa þingmannaefna, rjettir umboðsmenn listans. Þessir umboðsmenn gæta rjettar lista þeirra, er þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun framboðslista, útbúning kjörseðla og talning atkvæða, og gefa þær upplýsingar listunum við-vikjandi, er yfirkjörstjórn þarfnast og óskar; svo er þeim og heimilt að mæta

eða gefa öðrum heimild til að mæta fyrir sína hönd við kosningargerð, til þess að gæta þess, að alt fari löglega fram.

5. gr.

Oddviti yfirkjörstjórnar skal kveðja kjörstjórnina til fundar degi eftir að liðinn er hinn lögmaelti framboðsfrestur, eða beri það upp á helgan dag, þá næsta virkan dag þar á eftir, og skal umboðsmönnum þingmannaefna og meðmælenda gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrjetta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem tími og atvik leyfa. Sjeu gallar, er yfirkjörstjórn hefir bent á, eigi leiðrjettir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Sje listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, er rækur er ger.

Þá er listar hafa verið úrskurðaðir, skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla og gera almenningi kunnugt með auglýsingu í Lögbirtinga-bláðinu, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, með tilgreindum nöfnum þingmannaefna á hverjum lista og bókstaf hvers lista. En hafi eigi nema einn listi, er gildur er tekinn, komið til yfirkjörstjórnarinnar í tæka tíð, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir yfirkjörstjórnin þá kosna, er listinn greinir.

6. gr.

Á kjörseðli skulu allir framboðslistar, er gildir hafa verið metnir, teknir upp, þannig, að öðru megin á hæfilega stóru blaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn þingmannaefna ásamt stöðu og heimili, sem þó má vera skammstafað á hverjum framboðslista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr strik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu settir á kjörseðilinn hver við annars hlið í röð eftir bókstöfum sínum, og nöfn þingmannaefnanna á hverjum lista aðskilin með þverstrikum. Hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þess striks, sem takmarkar listann.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum þykkum pappir, og skal yfirkjörstjórn gæta þess, að eigi sjeu fullgerðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða kjörstjórnnum. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig, að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá brotinu gengið, að auðvelt sje að leggja þá í sama brot, er þeir eru notaðir.

7. gr.

Kosning fer fram á sama hátt sem við aðrar kjördæmakosningar, með þeirri breytingu, að kjósandi markar kross, rjettan kross eða skákross, við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill gefa atkvæði. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja, o. s. frv. Sje eitthvert nafn, sem hann getur ekki felt sig við, á þeim lista, er hann kys, má hann strika það út, og telst það þá ekki með við samtalningu atkvæða á þeim lista; þessi strik mega

vera hvort heldur þverstrik eða langstrik yfir nafnið. Krossinn við listabókstafinn, tölustafinn við nöfnin og útstrikun nafna skal hann gera með blýanti, er kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan leggur hann atkvæðaseðilinn saman aftur í sömu brot, sem hann var í, stingur honum svo þannig saman brotnum niður í atkvæðakassann.

Ekki má kjósandi haggja neitt við hinum listunum, sem hann kys ekki, hvorki strika út á þeim nje setja önnur merki á þá, nje heldur nein merki, önnur en tjeð kosningarmerki, á lista þann, sem hann kys, ella verður atkvæðaseðill hans ónýtur.

8. gr.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleirum listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista,
3. skrifað nafn sitt á seðilinn,
4. sett á hann strik eða rispu eða önnur slik einkenni, er ætla má að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan,
5. notað annan seðil, en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett eða krossað við eitt nafn á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Pegar allir kjörseðlar eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðamagn listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt, eftir skýrslum þeim, er undirkjörstjórnir gefa um kjörseðlafjölda úr hverri kjördeild. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla og leiðrjetta skekkjur þær, sem á hafa orðið.

9. gr.

Til þess að finna, hve mörg þingmannaefni hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því hve marga þingmenn á að kjósa, og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum, eftir sömu reglu.

Til þess nú að finna, hver þingmannsefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks þingmannsefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti

yfirkjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann, er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórnar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra þingmannaefna allra, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum, einn af öðrum, sýnir þá umboðsmönnum og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórnar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði, þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra þingmanna, sem kjósa á, þannig, að það sje jafnt tölu þeirra þingmanna, sem kjósa á, að fráðreginni tölu þingmannaefna, sem frammar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með tölu þingmanna, sem kjósa á. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upp lesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Þeir menn, sem hæsta hafa fengið atkvæðaupphæðina á hverjum lista, eru þingmenn listans, svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans.

10. gr.

Hafi tveir eða fleiri á einum lista fengið jafnmörg atkvæði, og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem þingmenn, þá skal hlutkesti ráða.

11. gr.

Að öðru leyti gilda við kosningar þessar ákvæði alþingiskosningalaganna um kjördæmakosningar, eftir því sem við á, viðvikjandi kosningarrjetti og kjörgengi, kjörstjórnnum, samning kjörskrár, framboði þingmannaefna og umboðsmönnum, undirbúningi af hálfu kjörstjórnar, kjördegi, kjörstað, kjörherbergi og atkvæðakössum, kosningarathöfninni, kosningarúrslitum, uppkosningum, aukakosningum og kosningum eftir þingrof, kostnaði og kærnum um kjörgengi, og loks gilda hin almennu ákvæði nefndra laga.

Ef um uppkosningu eða aukakosningu á einum þingmanni er að ræða, skal um kosningu hans fara að á sama hátt sem um kosningu þingmanna í sjerstökum kjördæmum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fram fara svo fljótt, sem verða má, kosning á þeim þingmönnum, sem við er bætt með þessum lögum.

(A. XIII, 4).

Ed.

77. Frumvarp

til laga um eftirlit með útlendingum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Rjett er dómsmálaráðherra að mæla svo fyrir í reglugerð, að eigi skuli mönnum heimilt að stíga hjer á land af skipum, nema þeir hafi vegabréf eða önnur skilríki, er sýni á fullnægjandi hátt, hverjir þeir eru.

2. gr.

Nú hefir útlendur maður komið hingað til lands til þess að leita sjer atvinnu eða dveljast hjer lengur eða skemur, og skal honum þá skylt að skýra lögreglustjóra eða hreppstjóra, þar sem hann kemur fyrst á land, frá því og gera grein fyrir því, í hvaða skyni hann er hingað kominn.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um þau efni, er í þessari grein segir.

3. gr.

Rjett er að meina þeim mönnum útlendum að setjast hjer að eða dveljast hjer, sem:

1. Eigi geta sannað eða gert sennilegt, að þeir fái framfært sig eða þá, sem á vegum þeirra eru, án þess að þiggja hjer fátækrastryrk næstu 2 ár eftir að þeir hafa hingað flutst.
2. Haldnir eru næmum sjúkdómi, enda þótt eigi sje lögskylt að beita sóttvörnum, ef landlæknir telur ástæðu til að meina manni landsvist þess vegna.
3. Gera eigi grein fyrir því eða skýra rangt frá því, í hvaða skyni þeir eru hingað komnir.
4. Komnir eru hingað til starfa eða athafna, sem dómsmálaráðherra telur ólöglegar, ósæmilegar eða hættulegar hagsmunum ríkis eða almennings, eða högum þeirra er að öðru leyti svo háttað, að vist þeirra hjer megi teljast hættuleg eða bagaleg hagsmunum ríkis eða almennings.
5. Hefir verið vísað burt úr öðru ríki af ástæðum þeim, er í 4. tölul. greinir.
6. Hafa orðið sekir um brot, sem svivirðileg eru að almenningsáliti, þar sem þeir hafa áður dvalist, eða lögreglan þar lýsir eftir þeim vegna brota á landslögum þar.

4. gr.

Nú hefir útlendur maður setst að hjer á landi, og skal þá vísa honum burt:

1. Ef hann verður hjer sveitarstyrksþurfi.
2. Ef hann verður sekur, áður en hann hefir dvalist hjer full 5 ár samfleytt, að lagadómi um verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti, enda hafi hann verið dæmdur til refsingar í fangelsi við vatn og braud að minsta kosti. Skal það þá tekið fram í refsidómi, að sökunautur skuli verða af landi burt, þegar hann hefir þolað refsingu samkvæmt dóminum.

Dómsmálaráðherra getur þó veitt landsvistarleyfi, þegar svo stendur á, sem í þessum tölul. segir, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

5. gr.

Ef útlendur maður hefir setst að á landi hjer eða tekið hjer dvöl, þá getur dómsmálaráðherra ákveðið, að hann skuli verða af landi brott:

1. Ef hann hefir skýrt visvitandi rangt frá um atriði þau, er í 3. gr. segir.
2. Ef svo reynist eða svo verður ástatt um hann, sem í 3. gr. 2. og 4.—6. tölul. segir.

6. gr.

Nú er manni meinuð landsvist samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og skal hann þá flytja af landi burt ásamt skuldaliði sínu. Þó getur dómsmálaráðherra leyft honum eða þeim, sem á vegum hans hafa hjer verið, landsvist framvegis, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um alt það, er flutninginn varðar.

7. gr.

Hver sá, sem gerir sjer það að atvinnu að nokkru eða öllu leyti að hýsa gesti, skal hafa gestabók, löggilta af lögreglustjóra, gegnumdregna og tölusetta. Skulu allir þeir, er gistingu taka eina nótt eða lengur, rita með eigin hendi nöfn sín, heimili, stöðu og síðasta dvalarstað í bókina. Lögreglumönnum skal jafnan heimilt að skoða bók þessa og taka eftirrit af henni. Dómsmálaráðherra getur einnig skyldað forstöðumenn gistihúsa til þess að senda lögreglunni eftirrit úr gestabók.

8. gr.

Skylt er lögreglumönnum að hafa eftirlit með útlendum mönnum, er hjer taka sjer dvöl eða aðsetur, samkvæmt þeim reglum, er dómsmálaráðherra setur.

9. gr.

Ef sá maður, er meinuð hefir verið landsvist hjer samkvæmt 3. gr. 2.—6. tölul., eða visað hefir verið burt af landi hjer samkvæmt 4. gr. 2. tölul. og 5. gr. laga þessara, kemur hingað aftur til lands án þess að hann hafi til þess leyfi dómsmálaráðherra, skal hann sæta sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda skal það brýnt fyrir þeim í refsidómi samkvæmt 4. gr. 2. tölul. eða í brottflutningsskipun dómsmálaráðherra, að endurkoma til landsins varði þessum viðurlögum.

Brot gegn ákvæðum 7. gr. laga þessara varða sektum frá 50—1000 krónum. Auk þess má dæma sökunaut til þess að hafa fyrirgert rjetti til að halda gistihús eða standa fyrir gistihúsi eða veitinga, ef brot er ítrekað.

Brot gegn ákvæðum þeim, sem dómsmálaráðherra setur með heimild í lögum þessum, varða sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Sektir samkvæmt lögum þessa renna í rikissjóð.

10. gr.

Með mál út af brotum samkvæmt 9. gr. skal fara sem almenn lögreglumál.

Ef halda þarf annars rjettarrannsókn um hagi útlendra manna hjer, vegna einhverra atriða, er í lögum þessum greinir, þá skal hún fara að hætti opinberra mála.

11. gr.

Lög þessi, að undantekinni 1. og 7. gr., taka eigi til íslenskra ríkisborgara. Eigi raska þau heldur þeim rjettindum, er borgarar annara ríkja hafa hjer samkvæmt samningum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði 4. og 5. gr., sbr. 9. og 10. gr., ná þó til þeirra útlendra manna, er tekið hafa sjer dvöl eða aðsetur á landi hjer áður en þau öðluðust gildi.

17. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, svo og önnur ákvæði í lögum, er koma kynnu í bág við lög þessi, eru úr gildi numin.

(B. III, 2).

Ed.

78. Frumvarp

til laga um gjöld til holræsa og gangstjetta á Ísafirði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þar sem lagt hefir verið holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji alt skólp frá húsi hans út í göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón veganefndar eða þess manns, er hún felur umsjónina, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur um tilhögun skólpræsa innan húss og utan. Í reglugerðinni má ákveða, að regnvatn skuli leitt í göturæsin. Vanræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

Fyrir öllum kröfum, sem bæjarstjórnin öðlast á hendur húseigendum og lóðareigendum samkvæmt lögum þessum, hefir bæjarstjórnin lögveð í húsinu eða lóðinni, og gengur sá veðrjettur fyrir öllum veðskuldum samkvæmt samningi.

2. gr.

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins og sömuleiðis kostnaður, er leiðir af því, að gerðar eru steinlimdar, hellulagðar eða aðrar jafnvandaðar gangstjettir, greiðist úr bæjarsjóði. En heimilt er bæjarstjórninni að leggja holræsa- og gangstjettaskatt á hús og lóðir í bænum, samkvæmt reglugerð, er hún setur og stjórnarráðið samþykkir. Skal gjaldið miðað við skattvirðingarverð húseigna og lengd lóða meðfram götu, þar sem holræsi eða gangstjettir verða lagðar.

3. gr.

Lögtaksrjettur fylgir öllum kröfum og gjöldum samkvæmt lögum þessum.

(B. V, 3).

Ed.**79. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaða í Valbjófsdal í Mosvallahreppi og á Lambeyri við Tálknafjörð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í Valbjófsdal, vestan megin Önundarfjarðar, og á Lambeyri við Tálknafjörð skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðanna, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

(A. XV, 2).

Ed.**80. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU.

1. Milli 1. og 2. gr. frv. komi ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 50—5000 krónum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lög-reglumál.

2. 2. gr. frv. verði 3. gr.

Alþingi, 23. febr. 1920.

H. Steinsson,
form. og framsögum.

Sigurjón Friðjónsson,
fundaskrifari.

Jóhannes Jóhannesson.

(B. XI, 2).

Ed.

81. Nefndarálit

um frumvarp til laga um að leggja jarðirnar Kjarna og Hamra í Hrafnagilshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjélag Akureyrar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það sje samþykkt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.

Á eftir orðunum: »Jarðirnar Kjarni og Hamrar í Hrafnagilshreppi skulu« komi:

að áskildu samþykki sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

2. Við 4. gr.

Greinin falli niður.

Alþingi, 23. febr. 1920.

H. Steinsson,
formaður.

Sigurjón Friðjónsson,
skrifari og framsögum.

Jóhannes Jóhannesson.

(A. XIV, 6).

Nd.

82. Breytingartillaga

við breytingartillögur á þgskj. 67 (*Stimpilgjald*).

Flutningsm.: Magnús Pjetursson.

Við 1. tölulið.

Fyrir »salti, kolum og steinolíu« komi:

salti, kolum, steinolíu, kornvöru, byggingarefni og sykri.

(B. XII, 3).

Nd.**83. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt með reglugerð eða reglugerðum að takmarka eða banna innflutning á allskonar óþörfum varningi, og ákveður hún, hvaða vörur skuli teljast til slíks varnings.

2. gr.

Brot gegn reglugerð eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt 1. gr., varða sektum, allt að 100000 kr. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(A. X, 4).

Ed.**84. Nefndarálit**

um breytingu á lögum nr. 64, 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og telur sanngirni mæla með, að hreppstjórar fái dýrtíðaruppbót, líkt og aðrir starfsmenn ríkisins. Leggur hún því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. febr. 1920.

Jóhannes Jóhannesson, Hjörtur Snorrason. Einar Arnason.
formaður.

Karl Einarsson.

Sigurður H. Kvaran,
skrifari og framsögum.

(A. IX, 6).

Ed.**85. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það sje samþykkt með þessari

BREYTINGU.

Orðin: »fyrri málsgreinar« í upphafi 4. gr. falli niður.

Alþingi, 23. febrúar 1920.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Einar Árnason,
fundaskrifari.

Sigurjón Friðjónsson,
framsögumaður.

Hjörtur Snorrason.

Guðm. Ólafsson.

(A. I, 4).

Ed.**86. Nefndarálit**

um frumvarp til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Frumvarp þetta er að öllu leyti samhljóða frumvarpi til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands, er afgreitt var á síðasta þingi, og ræður nefndin í einu hljóði háttvirtri deild til að samþykkja það eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 23. febrúar 1920.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Einar Árnason,
skrifari.

Sigurjón Friðjónsson.

Hjörtur Snorrason.

Guðm. Ólafsson.

(B. XXIV, 1).

Nd.**87. Frumvarp**

til laga um heimild handa landsstjórninni til þess að gera Landsbanka Íslands að hlutabanka.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vog.

1. gr.

Heimilt skal stjórn Íslands að breyta skipulagi Landsbanka Íslands svo, að menn eigi framvegis kost þess að verða hluthafar í því fyrirtæki.

2. gr.

Ríkið skal aldrei eiga minna en 55% af hlutfjönu; ríkið ræður stjórn bankans, sem verið hefir, og innlendir menn skulu hafa forgangsrjett til þess að eignast hluti í bankafyrirtækinu.

3. gr.

Landsstjórnin kveður á um alt það, er lýtur að breyting þessari á skipulagi bankans.

Greinargerð.

Nú hefir komið til mála að Landsbankinn taki að sjer seðlaútgáfurjettinn, og mun því full þörf að efla hann sem mest. Þá er og nú vitað, að ýmsir innlendir menn vilja verja fje sínu til bankastarfsemi og beiðast sjerrjettinda til. Ef þeir fá færi til að leggja fje sitt í Landsbankann og verða þar hluthafar, þá fá þeir hvorttveggja, fje sínu starfssvið og sjerrjettindi meiri en ella.

(C. V, 2).

Ed.**88. Þingsályktun**

um flutningabrautina frá Þjórsá austur yfir Ytri-Rangá.

(Samþykkt í Ed. 24. febrúar).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að athuga, um leið og endurskoðun vegalaganna frá 1907 fer fram samkvæmt ályktun síðasta Alþingis, hvort ekki sje rjettast að telja flutningabrautina frá Þjórsá austur yfir Ytri-Rangá í Rangárvallasýslu í sjerstökum flokki flutningabrauta, með sjerstökum ákvæðum um viðhaldsskyldu.

(B. XXV, 1).

Nd.

89. Frumvarp

til laga um leyfi til þess að reka bankafyrirtæki á Íslandi.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Enginn má reka bankafyrirtæki hér á landi, nema hann hafi áður fengið leyfisbrjef til þess hjá stjórnarráði Íslands.

2. gr.

Í leyfisbrjefi því, er ræðir um í 1. gr., skal stjórnarráðið áskilja sjer heimild til þess að skipa eftirlitsmenn með bankanum, sem skulu hafa óskoradán aðgang að bókum hans, hve nær sem vill, og láta stjórnarráðinu í tje allar upplýsingar um rekstur bankans og starfsemi.

3. gr.

Nú þykir landsstjórninni starfsemi bankans fela í sjer hættu fyrir almenningshag og þjóðarheill, eða hún telur bankann vinna atvinnuvegum landsins tjón eða stefna þeim í stórhættu, og má þá taka leyfisbrjefið af bankanum.

Greinargerð.

Alls ófært má það heita, að hver sem er geti sett á stofn banka. Bankastarfsemi greinist svo víða um líf og starf þjóðarinnar, að ríkið hlýtur að hafa nákvæmt eftirlit með öllum slíkum stofnunum. Enda sýna afskipti löggjafarvaldsins af sparisjóðum, að Alþingi hefir áður farið þessu fram.

(A. XIV, 7).

Ed.

90. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 12, 12. ágúst 1918, um stimpilgjald.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, eins fljótt og verða má, reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til

lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum farangri ferðamanna. Hina sýndu reikninga skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla þannig, að reikningar um allskonar leikföng og allskonar muni, sem eingöngu eru ætlaðir til skrauts, úr hvaða efni sem eru, stimplast með 15% af verðinu, en reikningar um allar aðrar vörur með 1%. Verði ágreiningur um flokkunina, fellir stjórnarráðið um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Nú fylgir eigi reikningur vöru eða kemur eigi kaupanda í hendur eða umboðsmanni hans innan tveggja mánaða frá móttöku hennar, og er kaupandi eða umboðsmaður hans þá skyldur til að afhenda lögreglustjóra þeim, er í hlut á, eða umboðsmanni hans, yfirlýsingu um, að hann hafi engan reikning meðtekið og hvað hann álitir, að varan muni hafa kostað í innkaupi, hvort tveggja að viðlögðum drengskap. Skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans þá stimpla yfirlýsinguna á sama hátt og innkaupsreikningur væri.

Yfirlýsing þessi skal vera þannig sundurliðuð, að hið áætlaða verð hverrar vörutegundar sjáist.

3. gr.

Nú lætur kaupandi eða umboðsmaður hans farast fyrir að sýna til stimplunar reikning eða yfirlýsingu, og getur lögreglustjóri þá þvingað hann til þess með dagsektum, allt að 100 kr. fyrir dag hvern, og má tiltaka sektina í brjefi eða simskeyti. Sektum þessum má þó eigi beita nema að undangenginni aðvörun með viku fyrirvara.

4. gr.

Nú sýnir kaupandi eða umboðsmaður hans til stimplunar reikning, sem hann veit að eigi sýnir hið rjetta innkaupsverð, eða gefur visvitandi ranga yfirlýsingu um verðið, og varðar það refsingu samkvæmt 156. gr. hinna almennu hegningarlaga, 25. júní 1869. Auk þess gjaldi hann þrefalt það, er á vantar, að hann hafi greitt lögboðið stimpilgjald.

5. gr.

Ef lögreglustjóri eða umboðsmanni hans leikur grunur á, að viljandi eða óviljandi sje rangt frá skýrt um verð á vöru, er honum rjett og skylt að rannsaka málið og fresta stimplun þar til þeirri rannsókn er lokið.

6. gr.

Lögreglustjórar og umboðsmenn þeirra eru skyldir til að hafa eins nákvæmt eftirlit með því og föng eru á, að móttakendur vara gæti skyldna þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, sjerstaklega með því að bera, eftir því sem við verður komið, hina afhentu reikninga og yfirlýsingar saman við farm-skrár þær, er þeir heimta vörutoll eftir.

7. gr.

Af vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, skal greiða gjald það,

er ræðir um í lögum þessum, til pósthúss þess, er afhendir vöruna kaupanda, og skal gjaldið greiðast um leið og varan er afhent. Gjaldið greiðist með frimerkjum, sem póstpjónn stimplar og limir á fylgibrjef eða umbúðir vöru. Andvirði slíkra frimerkja telst með pósttekjum.

Af dagblöðum greiðist ekkert gjald.

Af vörum, sem póstkrafa hvílir á, telst gjaldið af fjárhæð póströfunnar.

Ef reikningur fylgir vöru, er viðtakandi skyldur að sýna hann, og telst þá gjaldið eftir fjárhæð hans, en ef enginn reikningur fylgir, skal viðtakandi gefa út samskonar yfirlýsingu og þá, er ræðir um í 2. gr., og reiknast gjaldið samkvæmt henni.

Um viðurlög við röngum reikningum eða yfirlýsingum fer eftir 4. gr.

8. gr.

Um reikningsskil lögreglustjóra fyrir stimpilgjaldi því, er ræðir um í lögum þessum, fer sem annað stimpilgjald. Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur þar að lútandi.

9. gr.

Sektir allar eftir lögum þessum renna í rikissjóð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1921.

(A. XIII, 5).

Ed.

91. Nefndarálit

um frv. til laga um eftirlit með útlendingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta eftir föngum og ræður háttv. deild til þess að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 24. febr. 1920.

Halldór Steinsson,
formaður.

Sigurjón Friðjónsson,
fundaskrifari.

Jóh. Jóhannesson,

(A. VIII, 10).

Ed.**92. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um þingmannakosning í Reykjavík.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um frumvarpið og leggur til, eftir atvikum, að háttvirt deild samþykki það óbreytt.

Alþingi, 24. febr. 1920.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Guðm. Ólafsson,
ritari.

Hjörtur Snorrason.

Einar Árnason. Sigurjón Friðjónsson.

(A. XII, 3).

Ed.**93. Frumvarp**

til laga um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Íslandsbanki skal, með samþykki bankastjórnarinnar, leystur undan þeirri skyldu að greiða handhafa seðla bankans með gullmynt, samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóvember 1905, 4. gr., gegn því, að hann afhendi ríkisstjórninni allan málmforða sinn, sbr. sömu lög, 5. gr. a og b, til ráðstöfunar, enda taki ríkisstjórnin fyrir ríkissjóðs hönd jafnframt að sjer ábyrgð á greiðslu jafnmikillar upphæðar af seðlum bankans, sem málmforðanum nemur.

Um leið og ráðstöfuninni um óinnleysanleik seðlanna verður af ljett afhendir ríkisstjórnin bankanum aftur gullforðann.

2. gr.

Íslandsbanki er skyldur til að greiða ókeypis og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytja á sama hátt og ókeypis það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar.

Nú getur Íslandsbanki ekki yfirfært fje fyrir Landsbankann eins og að framan er tilskilið, og fellur þá óinnleysanleiki seðla Íslandsbanka úr gildi gagnvart Landsbankanum.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja bann, að einhverju leyti eða öllu, við útflutningi úr landinu á myntuðu eða ómyntuðu gulli, svo og að ákveða refsingar fyrir brot gegn hjer að lútandi ákvörðunum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og má með konunglegri tilskipun fella þau úr gildi, þegar ekki þykir lengur þörf fyrir ákvæði þeirra.

(B. XIII, 3).

Nd.

94. Frumvarp

til laga um kenslu í mótorvjelfræði.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Við vjelstjóraskólann í Reykjavík skal stofna sjerstaka deild, þar sem kend er mótorvjelfræði, munnleg og verkleg.

Stjórnarráðið ræður kennara eftir þörfum. Laun þeirra greiðast úr rikissjóði.

2. gr.

Til mótorvjelstjóraprófs útheimtist:

1. Í íslensku: Að geta gert ljettan stil um alment efni; skrifað sæmilega og nokkurnveginn rjett.
3. Í dönsku: Að geta lesið upp og þýtt ljettan kafla í danskri bók verkfræðilegs efnis.
3. Í mótorfræði: Þekking á hinum algengustu mótorum, sem notaðir eru í skipum og á landi, útbúnaði þeirra, hirðingu og stjórn. Þekking á sundurliðun mótora, hreinsun þeirra og samsetningu. Þekking á að lagfæra þá galla á mótorum, sem orsakast af notkun og sliti. Þekking á algengustu bilunum mótora, áhöldum þeirra og endurbótum. Þekking á hinum algengustu eldsneytistegundum, sem notaðar eru til mótora, hestafla þeirra og olíueyðslu.
4. Í reikningi: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum; að geta leyst ljettar líkingar með einni ópektri stærð og prósentureikning.
5. Í eðlisfræði: Þekking á lögum um loftkend efni, þrýstimælum, eðlisþyngd, hita og dreifing hans, úþpenslu hluta við hita, hitamælum, bræðslu, eldsneyti og vjelaáburði.

3. gr.

Prófið er skriflegt, munnlegt og verklegt. Það skal haldið af prófnefnd, og eru í henni forstöðumaður vjelstjóraskólans og tveir menn aðrir, er stjórnarráðið skipar í hvert skifti, og skal fyrir prófinu standa sá nefndarmanna, er skipaður er oddviti.

Hinir skipuðu prófdómendur velja prófverkefni. Verkefni til hins skriflega prófs skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma.

Kennarar dæma um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt hinum tveim, sem tilnefndir eru af stjórnarráðinu.

4. gr.

Sá einn má ganga undir mótörvjelstjórapróf, sem:

1. Hefir stundað járnsmíði eða vjelsmíði eitt ár í þeim járnsmíðjum, er stjórnarráðið tekur gildar, eða á eigin ábyrgð hefir verið mótörvjelstjóri á mótorbát eitt ár, eða verið 2. vjelstjóri á bát yfir 12 lestir að stærð um jafnlangan tíma og áður greinir.
2. Sýnir læknisvottorð um að hann hafi enga líkamsgalla, sem haft geti áhrif á þessa framtíðarstarfsemi hans.
3. Er fullra 18 ára að aldri.

Sje sá, er undir próf vill ganga, eigi námssveinn vjelstjóraskólans, skal beiðni hans um að fá að ganga undir próf send forstöðumanni vjelstjóraskólans mánuði áður en prófið er haldið.

Auk áður nefndra vottorða skulu beiðninni fylgja skirnarvottorð umsækjanda og vottorð frá þeim manni eða mönnum, er kent hafa honum eitt-hvað, er að vjelfræði lýtur.

Hafi hann gengið undir mótörvjelstjórapróf áður, skal þess getið í umsókninni.

Sá, sem fengið hefir mótörvjelstjórapróf áður en lög þessi ganga í gildi, hefir rjett til að ganga undir próf samkvæmt lögum þessum, þótt hann fullnægi ekki í öllu skilyrðum þeirra.

5. gr.

Stjórnarráðið setur reglugerð um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kenslunnar, próf o. fi.

6. gr.

Þeim, sem prófi hafa náð, skal veitt skirteini um það. Skal þar telja þær kenslugreinar, sem hann hefir verið reyndur í, og tilgreina einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu, er krafist er til að standast prófið, og hina hæstu, sem unt er að ná. Allir þeir prófnefndarmennirnir skulu undirrita prófskirteinið.

Nöfn þeirra, sem undir prófið ganga, skal rita í þar til gerða bók. Skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, degi og ári, svo og frá einkunnum þeim, sem gefnar hafa verið við prófið.

7. gr.

Ákvæði annara laga, sem kynnu að koma í bága við lög þessi, eru hjer með úr gildi numin.

(B. XIV, 3).

Nd. 95. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Í stað orðanna »enda búi sýslumaður þar« í 1. málsgrein laga nr. 18, 20. okt. 1920, komi:
enda búi sýslumaður, umboðsmaður sýslumanns eða hreppstjóri þar.

(B. XXVI, 1).

Nd. 96. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá fjárveitinganefnd.

1. gr.

Aftan við 7. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, bætist:

Einnig skal telja til embættisára þau ár, er póstinenn þeir, sem launa njóta samkvæmt lögnum, hafa gegnt samskonar starfa, þótt embætti þeirra hafi nú skift um nafn. Sama gildir um núverandi fyrsta bókavörð. Honum skulu talin til embættisára þau ár, er hann hefir verið settur bókavörður við Landsbókasafnið.

2. gr.

Ákvæði laga þessara skulu talin gilda frá 1. jan. 1920.

Ástæður.

Menn þeir, er ofanritað frumvarp snertir, hafa deilt við stjórnarráðið um aldursuppbætur. Þar sem nefndin lítur svo á, að þvert ofan í anda og tilætlun launalaganna beri menn þessir skarðan hlut frá borði, vill hún slíta deilunni með frumvarpi þessu.

Alpt. 1920. A. (32. löggjafarþing).

(C. VIII, 1).

Nd.**97. Tillaga**

til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að greiða fje úr ríkissjóði til dýrtiðaruppbóta og fleira.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða úr ríkissjóði þessar fjárhæðir:

1. 5400 kr. til launauppbótar handa væntanlegum sendiherra í Kaupmannahöfn.
2. 20000 kr. til þess að launa ræðismann islenskan í Genua á Ítalíu.
3. Dýrtiðaruppbót til Jóhanns Fr. Kristjánssonar af fjárlagalaunum hans, samkvæmt 33. gr. launalaganna.
4. Alt að 25000 kr. til dýrtiðaruppbóta handa starfsmönnum Búnaðarfélags Íslands og Búnaðarsambandanna. Skal upphæð þessari skift þannig, að laun og dýrtiðarbætur starfsmannanna verði í samræmi við sambærileg launaákvæði launalaganna.

(C. IX, 1).

Nd.**98. Tillaga**

til þingsályktunar um landhelgisgæslu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að annast um, að á þessu ári verði að minsta kosti tvö skip að staðaldri við landhelgisgæslu hjer við land og að stjórninni heimilist jafnframt fje til þeirra útgjalda, sem af þessu leiðir.

Enn fremur heimilast stjórninni nauðsynlegt fje til frekari undirbúnings og framkvæmda í landhelgisgæslumálinu.

(C. X, 1).

Nd.**99. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn á brúarstæði á Hjeraðsvatnaósi vestari.

Flutningsm.: Jón Sigurðsson og Magnús Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að rannsakað verði vandlega á næsta sumri brúarstæði á Hjeraðsvatnaósi vestari.

(B. XXII, 2).

Nd.

100. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907.

Frá samgöngumálanefnd.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verður 3. grein, svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. XIX, 2).

Nd.

101. Breytingartillaga

við frv. til laga um manntal á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.

Í stað orðanna: »nema óviðráðanlegar hindranir komi í veg fyrir það«
komi:
nema tálmanir, sem ekki verður við ráðið, banni.

(C. XI, 1).

Nd.

102. Tillaga

til þingsályktunar um afnám laga um húsaleigu í Reykjavík.

Flutningsm.: Jakob Möller, Bjarni Jónsson frá Vogu,
Sveinn Björnsson og Gunnar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að nema úr gildi lög um húsaleigu í Reykjavík, nr. 24, 12. sept. 1917, og viðaukalög við nefnd lög, nr. 21, 14. okt. 1918, frá 1. okt. 1920 að telja, að undantekinni 1. gr. og 4. gr., 2. og 3. málsgrein, og 6. gr. laga nr. 24, 12. sept. 1917.

(A. VIII, 11).

Ed.

103. Breytingartillaga

við frv. til laga um þingmannakosning í Reykjavík.

Frá Jóhannesi Jóhannessyni.

Við 12. gr.

Í stað »Lög þessi öðlast þegar gildi og skal fram fara« komi:

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarskrá konungsríkisins Íslands er komin í gildi, og skal síðan fram fara.

(B. I, 2).

Nd.

104. Nefndarálit

um frumvarp til laga um biskupskosningu.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er nýmæli í kirkjulöggjöf vorri og þarfnast rækilegs undirbúnings og athugunar. Nefndin telur rjett að afgreiða það ekki á þessu þingi, enda var það aldrei tilætlun flutningsmanns, en hins vegar þykir henni við eiga, að málið sje undirbúið til meðferðar næsta þings, og því lagt undir álit og atkvæði safnaðarfunda, hjeradsfunda og Synodusar á þessu ári, og með þeim formála ber hún fram þá tillögu, að frumvarpinu sje vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 25. febr. 1920.

Sveinn Björnsson,
formaður.

Björn Hallsson,
skrifari.

Sigurður Stefánsson,
framsögumaður.

Pjetur Ottesen,
með fyrirvara.

Þorsteinn Jónsson.

(A. XII, 4).

Ed.

105. Frumvarp

til laga um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Íslandsbanki skal, með samþykki bankastjórnarinnar, leystur undan þeirri skyldu að greiða handhafa seðla bankans með gullmynt, samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóvember 1905, 4. gr., gegn því, að hann afhendi ríkisstjórninni allan málmforða sinn, sbr. sömu lög, 5. gr. a og b, til ráðstöfunar, enda taki ríkisstjórnin fyrir ríkissjóðs hönd jafnframt að sjer ábyrgð á greiðslu jafnmikillar upphæðar af seðlum bankans, sem málmforðanum nemur.

Um leið og ráðstöfuninni um óinnleysanleik seðlanna verður af ljett afhendir ríkisstjórnin bankanum aftur gullfordann.

2. gr.

Íslandsbanki er skyldur til að greiða ókeypis og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytja á sama hátt og ókeypis það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar.

Nú getur Íslandsbanki ekki yfirfært fje fyrir Landsbankann eins og að framan er tilskilið, og fellur þá óinnleysanleiki seðla Íslandsbanka úr gildi gagnvart Landsbankanum.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja bann, að einhverju leyti eða öllu, við útflutningi úr landinu á myntuðu eða ómyntuðu gulli, svo og að ákveða refsingar fyrir brot gegn hjer að lútandi ákvörðunum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og má með konunglegri tilskipun fella þau úr gildi, þegar ekki þykir lengur þörf fyrir ákvæði þeirra.

(B. X, 2.)

Ed.**106. Frumvarp**

til laga um breyting á tilskipun 10. júlí 1795 og tilskipun 20. janúar 1797 um sáttanefndir.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

38. gr. síðasta málsg. í tilskipun 10. júlí 1795 og 25. gr. síðasta málsg. í tilskipun 20. janúar 1797 orðist svo:

Þó er óheimilt að málaflutningsmenn sjeu umboðsmenn aðilja við sáttaumleitanir, nema umbjóðandi þeirra sje búsettur utan þeirrar þinghár, þar sem sáttaumleitun fer fram.

(B. XIII, 4).

Ed.**107. Frumvarp**

til laga um kenslu í mótorvjelfræði.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Við vjelstjóraskólann í Reykjavík skal stofna sjerstaka deild, þar sem kend er mótorvjelfræði, munnleg og verkleg.

Stjórnarráðið ræður kennara eftir þörfum. Laun þeirra greiðast úr rikissjóði.

2. gr.

Til mótorvjelstjóraprófs útheimtist:

1. Í íslensku: Að geta gert ljettan stíl um alment efni; skrifað sæmilega og nokkurnveginn rjett.
3. Í dönsku: Að geta lesið upp og þýtt ljettan kafla í danskri bók verkfræðilegs efnis.
3. Í mótorfræði: Þekking á hinum algengustu mótorum, sem notaðir eru í skipum og á landi, útbúnaði þeirra, hirðingu og stjórn. Þekking á sundurliðun mótora, hreinsun þeirra og samsetningu. Þekking á að lagfæra þá galla á mótorum, sem orsakast af notkun og sliti. Þekking á algengustu bilunum mótora, áhöldum þeirra og endurbótum. Þekking á hinum algengustu eldsneytistegundum, sem notaðar eru til mótora, hestafla þeirra og olíueyðslu.

4. Í reikningi: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum; að geta leyst ljettar líkingar með einni óþektri stærð og prósentureikning.
5. Í eðlisfræði: Þekking á lögum um loftkend efni, þrýstimælum, eðlisþyngd, hita og dreifing hans, útpenslu hluta við hita, hitamælum, bræðslu, eldsneyti og vjelaáburði.

3. gr.

Prófið er skriflegt, munnlegt og verklegt. Það skal haldið af prófnefnd, og eru í henni forstöðumaður vjelstjóraskólans og tveir menn aðrir, er stjórnarráðið skipar í hvert skifti, og skal fyrir prófinu standa sá nefndarmanna, er skipaður er oddviti.

Hinir skipuðu prófdómendur velja prófverkefni. Verkefni til hins skriflega prófs skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma.

Kennarar dæma um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt hinum tveim, sem tilnefndir eru af stjórnarráðinu.

4. gr.

Sá einn má ganga undir mótörvjelstjóraráð, sem:

1. Hefir stundað járnsmíði eða vjelsmíði eitt ár í þeim járnsmíðjum, er stjórnarráðið tekur gildar, eða á eigin ábyrgð hefir verið mótörvjelstjóri á mótorbát eitt ár, eða verið 2. vjelstjóri á bát yfir 12 lestir að stærð um jafnlangan tíma og áður greinir.
2. Sýnir læknisvottorð um að hann hafi enga líkamsgalla, sem haft geti áhrif á þessa framtíðarstarfsemi hans.
3. Er fullra 18 ára að aldri.

Sje sá, er undir próf vill ganga, eigi námssveinn vjelstjóraskólans, skal beiðni hans um að fá að ganga undir próf send forstöðumanni vjelstjóraskólans mánuði áður en prófið er haldið.

Auk áður nefndra vottorða skulu beiðninni fylgja skirnarvottorð umsækjanda og vottorð frá þeim manni eða mönnum, er kent hafa honum eitt-hvað, er að vjelfræði lýtur.

Hafi hann gengið undir mótörvjelstjóraráð áður, skal þess getið í umsókninni.

Sá, sem fengið hefir mótörvjelstjóraráð áður en lög þessi ganga í gildi, hefir rjett til að ganga undir próf samkvæmt lögum þessum, þótt hann fullnægi ekki í öllu skilyrðum þeirra.

5. gr.

Stjórnarráðið setur reglugerð um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kenslunnar, próf o. fl.

6. gr.

Þeim, sem prófi hafa náð, skal veitt skirteini um það. Skal þar telja þær kenslugreinar, sem hann hefir verið reyndur í, og tilgreina einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu, er krafist er til að standast prófið,

og hina hæstu, sem unt er að ná. Allir þeir prófnefndarmennirnir skulu undirrita prófskirteinið.

Nöfn þeirra, sem undir prófið ganga, skal rita í þar til gerða bók. Skál í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, degi og ári, svo og frá einkunnum þeim, sem gefnar hafa verið við prófið.

7. gr.

Ákvæði annara laga, sem kynnu að koma í bága við lög þessi, eru hjer með úr gildi numin.

(B. XII, 4).

Ed.

108. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt með reglugerð eða reglugerðum að takmarka eða banna innflutning á allskonar óþörfum varningi, og ákveður hún, hvaða vörur skuli teljast til slíks varnings.

2. gr.

Brot gegn reglugerð eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt 1. gr., varða sektum, alt að 100000 kr. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XIV, 4).

Ed.

109. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþyktir utan kaupstaðanna.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Í stað orðanna »enda búi sýslumaður þar« í 1. málsgrein laga nr. 18, 20. okt. 1905, komi:

»enda búi sýslumaður, umboðsmaður sýslumanns eða hreppstjóri þar.

(B. XIX, 3).

Nd.

110. Frumvarp

til laga um manntal á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ár þau, er ártalið endar á 0, skal taka alment manntal um allt land. Skal það fara fram 1. desember eða annan dag, sem konungur ákveður, og skal því lokið þann sama dag, nema tálmanir, sem ekki verður við ráðið, banni. Skulu allir taldir þar sem þeir höfðu náttstað aðfaranótt manntalsdagsins, hvort sem þeir eiga þar heima eða ekki. Þó skal þeirra, sem að heiman eru aðfaranótt manntalsdagsins, einnig getið á heimili þeirra, með athugasemd um, að þeir sjeu fjarverandi. Hagstofa Íslands gerir fyrirmyndir að eyðublöðum undir manntalsskrárnar. Á þeim skal tilgreina fult nafn hvers manns, fæðingarár og dag, fæðingarstað, atvinnu og annað það, sem hagstofan í hvert sinn ákveður í samráði við þar til kjörna nefnd manna.

2. gr.

Í kaupstöðunum annast bæjarstjórnin um framkvæmd manntalsins, en annarsstaðar prestarnir með aðstoð hreppstjóra og hreppsnefnda. Áður en manntalið á fram að fara, skal skifta hverjum kaupstað og prestakalli í svo mörg umdæmi eða hverfi, að einn maður komist á einum degi yfir að telja alla þá, sem þar dvelja eða eru staddir, og afla um þá þeirra upplýsinga, sem krafist er. Teljarastarfið er trúnaðarstarf, sem enginn getur skorast undan, sem til þess er hæfur.

3. gr.

Að viðlagðri alt að 1000 kr. sekt er hver maður skyldur til að gefa fullnægjandi skýrslu um sjálfan sig og hagi sína til afnota við manntal það, sem lög þessi skipa fyrir um. Að viðlagðri sömu sekt er einnig hver húsráðandi skyldur til að gefa í sama skyni allar þær skýrslur um húsbúa sína og annað, sem hann getur í tje látið.

4. gr.

Störf presta og hreppstjóra við manntalið teljast til embættisverka þeirra, sem þeim ber ekkert kaup fyrir sjerstaklega. Teljarar geta heldur eigi krafist neins kaups fyrir starf sitt, en heimilt er þó bæjar- og sveitarstjórnnum, ef ástæða þykir til, að greiða þeim einhverja þóknun úr bæjar- eða sveitar-sjóði, og þaðan greiðist einnig annar kostnaður, sem verða kann við framkvæmd manntalsins í kaupstaðnum eða hreppnum.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem með almenn lögreglumál.

(A. XV, 3).

Nd.**III. Frumvarp**

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að banna flutning til landsins á brúkuðum fatnaði, líni og sængurfatnaði, dulum, brúkuðu vatti, hnökraull, pappírsafklippum, hári, húðum og öðrum þeim varningi, er stjórnin telur stafa sýkingarhættu af.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 50—5000 krónum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lög-reglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. IV, 3).

Nd.**III. Frumvarp**

til laga um æfinlega erfingjarentu.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Upphæð þeirri, er greiðist ár hvert í erfðafjárskatt, samkv. lögum nr. 15, 11. júlí 1911, þó ekki yfir 20000 kr., skal skift í hluti, er nemi 1000 kr. hver.

2. gr.

Hver embættismaður hjer á landi, sem gefur saman hjón, (prestur, sýslumaður eða bæjarfógeti), skal við hvert nýár gefa skýrslu, er gengur til stjórnarráðsins, um hjón, er hann hefir gefið saman á næstliðnu ári, og tilgreina þar nöfn og heimili hjónanna.

3. gr.

Þeir 1000 króna hlutir, sem nefndir eru í 1. gr., ganga til hjúa þeirra, er gífst hafa næsta ár á undan og verið hafa í ársvist á gíftingardegi minst 5 ár, og eigi á fleiri en 2 heimilum, eftir 20 ára aldur, og ræður hlutkesti milli hjúa, hverjir hlutina fá, ef fleiri hafa gífst á árinu en verðlaun geta hlotið. Stjórnarráðið sjer um hlutkestið, og skal niðurstaða þess birt í Lögbirtinga-
blaðinu.

4. gr.

Hjú þau, sem þannig gíftast og verið hafa á gíftingardegi í ársvist samkvæmt 3. gr., skulu, ef þau vilja koma til greina við úthlutun erfingjarentunnar samkvæmt 3. gr., afhenda þeim, er framkvæmir gíftinguna, og í síðasta lagi á gíftingardegi, fullnægjandi skilríki fyrir því, að þau hafi verið í ársvinnumensku eins og lög þessi tilskilja, og skal senda stjórnarráðinu gögn þau með skýrslunni, sem getur í 2. gr.

Skyldur er hver húsbóndi, sem haft hefir slík hjú í ársvinnumensku, að gefa drengskaparvottorð um, hversu lengi hjúíð var hjá honum sem árs-hjú. Varðar það sekt, 50—100 kr. til landssjóðs, ef synjað er um að gefa slíkt vottorð.

5. gr.

Eigi skerðir það rjett hjúa til að fá erfingjarentu, þótt þau á vinnu-menskutímabilinu hafi með samþykki húsbænda sinna verið við nám vetr-armánuðina á alþýðuskólum, svo sem búnaðarskóla eða gagnfræðaskóla, eða notið almenns náms annarsstaðar, ef þau vinna húsbændunum alt gagn sem hjú allan annan tíma ársins.

6. gr.

Þann hlut, sem hjúum hlotnast samkvæmt 3. gr., skal leggja í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu í Söfnunarsjóði Íslands undir nafni eigandans sem vaxtaeiganda.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1921.

(B. XVII, 2).

Nð.**113. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. málsgrein 5. greinar í lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, orðist svo:

Enginn má stýra bifreið, nema hann sje fullra 20 ára að aldri og hafi ökuskirteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið. Þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá aldurstakmarkinu, alt niður í 18 ára aldur, þegar svo stendur á, að bifreiðarstjórinn vill aðeins stýra sinni eigin bifreið, foreldris eða fósturforeldris, og notar hana alls ekki til almennra fólksflutninga.

(B. XI, 3).

Nð.**114. Frumvarp**

til laga um að leggja jarðirnar Kjarna og Hamra í Hrafnagilshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Akureyrar.

(Eftir 3 umr. í Ed.)

1. gr.

Jarðirnar Kjarni og Hamrar í Hrafnagilshreppi skulu, að áskildu samþykki sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, lagðar un lír lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Akureyrar frá 6. júní 1920.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Akureyrarbær að sjer framfærslu allra þeirra þurfa-linga, er hjálparþurfa kunna að verða og eru nú sveitlægir í Hrafnagilshreppi, vegna fæðingar á Kjarna eða Hömrum.

3. gr.

Að öðru leyti er Akureyrarbær laus við framfærslu þeirra, er hingað til kunna að hafa unnið sjer sveit í Hrafnagilshreppi, þótt sveitfesti hafi unnist vegna dvalar á Kjarna eða Hömrum.

(A. IX, 7).

Nd.

115. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Í stað 1. og 6. gr., fyrri málsg. 79. gr. og ákvæða um stundarsakir í lögum 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, koma eftirfarandi greinar:

1. gr.

(1. gr. laga 3. nóv. 1915).

Með þeim takmörkunum, sem hjer fara á eftir, hafa kosningarrjett til Alþingis við kosningar í sjerstökum kjördæmum allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri þegar kosning fer fram, hafa óflekkað mannorð, hafa ríkisborgararjett hjer á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram.

2. gr.

(6. gr. laga 3. nóv. 1915).

Kjörgengur við kosningar í sjerstökum kjördæmum er hver ríkisborgari, karl og kona, sem kosningarrjett á til þeirra, nema þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt heima í kjördæminu skemur en 1 ár.

3. gr.

Fyrri málsgrein 79. gr. orðist svo:

Almennar hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar til Alþingis fara venjulega fram 4. hvert ár.

4. gr.

Í stað ákvæða um stundarsakir komi:

Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en hin nýja stjórnarskrá konungs-ríkisins Íslands öðlast gildi, þótt ekki sjeu þeir íslenskir ríkisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.

Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá árið 1922 eftir hlutkesti Alþingis 1917, falla niður árið 1926.

Almennar, reglulegar alþingiskosningar í sjerstökum kjördæmum skulu fara fram árið 1923. Ekki mega þær þó fram fara fyr en að loknu reglulegu Alþingi það ár.

(A. X, 5).

Ed.**116. Lög**

um breyting á lögum nr. 64, 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.

(Afgreidd frá Ed. 25. febrúar).

1. gr.

Auk þóknunar þeirrar af landsfje, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m., skulu hreppstjórar njóta samskonar launauppbótar sem embættis- og sýslunarmenn landsins samkvæmt 33. gr. launalaganna.

Uppbótin greiðist ásamt þóknuninni fyrir hvert umliðið fardagaár.

2. gr.

Hreppstjóraalaun um fardagaárið 1919—1920 skulu fyrir tímabilið frá 6. desember 1919 til loka fardagaársins reiknast samkvæmt ákvæðum 1. gr.

(A. XIV, 8).

Ed.**117. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 12, 12. ágúst 1918, um stimpilgjald.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Jeg hefi ekki sjeð mjer fært að aðhyllast frumvarp þetta, því bæði er það, að engin vissa er fyrir því að svo mikil þörf sje á auknum tekjum, að eigi megi biða reglulegs þings, og svo er grundvöllur sá, sem frumvarpið hvílir á, svo óabyggilegur, þar sem engin tollgæsla er til með sjerþekkingu, sem opni og skoði nákvæmlega hverja sendingu. En á annan hátt er óhugsandi að leiða verðtoll í lög í nokkurri mynd, eins og jeg hefi jafnan haldið fram, er komið hefir til tals í þinginu að leggja verðtoll á vörur, enda hefir sú stefna aldrei haft neinn byr að undanfögnu. Umstangið, sem af slíkum lögum leiðir fyrir innheimtumenn, virðist líka vera allsendis óþarft, þar sem, ef brýn nauðsyn var á að hækka tekjur landsins í bili, þá hlaut að liggja næst að hækka annaðhvort útflutningsgjaldið, eftir því sem með þurfti, eða þá vörutollinn.

Nú hefir fjármálaráðherrann gefið greinilega skýrslu um fjárhaginn, og bendir hún alls ekki til, að aukinna tekna sje þörf. Og tollar eru nú þegar orðnir svo háir, að þingið ætti ekki, nema *augljós og brýn þörf sje á*, að bæta við tollana. Ef þingið er of óvarkárt í því að leggja á tolla, hlýtur af því að stafa óþörf eyðsla á landsfje; mönnum verður oft lausari hendin að eyða fjenu um-

fram brýna þörf, þegar ekki þarf annað en stinga hendinni fyrirhafnarlaust ofan í vasa annara eða almennings á meðan nokkuð er þar að hafa.

Jeg hygg því, að komið sje svo langt með tollálögur, að fremur beri að takmarka útgjöldin en að leggja á nýja tolla.

Stjórnin tekur það fram í ástæðum sínum, að æskilegt sje »að fá nokkra reynslu, áður en hin nýju skattalög verða samin og sett, hvernig verðtollur muni reynast hjer«.

Það virðist engin þörf vera á því að fá slíka reynslu, því hún er sýnileg og vitanleg fyrirfram, í öllu falli þeim mönnum, sem þekkja til verslunarviðskifta innanlands og landa á milli.

Það hefir verið stefna, að jeg hygg, alls heimsins, að láta almenn verslunarbrjef og reikninga vera friðhelga eign viðtakanda. Getur enginn gert sjer í hugarlund, hversu mikil siðspilling getur af því leitt, ef slík stefna fær ekki að njóta sín í fámennu landi, þar sem hver þekkir annan og þar sem mönnum er svo gjarnt til að riða skóinn hver niður af öðrum, er um hagsmuni er að ræða, hjá smáþjóð, sem er búin að lima sig sundur í allra handa smáfjelög eftir stjettum, í því skyni að sjá stjettinni sem best fjárhagslega borgið, eða til þess að verjast ágangi annara þjóðarbrota. Verslunarsambönd eru alstaðar skoðuð *helg eign* hins verslandi manns, og um leið *heimulegheit*, sem enginn hefir heimild til að hnýsast í. Pennan eignarrjett má hið opinbera ekki skerða á neinn hátt eða setja hann í hættu. Sá, sem fremur öðrum er framsýnn í því að koma sjer t. d. í góð verslunarsambönd erlendis, sem venjulega kostar allmikið fje og tíma, hefir skapað sjer *verðmæla eign*, nokkurskonar verðbrjefaeign, sem hann nýtur vaxta af á hverju ári.

Þess vegna leggja líka allar siðaðar þjóðir hegningu við því, ef t. d. þjónn einhvers kaupmanns ljóstar því upp við óviðkomandi menn, eða keppinautinn, hvar húsbóndi hans kaupir eða selur þennan eða hinn hlutinn, svo og ef opnuð eru annara manna brjef o. s. frv. Það gefur að skilja, að það er ekki neinn hægdarleikur að semja tolllög, sem riða í bága við almennar verslunarvenjur heimsins og tolllagavenjur; kemur það og ljóst fram þegar í fyrstu grein frumvarpsins, að stjórnin hefir rekið sig á örðugleikana. Í fyrstu grein er ákveðið, að alla innkaupareikninga skuli sýna lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, og skal stimpla þá þannig, »að reikninga um allskonar leikföng og allskonar muni, sem eingöngu eru ætlaðir til skrauts, úr hvaða efni sem eru, stimplast með 15% af verðinu, en reikningar um allar aðrar vörur með 10%.«

Hjer er þegar brotin sú alheimsregla, að verslunarsambönd sjeu *friðhelg*, eins og áður er að vikið. Í öðru lagi fæ jeg ekki sjeð, hvers vegna barnaleikföng eiga að sæta harðari tollkjörum en aðrar almennar vörur. Það hlýtur að koma til af því, að menn álíti þau algerðan óþarfa.

Það er kunnugt, að barnaleikföng flytjast einkum til kaupstaðanna og eru þar mest notuð. En það liggur í því, að þar er meiri þörf fyrir þau en t. d. í sveit.

Í sveit njóta börnin á sumrum hinnar fögru náttúru, loftslagsins, jurtanna og marglitra steina, og geta þegar er þau eru nokkuð stálpuð tekið þátt í störfum heimilisfólksins og skemt sjer við það. Í sveit eru börnin ekki í neinni hættu af götusolli, heldur umgangast þau mest fullorðið fólk og starfsemi þess, og verða því fljótar þroskuð, andlega og líkamlega. Börn í kaupstöðum fara á mis við öll

þessi góðu uppeldisskilyrði. Fyrir þeim liggur ekki annað en gatan og götusollurinn, ef þau koma út úr dyrunum.

Fyrir þá sök er svo áriðandi að gera heimilin þar aðlaðandi fyrir börnin, svo þau uni við að vera í heimahúsum, en starfslöngun barna, t. d. 2–6 ára, unir ekki við að sita á rúmstokknum auðum höndum. Þau verða því að hafa eitthvað til að starfa við og gleðja sig yfir. Og er þá eðlilega leitað að fullnægjunni í meira eða minna fullkomnum leikföngum. Þau halda börnunum frá götunni, þau viðhalda starfsemislöngun þeirra og þau gefa margri móðurinni hvíld og frið til að vinna sín heimilisverk.

Jeg fæ því ekki skilið, hvers vegna landsstjórnin vill útrýma leikföngum barna, eða straffa aðflutning þeirra með háum tolli, því leikföngin eru beint *naðsynjavara*, eins og jeg hefi nú bent á, þótt naðsyn þeirra sje mismunandi í hinum ýmsu hjeruðum landsins. Hvað mundu menn t. d. segja um það, ef hátt væru tolluð jólatrje þau, sem Hjálpræðisherinn heldur ókeypis fyrir fátæk börn? Þá er einnig ákveðið í sömu grein að tolla »allskonar muni, sem eingöngu eru ætlaðir til skrauts, úr hvaða efni sem eru,« með 15% stimpilgjaldi.

Tolllöggjöf allra landa, og einnig hjer á landi, hefir gert sjer far um að gera tolllögin svo ljós og ákveðin, sem kostur hefir verið á, til þess að gera innheimtumönnum sem ljettast fyrir og mögulegt að innheimta tollinn.

Jeg sje ekki hvernig tollinnheimtumenn eiga að fara að því að tolla aðfluttar vörur, sem »eingöngu eru ætlaðar til skrauts, úr hvaða efni sem eru«. Jeg fór að litast um á heimili mínu, hvaða aðfluttir munir það væru, sem »eingöngu eru ætlaðir til skrauts«, og fann ekkert, nema nokkrar myndir, sem hjengu til skrauts á veggjunum, og smámyndir úr gipsi eða brendum leir (Nips).

Ef nú frumvarpið á eingöngu við slíka hluti, þá flyst svo lítið að af þeim, að tæplega er ómaksins vert að tolla þá sjerstaklega með hærri tolli en aðrar vörur. Og það getur að *minsta kosti* verið vafasamt, hvort eigi að straffa þá með háum tolli, sem geta eignast slíka hluti, því þótt þeir sjeu eingöngu ætlaðir til skrauts á heimilum, þá er það ekki einkis virði. Það hlýtur að gera hvert heimili vistlegra fyrir börn og fullorðna, vekja segurðartilfinningu hjá börnunum fyrir fögrum listum og gleðja þau, eins og leikföngin. Það er kunnugt, að börn gleðjast mjög við að fá t. d. myndabækur, og læra þau af þeim að þekkja marga hluti, sem þau eigi aður þektu. En sje hjer með átt við skraut alment, sem bæði er notað til *gagns* og *skrauts*, þá fer þetta ákvæði að verða enn vafasamara. Svo vafasamt, að efasemdirnar um tollunina eru á hverju strái.

Samkvæmt 2. gr. getur hver, sem vill, skotið sjer undan að sýna innkaupa-reikning með því að halda því fram, að hann hafi engan reikning fengið. Enginn getur sannað neitt um það, hvort hann hefir fengið reikning eða ekki, og er honum því alveg í sjálfsvald sett, hvort hann sýnir reikning eða velur þá leiðina að gefa tollinnheimtumanni aðeins sundurliðaða *áællun* um verðið. Þetta bendir ótvírætt á örðugleikana og haldleysið, sem þessu fyrirkomulagi fylgir, þótt þetta atriði sje ekki ádalatriðið.

Ákvæðin í 4. grein um viðurlög fyrir að sýna tollinnheimtumanni ranga reikninga eru nógu hörð, en skilyrðin fyrir því að geta sannað brotin virðast ekki vera fyrir hendi.

Það er kunnugt, að iðulega kemur fyrir, að eitt firma hefir aðsetur í fleiri löndum en einu, og slíkum tilfellum fer fjölgandi, eftir því sem viðskifti lands

vaxa. Það er og kunnugt, að svo stendur jafnvel á á Íslandi, að firmaið hefir bækistöð sína í tveim eða fleirum óháðum ríkjum, t. d. á Íslandi og á Englandi eða á Íslandi og í Þýskalandi, o. s. frv.

Útlenda grein firmasins annast öll útlendu vörukaupin og sendir reikninga til firma síns hjer. Lögreglustjóri verður að taka þessa reikninga gilda, og hefir enga möguleika til að sanna það, að þeir sjeu rangir, þótt aðeins hálfvirði varanna væri tilgreint á reikningunum, eða jafnvel þótt aðeins nokkur hluti af sendingunni standi á reikningunum, því hjer er engin tollgæsla, sem opnar og rannsakar hverja umbúð. Á reikningnum getur staðið megnið af *fyrirferðinni*, en það *verðmesta* og *fyrirferðarminsta* eftir skilið.

Lögreglustjóri stendur eðlilega gegn slíkum tollsvikum alveg varnarlaus, því sendanda í öðru ríki hefir hann ekki vald til að rannsaka. Þess vegna verða ákvæðin í 5. grein líka þýðingarlaus, því hvaða þýðingu hefir það, þó lögreglustjóri hafi *grun um* tollsvik, þegar svona stendur á, að hann getur alls ekkert rannsakað? Og enga stoð getur lögreglustjóri í þessu efni haft í *farmskránum*, sem gefur að skilja, sem þó er gert ráð fyrir í 6. grein.

Alveg eins getur kaupmaður farið að, þótt firmaið hafi ekki aðsetur í tveim ríkjum, og sem ferðast sjálfur til að gera innkaup sín. Þegar hann er búinn að kaupa, getur hann fengið einhverja uppgjafakaupmannsnefnu, eða jafnvel vikadrenginn sinn, til að skrifa reikninga til sín yfir þær vörur, sem hann hefir keypt. Hann þarf ekki annað en láta prenta laglega yfirskrift á nokkur reikningseyðublöð, nafn hins svokallaða sendanda og bústað, og svo samið reikningana eftir sínu höfði.

Lögreglan hjer stendur alveg ráðalaus gagnvart slíkum svikum. Sama er að segja um stimpilgjaldið af póströfum. Kaupandinn getur látið póströfuna vera svo háa og lága sem hann vill, og fer þá stimpilgjaldið eftir því.

Það segir sig sjálft, hversu slík tolllöggjöf er siðspillandi; kemur siðspillingin þó ekki alvarlega í ljós fyr en tollurinn er orðinn nokkuð hár, svo að hans gæti talsvert í verði varanna. Á meðan tollurinn er lágur, má búast við að hann siðspilli ekki nema nokkrum hluta verslunarmanna, en sem þó getur haft mikinn hluta af verslun landsins í sinni hendi. En setjum svo, að tollurinn verði hár og að ríkið ákveði að byggja á þessum grundvelli tolltekjur sínar að miklum mun, þá kemur siðspillingin vafalaust til að ná til allrar kaupmannastjettarinnar, einnig til þeirra, sem eru að eðlisfari ráðvandir menn.

Þetta stafar af því, að þegar vissir kaupmenn fara fyrir alvöru að svikjast undan tollgreiðslu, geta þeir selt tollvörur ódýrara en aðrir, og þetta hefir verið gert hjer á landi, og með því náð óeðlilega mikilli verslun undir sig. Þeir kaupmenn, sem ráðvandir eru, verða þá annaðhvort að gefa upp verslun sína eða fara að dæmi hinna brotlegu, og »flestir kjósa firðar lífe; er því hætt við, að þeir neyðist til að leggja út á sviksemisbrautina eins og hinir.

Búast má við, að þeir, sem halda þessari prósentugjaldatollstefnu fram, segi, að reynist hún illa, þá sje ekki annað en setja á stofn fullkomna tollgæslu eins og í öðrum löndum. En hyggjari menn munu vera sannfærðir um það, að slík tollgæsla yrði of þung byrði fyrir landið, þótt tollþjónunum yrðu úthlutað sultarlaun, sem vafalaust mundi verða gert. Og kunnugir munu geta rent grun í, hversu óábyggileg slík tollgæsla mundi verða. Og ekki gæti hún á neinn hátt

dæmt um, hvort innkaupsverð á vöru væri rjett tilfært eða ekki. Til þess mundi tollþjónana breyta *alla* þekkingu.

Pegar nú gallarnir eru svona miklir á þessu verðtollsfyrirkomulagi, eins og jeg hefi bent á, þá má ætla, að þeir, sem fylgja þessari stefnu svo fast fram, hafi einhverja þá kosti fyrir augum, sem vegi upp á móti þessum mikilvægu göllum. Jeg hefi eigi heyrt aðra kosti nefnda en þann, að verðtollurinn komi rjettlátar niður en aðrir tollar. Þessu verð jeg alveg að mótmæla, því þó að tollurinn sje lagður jafn á alla svo nefnda þarfavöru, þá á kaupmaðurinn eða seljandinn eftir að jafna tollinum niður á vörurnar, sem hann gerir alveg eftir geðþóttu og eftir því sem *samkeppnin heimtar og leyfir*. Kaupmaðurinn getur því lagt t. d. 20% af tollinum á eina vörugrein, en 1% á aðra eða ekkert. Löggjöf og stjórn geta ekki með neinu móti hindrað það. Og hvað verður þá úr rjettlætinu? Ekkert. Og hver er árangurinn? Enginn annar en að opnuð er leiðin meir en áður fyrir tollsvikum og stórauðinn kostnaður og fyrirhöfn lögð á lögreglustjóra og stjórnarráðið.

Jeg vona, að öllum þingmönnum sje það ljóst, hvern flokk sem þeir fylla, hversu mikla þýðingu það hefir fyrir landið, að tolllöggjöfin sje, svo sem frekast er unt, þannig úr garði gerð, að hún ekki opni óhlutvöndum mönnum dyrnar upp á gátt til þess að geta komið sjer hjá að greiða lögboðin gjöld í landssjóð. Þess munu og flestir lögreglustjórar landsins óska. Og enn fremur munu þeir óska þess, að tolllöggjöfin sje þannig sett, að eigi þurfi þeir að láta stjórnarráðið úrskurða í hvert skifti, er toll á að greiða, hvernig tolla beri vöruna.

Álit þetta er ekki eingöngu ritað með fyrirbyggjandi frumvarp um stimpilgjald fyrir augum, heldur einnig sem bending til þeirra, sem undirbúa eiga *fram tíðar* tolllöggjöf landsins.

Af framanrituðum ástæðum legg jeg til, að frumvarp þetta verði felt.

Alþingi, 25. febrúar 1920.

Björn Kristjánsson.

(A. XIV, 9).

Ed.

III. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 12, 12. ágúst 1918, um stimpilgjald.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Þótt við að sumu leyti getum fallist á skoðun háttv. meðnefndarmanns okkar hvað þetta mál snertir, teljum við ekki rjett, eins og hag ríkissjóðs er varið, og brýn þörf á tekjuauka, að frumvarpið nái ekki fram að ganga á þessu þingi.

Benda viljum við á, að frumvarp þetta er að eins viðauki við samskonar lög, sem ekki gilda nema til ársloka 1921, og að sjálfsögðu verða þau þá annað-

hvort löguð rækilega eða látin alveg falla niður, komi það fram við reynsluna, að þau sjeu óheppileg.

Að svo mæltu ráðum við háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 25. febr. 1920.

Guðm. Ólafsson,
skrifari.

Guðjón Guðlaugsson,
framsögum.

(B. XXII, 3).

Nd.

119. Frumvarp

til laga um breyting á póstlögum, nr. 43 16. nóv. 1907.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Framan við 9. gr. laga nr. 43, 16. nóv. 1907, komi:

Hvert skip, sem er íslensk eign, eða skip, sem menn, búsettir hjer á landi, hafa á leigu, er skyldugt til, þegar það er afgreitt frá höfn í útlöndum til Íslands, að láta pósthús þar á staðnum vita um för sína, og taka til flutnings, ef þess er óskað, allskonar brjefasendingar, sem taldar eru undir staflið a í 2. gr. póstlaganna.

Útgerðarmenn og skipstjóri ber ábyrgð á að þessu sje hlýtt.

2. gr.

Aftan við 22. gr. sömu laga komi:

Umræddar sektir má fimmfalda þegar miklar sakir eru, og auk þess er póststjórninni heimilt að útiloka hlutaðeigendur frá póstsambandi um ákveðinn tíma, þannig að hvorki sjeu fluttar til þeirra póstsendingar eða frá þeim meðan sá tími stendur yfir.

Póststjórninni skal einnig heimilt á sama hátt, ef stjórnarráðið samþykkir, að loka póstsambandi fyrir mönnum, sem gera sig seka í megnum vanskilum gagnvart henni.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(C. VIII, 2).

Nd.**120. Viðaukatillaga**við tillögu til þingsályktunar á þingskj. 97 [*Dýrtiðaruppbætur o. fl.*].

Flutningsm.: Sigurður Stefánsson og Jón A. Jónsson.

Við 4. tölulið.

Á eftir þeim lið komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

5. 11000 króna viðbótarstyrk 1920—1921 til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp.

Til vara:

9000 krónur.

(C. VIII, 3).

Nd.**121. Breytingartillaga**við tillögu til þingsályktunar á þingskj. 97 [*Dýrtiðaruppbætur o. fl.*].

Frá fjárveitinganefnd.

Við 2. tölulið.

Liðinn skal orða svo:

20000 kr. til þess að launa íslenskan ræðismann á Ítalíu eða Spáni, ef á þarf að halda.

(C. XII, 1).

Nd.**122. Tillaga**

til þingsályktunar um styrk til flóabátsferða um Austfirði.

Flutningsmenn: Sveinn Ólafsson, Þorsteinn Jónsson, Þorleifur Jónsson og Björn Hallsson.

Alþingi ályktar að heimila stjórninni að veita alt að 20000 króna styrk fyrir yfirstandandi ár til flóabátsferða á næsta sumri milli Hornafjarðar og Skála á Langanesi, með venjulegum fjárlagaskilyrðum fyrir því líkum styrkveitingum.

Ástæður.

Flestir búendur á strandlengjunni Hornafjörður—Skálar eru að meira eða minna leyti útvegsmenn eða hluttakendur í úthaldi. Samgöngur eru mest-megnis á sjó og mikill hluti svæðisins utan við samgöngur á landi. Viðskifti ör og reglubundin er ein brýnasta þörf þessara dreifðu strandbúa. Undanfarið hefir flóabáturinn Reginn haldið þarna uppi áætlunarferðum með 18000 kr. styrk ár-lega úr landssjóði, en er nú með öllu á burtu kippt, og þó að mjög litlu leyti bættar á þessu svæði strandferðir með stærri skipum frá því sem verið hefir.

(C. VI, 2).

Ed.

123. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til þess að veita styrk til að kaupa björgunarbát.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað tillögu þessa og þau gögn, sem hægt var að fá, og vill mæla með því, að hún nái fram að ganga á þessu þingi. Meiri hluti nefndarinnar lætur það í ljósi, að hann sje óánægður yfir því, að málið var ekki betur undirbúið fyrir þingið en það er, einkum þar sem um svo mikla upphæð er að ræða. En hann vill þó ekki standa á móti því, að tilraun sú, er hjer ræðir um til hjargráða, sje reynd, einkum þar sem þetta mál virðist vera orðið mjög mikið áhugamál margra, og í sjálfu sjer er hið mesta nauðsynjamál.

Frekari grein verður gerð fyrir máli þessu í framsögunni.

Að svo mæltu vill nefndin leggja til, að háttvirt deild samþykki tillöguna óbreytta.

Alþingi, 25. febr. 1920.

Björn Kristjánsson,
formaður.

Sigurður H. Kvaran.

Karl Einarsson,
ritari.

Mál þetta hefir verið lagt fyrir fjárveitinganefnd Ed. og hún fallist á tillöguna eftir atvikum.

Alþingi, 25. febrúar 1920.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Sigurður H. Kvaran.

(B. III, 3).

Ed.

124. Breytingartillaga

við frv. til laga um gjöld til holræsa og gangstjetta á Ísafirði.

Flutningsm.: Einar Árnason.

Í stað orðanna »á Ísafirði« í fyrirsögn frumvarpsins komi:
í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri.

(C. XI, 2).

Nd.

125. Breytingartillögur

við tillögu til þingsályktunar um afnám laga um húsaleigu í Reykjavík.

Flutningsm.: Sveinn Björnsson.

1. Á eftir orðunum »nema úr gildi« komi:
frá 1. okt. 1920 að telja, að fengnum tillögum bæjarstjórnar.
2. Orðin »frá 1. okt. 1920 að telja«, næst á eftir »14. okt. 1918«, falli burt.

(A. XIV, 10).

Ed.

126. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 12, 12. ágúst 1918, um stimpilgjald.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Við 1. gr.

1. Á eftir orðunum »er flytja á vörurnar hingað til lands« komi:
og greiða 1 % stimpilgjald af þeim.
2. Orðin »hina sýndu reikninga« til enda greinarinnar falli burt.

(B. XIX, 4).

Ed.

127. Frumvarp

til laga um manntal á Íslandi.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ár þau, er ártalið endar á 0, skal taka alment manntal um allt land. Skal það fara fram 1. desember eða annan dag, sem konungur ákveður, og skal því lokið þann sama dag, nema tálmanir, sem ekki verður við ráðið, banni. Skulu allir taldir þar sem þeir höfðu náttstað aðfaranótt manntalsdagsins, hvort sem þeir eiga þar heima eða ekki. Þó skal þeirra, sem að heiman eru aðfaranótt manntalsdagsins, einnig getið á heimili þeirra, með athugasemd um, að þeir sjeu fjarverandi. Hagstofa Íslands gerir fyrirmyndir að eyðublöðum undir manntalsskrárnar. Á þeim skal tilgreina fult nafn hvers manns, fæðingarár og dag, fæðingarstað, atvinnu og annað það, sem hagstofan í hvert sinn ákveður í samráði við þar til kjörna nefnd manna.

2. gr.

Í kaupstöðunum annast bæjarstjórnin um framkvæmd manntalsins, en annarsstaðar prestarnir með aðstoð hreppstjóra og hreppsnefnda. Áður en manntalið á fram að fara, skal skifta hverjum kaupstað og prestakalli í svo mörg umdæmi eða hverfi, að einn maður komist á einum degi yfir að telja alla þá, sem þar dvelja eða eru staddir, og afla um þá þeirra upplýsinga, sem krafist er. Teljarastarfið er trúnaðarstarf, sem enginn getur skorast undan, sem til þess er hæfur.

3. gr.

Að viðlagðri alt að 1000 kr. sekt er hver maður skyldur til að gefa fullnægjandi skýrslu um sjálfan sig og hagi sína til afnota við manntal það, sem lög þessi skipa fyrir um. Að viðlagðri sömu sekt er einnig hver húsráðandi skyldur til að gefa í sama skyni allar þær skýrslur um húsbúa sína og annað, sem hann getur í tje látið.

4. gr.

Störf presta og hreppstjóra við manntalið teljast til embættisverka þeirra, sem þeim ber ekkert kaup fyrir sjerstaklega. Teljarar geta heldur eigi krafist neins kaups fyrir starf sitt, en heimilt er þó bæjar- og sveitarstjórnnum, ef ástæða þykir til, að greiða þeim einhverja þóknun úr bæjar- eða sveitar-sjóði, og þaðan greiðist einnig annar kostnaður, sem verða kann við framkvæmd manntalsins í kaupstaðnum eða hreppnum.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem með almenn lögreglumál.

(B. XXIII, 2).

Ed.**128. Frumvarp**

til laga um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Eftir 3. umr. i Nd.)

1. gr.

Í landhelgi við Ísland skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpum.

2. gr.

Nú er botnvörpuskip í landhelgi, og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 10000—20000 kr.; skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Brot gegn 2. gr. varða sektum, 2000—10000 kr. Um upptekt afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., er um ítrekað brot er að ræða.

Leggja má lögöld á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

4. gr.

Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við botnvörpuveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 500—5000 kr. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem er í botnvörpuskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á botnvörpuskipinu.

5. gr.

Skipstjóri, er gerir sig sekan í ítrekuðu broti gegn 1. gr., skal, auk refsingar þeirrar, sem getur um í 3. gr., sæta fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta fangelsi fyrir brot gegn 1. gr., auk sektarhegningar þeirrar, sem ákveðin er í 3. gr.

6. gr.

Sektarffe eftir lögum þessum, svo og andvirði fyrir upptækan afla og veiðarfæri, rennur í Landhelgissjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seka upptæk veiðarfæri, og afla því að eins, að knýjandi nauðsyn sje fyrir hendi.

7. gr.

Mál þau, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal reka sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 8, 6. apríl 1898, lög nr. 18, 8. júlí 1902, lög nr. 27, 25. sept. 1902, lög nr. 56, 30. júlí 1909, svo og 2. gr. taga nr. 55, 10. nóv. 1913, um stofnun Landhelgissjóðs Íslands, um það, er tekur til sektafjár og andvirðis upptækra veiðarværa og afla eftir lögum þessum.

(C. IV, 2).

Nd.

129. Þingsályktun

um rannsókn á innsiglingu að Kaldrananesi við Bjarnarfjörð í Strandasýslu og víðar.

(Samþykkt í Nd. 26. febrúar).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka svo fljótt sem unt er innsiglingu á Bjarnarfjörð hinn syðra í Strandasýslu og hafnarstað við Kaldrananes. Enn fremur að láta rannsaka siglingaleiðina frá Flatey á Breiðafirði til Hagabótar á Barðaströnd.

(C. XIII, 1).

Nd.

130. Tillaga

til þingsályktunar um styrk til flóabátsferða norðanlands.

Flutningsm.: Magnús Kristjánsson og Stefán Stefánsson.

Alþingi ályktar að heimila stjórninni að veita alt að 15000 kr. styrk fyrir yfirstandandi ár til flóabátsferða á næsta sumri milli Sauðárkróks og Raufarhafnar, með venjulegum fjárlagaskilyrðum fyrir því líkum styrkveitingum.

Ástæður

fyrir tillögu þessari eru þær, að í núgildandi fjárlögum er enginn styrkur til slíkra ferða; að hann var ekki tekinn upp stafaði af því, að á síðasta þingi var gert ráð fyrir auknum og bættum strandferðum, en þar sem nú er sjáanlegt, að þessum umbótum getur ekki orðið framgengt í náinni framtíð, þá er það augljóst, að flóabátsferðir þær, sem verið hafa, mega ekki niður falla, þótt ófullnægjandi sjeu.

(C. XIV, 1).

Nd.**131. Tillaga**

til þingsályktunar um vöruvöndun.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogu og Ólafur Proppé.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að hafa svo strangt eftirlit með vöruvöndun í landinu sem lög leyfa, einkum með tunnusmið og síldarmati, og að leggja fyrir næsta þing ítarlega löggjöf um þetta efni.

(A. VIII, 12).

Ed.**132. Breytingartillaga**

við frv. til laga um þingmannakosning í Reykjavík.

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar.

Við 1. gr.

a. Fyrir »4« í enda fyrsta málslíðs komi:

5.

b. Aftan við greinina bætist:

en í efri deild 15 þingmenn.

(C. VIII, 4).

Np.**133. Viðaukatillaga**við till. til þingsályktunar á þgskj. 97 (*Dýrtíðaruppbætur o. fl.*).

Flutningsm.: Sveinn Björnsson og Þorsteinn Jónsson.

Á eftir 4. lið komi nýr liður, sem verði 5. liður, svo hljóðandi:

5. Að greiða barnakennurum launaviðbót eftir þjónustualdri, eftir þeirri reglu:

- a. að þjónustualdur sje talinn byrja þegar kennarinn var fastráðinn við skóla, án tillits til þess, hvort hann hefir verið ráðinn með ákveðnu árskaupi eða eigi,
- b. að þegar kennari flyst frá einum launaflokki til annars, fái hann launabætur kennara þess flokks, er hann flyst til, og sje þjónustualdurinn talinn byrja, er hann var fyrst ráðinn kennari, hvort sem hann hefir verið farskólakennari, kennari við barnaskóla utan kaupstaða, barnaskóla í kaupstað, forstöðumaður skóla eða kennari.

(C. VIII, 5).

Nd.

134. Tillaga

til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að greiða fje úr ríkissjóði til dýrtíðauppbóta og fleira.

(Eftir fyrri umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða úr ríkissjóði þessar fjárhæðir:

1. 5400 kr. til launauppbótar handa væntanlegum sendiherra í Kaupmannahöfn.
2. 20000 kr. til þess að launa íslenskan ræðismann á Ítalíu eða Spáni, ef á þarf að halda.
3. Dýrtíðaruppbót til Jóhanns Fr. Kristjánssonar af fjárlagalaunum hans, samkvæmt 33. gr. launalaganna.
4. Alt að 25000 kr. til dýrtíðaruppbóta handa starfsmönnum Búnaðarfélags Íslands og Búnaðarsambandanna. Skal upphæð þessari skift þannig, að laun og dýrtíðarbætur starfsmannanna verði í samræmi við sambærileg launaákvæði launalaganna.
5. 11000 kr. viðbótarstyrk 1920—1921 til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp.

(C. XI, 3).

Nd.

135. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um afnám laga um húsaleigu í Reykjavík.

Flutningsm.: Jakob Möller, Bjarni Jónsson, Sveinn Björnsson og Gunnar Sigurðsson.

Tillagan orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að nema úr gildi frá 1. okt. 1920 að telja, og að fengnum tillögum bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, 2. og 3. gr. laga nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavík, ásamt viðaukalögum nr. 45, 28. nóv. 1919.

(C. VIII, 6.)

Nð.**136. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar á þingskj. 134 (Dýrtiðaruppbætur o. fl.).

Flutningsmenn: Eiríkur Einarsson og Þorleifur Guðmundsson.

Við 5. tölulið.

Á eftir þeim lið komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

Enn fremur heimilast landsstjórninni að greiða úr rikissjóði alt að 14000 króna styrk á þessu ári til vjelbátaflutninga frá Reykjavík og Vestmannaeyjum til kaптúnanna austanfjalls, Eyrarbakka, Stokkseyrar og Þorlákshafnar.

(B. III, 4).

Nð.**137. Frumvarp**

til laga um gjöld til holræsa og gangstjetta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Þar sem lagt hefir verið holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji alt skólp frá húsi hans út í göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón veganeðndar eða þess manns, er hún felur umsjónina, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur um tilhögun skólpræsa innan húss og utan. Í reglugerðinni má ákveða, að regnvatn skuli leitt í göturæsin. Vandræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

Fyrir öllum kröfum, sem bæjarstjórnin öðlast á hendur húseigendum og lóðareigendum samkvæmt lögum þessum, hefir bæjarstjórnin lögveð í húsinu eða lóðinni, og gengur sá veðrjettur fyrir öllum veðskuldum samkvæmt samningi.

2. gr.

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins og sömuleiðis kostnaður, er leiðir af því, að gerðar eru steinlimdar, hellulagðar eða aðrar jafnvandaðar

gangstjettir, greiðist úr bæjarsjóði. En heimilt er bæjarstjórninni að leggja holræsa- og gangstjettaskatt á hús og lóðir í bænum, samkvæmt reglugerð, er hún setur og stjórnarráðið samþykkir. Skal gjaldið miðað við skattvirðingarverð húseigna og lengd lóða meðfram götu, þar sem holræsi eða gangstjettir verða lagðar.

3. gr.

Lögtaksrjettur fylgir öllum kröfum og gjöldum samkvæmt lögum þessum.

(C. VI, 3).

Nð.

138. Tillaga

til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til þess að veita styrk til að kaupa björgunarbát.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að veita Björgunarfjlagi Vestmannaeyja allt að 50 þúsund króna viðbótarstyrk til að kaupa björgunarbát, í viðbót við styrk þann, er heimilað er að veita í þingsályktunartillögu 11. júní 1918 í þessu skyni.

Styrkveitingin er sömu skilyrðum bundin og styrkveitingin í nefndri tillögu.

(A. VIII, 13).

Nð.

139. Frumvarp

til laga um þingmannakosning í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Alþingismenn Reykjavíkur skulu vera 5. Þegar sú skipun er á komin samkvæmt 12. gr., skulu sæti eiga í neðri deild Alþingis 28 þingmenn, en í efri deild 15 þingmenn.

2. gr.

Alþingiskosningar í Reykjavík skulu vera hlutbundnar. Um kosningar þessar gilda hinar sömu reglur sem um aðrar kjördæmakosningar, með þeim breytingum, sem leiða af því, að kosningarnar í Reykjavík eru hlutbundnar.

3. gr.

Þegar alþingiskosningar eiga fram að fara í Reykjavík, skal með lög-mæltum fresti afhenda yfirkjörstjórninni lista með nöfnum þingmannaefna þeirra, er fram eru boðin.

Nöfn þeirra skulu táknuð svo skýrt með tilgreindri stöðu og heimili, að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru. Einskis manns nafn má á lista setja, nema hann hafi gefið til þess skriflegt leyfi, og skal það fylgja listanum til yfirkjörstjórnar. Berist yfirkjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, skal nema það nafn burt af listanum og eigi prenta það á þann lista.

Nú hefir maður skriflega leyft nafn sitt á fleirum listum en einum, og skal þá nema nafnið burt af öllum listunum.

Á framboðslista skulu að jafnaði vera jafnmörg nöfn þingmannaefna sem kjósa á þingmenn í hvert skifti. Gildur er framboðslisti, þótt á honum standi færri nöfn, en ógildur, ef fleiri eru.

Framboðslista skal fylgja yfirlýsing að minsta kosti 100 kjósenda um, að þeir styðji þann lista.

Listar skulu afhentir formanni yfirkjörstjórnar, og ritar hann á þá dag og stund, er hann veitir þeim móttöku, og merkir þá bókstöfunum A, B, C, o. s. frv., eftir því sem þeir berast honum.

4. gr.

A hverjum lista skal tilgreina umboðsmenn fyrir listann. Sjeu um-boðsmenn eigi tilgreindir, eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, er fremstir standa þingmannaefna, rjettir umboðsmenn listans. Þessir umboðsmenn gæta rjettar lista þeirra, er þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun framboðslista, útbúning kjörseðla og talning atkvæða, og gefa þær upplýsingar listunum við-vikjandi, er yfirkjörstjórn þarfnast og óskar; svo er þeim og heimilt að mæta eða gefa öðrum heimild til að mæta fyrir sína hönd við kosningargerð, til þess að gæta þess, að alt fari löglega fram.

5. gr.

Oddviti yfirkjörstjórnar skal kveðja kjörstjórnina til fundar degi eftir að liðinn er hinn lögmælti framboðsfrestur, eða beri það upp á helgan dag, þá næsta virkan dag þar á eftir, og skal umboðsmönnum þingmannaefna og meðmælenda gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðs-lista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrjetta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem tími og atvik leyfa. Sjeu gallar, er yfirkjörstjórn hefir bent á, eigi leiðrjettir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Sje listi úrskurðað-ur ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðs-manni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, er rækur er ger.

Þá er listar hafa verið úrskurðaðir, skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla og gera almenningi kunnugt með auglýsingu í Lögbirtinga-blaðinu, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, með tilgreindum nöfnum þing-mannaefna á hverjum lista og bókstaf hvers lista. En hafi eigi nema einn

listi, er gildur er tekinn, komið til yfirkjörstjórnarinnar í tæka tíð, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir yfirkjörstjórnin þá kosna, er listinn greinir.

6. gr.

Á kjörseðli skulu allir framboðslistar, er gildir hafa verið metnir, teknir upp, þannig, að öðru megin á hæfilega stóru blaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn þingmannaefna ásamt stöðu og heimili, sem þó má vera skammstafað á hverjum framboðslista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr strik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu settir á kjörseðilinn hver við annars hlið í röð eftir bókstöfum sínum, og nöfn þingmannaefnanna á hverjum lista aðskilin með þverstrikum. Hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þess striks, sem takmarkar listann.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum þykkum pappir, og skal yfirkjörstjórn gæta þess, að eigi sjeu fullgerðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða kjörstjórnnum. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig, að ekki sjáist lettrið á þeim, og skal svo frá brotinu gengið, að auðvelt sje að leggja þá í sama brot, er þeir eru notaðir.

7. gr.

Kosning fer fram á sama hátt sem við aðrar kjördæmakosningar, með þeirri breytingu, að kjósandi markar kross, rjettan kross eða skákross, við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill gefa atkvæði. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja, o. s. frv. Sje eitthvert nafn, sem hann getur ekki felt sig við, á þeim lista, er hann kys, má hann strika það út, og telst það þá ekki með við samtalningu atkvæða á þeim lista; þessi strik mega vera hvort heldur þverstrik eða langstrik yfir nafnið. Krossinn við listabókstafinn, tölustafinn við nöfnin og útstrikun nafna skal hann gera með blýanti, er kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan leggur hann atkvæðaseðilinn saman aftur í sömu brot, sem hann var í, stingur honum svo þannig samanbrotnum niður í atkvæðakassann.

Ekki má kjósandi haggja neitt við hinum listunum, sem hann kys ekki, hvorki strika út á þeim nje setja önnur merki á þá, nje heldur nein merki, önnur en tjeð kosningarkerki, á lista þann, sem hann kys, ella verður atkvæðaseðill hans ónýtur.

8. gr.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleirum listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista,
3. skrifað nafn sitt á seðilinn,

4. sett á hann strik eða rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan,
5. notað annan seðil, en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett eða krossað við eitt nafn á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Pegar allir kjörseðlar eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðamagn listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt, eftir skýrslum þeim, er undirkjörstjórnir gefa um kjörseðlafjölda úr hverri kjördeild. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla og leiðrjetta skekkjur þær, sem á hafa orðið.

9. gr.

Til þess að finna, hve mörg þingmannaefni hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því hve marga þingmenn á að kjósa, og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum, eftir sömu reglu.

Til þess nú að finna, hver þingmannsefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks þingmannsefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti yfirkjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann, er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra þingmannaefna allra, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum, einn af öðrum, sýnir þá umboðsmönnum og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði, þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra þingmanna, sem kjósa á, þannig, að það sje jafnt tölu þeirra þingmanna, sem kjósa á, að fráðreginni tölu þingmannaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með tölu þingmanna, sem kjósa á. Pegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upp lesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Þeir menn, sem hæsta hafa fengið atkvæðaupphæðina á hverjum lista, eru þingmenn listans, svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans.

10. gr.

Hafi tveir eða fleiri á einum lista fengið jafnmörg atkvæði, og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem þingmenn, þá skal hlutkesti ráða.

11. gr.

Að öðru leyti gilda við kosningar þessar ákvæði alþingiskosningalaganna um kjördæmakosningar, eftir því sem við á, viðvikjandi kosningarrjetti og kjörgengi, kjörstjórnnum, samning kjörskrár, framboði þingmannaefna og umboðsmönnum, undirbúningi af hálfu kjörstjórnar, kjördegi, kjörstað, kjörherbergi og atkvæðakössum, kosningarathöfninni, kosningarúrslitum, uppkosningum, aukakosningum og kosningum eftir þingrof, kostnaði og kærnum um kjörgengi, og loks gilda hin almennu ákvæði nefndra laga.

Ef um uppkosningu eða aukakosningu á einum þingmanni er að ræða, skal um kosningu hans fara að á sama hátt sem um kosningu þingmanna í sjerstökum kjördæmum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarskrá konungsríkisins Ísland er komin í gildi, og skal síðan fram fara svo fljótt, sem verða má, kosning á þeim þingmönnum, sem við er bætt með þessum lögum.

(B. XX, 2).

Ed.

140. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að stofna sjerstaka, íslenska peningasláttu.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn sjerstaka, íslenska peningasláttu og verja til þess fje úr ríkissjóði, svo sem þörf er á, eða taka lán í því skyni.

2. gr.

Noti ríkisstjórnin heimild þá, er um ræðir í 1. gr., setur hún með reglugerð eða reglugerðum öll nauðsynleg fyrirbæli, er að þessu lúta.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. XXII, 4).

Ed.**141. Frumvarp**

til laga um breyting á póstlögum, nr. 43 16. nóv. 1907.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Framan við 9. gr. laga nr. 43, 16. nóv. 1907, komi:

Hvert skip, sem er íslensk eign, eða skip, sem menn, búsettir hjer á landi, hafa á leigu, er skyldugt til, þegar það er afgreitt frá höfn í útlöndum til Íslands, að láta pósthús þar á staðnum vita um för sína, og taka til flutnings, ef þess er óskað, allskonar brjefasendingar, sem taldar eru undir staflaða í 2. gr. póstlaganna.

Útgerðarmenn og skipstjóri ber ábyrgð á að þessu sje hlýtt.

2. gr.

Aftan við 22. gr. sömu laga komi:

Umræddar sektir má fimmfalda þegar miklar sakir eru, og auk þess er póststjórninni heimilt að útiloka hlutaðeigendur frá póstsambandi um ákveðinn tíma, þannig að hvorki sjeu fluttar til þeirra póstsendingar eða frá þeim meðan sá tími stendur yfir.

Póststjórninni skal einnig heimilt á sama hátt, ef stjórnarráðið samþykkir, að loka póstsambandi fyrir mönnum, sem gera sig seka í megnum vanskilum gagnvart henni.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. IX, 9).

Nd.**142. Lög**

um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Nd. 26. febrúar).

Í stað 1. og 6. gr., fyrri málsg. 79. gr. og ákvæða um stundarsakir í lögum 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, koma eftirfarandi greinar:

1. gr.

(1. gr. laga 3. nóv. 1915).

Með þeim takmörkunum, sem hjer fara á eftir, hafa kosningarrjett til Alþingis við kosningar í sjerstökum kjördæmum allir, karlar og konur, sem

eru 25 ára eða eldri þegar kosning fer fram, hafa óflekkað mannorð, hafa ríkisborgararjett hjer á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram.

2. gr.

(6. gr. laga 3. nóv. 1915).

Kjörgengur við kosningar í sjerstökum kjördæmum er hver ríkisborgari, karl og kona, sem kosningarrjett á til þeirra, nema þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt heima í kjördæminu skemur en 1 ár.

3. gr.

Fyrri málsgrein 79. gr. orðist svo:

Almennar hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar til Alþingis fara venjulega fram 4. hvert ár.

4. gr.

Í stað ákvæða um stundarsakir komi:

Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en hin nýja stjórnarskrá konungs-ríkisins Íslands öðlast gildi, þótt ekki sjeu þeir islenskir ríkisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.

Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá árið 1922 eftir hlutkesti Alþingis 1917, falla niður árið 1926.

Almennar, reglulegar alþingiskosningar í sjerstökum kjördæmum skulu fara fram árið 1923. Ekki mega þær þó fram fara fyr en að loknu reglulegu Alþingi það ár.

(B. V, 4).

Ed.

143. Lög

um löggilding verslunarstaða í Valþjófsdal í Mosvallahreppi og á Lambeyr við Tálknafjörð.

(Afgreidd frá Ed. 26. febrúar).

1. gr.

Í Valþjófsdal, vestan megin Önundarfjarðar, og á Lambeyri við Tálknafjörð skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðanna, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

(A. XIII, 6).

Ed.

144. Lög

um eftirlit með útlendingum.

(Afgreidd frá Ed. 26. febrúar).

1. gr.

Rjett er dómsmálaráðherra að mæla svo fyrir í reglugerð, að eigi skuli mönnum heimilt að stiga hjer á land af skipum, nema þeir hafi vegabréf eða önnur skilríki, er sýni á fullnægjandi hátt, hverjir þeir eru.

2. gr.

Nú hefir útlendur maður komið hingað til lands til þess að leita sjer atvinnu eða dveljast hjer lengur eða skemur, og skal honum þá skylt að skýra lögreglustjóra eða hreppstjóra, þar sem hann kemur fyrst á land, frá því og gera grein fyrir því, i hvaða skyni hann er hingað kominn.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um þau efni, er i þessari grein segir.

3. gr.

Rjett er að meina þeim mönnum útlendum að setjast hjer að eða dveljast hjer, sem:

1. Eigi geta sannað eða gert sennilegt, að þeir fái framfært sig eða þá, sem á vegum þeirra eru, án þess að þiggja hjer fátækrastrýrk næstu 2 ár eftir að þeir hafa hingað flutst.
2. Haldnir eru næmum sjúkdómi, enda þótt eigi sje lögskylt að beita sóttvörn-um, ef landlæknir telur ástæðu til að meina manni landsvist þess vegna.
3. Gera eigi grein fyrir því eða skýra rangt frá því, i hvaða skyni þeir eru hingað komnir.
4. Komnir eru hingað til starfa eða athafna, sem dómsmálaráðherra telur ólög-legal, ósæmilegar eða hættulegar hagsmunum ríkis eða almennings, eða högum þeirra er að öðru leyti svo háttað, að vist þeirra hjer megi teljast hættuleg eða bagaleg hagsmunum ríkis eða almennings.
5. Hefir verið vísað burt úr öðru ríki af ástæðum þeim, er i 4. tölul. greinir.
6. Hafa orðið sekir um brot, sem svivirðileg eru að almenningsáliti, þar sem þeir hafa áður dvalist, eða lögreglan þar lýsir eftir þeim vegna brota á landslögum þar.

4. gr.

Nú hefir útlendur maður setst að hjer á landi, og skal þá vísa hon-um burt:

1. Ef hann verður hjer sveitarstyrksþurfi.
2. Ef hann verður sekur, áður en hann hefir dvalist hjer full 5 ár samfleytt,

að lagadómi um verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti, enda hafi hann verið dæmdur til refsingar í fangelsi við vatn og brauð að minsta kosti. Skal það þá tekið fram í refsidómi, að sökunautur skuli verða af landi burt, þegar hann hefir þolað refsingu samkvæmt dóminum.

Dómsmálaráðherra getur þó veitt landsvistarleyfi, þegar svo stendur á, sem í þessum tölul. segir, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

5. gr.

Ef útlendur maður hefir setst að á landi hjer eða tekið hjer dvöl, þá getur dómsmálaráðherra ákveðið, að hann skuli verða af landi brott:

1. Ef hann hefir skýrt visvitandi rangt frá um atriði þau, er í 3. gr. segir.
2. Ef svo reynist eða svo verður ástatt um hann, sem í 3. gr. 2. og 4.—6. tölul. segir.

6. gr.

Nú er manni meinud landsvist samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og skal hann þá flytja af landi burt ásamt skuldaliði sínu. Þó getur dómsmálaráðherra leyft honum eða þeim, sem á vegum hans hafa hjer verið, landsvist framvegis, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um alt það, er flutninginn varðar.

7. gr.

Hver sá, sem gerir sjer það að atvinnu að nokkru eða öllu leyti að hýsa gesti, skal hafa gestabók, löggilta af lögreglustjóra, gegnumdregna og tölusetta. Skulu allir þeir, er gistingu taka eina nótt eða lengur, rita með eigin hendi nöfn sín, heimili, stöðu og síðasta dvalarstað í bókina. Lögreglumönnum skal jafnan heimilt að skoða bók þessa og taka eftirrit af henni. Dómsmálaráðherra getur einnig skyldað forstöðumenn gistihúsa til þess að senda lögreglunni eftirrit úr gestabók.

8. gr.

Skyllt er lögreglumönnum að hafa eftirlit með útlendum mönnum, er hjer taka sjer dvöl eða aðsetur, samkvæmt þeim reglum, er dómsmálaráðherra setur.

9. gr.

Ef sá maður, er meinud hefir verið landsvist hjer samkvæmt 3. gr. 2.—6. tölul., eða visað hefir verið burt af landi hjer samkvæmt 4. gr. 2. tölul. og 5. gr. laga þessara, kemur hingað aftur til lands án þess að hann hafi til þess leyfi dómsmálaráðherra, skal hann sæta sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda skal það brýnt fyrir þeim í refsidómi samkvæmt 4. gr. 2. tölul. eða í brottflutningsskipun dómsmálaráðherra, að endurkoma til landsins varði þessum viðurlögum.

Brot gegn ákvæðum 7. gr. laga þessara varða sektum frá 50—1000 krónum. Auk þess má dæma sökunaut til þess að hafa fyrirgert rjetti til að halda gistihús eða standa fyrir gistihúsi eða veitinga, ef brot er ítrekað.

Brot gegn ákvæðum þeim, sem dómsmálaráðherra setur með heimild i lögum þessum, varða sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna i rikissjóð.

10. gr.

Með mál út af brotum samkvæmt 9. gr. skal fara sem almenn lögreglumál.

Ef halda þarf annars rjettarrannsókn um hagi útlendra manna hjer, vegna einhverra atriða, er i lögum þessum greinir, þá skal hún fara að hætti opinberra mála.

11. gr.

Lög þessi, að undantekinni 1. og 7. gr., taka eigi til íslenskra ríkisborgara. Eigi raska þau heldur þeim rjettindum, er borgarar annara ríkja hafa hjer samkvæmt samningum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.

Ákvæði 4. og 5. gr., sbr. 9. og 10. gr., ná þó til þeirra útlendra manna, er tekið hafa sjer dvöl eða aðsetur á landi hjer áður en þau öðluðust gildi.

17. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, svo og önnur ákvæði i lögum, er koma kynnu i bág við lög þessi, eru úr gildi numin.

(C. III, 2).

Sp.

145. Þingsályktun

um varnir gegn spönsku inflúensusýkinni.

(Afgreidd frá Sp. 26. febrúar).

Sameinað Alþingi skorar alvarlega á landsstjórnina að hlutast til um, að sem öflugast verði haldið uppi vörnum gegn því, að spánska inflúensusýkin berist til landsins eða breiðist út innanlands, og spara til þess hvorki fje nje fyrirhöfn.

(C. IX, 2).

Ed.

146. Tillaga

til þingsályktunar um landhelgisgæslu.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar, að skora á ríkisstjórnina að annast um, að á þessu ári verði að minsta kosti tvö skip að staðaldri við landhelgisgæslu hjér við land og að stjórninni heimilist jafnframt fje til þeirra útgjalda, sem af þessu leiðir.

Enn fremur heimilast stjórninni nauðsynlegt fje til frekari undirbúnings og framkvæmda í landhelgisgæslumálinu.

(C. XIII, 2).

Nd.

147. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um styrk til flóabátsferða norðanlands.

Flutningsmenn: Magnús Kristjánsson og Stefán Stefánsson.

a. Í stað »Raufarhafnar« komi:

Þórshafnar.

b. Fyrir »15000« komi:

18000.

(C. X, 2).

Nd.

148. Þingsályktun

um rannsókn á brúarstæði á Hjeraðsvatnaósi vestari.

(Samþykkt í Nd. 26. febrúar).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að rannsakað verði vandlega á næsta sumri brúarstæði á Hjeraðsvatnaósi vestari.

(A. VIII, 14).

Nd.**149. Breytingartillaga**

við frv. til laga um þingmannakosning í Reykjavík.

Flutningsm.: Einar Þorgilsson.

1. Aftan við fyrirsögnina bætist:
o. fl.

2. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Alþingismenn í Reykjavík skulu vera 5 og 1 þingmaður fyrir Hafnarfjarðarkaupstað. Þegar sú skipun er á komin, samkvæmt 12. gr., skulu sæti eiga í neðri deild Alþingis 30 þingmenn og í efri deild 14 þingmenn.

(C, VIII, 7).

Nd.**150. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að greiða fje úr ríkissjóði til dýrtíðaruppbóta o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

Á eftir 5. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

60 þús. kr. til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land.

(A. VIII, 15).

Nd.**151. Breytingartillaga**

við frv. til laga um þingmannakosning í Reykjavík.

Flutningsmaður: Pjetur Þórðarson.

Við 1. gr.

Í stað þessara orða í niðurlagi greinarinnar »skulu sæti eiga í neðri deild Alþingis 28 þingmenn, en í efri deild 15 þingmenn« komi:
skulu sæti eiga í neðri deild Alþingis 29 þingmenn.

(C. VIII, 8).

Nð.

152. Viðaukatillaga

við till. til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að greiða fje úr ríkissjóði til dýrtíðaruppbóta og fleira.

Frá fjárveitinganefnd.

I. Nýr liður:

Handa hverjum lækni, sem fullnuma verður á árinu, 1000 kr. til þess að sækja fæðingarstofnun erlendis.

(C. VIII, 9).

Nð.

153. Breytingartillaga

við viðaukatillögu á þgskj. 150 við tillögu til þingsályktunar á þgskj. 134 (*Dýrtíðarþætur o. fl.*).

Frá fjárveitinganefnd.

Í stað »60000 kr.« komi:
80000 kr.

(C. XV, 1).

Nð.

154. Tillaga

til þingsályktunar um lánsheimild fyrir landsstjórnina til ostagerðarbús.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að heimila stjórninni að veita ostagerðarþúinu í Sveinungu alt að 20000 kr. lán gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin telur nægja.

(B. XVIII, 2).

Nd.

155. Alit

um frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrir-
huguðum nýjum banka í Reykjavík.

Frá samvinnunefnd fjárhagsnefnda.

Sameinaðar fjárhagsnefndir beggja þingdeilda hafa á nokkrum fundum athugað frumvarp þetta, ýmist með leyfisbeiðendum eða einir út af fyrir sig, til þess að geta sem best glöggvað sig á málinu þessa fáu daga, sem eptir eru af hinum óvenjulega takmarkaða þingtíma.

Nefndinni varð það brátt ljóst, að óhugsandi var að afgreiða slíkt mál sem þetta á þessum stutta þingtíma, sem einkum var ætlaður til þess að samþykkja til fullnustu stjórnarskrárfrumvarpið og til að mynda nýja stjórn.

Leyfisbeiðendur hafa haldið því fram, að hjer sje veruleg þörf á aukinni bankastarfsemi og meira veltufje en bankarnir nú hafa ráð á, og hafa tilfært mörg dæmi því til sönnunar, sem nefndin verður að fallast á. Of langt mál yrði að telja upp í stuttu nefndaráliti mörg rök fyrir því, að aukins bankafjár sje þörf, enda óþarft, því það er svo kunnugt, enda vitanlegt, að bankarnir nú hafa orðið að neita um lán til bráðnaðsynlegustu viðskifta, svo sem að kaupa í *tíma* vörur, sem aðalatvinnuvegir vorir beinlínis hvíla á, og sem þess vegna verður nú að kaupa með um 50% hærra verði en ef sje hefði verið fyrir hendi til að kaupa vöruna fyrir í tíma, og þó hefir landið á síðari árum tekið til þeirra örþrifaráða að leyfa seðlabanka landsins að gefa út meira af bankaseðlum en sumir fjármálamenn telja holt fyrir landið.

Þetta ástand er mjög eðlilegt, því skömmu fyrir aldamótin mátti heita að alt væri hjer í kaldakoli, en eftir að menn fóru að veita því eftirtekt, hversu mikil gullkista landið var, og lærðu smámsaman að nota nýtískutæki annara landa við framleiðsluna, hefir framkvæmdarviðleitni manna vaxið hröðum fetum. Og eðlilega hefir veltufjárþörfin vaxið að sama skapi.

Árið 1885, er Landsbankinn var stofnaður, voru t. d. útfluttar vörur landsins taldar kr. 4312295. En árið 1902, er Íslandsbanki var stofnaður, námu útfluttar vörur kr. 11938294. Árið 1914 námu útfluttar vörur kr. 20830000, og 1916 kr. 40101000. Þetta sýnir, hve hraðfara velta landsins hefir vaxið.

Það er því auðsætt, að hafi verið ástæða til að stofna annan banka 1902, er Íslandsbanki var stofnsettur, þá ætti eigi að vera minni þörf á því nú. Og nefndin verður að vera þeirrar skoðunar, að hollast sje fyrir landið, að eðlileg samkepní geti myndast í bankaverslun, eins og í annari verslun, svo fljótt, sem hægt er að sjá fyrir henni. Verður nefndin og að álíta, að full ástæða sje orðin til þess nú, er svo tilfinnanlegur skortur er orðinn á veltufje bankanna til framkvæmda, að þeir geta sett landsmönnum hversu harða kosti sem þeir vilja.

Og þegar svo á stendur, sem hjer hefir lýst verið, getur ekki verið um það að ræða, að núverandi bankar eigi geti ávaxtað veltufje sitt með góðum árangri, þó þriðji bankinn stofnaðist, með 2—6 miljón króna hlutfaje.

Þess utan virðist það beint æskilegt, að að minsta kosti sje hjer einn

banki, sem sje laus við áhrif og afskifti stjórnmalanna í landinu, en það getur því að eins orðið, að þing og stjórn hafi engin áhrif á rekstur bankans.

Samkvæmt þessu er það álit nefndarinnar

að þörf sje fyrir þriðja bankann, og

að það geti ekki sett núverandi banka í neina hættu, þótt hann sje stofnsettur.

Þvert á móti myndi það ljetta undir með þeim að uppfylla þær skyldur, sem þeir hafa við þjóðfjlagið.

Nefndin var á einu máli um það, að ekki gæti hún fallist á frumvarpið á þingskjali 48 óbreytt. Vill hún því gera á því allmiklar breytingar, þótt hún áliti tilgangslaust að koma fram með þær í sjerstöku breytingartillöguformi, naumleika tímans vegna, en lætur sjer nægja að geta þeirra hjer.

Samkomulag varð um flestar breytingartillögurnar við umsækjendur. Þó bar jafnan á milli um eina þeirra, fullkomið skattfrelsi fyrir bankann, þangað til seðlaútgáfurjettur Íslandsbanka væri útrunninn. Umsækjendur hjeldu því fram, að óhugsandi væri að fá útlent fje í fyrirtækið, ef þessi nýi banki ekki yrði skattfrjáls eins og hinir bankarnir, sem eru gamlir og grónir, og hafa því í öllu tilliti betri aðstöðu en nýr banki, þótt hann sje skattfrjáls. Nefndin sá, að í rauninni væri ekki mikið fyrir það gefandi, að banki stofnaðist *eingöngu* með innlendu fje, þar sem veltufje í landinu gæti ekki vaxið við það. Hún áleit því, að mikið mætti til þess vinna að fá útlent fje í fyrirtækið, ef sjeð væri fyrir, að það yrði ekki ofjarl bankans og landsmenn hefðu öll yfirtökin á starfseminni. Þess vegna fjelst nefndin á, að rjett sje að veita bankanum undanþágu frá öllum opinberum gjöldum fyrstu 8—10 árin eftir að hann tekur til starfa, en greiði skatt í landsjóð fyrir þann tíma, sem þá verður eftir af seðlaeinkaleyfistíma Íslandsbanka.

Hins vegar lögðu sumir nefndarmenn áherslu á, að þingið á sínum tíma setti ákvæði um, hvað gróði banka mætti vera mestur með gefnu tilefni fyrir augum, og álitu, að fjarstæða væri að heimila bönkum að græða takmarkalaust. Hins vegar álitur nefndin, að nauðsynlegt væri að tryggja hluthöfum og vara-sjóði sómasamlegan arð, áður en skattur yrði á lagður, og áleit, að sá hreini arður mætti ekki vera minni en 15% af hlutafjenu, ef tiltök ættu að vera til að fá útlent fje í fyrirtækið.

BREYTINGAR

þær, sem nefndin við fljóta yfirvegun fellst á að gera, eru þá í stuttu máli þessar:

1. Við 1. gr.

a. a-liður orðist svo:

Bankanum skal heimilt að reka sparisjóðsstörf samkvæmt 4. gr. laga nr. 44, 3. nóv. 1915, og hafa rjett til að innkalla handhafa sparisjóðsbóka samkvæmt 2. gr. sömu laga.

Ef viðurkenning fyrir innláni annars glatast, getur bankinn einnig innkallað handhafa hennar með sama hætti.

b. d-liður fellur burt.

c. Við e-lið, sem verður d-liður, bætist:

sbr. þó 3. gr., g-lið.

d. f-liður verður e-liður.

2. Við 2. gr.

Á eftir þeirri grein komi ný 3. gr., svo hljóðandi:

Hlunnindi þau, sem í 1. gr., sbr. 2. gr., segir, eru þessum skilyrðum bundin:

- a. Hlutfæje bankans má eigi vera minna en 2 miljónir og eigi meira en 6 miljónir króna, enda sje jafnan meira en helmingur þess íslensk eign.
- b. Bankinn skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík.
- c. Ráðuneytið skipar einn af þremur endurskoðendum bankans.
- d. Bankinn skal jafnan hafa í auðseldum verðbrjefum, er ráðherra tekur gild, sem svarar 10% af sparisjóðsfe því, er hann geymir hverju sinni til tryggingar því.
- e. Reikninga bankans skal birta opinberlega á þann hátt, sem leyfisbrjef segir til.
- f. Bankinn má ekki lána fje gegn tryggingu í hlutabryefum sjálfs sín.
- g. Að liðnum 10 árum frá því er bankinn tók til starfa, skal hann greiða í ríkissjóð hluta af hreinum ársarði sínum, sem ákveðst þannig:

Frá ársarðinum dragist fyrst hæfileg upphæð til afskriftar af væntanlegu bankahúsi og innanstokksmunum. Og enn fremur beint áfallið tap bankans, og þar eftir 15% af hlutfæjenu til varasjóðs og hluthafarðs, en af því, sem þá verður eftir, greiðist ríkissjóði:

10% af fyrstu 50 þús. kr.

15% af öðrum 50 þús. kr.

20% af þriðju 50 þús. kr.

30% af fjórðu 50 þús. kr. og

50% af því, sem þá verður fram yfir.

- h. Hlunnindin samkvæmt lögum þessum haldast fyrst um sinn þann tíma, sem nú er eftir af hlunnindatíma Íslandsbanka, samkvæmt lögum nr. 11, 7. júní 1902, og auglýsingu nr. 48, 25. nóv. 1903.
- i. Bankinn skal taka til starfa áður en ár sje liðið frá því er ráðuneytið hefir veitt honum hlunnindi þau, er lög þessi greina.
- j. Ráðuneytið getur sett bankanum frekari skilyrði í leyfisbrjefinu, ef þörf þykir, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

3. Við 3. gr. Greinin verði 4. gr.

Skilyrðin um hluttöku landssjóðs í arði, ef hann yfirstígur 15%, ber að skoða sem bráðabirgðafyrirkomulag eftir 10 ár, frá því bankinn hefir tekið til starfa og þangað til seðlarjettindi Íslandsbanka eru út runnin, en ekki sem fyrirheit um, að svo skuli það vera framvegis, er Alþingi er orðið frjálst að leggja skatta á banka yfirleitt. En það telur nefndin, að tryggara sje fyrir bankana sjálfa, að landið taki þátt í gróða bankanna, í staðinn fyrir að leggja á þá skatta, meira og minna af handa hófi, enda hefir ríkið þá líka betri tök á að takmarka gróða bankanna, svo að hann geti aldrei keyrt úr hófi fram.

Tryggingar almennings vegna þótti rjett að ákveða, að endurskoðendur bankans yrðu þeir og að landsstjórnin skipaði einn þeirra.

Síðan nefndin gekk frá þessu álitu sínu hefir til hennar verið vísað frum-

varpi til laga um að gera Landsbanka Íslands að hlutafjeldagsbanka. Og enn fremur hefir nefndinni borist erindi frá Íslandsbanka um leyfi til hlutafjárúkningar.

Nefndinni virðist að þessi mál standi í nánú sambandi hvert við annað, og sjer nefndin sjer ekki fært að leggja til, að neinu sje fastráðið í þessum málum á þessu þingi.

Nefndin er því samhuga um að leggja til, að öllum þessum málum verði vísað til stjórnarinnar til undirbúnings til næsta þings.

Nefndin leggur áherslu á, að stjórnin í tillögum sínum bendi á, á hvern hátt hún álítur tiltækilegast að auka starfsfje Landsbankans.

Alþingi, 27. febrúar 1920.

Jakob Möller,
form. Nd.-nefndar.

Björn Kristjánsson,
form. Ed.-nefndar.

Pórarinn Jónsson,
fundaskrifari Nd.-nefndar.

Guðm. Ólafsson,
fundaskrifari Ed.-nefndar.

Hákon J. Kristófersson. Guðjón Guðlaugsson. Þorl. Guðmundsson. Jón A. Jónsson.

(A. VIII, 16).

Nd.

156. Breytingartillaga

við frv. til laga um þingmannakosning í Reykjavík.

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar.

Við 1. gr.

1. gr. orðist svo:

Alþingismenn Reykjavíkur skulu vera 4. Þegar þannig hafa bæst við 2 þingmenn, skal neðri deild Alþingis skipuð 28 þingmönnum.

(B. XXVI, 2).

Ed.

157. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 7. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, bætist:

Einnig skal telja til embættisára þau ár, er póstmenn þeir, sem launa

njóta samkvæmt lögnum, hafa gegnt samskonar starfa, þótt embætti þeirra hafi nú skift um nafn. Sama gildir um núverandi fyrsta bókavörð. Honum skulu talin til embættisára þau ár, er hann hefir verið settur bókavörður við Landsbókasafnið.

2. gr.

Ákvæði laga þessara skulu talin gilda frá 1. jan. 1920.

(B. III, 5).

Nd.

158. Lög

um gjöld til holræsa og gangstjetta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri.

(Afgreidd frá Nd. 27. febrúar).

1. gr.

Þar sem lagt hefir verið holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji alt skólp frá húsi hans út í göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón veganefndar eða þess manns, er hún felur umsjónina, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur um tilhögun skólpræsa innan húss og utan. Í reglugerðinni má ákveða, að regnvatn skuli leitt í göturæsin. Vandræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

Fyrir öllum kröfum, sem bæjarstjórnin öðlast á hendur húseigendum og lóðareigendum samkvæmt lögum þessum, hefir bæjarstjórnin lögveð í húsinu eða lóðinni, og gengur sá veðrjettur fyrir öllum veðskuldum samkvæmt samningi.

2. gr.

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins og sömuleiðis kostnaður, er leiðir af því, að gerðar eru steinlimdar, hellulagðar eða aðrar jafnvandaðar gangstjettir, greiðist úr bæjarsjóði. En heimilt er bæjarstjórninni að leggja holræsa- og gangstjettaskatt á hús og lóðir í bænum, samkvæmt reglugerð, er hún setur og stjórnarráðið samþykkir. Skal gjaldið miðað við skattvirðingarverð húseigna og lengd lóða meðfram götu, þar sem holræsi eða gangstjettir verða lagðar.

3. gr.

Lögtaksrjettur fylgir öllum kröfum og gjöldum samkvæmt lögum þessum.

(A. XIV, 11).

Ed.

159. Lög

um viðauka við lög nr. 12, 12. ágúst 1918, um stimpilgjald.

(Afgreidd frá Ed. 27. febrúar).

1. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, eins fljótt og verða má, reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum is-lenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum farangri ferðamanna. Hina sýndu reikninga skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla þannig, að reikningar um allskonar leikföng og allskonar muni, sem eingöngu eru ætlaðir til skrauts, úr hvaða efni sem eru, stimplast með 15% af verðinu, en reikningar um allar aðrar vörur með 1%. Verði ágreiningur um flokkunina, fellir stjórnarráðið um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Nú fylgir eigi reikningur vöru eða kemur eigi kaupanda í hendur eða umboðsmanni hans innan tveggja mánaða frá móttöku hennar, og er kaupandi eða umboðsmaður hans þá skyldur til að afhenda lögreglustjóra þeim, er í hlut á, eða umboðsmanni hans, yfirlýsingu um, að hann hafi engan reikning meðtekið og hvað hann áleti, að varan muni hafa kostað í innkaupi, hvort-tveggja að viðlögðum drengskap. Skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans þá stimpla yfirlýsinguna á sama hátt og innkaupsreikningur væri.

Yfirlýsing þessi skal vera þannig sundurliðuð, að hið áætlaða verð hverrar vörutegundar sjáist.

3. gr.

Nú lætur kaupandi eða umboðsmaður hans farast fyrir að sýna til stimplunar reikning eða yfirlýsingu, og getur lögreglustjóri þá þvingað hann til þess með dagsektum, alt að 100 kr. fyrir dag hvern, og má tillata sektina í brjefi eða simskeyti. Sektum þessum má þó eigi beita nema að undangenginni aðvörun með viku fyrirvara.

4. gr.

Nú sýnir kaupandi eða umboðsmaður hans til stimplunar reikning, sem hann veit að eigi sýnir hið rjetta innkaupsverð, eða gefur visvitandi ranga yfirlýsingu um verðið, og varðar það refsingu samkvæmt 156. gr. hinna almennu hegningarlaga, 25. júní 1869. Auk þess gjaldi hann þrefalt það, er á vantar, að hann hafi greitt lögboðið stimpilgjald.

5. gr.

Ef lögreglustjóra eða umboðsmanni hans leikur grunur á, að viljandi

eða óviljandi sje rangt frá skýrt um verð á vöru, er honum rjett og skylt að rannsaka málið og fresta stimplun þar til þeirri rannsókn er lokið.

6. gr.

Lögreglustjórar og umboðsmenn þeirra eru skyldir til að hafa eins nákvæmt eftirlit með því og föng eru á, að móttakendur vara gæti skyldna þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, sjerstaklega með því að bera, eftir því sem við verður komið, hina afhentu reikninga og yfirlýsingar saman við farm-skrár þær, er þeir heimta vörutoll eftir.

7. gr.

Af vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, skal greiða gjald það, er ræðir um í lögum þessum, til pósthúss þess, er afhendir vöruna kaupanda, og skal gjaldið greiðast um leið og varan er afhent. Gjaldið greiðist með frímerkjum, sem póstpjónn stimplar og limir á fylgibrjef eða umbúðir vöru. Andvirði slíkra frímerkja telst með pósttekjum.

Af dagblöðum greiðist ekkert gjald.

Af vörum, sem póstkrafa hvílir á, telst gjaldið af fjárhæð póströfunnar.

Ef reikningur fylgir vöru, er viðtakandi skyldur að sýna hann, og telst þá gjaldið eftir fjárhæð hans, en ef enginn reikningur fylgir, skal viðtakandi gefa út samskonar yfirlýsingu og þá, er ræðir um í 2. gr., og reiknast gjaldið samkvæmt henni.

Um viðurlög við röngum reikningum eða yfirlýsingum fer eftir 4. gr.

8. gr.

Um reikningsskil lögreglustjóra fyrir stimpilgjaldi því, er ræðir um í lögum þessum, fer sem annað stimpilgjald. Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur þar að lútandi.

9. gr.

Sektir allar eftir lögum þessum renna í ríkissjóð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1921.

(B. XIV, 5).

Ed.

160. Lög

um breyting á lögum nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþyktir utan kaupstaðanna.

(Afgreidd frá Ed. 27. febrúar).

Í stað orðanna »enda búi sýslumaður þar« í 1. málsgrein laga nr. 18, 20. okt. 1905, komi:

»enda búi sýslumaður, umboðsmaður sýslumanns eða hreppstjóri þar.

(B. XIII, 5).

Ed.

161. Lög

um kenslu í mótórvjelfræði.

(Afgreidd frá Ed. 27. febrúar).

1. gr.

Við vjelstjóraskólann í Reykjavík skal stofna sjerstaka deild, þar sem kend er mótórvjelfræði, munnleg og verkleg.

Stjórnarráðið ræður kennara eftir þörfum. Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Til mótórvjelstjóraprófs útheimtist:

1. Í íslensku: Að geta gert ljettan stil um alment efni; skrifað sæmilega og nokkurnveginn rjett.
2. Í dönsku: Að geta lesið upp og þýtt ljettan kafla í danskri bók verkfræðilegs efnis.
3. Í mótórfæði: Þekking á hinum algengustu mótórum, sem notaðir eru í skipum og á landi, útbúnaði þeirra, hirðingu og stjórn. Þekking á sundurliðun mótora, hreinsun þeirra og samsetningu. Þekking á að lagfæra þá galla á mótórum, sem orsakast af notkun og sliti. Þekking á algengustu bilunum mótora, áhöldum þeirra og endurbótum. Þekking á hinum algengustu eldsneytistegundum, sem notaðar eru til mótora, hestaflí þeirra og olíueyðslu.
4. Í reikningi: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum; að geta leyst ljettar líkingar með einni ópektri stærð og prósentureikning.
5. Í eðlisfræði: Þekking á lögum um loftkend efni, þrýstimælum, eðlisþyngd, hita og dreifing hans, útpenslu hluta við hita, hitamælum, bræðslu, eldsneyti og vjelaáburði.

3. gr.

Prófið er skriflegt, munnlegt og verklegt. Það skal haldið af prófnefnd, og eru í henni forstöðumaður vjelstjóraskólans og tveir menn aðrir, er stjórnarráðið skipar í hvert skifti, og skal fyrir prófinu standa sá nefndarmanna, er skipaður er oddviti.

Hinir skipuðu prófdómendur velja prófverkefni. Verkefni til hins skriflega prófs skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma.

Kennarar dæma um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt hinum tveim, sem tilnefndir eru af stjórnarráðinu.

4. gr.

Sá einn má ganga undir mótórvjelstjórapróf, sem:

1. Hefir stundað járnsmíði eða vjelsmíði eitt ár í þeim járnsmíðjum, er stjórn-

arráðið tekur gildar, eða á eigin ábyrgð hefir verið mótorvjelstjóri á mótorbát eitt ár, eða verið 2. vjelstjóri á bát yfir 12 lestir að stærð um jafnlangan tíma og áður greinir.

2. Sýnir læknisvottorð um að hann hafi enga líkamsgalla, sem haft geti áhrif á þessa framtíðarstarfsemi hans.
3. Er fullra 18 ára að aldri.

Sje sá, er undir próf vill ganga, eigi námssveinn vjelstjóraskólans, skal beiðni hans um að fá að ganga undir próf send forstöðumanni vjelstjóraskólans mánuði áður en prófið er haldið.

Auk áður nefndra vottorða skulu beiðninni fylgja skirnarvottorð um-sækjanda og vottorð frá þeim manni eða mönnum, er kent hafa honum eitt-hvað, er að vjelfræði lýtur.

Hafi hann gengið undir mótorvjelstjórapróf áður, skal þess getið í um-sókninni.

Sá, sem fengið hefir mótorvjelstjórapróf áður en lög þessi ganga í gildi, hefir rjett til að ganga undir próf samkvæmt lögum þessum, þótt hann full-nægi ekki í öllu skilyrðum þeirra.

5. gr.

Stjórnarráðið setur reglugerð um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kenslunnar, próf o. fl.

6. gr.

Þeim, sem prófi hafa náð, skal veitt skirteini um það. Skal þar telja þær kenslugreinar, sem hann hefir verið reyndur í, og tilgreina einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu, er krafist er til að standast prófið, og hina hæstu, sem unt er að ná. Allir þrír prófnefndarmennirnir skulu undirrita prófskirteinið.

Nöfn þeirra, sem undir prófið ganga, skal rita í þar til gerða bók. Skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, degi og ári, svo og frá einkunnum þeim, sem gefnar hafa verið við prófið.

7. gr.

Ákvæði annara laga, sem kynnu að koma í bága við lög þessi, eru hjer með úr gildi numin.

(B. X, 3).

Ed.

162. Lög

um breyting á tilskipun 10. júlí 1795 og tilskipun 20. janúar 1797 um sáttanefndir.

(Afgreidd frá Ed. 27. febrúar).

38. gr. síðasta málsgr. í tilskipun 10. júlí 1795 og 25. gr. síðasta málsgr. í tilskipun 20. janúar 1797 orðist svo:

Þó er óheimilt að málaflutningsmenn sjeu umboðsmenn aðilja við sáttaumleitunir, nema umbjóðandi þeirra sje búsettur utan þeirrar þinghár, þar sem sáttaumleitun fer fram.

(C. XVI, 1).

Nð.

163. Tillaga

til þingsályktunar um aukning ullariðnaðar í landinu.

Flutningsmaður: Eiríkur Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að beita sjer fyrir því sem einu hinu helsta þjóðþrifamáli, að ullariðnaður í verksmiðjum verði aukinn og bættur, eftir því sem nnt er og sem allra fyrst, og að stjórnin stuðli þannig að því, að alþjóð manna geti notað ull sína til klæðagerðar og losi sig með því sem mest við hin óbærilegu kaup á útlendum fatnaði.

Ástæður.

Það liggur í augum uppi, hver þörf væri á að koma ullariðnaðinum í það horf, að landsmenn gætu unnið úr ull sinni eftir tókum og þörfum og klætt sig sjálfir. Við það yrði ullarmarkaðurinn eðlilegur og tryggilegur, í stað þess handahófs, sem nú er við að búa við sölu á ullinni, eins og hún flyst nú að mestu leyti óunnin út úr landinu. — En það, sem mestu skiftir, er auðvitað það, að með innlendri ullarvinnu í stórum stíl mætti afstýra því, að landsmenn eyddu árlega fje svo miljónum króna skiftir fyrir útlendan fatnað, sem nú er orðinn svo dýr, að úr öllu hófi keyrir. — Myndi kostnaður við þennan iðnrekstur aldrei verða meiri en svo, að landsmönnum hlyti að sparast ógryn timer, jafnframt því, sem ullariðnaði víðs vegar um landið yrði komið í gott horf, auk þess þjóðarhags og þjóðarmetnaðar, er að öðru leyti liggur hjer við.

Ekki er að gera ráð fyrir, að hjer yrði um aðra aðferð að ræða en verksmiðjuíðnað; óhugsandi að heimilisiðnaður geti fullnægt slíkum þörfum, eins og nú er ástatt um fólkshald o. fl. Ullarvinnuvjelar þær, sem nú eru til í landinu, munu svara góðum arði þessi síðustu árin, en anna hverfandi litlu af hinu mikla verkefni, sem er fyrir hendi. Í flestöllum hjeruðum landsins er vatnsafl nóg til þessa iðnrekstrar, og í öllum sveitum meira en nóg ull til allra fata, og víðast að miklum mun aflögu, svo að aðstaðan er ágæt.

Með þessari tillögu er það aðaltilgangurinn, að stjórnin með eigin ráði eða í samráði við Búnaðarfelag Íslands veki þjóðina til starfa við þetta verkefni, bendi á heppilegustu leiðir til framkvæmdanna og veiti tilstyrk sinn til þess, að hjer geti eitthvað áunnist, og það sem allra fyrst.

(C. VIII, 10).

Ed.**164. Tillaga**

til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að greiða fje úr ríkissjóði til dýrtíðaruppbóta og fleira.

(Eftir síðari umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða úr ríkissjóði þessar fjárhæðir:

1. 5400 kr. til launauppbótar handa væntanlegum sendiherra í Kaupmannahöfn.
2. 20000 kr. til þess að launa íslenskan ræðismann á Ítalíu eða Spáni, ef á þarf að halda.
3. Dýrtíðaruppbót til Jóhanns Fr. Kristjánssonar af fjárlagalaunum hans, samkvæmt 33. gr. launalaganna.
4. Alt að 25000 kr. til dýrtíðaruppbóta handa starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands og Búnaðarsambandanna. Skal upphæð þessari skift þannig, að laun og dýrtíðarbætur starfsmannanna verði í samræmi við sambærileg launaákvæði launalaganna.
5. 11000 kr. viðbótarstyrk 1920—1921 til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp.
6. Handa hverjum lækni, sem fullnuma verður á árinu, 1000 kr. til þess að sækja fæðingarstofnun erlendis.
7. Að greiða barnakennurum launaviðbót eftir þjónustualdri, eftir þeirri reglu:
 - a. að þjónustualdur sje talinn byrja þegar kenningarinn var fastráðinn við skóla, án tillits til þess, hvort hann hefir verið ráðinn með ákveðnu árskaupi eða eigi,
 - b. að þegar kennari flyst frá einum launaflokki til annars, fái hann launabætur kennara þess flokks, er hann flyst til, og sje þjónustualdurinn talinn byrja, er hann var fyrst ráðinn kennari, hvort sem hann hefir verið farskólakennari, kennari við barnaskóla utan kaupstaða, barnaskóla í kaupstað, forstöðumaður skóla eða kennari.
8. 80 þús. kr. til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land.

(C. XI, 4).

Ed.**165. Tillaga**

til þingsályktunar um afnám laga um húsaleigu í Reykjavík.

(Eftir eina umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að nema úr gildi frá 1. okt. 1920 að telja, og að fengnum tillögum bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, 2. og 3. gr. laga nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavík, ásamt viðaukalögum nr. 45, 28. nóv. 1919.

(A. XII, 5).

Ed.

166. Lög

um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli.

(Afgreidd frá Ed. 27. febrúar).

1. gr.

Íslandsbanki skal, með samþykki bankastjórnarinnar, leystur undan þeirri skyldu að greiða handhafa seðla bankans með gullmynt, samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóvember 1905, 4. gr., gegn því, að hann afhendi ríkisstjórninni allan málmforða sinn, sbr. sömu lög, 5. gr. a og b, til ráðstöfunar, enda taki ríkisstjórnin fyrir ríkissjóðs hönd jafnframt að sjer ábyrgð á greiðslu jafnmikillar upphæðar af seðlum bankans, sem málmforðanum nemur.

Um leið og ráðstöfuninni um óinnleysanleik seðlanna verður af ljett afhendir ríkisstjórnin bankanum aftur gullforðann.

2. gr.

Íslandsbanki er skyldur til að greiða ókeypis og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða simskeyti, fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytja á sama hátt og ókeypis það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar.

Nú getur Íslandsbanki ekki yfirfært fje fyrir Landsbankann eins og að framan. Þer tilskilið, og fellur þá óinnleysanleiki seðla Íslandsbanka úr gildi gagnvart Landsbankanum.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja bann, að einhverju leyti eða öllu, við útflutningi úr landinu á myntuðu eða ómyntuðu gulli, svo og að ákveða refsingar fyrir brot gegn hjer að lútandi ákvörðunum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og má með konunglegri tilskipun fella þau úr gildi, þegar ekki þykir lengur þörf fyrir ákvæði þeirra.

(B. XII, 5).

Ed.**167. Lög**

um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.

(Afgreidd frá Ed. 27. febrúar).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt með reglugerð eða reglugerðum að takmarka eða banna innflutning á allskonar óþörfum varningi, og ákveður hún, hvaða vörur skuli teljast til slíks varnings.

2. gr.

Brot gegn reglugerð eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt 1. gr., varða sektum, allt að 100000 kr. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XIX, 5).

Ed.**168. Lög**

um manntal á Íslandi.

(Afgreidd frá Ed. 27. febrúar).

1. gr.

Ár þau, er ártalið endar á 0, skal taka alment manntal um allt land. Skal það fara fram 1. desember eða annan dag, sem konungur ákveður, og skal því lokið þann sama dag, nema tálmanir, sem ekki verður við ráðið, banni. Skulu allir taldir þar sem þeir höfðu náttstað aðfaranótt manntalsdagsins, hvort sem þeir eiga þar heima eða ekki. Þó skal þeirra, sem að heiman eru aðfaranótt manntalsdagsins, einnig getið á heimili þeirra, með athugasemd um, að þeir sjeu fjarverandi. Hagstofa Íslands gerir fyrirmyndir að eyðublöðum undir manntalsskrárnar. Á þeim skal tilgreina fult nafn hvers manns, fæðingarár og dag, fæðingarstað, atvinnu og annað það, sem hagstofan í hvert sinn ákveður í samráði við þar til kjörna nefnd manna.

2. gr.

Í kaupstöðunum annast bæjarstjórnin um framkvæmd manntalsins, en annarsstaðar prestarnir með aðstoð hreppstjóra og hreppsnefnda. Áður en manntalið á fram að fara, skal skifta hverjum kaupstað og prestakalli í svo mörg umdæmi eða hverfi, að einn maður komist á einum degi yfir að telja alla þá, sem þar dvelja eða eru staddir, og afla um þá þeirra upplýsinga, sem krafist er. Teljarastarfið er trúnaðarstarf, sem enginn getur skorast undan, sem til þess er hæfur.

3. gr.

Að viðlagðri alt að 1000 kr. sekt er hver maður skyldur til að gefa fullnægjandi skýrslu um sjálfan sig og hagi sína til afnota við manntal það, sem lög þessi skipa fyrir um. Að viðlagðri sömu sekt er einnig hver húsráðandi skyldur til að gefa í sama skyni allar þær skýrslur um húsbúa sína og annað, sem hann getur í tje látið.

4. gr.

Störf presta og hreppstjóra við manntalið teljast til embættisverka þeirra, sem þeim ber ekkert kaup fyrir sjerstaklega. Teljarar geta heldur eigi krafist neins kaups fyrir starf sitt, en heimilt er þó bæjar- og sveitarstjórnnum, ef ástæða þykir til, að greiða þeim einhverja þóknun úr bæjar- eða sveitar-sjóði, og þaðan greiðist einnig annar kostnaður, sem verða kann við framkvæmd manntalsins í kaupstaðnum eða hreppnum.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem með almenn lögreglumál.

(B. XXIII, 3).

Ed.

169. Lög

um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Afgreidd frá Ed. 27. febrúar).

1. gr.

Í landhelgi við Ísland skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpum.

2. gr.

Nú er botnvörpuskip í landhelgi, og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 10000—20000 kr.; skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Brot gegn 2. gr. varða sektum, 2000—10000 kr. Um upptekt afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., er um ítrekað brot er að ræða.

Leggja má lögðald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

4. gr.

Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við botnvörpuveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 500—5000 kr. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem er í botnvörpuskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á botnvörpuskipinu.

5. gr.

Skipstjóri, er gerir sig sekan í ítrekuðu broti gegn 1. gr., skal, auk refsingar þeirrar, sem getur um í 3. gr., sæta fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta fangelsi fyrir brot gegn 1. gr., auk sektarhegningar þeirrar, sem ákveðin er í 3. gr.

6. gr.

Sektarfje eftir lögum þessum, svo og andvirði fyrir upptækan afla og veiðarfæri, rennur í Landhelgisgjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seka upptæk veiðarfæri, og afla því að eins, að knýjandi nauðsyn sje fyrir hendi.

7. gr.

Mál þau, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal reka sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 8, 6. apríl 1898, lög nr. 18, 8. júlí 1902, lög nr. 27, 25. sept. 1902, lög nr. 56, 30. júlí 1909, svo og 2. gr. taga nr. 55, 10. nóv. 1913, um stofnun Landhelgisgjóðs Íslands, um það, er tekur til sektafjár og andvirðis upptækra veiðarværa og afla eftir lögum þessum.

(B. XXII, 5).

Ed.

170. Lög

um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907.

(Afgreidd frá Ed. 27. febrúar).

1. gr.

Framan við 9. gr. laga nr. 43, 16. nóv. 1907, komi:

Hvert skip, sem er íslensk eign, eða skip, sem menn, búsettir hjer á landi, hafa á leigu, er skyldugt til, þegar það er afgreitt frá höfn í útlöndum til Íslands, að láta pósthús þar á staðnum vita um för sína og taka til flutnings, ef þess er óskað, allskonar brjefasendingar, sem taldar eru undir staflíð a í 2. gr. póstlaganna.

Útgerðarmenn og skipstjóri bera ábyrgð á að þessu sje hlýtt.

2. gr.

Aftan við 22. gr. sömu laga komi:

Umræddar sektir má fimmfalda þegar miklar sakir eru, og auk þess er póststjórninni heimilt að útiloka hlutaðeigendur frá póstsambandi um ákveðinn tíma, þannig að hvorki sjeu fluttar til þeirra póstsendingar eða frá þeim meðan sá tími stendur yfir.

Póststjórninni skal einnig heimilt á sama hátt, ef stjórnarráðið samþykkir, að loka póstsambandi fyrir mönnum, sem gera sig seka í megnum vanskilum gagnvart henni.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(C. IX, 3).

Ed.

171. Þingsályktun

um landhelgisgæslu.

(Afgreidd frá Ed. 27. febrúar).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að annast um, að á þessu ári verði að minsta kosti tvö skip að staðaldri við landhelgisgæslu hjer við land og að stjórninni heimilist jafnframt fje til þeirra útgjalda, sem af þessu leiðir.

Enn fremur heimilast stjórninni nauðsynlegt fje til frekari undirbúnings og framkvæmda í landhelgisgæslumálinu.

(C. VI, 4).

Nd.**172. Þingsályktun**

um heimild fyrir landsstjórnina til þess að veita styrk til að kaupa björgunarbát.

(Afgreidd frá Nd. 27. febrúar).

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að veita Björgunarfjlagi Vestmannaeyja alt að 50 þúsund króna viðbótarstyrk til að kaupa björgunarbát, í viðbót við styrk þann, er heimilað er að veita í þingsályktunartillögu 11. júní 1918 í þessu skyni.

Styrkveitingin er sömu skilyrðum bundin og styrkveitingin í nefndri tillögu.

(B. XI, 4).

Nd.**173. Lög**

um að leggja jarðirnar Kjarna og Hamra í Hrafnagilshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjlag Akureyrar.

(Afgreidd frá Nd. 27. febrúar).

1. gr.

Jarðirnar Kjarni og Hamrar í Hrafnagilshreppi skulu, að áskildu samþykki sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, lagðar un lirr lögsagnarumdæmi og bæjarfjlag Akureyrar frá 6. júní 1920.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Akureyrarbær að sjer framfærslu allra þeirra þurfa-linga, er hjálparþurfa kunna að verða og eru nú sveitlægir í Hrafnagilshreppi, vegna fæðingar á Kjarna eða Hömrum.

3. gr.

Að öðru leyti er Akureyrarbær laus við framfærslu þeirra, er hingað til kunna að hafa unnið sjer sveit í Hrafnagilshreppi, þótt sveitfesti hafi unnist vegna dvalar á Kjarna eða Hömrum.

(B. XVII, 3).

Nd.**174. Lög**

um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

(Afgreidd frá Nd. 27. febrúar).

1. málsgrein 5. greinar í lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, orðist svo:

Enginn má stýra bifreið, nema hann sje fullra 20 ára að aldri og hafi ökuskirteini frá lögreglustjóra, sem heimilar honum að stýra bifreið. Þó getur

stjórnarráðið veitt undanþágu frá aldurstakmarkinu, alt niður í 18 ára aldur, þegar svo stendur á, að bifreiðarstjórinn vill aðeins stýra sinni eigin bifreið, foreldris eða fósturforeldris, og notar hana alls ekki til almennra fólksflutninga.

(A. XV, 4).

Nd.

175. Lög

um heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af.

(Afgreidd frá Nd. 27. febrúar).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að banna flutning til landsins á brúkuðum fatnaði, líni og sængurfatnaði, dulum, brúkuðu vatti, hnökraull, pappírsafklippum, hári, húðum og öðrum þeim varningi, er stjórnin telur stafa sýkingarhættu af.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 50—5000 krónum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lög-reglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XXVII, 1),

Nd.

176. Frumvarp

til laga um peningamálanefnd.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson og Eiríkur Einarsson.

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að skipa 5 manna nefnd til að hafa íhlut-unarrjett um peningaviðskifti Íslands og útlanda. Landsstjórnin ákveður með reglugerð um starfssvið og vald nefndarinnar og ákveður sektir fyrir brot gegn henni. Skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilmælum stjórnarinnar, og verður nánari grein gerð fyrir því í framsögunni.

(C. XIV, 2).

Nd.

177. Þingsályktun

um vöruvöndun.

(Samþykkt í Nd. 27. febrúar).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að hafa svo strangt eftirlit með vöruvöndun í landinu sem lög leyfa, einkum með tunnusmið og síldarmati, og að leggja fyrir næsta þing ítarlega löggjöf um þetta efni.

(C. XVIII, 2).

Sp.

178. Þingsályktun

um aukningu á starfsfje Landsbankans.

(Afgreidd frá Sp. 28. febrúar).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að leggja fyrir næsta Alþing frumvarp til laga um aukningu á starfsfje Landsbankans.

(C. XV, 2).

Ed.

179. Tillaga

til þingsályktunar um lánsheimild fyrir landsstjórnina til ostagerðarbús.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að heimila stjórninni að veita ostagerðarbúinu í Sveinungu alt að 20000 kr. lán, gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin telur nægja.

(A. I, 5).

Ed.

180. Stjórnarskrá

konungsríkisins Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 28. febrúar).

I.

1. gr.

Stjórnskipulagið er þingbundin konungsstjórn.

2. gr.

Löggjafarvaldið er hjá konungi og Alþingi, báðum saman, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

3. gr.

Skipun konungserfða er sú, er segir í 1. og 2. gr. konungserfðalaga frá 31. júlí 1853. Konungserfðum má ekki breyta, nema með samþykki Alþingis.

4. gr.

Ákvæði þau, er giltu 1. des. 1918 í Danmörku um trúarbrögð konungs og lögræði, svo og um meðferð konungswalds, þegar konungur er sjúkur, ólög-ráða eða staddur utan beggja ríkjanna, skulu einnig gilda á Íslandi.

5. gr.

Konungur getur ekki verið þjóðhöfðingi í öðrum löndum án samþykkis Alþingis.

6. gr.

Konungur vinnur eið að stjórnarskránni, er hann kemur til ríkis, enda hafi hann ekki unnið þann eið meðan hann var ríkisarfi. Af eiðstaf þessum skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

7. gr.

Ríkisarfi er lögráða, er hann er orðinn fullra 18 ára að aldri.

8. gr.

Ákveða skal með lögum greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar.

9. gr.

Konungur hefir hið æðsta vald í öllum málefnum ríkisins, með þeim

takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur hann ráðherra framkvæma það. Ráðuneytið hefir aðsetur í Reykjavík.

10. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

11. gr.

Konungur skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiftir störfum með þeim.

12. gr.

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skulu bornar upp fyrir konungi í ríkisráði. Ráðherrar skipa ríkisráð, og á ríkisarfi sæti í því, þegar hann er lög-ráða. Konungur er forseti ríkisráðsins. Ríkisráðsfund getur konungur haldið með einum ráðherra utan Íslands.

13. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórn-armálefni. Svo skal og halda ráðherrafund, er einhver ráðherranna óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er konungur hefir kvatt til forsætis. Sá ráðherra, er forsæti skipar, nefnist forsætisráðherra.

14. gr.

Nú er konungur ekki staddur hjer á landi, og ber forsætisráðherra þá að jafnaði málin upp fyrir konungi, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna, ef þeir eru ekki viðstaddir. Þá er ráðherra ber upp fyrir konungi mál, sem annar ráðherra hefir undirritað, ber hann ábyrgð á því, að málið sje rjett flutt, en annars ekki sjerstaka ábyrgð vegna flutningsins, nema hann á annan hátt hafi tekið stjórnskipulega ábyrgð á efni þess.

15. gr.

Undirskrift konungs undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir með honum.

16. gr.

Konungur veitir öll þau embætti, er hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Engan má skipa embættismann, nema hann hafi is-lenskan ríkisborgararjett. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskapar-heit að stjórnarskránni.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, er hann hefir veitt það.

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa um, hvort þeir vilji heldur embættaskiftin eða þá lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.

Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, er taldir eru í 57. gr.

17. gr.

Konungur gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sjer fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.

18. gr.

Konungur stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður, hve nær því skuli slitið. Þinginu má eigi slita fyr en fjárlög eru samþykkt. Konungur getur og kvatt Alþingi til aukafunda.

19. gr.

Konungur getur frestað fundum Alþingis um tiltekinn tíma, þó ekki lengur en 2 vikur, nema Alþingi samþykki, og ekki nema einu sinni á ári.

20. gr.

Konungur getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður en 2 mánuðir sjeu liðnir frá því, er það var rofið, en Alþingi stefnt saman eigi síðar en 8 mánuðum eftir að það var rofið.

21. gr.

Konungur getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til annara samþykta.

22. gr.

Staðfesting konungs þarf til þess, að nokkur samþykkt Alþingis fái lagagildi. Konungur annast birting laga og framkvæmd.

Nú hefir konungur eigi staðfest lagafrumvarp, sem Alþingi hefir samþykkt, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman, og er þá frumvarpið niður fallið.

23. gr.

Þegar brýn nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó riða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstimabilið eru samþykkt af Alþingi.

24. gr.

Konungur getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn nje hegningu, sem landsdómur hefir í dæmt, nema með samþykki Alþingis.

25. gr.

Konungur veitir annaðhvort sjálfur, eða með því að fela það stjórnarvöldum í hendur, leyfi og undanþágur frá lögum, samkvæmt reglum, sem farið hefir verið eftir hingað til.

II.

26. gr.

Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 þingmenn, en 6 hlutbundnum kosningum um land alt í einu lagi.

Með lögum má ákveða, að þingmenn Reykjavíkurborgar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarrjett sömu reglur sem við óhlutbundnar kosningar.

Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt, og auk þeirra 8 þingmenn, er sameinað Alþingi kys úr flokki þingmanna, sem kosnir eru í sjerstökum kjördæmum. Hinir eiga sæti í neðri deild.

27. gr.

Þingmenn kosnir í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir til 4 ára, en þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum um land alt til 8 ára, og fer helmingur þeirra frá fjórða hvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt.

28. gr.

Deyi þingmaður, kosinn í sjerstöku kjördæmi, á kjörtímanum, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt auct sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu um land alt, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum um land alt, enda kosnir á sama hátt og samtímis. Sama er og, ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu um land alt, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaðing, eða það sem eftir er af því þingi.

29. gr.

Kosningarrjett við kosningar til Alþingis í sjerstökum kjördæmum hafa allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri, er kosning fer fram, og hafa ríkisborgararjett hjer á landi og verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema

hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár og sje fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga um land alt. Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna í efri deild.

30. gr.

Kjörgengur við kosningar í sjerstökum kjördæmum er hver ríkisborgari, sem kosningarrjett á til þeirra. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir átt heima í kjördæminu skemur en 1 ár. Með sömu skilyrðum hefir maður, karl eða kona, 35 ára eða eldri, kjörgengi við hlutbundnar kosningar um land alt.

Þeir dómendur, er ekki hafa umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

III.

31. gr.

Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar, eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyr á árinu.

Breyta má þessu með lögum.

32. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess nje frelsi.

33. gr.

Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sjerstaklega er ástátt, getur konungur skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

34. gr.

Hvor deild hefir rjett til að bera fram og samþykkja fyrir sitt leyti frumvörp til laga og annara samþykta. Einnig má hvor þingdeild, eða sameinað Alþingi, senda konungi ávörp.

35. gr.

Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmönnum, til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett til að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

36. gr.

Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje af taka, nema með lögum; ekki

má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, nje selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins nje afnotarjett þeirra, nema samkvæmt lagaheimild.

37. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

38. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld.

Frumvarp til fjárlaga og frumvörp til fjáraukalaga skal ætíð leggja fyrst fyrir neðri deild Alþingis.

39. gr.

Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins og gæta þess, hvort tekjur landsins sjeu þar allar taldar og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um samþykkt á honum og athugasemdir yfirskoðunarmanna.

Rjett er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur ríkisfjehirðis, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það, sem er að liða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum visbendingu um það skriflega.

40. gr.

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

41. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarhvorri þingdeild, skal það lagt fyrir hina deildina svo sem það var samþykkt. Ef þar verða breytingar á gerðar, fer frumvarpið aftur til fyrri þingdeildar. Ef hjer verða aftur gerðar breytingar, fer það af nýju til hinnar deildarinnar.

Nú gengur enn eigi saman, og ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og er þá málinu lokið með einni umræðu í sameinuðu Alþingi.

Þegar Alþingi skipar eina málstofu, þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu til þess, að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um einstök málsatriði. En eigi ná þó lagafrumvörp, önnur en frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga, fullnaðarsamþykki, nema tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með þeim.

42. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi mist kjörgengi.

43. gr.

Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefir verið tekin gild.

44. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til Alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir rikissjóð, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin telur nægja.

45. gr.

Meðan Alþingi stendur yfir má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefir sagt í þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi.

46. gr.

Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rjett þann, er þingkosningin hafði veitt honum.

47. gr.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rjett á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrjett eiga þeir þó því að eins, að þeir sjeu jafnframt alþingismenn.

48. gr.

Hvor þingdeild og sameinað Alþingi kys sjálft forseta sinn.

49. gr.

Hvorug þingdeildin getur gert samþykt um mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði.

50. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sjerhvert alment mál í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, ef hún leyfir það, og beiðast um það skýrslu ráðherra.

51. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna flytji það.

52. gr.

Nú þykir þingdeild ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og getur hún þá vísað því til ráðherra.

53. gr.

Fundir beggja þingdeilda og sameinaðs Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.

54. gr.

Þingsköp sameinaðs Alþingis og beggja deilda þess skulu sett með lögum.

IV.

55. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

56. gr.

Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.

57. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

58. gr.

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum,

59. gr.

Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem best á við sannfæringu hvers eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

60. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almenntri fjelagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

VI.

61. gr.

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

62. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit, nje kyrsetja brjef og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eftir dómsúrskurði eða eftir sjerstakri lagaheimild.

63. gr.

Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli og komi fult verð fyrir.

64. gr.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararjett nema með lögum.

Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignarjettindi hjer á landi skal skipað með lögum.

65. gr.

Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.

66. gr.

Sá skal eiga rjett á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær sjeð fyrir sjer og sínum, og sje eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, er lög áskilja.

67. gr.

Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannaþje.

68. gr.

Hver maður á rjett á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.

69. gr.

Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að sækja þurfi um leyfi til þess. Ekkert fjelag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn fjelaginu, til þess að það verði leyst upp.

70. gr.

Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

71. gr.

Sjerhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því, sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum.

72. gr.

Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.

73. gr.

Skattamálum skal skipa með lögum.

74. gr.

Sjerrjettindi, er bundin sjeu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi taka í lög.

75. gr.

Rjettinda þeirra, er um getur í 16., 29. og 30. gr., og bundin eru við íslenskan ríkisborgararjett, njóta einnig danskir ríkisborgarar, að öðru jöfnu, samkvæmt dansk-íslenskum sambandslögum.

76. gr.

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandslögum Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

Sama skal og gilda, ef lagabreyting verður gerð á kirkjuskipuninni samkvæmt 58. gr.

77. gr.

Stjórnarskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 1921. Samtímis falla úr gildi stjórnarskrá um hin sjerstöku málefni Íslands 5. janúar 1874 og stjórnskipunarlög 3. okt. 1903 og 19. júní 1915, um breyting á henni.

Ákvæði um stundarsakir.

1. Kosningarrjetti og kjörgengi við alþingiskosningar halda, að öðru jöfnu, þeir menn, er þann rjett hafa fengið áður en stjórnarskrá þessi öðlast gildi, þótt ekki sjeu þeir íslenskir ríkisborgarar, eða hafi sömu rjettindi samkvæmt 75. gr.
2. Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá árið 1922 eftir hlutkesti Alþingis 1917, falla niður árið 1926.
3. Almennar, reglulegar óhlutbundnar alþingiskosningar skulu fram fara árið 1923. Ekki mega þær þó fram fara fyr en að loknu reglulegu Alþingi það ár.

(C. VIII, 11).

Ed.

181. Tillaga

til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að greiða fje úr ríkissjóði til dýrtíðaruppbóta og fleira.

(Eftir fyrri umr. í Ed.)

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða úr ríkissjóði þessar fjárhæðir:

1. 20000 kr. til þess að launa íslenskan ræðismann á Ítalíu eða Spáni, ef á þarf að halda.
2. Dýrtíðaruppbót til Jóhanns Fr. Kristjánssonar af fjárlagalaunum hans, samkvæmt 33. gr. launalaganna.
3. Alt að 25000 kr. til dýrtíðaruppbóta handa starfsmönnum Búnaðarfélags Íslands og Búnaðarsambandanna. Skal upphæð þessari skift þannig, að laun og dýrtíðarbætur starfsmannanna verði í samræmi við sambærileg launaákvæði launalaganna.
4. 11000 kr. viðbótarstyrk 1920—1921 til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp.
5. Handa hverjum lækni, sem fullnuma verður á árinu, 1000 kr. til þess að sækja fæðingarstofnun erlendis.
6. 80 þús. kr. til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land.

(C. VIII, 12).

Sp.

182. Tillaga

til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að greiða fje úr ríkissjóði til dýrtíðaruppbóta og fleira.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða úr ríkissjóði þessar fjárhæðir:

1. 20000 kr. til þess að launa íslenskan ræðismann á Ítalíu eða Spáni, ef á þarf að halda.
2. Dýrtíðaruppbót til Jóhanns Fr. Kristjánssonar af fjárlagalaunum hans, samkvæmt 33. gr. launalaganna.
3. Alt að 27000 kr. til dýrtíðaruppbóta handa starfsmönnum Búnaðarfélags Íslands, Garðyrkjufélags Íslands og Búnaðarsambandanna. Skal upphæð þessari skift þannig, að laun og dýrtíðaruppbætur starfsmannanna verði í samræmi við sambærileg launaákvæði launalaganna.
4. 11000 kr. viðbótarstyrk 1920—1921 til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp.
5. Handa hverjum lækni, sem fullnuma verður á árinu, 1000 kr. til þess að sækja fæðingarstofnun erlendis.
6. 80 þús. kr. til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land.

(C. XVII, 1).

Sp.**183. Tillaga**

til þingsályktunar um endurskoðun kosningalaga og kjördæmaskipun.

Flutningsm.: Eiríkur Einarsson, Guðm. Guðfinnsson, H. Steinsson, Einar Árnason, Björn Hallsson, Einar Þorgilsson, Jakob Möller, Gunnar Sigurðsson, Sveinn Björnsson og Þorl. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frv. til laga, er hafi í sjer fólgið rækilega endurskoðun alþingiskosningalaga og kjördæmaskipunar í landinu.

(A. VIII, 17).

Ed.**184. Frumvarp**

til laga um þingmannakosning í Reykjavík.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Alþingismenn Reykjavíkur skulu vera 4. Þegar þannig hafa bæst við 2 þingmenn, skal neðri deild Alþingis skipuð 28 þingmönnum.

2. gr.

Alþingiskosningar í Reykjavík skulu vera hlutbundnar. Um kosningar þessar gilda hinar sömu reglur sem um aðrar kjördæmakosningar, með þeim breytingum, sem leiða af því, að kosningarnar í Reykjavík eru hlutbundnar.

3. gr.

Þegar alþingiskosningar eiga fram að fara í Reykjavík, skal með lög-mæltum fresti afhenda yfirkjörstjórninni lista með nöfnum þingmannaefna þeirra, er fram eru boðin.

Nöfn þeirra skulu táknuð svo skýrt með tilgreindri stöðu og heimili, að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru. Einskis manns nafn má á lista setja, nema hann hafi gefið til þess skriflegt leyfi, og skal það fylgja listanum til yfirkjörstjórnar. Berist yfirkjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, skal nema það nafn burt af listanum og eigi prenta það á þann lista.

Nú hefir maður skriflega leyft nafn sitt á fleirum listum en einum, og skal þá nema nafnið burt af öllum listunum.

Á framboðslista skulu að jafnaði vera jafnmörg nöfn þingmannaefna sem kjósa á þingmenn í hvert skifti. Gildur er framboðslisti, þótt á honum standi færri nöfn, en ógildur, ef fleiri eru.

Framboðslista skal fylgja yfirlýsing að minsta kosti 100 kjósenda um, að þeir styðji þann lista.

Listar skulu afhentir formanni yfirkjörstjórnar, og ritar hann á þá dag og stund, er hann veitir þeim móttöku, og merkir þá bókstólunum A, B, C, o. s. frv., eftir því sem þeir berast honum.

4. gr.

A hverjum lista skal tilgreina umboðsmenn fyrir listann. Sjeu umboðsmenn eigi tilgreindir, eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, er fremstir standa þingmannaefna, rjettir umboðsmenn listans. Þessir umboðsmenn gæta rjettar lista þeirra, er þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun framboðslista, útbúning kjörseðla og talning atkvæða, og gefa þær upplýsingar listunum viðvikjandi, er yfirkjörstjórn þarfnast og óskar; svo er þeim og heimilt að mæta eða gefa öðrum heimild til að mæta fyrir sína hönd við kosningargerð, til þess að gæta þess, að alt fari löglega fram.

5. gr.

Oddviti yfirkjörstjórnar skal kveðja kjörstjórnina til fundar degi eftir að liðinn er hinn lögmælti framboðsfrestur, eða beri það upp á helgan dag, þá næsta virkan dag þar á eftir, og skal umboðsmönnum þingmannaefna og meðmælenda gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrjetta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem tími og atvik leyfa. Sjeu gallar, er yfirkjörstjórn hefir bent á, eigi leiðrjettir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Sje listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, er rækur er ger.

Þá er listar hafa verið úrskurðaðir, skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla og gera almenningi kunnugt með auglýsingu í Lögbirtinga-bláðinu, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, með tilgreindum nöfnum þingmannaefna á hverjum lista og bókstaf hvers lista. En hafi eigi nema einn listi, er gildur er tekinn, komið til yfirkjörstjórnarinnar í tæka tíð, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir yfirkjörstjórnin þá kosna, er listinn greinir.

6. gr.

Á kjörseðli skulu allir framboðslistar, er gildir hafa verið metnir, teknir upp, þannig, að öðru megin á hæfilega stóru blaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn þingmannaefna ásamt stöðu og heimili, sem þó má vera skammstafað á hverjum framboðslista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr strik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu settir á kjörseðilinn hver við annars hlið í röð eftir bókstöfum sínum, og nöfn þingmannafnanna á hverjum lista aðskilin með þverstrikum. Hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þess striks, sem takmarkar listann.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum þykkum pappir, og skal yfirkjörstjórn gæta þess, að eigi sjeu fullgerðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða kjörstjórnnum. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig.

að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá brotinu gengið, að auðvelt sje að leggja þá í sama brot, er þeir eru notaðir.

7. gr.

Kosning fer fram á sama hátt sem við aðrar kjördæmakosningar, með þeirri breytingu, að kjósandi markar kross, rjettan kross eða skákross, við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill gefa atkvæði. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja, o. s. frv. Sje eitthvert nafn, sem hann getur ekki felt sig við, á þeim lista, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá ekki með við samtalningu atkvæða á þeim lista; þessi strik mega vera hvort heldur þverstrik eða langstrik yfir nafnið. Krossinn við listabókstafinn, tölustafinn við nöfnin og útstrikun nafna skal hann gera með blýanti, er kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan leggur hann atkvæðaseðilinn saman aftur í sömu brot, sem hann var í, stingur honum svo þannig saman-brotnum niður í atkvæðakassann.

Ekki má kjósandi haggja neitt við hinum listunum, sem hann kýs ekki, hvorki strika út á þeim nje setja önnur merki á þá, nje heldur nein merki, önnur en tjeð kosningarmerki, á lista þann, sem hann kýs, ella verður atkvæðaseðill hans ónýtur.

8. gr.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleirum listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista,
3. skrifað nafn sitt á seðilinn,
4. sett á hann strik eða rispu eða önnur slik einkenni, er ætla má að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan,
5. notað annan seðil, en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett eða krossað við eitt nafn á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Pegar allir kjörseðlar eru upp teknir, [skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðamagn listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt, eftir skýrslum þeim, er undirkjörstjórnir gefa um kjörseðlafjölda úr hverri kjördeild. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla og leiðrjetta skekkjur þær, sem á hafa orðið.

9. gr.

Til þess að finna, hve mörg þingmannaefni hafa náð kosningu af hverjum um lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabók-

staf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því hve marga þingmenn á að kjósa, og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum, eftir sömu reglu.

Til þess nú að finna, hver þingmannsefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks þingmannsefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti yfirkjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann, er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra þingmannaefna allra, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum, einn af öðrum, sýnir þá umboðsmönnum og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði, þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra þingmanna, sem kjósa á, þannig, að það sje jafnt tölu þeirra þingmanna, sem kjósa á, að frádreginni tölu þingmannaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með tölu þingmanna, sem kjósa á. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upp lesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Þeir menn, sem hæsta hafa fengið atkvæðaupphæðina á hverjum lista, eru þingmenn listans, svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans.

10. gr.

Hafi tveir eða fleiri á einum lista fengið jafnmörg atkvæði, og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem þingmenn, þá skal hlutkesti ráða.

11. gr.

Að öðru leyti gilda við kosningar þessar ákvæði alþingiskosningalaganna um kjördæmakosningar, eftir því sem við á, viðvikjandi kosningarrjetti og kjörgengi, kjörstjórnnum, samning kjörskrár, framboði þingmannaefna og umboðsmönnum, undirbúningi af hálfu kjörstjórnar, kjördegi, kjörstað, kjörherbergi og atkvæðakössum, kosningarathöfninni, kosningarúrslitum, uppkosningum, aukakosningum og kosningum eftir þingrof, kostnaði og kærnum um kjörgengi, og loks gilda hin almennu ákvæði nefndra laga.

Ef um uppkosningu eða aukakosningu á einum þingmanni er að ræða, skal um kosningu hans fara að á sama hátt sem um kosningu þingmanna í sjerstökum kjördæmum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarskrá konungsríkisins Ísland er komin í gildi, og skal síðan fram fara svo fljótt, sem verða má, kosning á þeim þingmönnum, sem við er bætt með þessum lögum.

(A. VIII, 18).

Ed. 185. Breytingartillaga

við frv. til laga um þingmannakosning í Reykjavík.

Flutningsm.: Karl Einarsson.

Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

Alþingismenn Reykjavíkur skulu vera 5. Þegar sú skipun er á komin samkvæmt 12. gr., skulu sæti eiga í neðri deild Alþingis 28 þingmenn, en í efri deild 15 þingmenn.

(A. VIII, 19).

Ed. 186. Lög

um þingmannakosning í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 28. febrúar).

1. gr.

Alþingismenn Reykjavíkur skulu vera 4. Þegar þannig hafa bæst við 2 þingmenn, skal neðri deild Alþingis skipuð 28 þingmönnum.

2. gr.

Alþingiskosningar í Reykjavík skulu vera hlutbundnar. Um kosningar þessar gilda hinar sömu reglur sem um aðrar kjördæmakosningar, með þeim breytingum, sem leiða af því, að kosningarnar í Reykjavík eru hlutbundnar.

3. gr.

Þegar alþingiskosningar eiga fram að fara í Reykjavík, skal með lög-mæltum fresti afhenda yfirkjörstjórninni lista með nöfnum þingmannaefna þeirra, er fram eru boðin.

Nöfn þeirra skulu táknuð svo skýrt með tilgreindri stöðu og heimili, að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru. Einskis manns nafn má á lista setja, nema hann hafi gefið til þess skriflegt leyfi, og skal það fylgja listanum til yfirkjörstjórnar. Berist yfirkjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, skal nema það nafn burt af listanum og eigi prenta það á þann lista.

Nú hefir maður skriflega leyft nafn sitt á fleirum listum en einum, og skal þá nema nafnið burt af öllum listunum.

Á framboðslista skulu að jafnaði vera jafnmörg nöfn þingmannaefna sem kjósa á þingmenn í hvert skifti. Gildur er framboðslisti, þótt á honum standi færri nöfn, en ógildur, ef fleiri eru.

Framboðslista skal fylgja yfirlýsing að minsta kosti 100 kjósenda um, að þeir styðji þann lista.

Listar skulu afhentir formanni yfirkjörstjórnar, og ritar hann á þá dag og stund, er hann veitir þeim móttöku, og merkir þá bókstötunum A, B, C, o. s. frv., eftir því sem þeir berast honum.

4. gr.

Á hverjum lista skal tilgreina umboðsmenn fyrir listann. Sjeu umboðsmenn eigi tilgreindir, eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, er fremstir standa þingmannaefna, rjettir umboðsmenn listans. Þessir umboðsmenn gæta rjettar lista þeirra, er þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun framboðslista, útbúning kjörseðla og talning atkvæða, og gefa þær upplýsingar listunum viðvikjandi, er yfirkjörstjórn þarfnast og óskar; svo er þeim og heimilt að mæta eða gefa öðrum heimild til að mæta fyrir sína hönd við kosningargerð, til þess að gæta þess, að alt fari löglega fram.

5. gr.

Oddviti yfirkjörstjórnar skal kveðja kjörstjórnina til fundar degi eftir að liðinn er hinn lögmælti framboðsfrestur, eða beri það upp á helgan dag, þá næsta virkan dag þar á eftir, og skal umboðsmönnum þingmannaefna og meðmælenda gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrjetta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem tími og atvik leyfa. Sjeu gallar, er yfirkjörstjórn hefir bent á, eigi leiðrjettir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Sje listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, er rækur er ger.

Þá er listar hafa verið úrskurðaðir, skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla og gera almenningi kunnugt með auglýsingu í Lögbirtinga-bladiniu, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, með tilgreindum nöfnum þingmannaefna á hverjum lista og bókstaf hvers lista. En hafi eigi, nema einn listi, er gildur er tekinn, komið til yfirkjörstjórnarinnar í tæka tíð, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir yfirkjörstjórnin þá kosna, er listinn greinir.

6. gr.

Á kjörseðli skulu allir framboðslistar, er gildir hafa verið metnir, teknir upp, þannig, að öðru megin á hæfilega stóru blaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn þingmannaefna ásamt stöðu og heimili, sem þó má vera skammstafað á hverjum framboðslista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr strik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu settir á kjörseðilinn hver við annars hlið í röð eftir bókstöfum sínum, og nöfn þingmannaefnanna á hverjum lista aðskilin með þverstrikum. Hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þess striks, sem takmarkar listann.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum þykkum pappir, og skal yfirkjörstjórn gæta þess, að eigi sjeu fullgerðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða kjörstjórnnum. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig,

að ekki sjáist lettrið á þeim, og skal svo frá brotinu gengið, að auðvelt sje að leggja þá í sama brot, er þeir eru notaðir.

7. gr.

Kosning fer fram á sama hátt sem við aðrar kjördæmakosningar, með þeirri breytingu, að kjósandi markar kross, rjettan kross eða skákross, við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill gefa atkvæði. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja, o. s. frv. Sje eitthvert nafn, sem hann getur ekki felt sig við, á þeim lista, er hann kys, má hann strika það út, og telst það þá ekki með við samtalningu atkvæða á þeim lista; þessi strik mega vera hvort heldur þverstrik eða langstrik yfir nafnið. Krossinn við listabókstafinn, tölustafinn við nöfnin og útstrikun nafna skal hann gera með blýanti, er kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan leggur hann atkvæðaseðilinn saman aftur í sömu brot, sem hann var í, stingur honum svo þannig samanbrotnum niður í atkvæðakassann.

Ekki má kjósandi haggja neitt við hinum listunum, sem hann kys ekki, hvorki strika út á þeim nje setja önnur merki á þá, nje heldur nein merki, önnur en tjeð kosningarmerki, á lista þann, sem hann kys, ella verður atkvæðaseðill hans ónýtur.

8. gr.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleirum listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista,
3. skrifað nafn sitt á seðilinn,
4. sett á hann strik eða rispu eða önnur slik einkenni, er ætla má að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan,
5. notað annan seðil en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett eða krossað við eitt nafn á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Þegar allir kjörseðlar eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðamagn listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt, eftir skýrslum þeim, er undirkjörstjórnir gefa um kjörseðlafjölda úr hverri kjördeild. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla og leiðrjetta skekkjur þær, sem á hafa orðið.

9. gr.

Til þess að finna, hve mörg þingmannaefni hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabók-

staf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því hve marga þingmenn á að kjósa, og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum, eftir sömu reglu.

Til þess nú að finna, hver þingmannsefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks þingmannsefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti yfirkjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann, er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra þingmannaefna allra, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum, einn af öðrum, sýnir þá umboðsmönnum og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði, þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brót úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra þingmanna, sem kjósa á, þannig, að það sje jafnt tölu þeirra þingmanna, sem kjósa á, að fráðreginni tölu þingmannaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með tölu þingmanna, sem kjósa á. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upp lesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Þeir menn, sem hæsta hafa fengið atkvæðaupphæðina á hverjum lista, eru þingmenn listans, svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans.

10. gr.

Hafi tveir eða fleiri á einum lista fengið jafnmörg atkvæði, og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem þingmenn, þá skal hlutkesti ráða.

11. gr.

Að öðru leyti gilda við kosningar þessar ákvæði alþingiskosningalaganna um kjördæmakosningar, eftir því sem við á, viðvikjandi kosningarrjetti og kjörgengi, kjörstjórnnum, samning kjörskrár, framboði þingmannaefna og umboðsmönnum, undirbúningi af hálfu kjörstjórnar, kjördegi, kjörstað, kjörherbergi og atkvæðakössum, kosningarathöfninni, kosningarúrslitum, uppkosningum, aukakosningum og kosningum eftir þingrof, kostnaði og kærnum um kjörgengi, og loks gilda hin almennu ákvæði nefndra laga.

Ef um uppkosningu eða aukakosningu á einum þingmanni er að ræða, skal um kosningu hans fara að á sama hátt sem um kosningu þingmanna í sjerstökum kjördæmum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarskrá konungsríkisins Ísland er komin í gildi, og skal síðan fram fara svo fljótt, sem verða má, kosning á þeim þingmönnum, sem við er bætt með þessum lögum.

(C. XVI, 2).

Nd. 187. Pingsályktun

um aukning ullariðnaðar í landinu.

(Samþykkt í Nd. 28. febrúar).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að beita sjer fyrir því sem einu hinu helsta þjóðþrifamáli, að ullariðnaður í verksmiðjum verði aukinn og bættur, eftir því sem unt er og sem allra fyrst, og að stjórnin stuðli þannig að því, að alþjóð manna geti notað ull sína til klæðagerðar og losi sig með því sem mest við hin óbærilegu kaup á útlendum fatnaði.

(A. VIII, 20).

Ed. 188. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þgskj. 185.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Tillagan orðist svo:

1. Aftan við fyrirsögnina bætist:

o. fl.

2. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Alþingismenn í Reykjavík skulu vera 5 og 1 þingmaður fyrir Hafnar-fjarðarkaupstað. Þegar sú skipun er á komin, samkvæmt 12. gr., skulu sæti eiga í neðri deild Alþingis 29 þingmenn og í efri deild 15 þingmenn.

(C. XVIII, 1).

Sp. 189. Tillaga

til pingsályktunar um aukningu á starfsfje Landsbankans.

Flutningsm.: Jakob Möller, Bjarni Jónsson frá Vogu, Sveinn Björnsson, Gunnar Sigurðsson og Karl Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að leggja fyrir næsta Alþing frumvarp til laga um aukningu á starfsfje Landsbankans.

Alpt. 1920. A. (32. löggjafarþing).

(C. VIII, 13).

Ed.**190. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að greiða fje úr ríkissjóði til dýrtíðaruppbóta og fleira.

Flutningsm.: Einar Arnason.

Við 3. lið.

- a. Fyrir »25000 kr.« komi:
27000 kr.
- b. Á eftir »Búnaðarfélags Íslands« bættist inn í:
Garðyrkjufélags Íslands.

(C. VIII, 14).

Sp.**191. Þingsályktun**

um heimild fyrir landsstjórnina til að greiða fje úr ríkissjóði til dýrtíðaruppbóta og fleira.

(Afgreidd frá Sp. 28. febrúar).

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða úr ríkissjóði þessar fjárhæðir:

1. 20000 kr. til þess að launa íslenskan ræðismann á Ítalíu eða Spáni, ef á þarf að halda.
2. Dýrtíðaruppbót til Jóhanns Fr. Kristjánssonar af fjárlagalaunum hans, samkvæmt 33. gr. launalaganna.
3. Alt að 27000 kr. til dýrtíðaruppbóta handa starfsmönnum Búnaðarfélags Íslands, Garðyrkjufélags Íslands og Búnaðarsambandanna. Skal upphæð þessari skift þannig, að laun og dýrtíðaruppbætur starfsmannanna verði í samræmi við sambærileg launaákvæði launalaganna.
4. 11000 kr. viðbótarstyrk 1920—1921 til vjelbátaferða um Ísafjardardjúp.
5. Handa hverjum lækni, sem fullnuma verður á árinu, 1000 kr. til þess að sækja fæðingarstofnun erlendis.
6. 80 þús. kr. til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land.

(C. XVII, 2).

Sp.

192. Þingsályktun

um endurskoðun kosningalaga og kjördæmaskipun.

(Afgreidd frá Sp. 28. febrúar).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frv. til laga, er hafi í sjer fólgið rækilega endurskoðun alþingiskosningalaga og kjördæmaskipunar í landinu.

sp.

**193. Nefndaskipun
1920.****1.****Fastanefndir.**

(16. gr. laga nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis).

A.**Í efri deild.****1. Fjárhagsnefnd:**

Björn Kristjánsson, formaður.

Guðjón Guðlaugsson,

Guðmundur Ólafsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um einkaleyfi (7*, n. 72).

Framsögum.: Björn Kristjánsson.

2. Frv. til laga um æfinlega erfingjarentu (18, n. 73).

Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.

3. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 12, 12. ágúst 1918, um stimpilgjald (90, n. minni hl. 117, n. meiri hl. 118).

Framsögum. meiri hl.: Guðjón Guðlaugsson.

Framsögum. minni hl.: Björn Kristjánsson.

4. Frv. til laga um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli (105).

(Nefndarálit kom ekki, en málið þó tekið til framhaldsmeðferðar með samþykki nefndarinnar).

5. Frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi (108).

(Nefndarálit kom ekki, en málið þó tekið til framhaldsmeðferðar með samþykki nefndarinnar).

Nefndin ihugaði í samvinnu við fjárhagsnefnd Nd.:

1. Frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrir huguðum, nýjum banka í Reykjavík (48, n. 155).

Ekki kosinn framsögum.

*) Tölur innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n.) hlutu. Og sá er hátturinn sami hafður um mál þau, er nefndirnar flytja.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags-, fjárveitinga-, samgöngumála-, landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

2. Frv. til laga um heimild handa landsstjórninni til þess að gera Landsbanka Íslands að hlutabanka (87, n. 155).

Ekki kosinn framsögum.

2. *Fjárveitinganefnd:*

Jóhannes Jóhannesson, formaður,
Hjörtur Snorrason,
Einar Árnason,
Karl Einarsson,
Sigurður Hjörleifsson Kvaran, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 64, 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m. (55, n. 84).²

Framsögum.: Sigurður Hjörleifsson Kvaran.

3. *Samgöngumálanefnd:*

Guðjón Guðlaugsson,
Hjörtur Snorrason,
Sigurjón Friðjónsson,
Halldór Steinsson, formaður,
Guðmundur Guðfinnsson, fundaskrifari.

Til hennar var engu máli vísað.

Nefndin gekk í samvinnu við samgöngumálanefnd neðri deildar.

Samvinnunefndin kaus sjer:

formann Þórarinn Jónsson og
fundaskrifara Gísla Sveinsson.

Samvinnunefndin flutti:

Frv. til laga um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907 (68).

Framsögum. í Nd.: Þórarinn Jónsson.

Framsögum. í Ed.: Halldór Steinsson.

4. *Landbúnaðarnefnd:*

Sigurjón Friðjónsson,
Guðmundur Ólafsson, fundaskrifari.
Hjörtur Snorrason, formaður.

Til hennar var engu máli vísað.

5. *Sjávarútvegsnefnd:*

Björn Kristjánsson, formaður,
Sigurður Hjörleifsson Kvaran,
Karl Einarsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Till. til þingsál. um heimild fyrir landsstjórnina til þess að veita styrk til að kaupa björgunarbát (62, n. 123).

Framsögum.: Karl Einarsson.

Fastanefndir Ed.: Sjávarútvegs-, mentamála- og allsherjarnefndir; — Nd.: Fjárhagsnefnd.

2. Till. til þingsál. um heimild fyrir landsstjórnina til að gera út björgunar- og eftirlitsskipið Þór frá Vestmannaeyjum (63).
(Nefndarálit kom ekki).

Nefndin flutti með sjávarútvegsnefnd Nd.:

Frv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (70).

Framsögum. í Nd.: Einar Þorgilsson.

Framsögum. í Ed.: Karl Einarsson.

6. Mentamálanefnd:

Einar Árnason,

Guðmundur Guðfinnsson, fundaskrifari,

Sigurður Hjörleifsson Kvaran, formaður.

Til hennar vísað:

Frv. til laga um skipulag kaupúna og sjávarþorpa (6).

(Nefndarálit kom ekki).

7. Allsherjarnefnd:

Jóhannes Jóhannesson,

Halldór Steinsson, formaður,

Sigurjón Friðjónsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um stofnun og slit hjúskapar (3).

(Nefndarálit kom ekki).

2. Frv. til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (4).

(Nefndarálit kom ekki).

3. Frv. til laga um afstöðu foreldra til skilgetinna barna (5).

(Nefndarálit kom ekki).

4. Frv. til laga um að leggja jarðirnar Kjarna og Hamra í Hrafnagilshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjélag Akureyrar (31, n. 81).

Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.

5. Frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af (75, n. 80).

Framsögum.: Halldór Steinsson.

6. Frv. til laga um eftirlit með útlendingum (77, n. 91).

Framsögum.: Jóhannes Jóhannesson.

B.

Í neðri deild:

1. Fjárhagsnefnd:

Magnús Guðmundsson, formaður,

Þorleifur Guðmundsson,

Hákon Kristófersson,

Þórarinn Jónsson, fundaskrifari,

Jón Auðunn Jónsson.

Fastanefndir Nd.: Fjárhags- og fjárveitinganefndir.

Magnús Guðmundsson gekk úr nefndinni 25. febrúar, er hann varð fjármálaráðherra, en í stað hans tók sæti í nefndinni næsta dag

Jakob Möller,

og var hann kosinn formaður nefndarinnar.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli (12, n. 52).

Framsögum.: Jón Auðunn Jónsson.

2. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 12, 12. ágúst 1918, um stimpilgjald (14, n. 35).

Framsögum.: Magnús Guðmundsson.

3. Frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík (48, n. 155).

Ekki kosinn framsögum.

[*Íhugað í samvinnu við fjárhagsnefnd Ed.*].

4. Frv. til laga um æfinlega erfingjarentu (112).

(Nefndarálit kom ekki).

5. Frv. til laga um heimild handa landsstjórninni til þess að gera Landsbanka Íslands að hlutabanka (87, n. 155).

Ekki kosinn framsögum.

[*Íhugað í samvinnu við fjárhagsnefnd Ed.*].

Nefndin flutti:

- Frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi [..... á glysvarningi] (32).

Framsögum.: Magnús Guðmundsson.

2. Fjárveitinganefnd:

Magnús Pjetursson, fundaskrifari,

Pjetur Jónsson, formaður,

Þorleifur Jónsson,

Bjarni Jónsson,

Ólafur Proppé,

Stefán Stefánsson,

Gunnar Sigurðsson.

Pjetur Jónsson gekk úr nefndinni 25. febr., þá er hann varð atvinnumálaráðherra, en í hans stað tók sæti í nefndinni næsta dag

Magnús Kristjánsson,

en Þorleifur Jónsson var kosinn formaður nefndarinnar í stað Pjeturs Jónssonar.

Til hennar vísað:

- Frv. til laga um breyting á lögum nr. 64, 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m. (10, n. 26).

Framsögum.: Magnús Pjetursson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um viðauka við lög nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna (96).

Fastanefndir Nd.: Fjárveitinga-, samgöngumála-, landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

Framsögum.: Magnús Pjetursson.

2. Till. til þingsál. um heimild fyrir landsstjórnina til að greiða fje úr ríkis-sjóði til dýrtíðaruppbóta og fleira (97).

Framsögum.: Magnús Pjetursson.

3. Till. til þingsál. um lánsheimild fyrir landsstjórnina til ostagerðarbús (154).

Framsögum.: Stefán Stefánsson.

3. Samgöngumálanefnd:

Gísli Sveinsson, fundaskrifari,
 Þórarinn Jónsson, formaður,
 Þorsteinn Jónsson,
 Pjetur Þórðarson,
 Einar Þorgilsson,
 Björn Hallsson,
 Sveinn Ólafsson.

Til hennar vísað:

1. Till. til þingsál. um styrk til flóabátsferða um Austfirði (122).
 (Nefndarálit kom ekki).
2. Frv. til laga um heimild handa stjórninni til þess að greiða styrk af ríkis-fje til beinna skipaferða milli Íslands og Gautaborgar (66).
 (Nefndarálit kom ekki).

Þess er áður getið, að nefndin gekk í samvinnu við samgöngu-málanefnd efri deildar. Er þar sagt frá kosningu formanns og funda-skrifara í þeirri samvinnunefnd, máli, er samvinnunefndin flutti, og framsögumönnum þess í báðum deildum.

4. Landbúnaðarnefnd:

Magnús Guðmundsson, fundaskrifari,
 Jón Sigurðsson,
 Hákon Kristófersson,
 Stefán Stefánsson, formaður,
 Magnús Pjetursson.

Magnús Guðmundsson gekk úr nefndinni 25. febr., er hann varð fjármálaráðherra, en sæti hans í nefndinni var óskipað látið á þessu þingi.

Til hennar vísað:

- Frv. til laga um ráðstafanir til útrýmingar fjárkláða (27).
 (Nefndarálit kom ekki).

5. Sjávarútvegsnefnd:

Einar Þorgilsson,
 Þorleifur Guðmundsson,
 Pjetur Ottesen, fundaskrifari,
 Magnús Kristjánsson, formaður,
 Ólafur Proppé.

Fastanefndir Nd.: Sjávarútvegs-, mentamála- og allsherjarnefndir.

Til hennar vísað:

Frv. til laga um kenslu í mótorvelfræði (37. n. 64).

Framsögum.: Magnús Kristjánsson.

Nefndin flutti:

Till. til þingsál. um landhelgisgæslu (98).

Framsögum.: Pjetur Ottesen.

Áður er skýrt frá frv. því, er nefndin flutti ásamt sjávarútvegsnefnd efri deildar, og þar getið framsögumanna málsins í báðum deildum.

6. Mentamálanefnd:

Gísli Sveinsson, formaður,
Eiríkur Einarsson, fundaskrifari,
Pjetur Þórðarson,
Pjetur Jónsson,
Sveinn Björnsson.

Pjetur Jónsson gekk úr nefndinni 25. febr., er hann varð atvinnumálaráðherra, en sæti hans í nefndinni var óskipað látið á þessu þingi.

Til hennar var engu máli vísað.

7. Allsherjarnefnd:

Sveinn Björnsson, formaður,
Þorsteinn Jónsson,
Pjetur Ottesen,
Björn Hallsson, fundaskrifari,
Sigurður Stefánsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um eftirlit með útlendingum (13. n. 38).

Framsögum.: Björn Hallsson.

2. Frv. til laga um biskupskosningu (15. n. 104).

Framsögum.: Sigurður Stefánsson.

3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla [Ísafjarðarprestakall] (16).

(Nefndarálit kom ekki).

4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla [Suðurdalaping] (20).

(Nefndarálit kom ekki).

5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun lækni-hjæraða o. fl. [Bakkahjærað] (22).

(Nefndarálit kom ekki).

6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættis-manna (29).

(Nefndarálit kom ekki).

7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþyktir utan kaupstaðanna (40, n. 59).

Framsögum.: Sveinn Björnsson.

Fastanefndir Nd.: Allsherjarn.; — Vinnun. beggja deilda; — Lausan. Ed.: Stjórnarskrárn.

8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjæraða o. fl. [*Kjálarneshjærað*] (41).
(Nefndarálit kom ekki).
9. Frv. Til laga um sjerstakt læknishjærað í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu (44).
(Nefndarálit kom ekki).

Nefndin flutti:

Frv. til laga um manntal á Íslandi (49).

Framsögum.: Sveinn Björnsson.

C.

Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, *vinnunefnd*. Í þeim nefndum áttu þessir sæti.

Í efri deild:

Guðmundur Björnson, forseti, sjálfkjörinn formaður nefndarinnar,
Guðmundur Ólafsson, fyrri varaforseti,
Björn Kristjánsson, formaður fjárhags- og sjávarútvegsnefnda,
Jóhannes Jóhannesson, formaður fjárveitinganefndar,
Halldór Steinsson, formaður samgöngumála- og allsherjarnefnda,
Hjörtur Snorrason, formaður landbúnaðarnefndar,
Sigurður Hjörleifsson Kvaran, formaður mentamálanefndar.

Í neðri deild:

Benedikt Sveinsson, forseti, sjálfkjörinn formaður nefndarinnar,
Magnús Guðmundsson, fyrri varaforseti, formaður fjárhagsnefndar,
Pjetur Jónsson, formaður fjárveitinganefndar,
Pórarinn Jónsson, formaður samgöngumálanefndar,
Stefán Stefánsson, formaður landbúnaðarnefndar,
Magnús Kristjánsson, formaður sjávarútvegsnefndar,
Gísli Sveinsson, formaður mentamálanefndar,
Sveinn Björnsson, formaður allsherjarnefndar.

2.

Lausanefndir.

(16. gr. þingskapanna).

A.

Í efri deild.

Stjórnarskrárnefnd:

Einar Árnason, skrifari,

Lausanefnd í Ed.: Stjórnarskrárnefnd; — í Nd.: Stjórnarskrárnefnd.

Guðmundur Ólafsson,
Hjörtur Snorrason,
Jóhannes Jóhannesson, formaður,
Sigurjón Friðjónsson.

Nefndin kosin samkvæmt

till. til þingsál. um skipun nefndar til að íhuga stjórnarskrármálið (24), er samþykkt var í Ed. 18. febr.

Til hennar vísað:

1. Frv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands (53, n. 86).
Framsögum.: Einar Árnason.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis (54, n. 85).
Framsögum.: Sigurjón Friðjónsson.
3. Frv. til laga um þingmannakosning í Reykjavík (76, n. 92).
Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.

B.

Í neðri deild.

Stjórnarskrárnefnd:

Sigurður Stefánsson, formaður.
Þórarinn Jónsson, skrifari.
Þorleifur Jónsson,
Pjetur Ottesen,
Sveinn Björnsson,
Stefán Stefánsson,
Jón Sigurðsson.

Nefndin kosin til að íhuga

Frv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands (1, n. 21).

Framsögum.: Sveinn Björnsson.

Til hennar var enn fremur vísað:

1. Frv. til laga um þingmannskosning í Reykjavík [... þingmannakosning ...]
(8, n. 33).
Framsögum.: Þórarinn Jónsson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis (9, n. 28).
Framsögum.: Sveinn Björnsson.

3.**Nefndir kosnar af sameinuðu þingi.****I. Kjörbrjefanefnd.**

(4. gr. þingskapanna).

Pjetur Jónsson,
Gunnar Sigurðsson,
Gísli Sveinsson,
Bjarni Jónsson,
Magnús Kristjánsson.

Nefndin rannsakaði kjörbrjef þm. Vestm., Karls Einarssonar, svo og kjörbrjef 2. þm. Reykv. Jakobs Möllers, það er honum var fengið 18. febrúar, en um hvorugt kjörbrjefa þessara ljet nefndin uppi skriflegt álit.

II. Þingfararkaupsnefnd.

(2. gr. laga nr. 36, 28. nóv. 1919).

Hjörtur Snorrason, skrifari,
Jakob Möller,
Karl Einarsson,
Magnús Kristjánsson,
Sigurður Jónsson, formaður.

sp.

194. **Skrá****um erindi þau, er bárust Alþingi 1920.***— Ráðað eftir stafröfð. —***Aðalpóstmeistari**, sjá Launamál 2.**Aðstoðarmaður**, sjá Húsameistari landsins.**Afnám**, sjá Húsaleiga í Reykjavík.**Alexander Jóhannesson**, sjá Íslandsvinir þýskir.**Alþingiskjósundur** í Dalahreppi, sjá Landhelgisvarnir.

—»— á Fljótsdalshjæraði, sjá Eiðaskóli 1.

—»— á Jökuldal, sjá Eiðaskóli 2.

—»— í Patrekshreppi, sjá Landhelgisvarnir.

—»— í Tálknafjarðarhreppi, sjá Landhelgisvarnir.

Alþýðuskólahald, sjá Hvítárbakkaskóli.**Andleg rýrnæn**, sjá Húsnæðisvandræði háskólans 1.**Annálar íslenskir**, sjá Útgáfur Bókmentafjelagsins.**Arinbjörn bókbindari Sveinbjarnarson** í Reykjavík, sjá Kosningakætur 1.**Atkvæðagreiðsla í Suður-Jóllandi.**1. Konungsritari tilkynnir úrslit atkvæðagreiðslu í 1. belti Suður-Jótlands. Símskeyti, dags. 11. febr. 1920. (*Sp.* 6).2. Konungur þakkar forsetum kveðjuskeyti út af úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Símskeyti dags. 13. febr. 1920. (*Sp.* 9).**Atvinnusvifting án fyrirvara**, sjá Skaðabætur 1.**Aukinn fjárstyrkur**, sjá Hvítárbakkaskóli.**Árni skipstjóri Hannesson**, sjá Sigríður Pjetursdóttir.**Árni bókaforður Pálsson**, sjá Launamál 8.**Borgarafundur almennur**, sjá Fjölgun þingmanna Reykjavíkur.**Bókbindarinn við Landsbókasafnið**, sjá Launamál 4.**Bókmentafjelagið**, sjá Útgáfur Bókmentafjelagsins.**Bréf sambands starfsmanna ríkisins** til stjórnarráðsins, ásamt frv. til laga um lifeyrissjóð fyrir embættismenn og trygging ekkna þeirra, og breytingartillögur við sama frv. frá fjelagi íslenskra símamanna. Dags. 17. febr. 1920 (*Nd.* 80).**Brú á Grímsá**, sjá Grímsá.**Búnaðarfelag Íslands**, sjá Launamál 15.**Bygging staðarhúsa**, sjá Reykholt.**Bæjarstjórn Reykjavíkur**, sjá Húsaleiga í Reykjavík.

David skipstjóri Gíslason í Hafnarfirði, sjá Skaðabætur 2.

Eftirlaun. Indriði Einarsson spyrst fyrir um úthlutun dýrtíðaruppbótar síðari helming árs 1919 til þeirra, sem veitt eru eftirlaun og styrktarfe í 18. gr. II, a—i í fjárlögum 1920—21. Dags. 24. febr. 1920. (Nd. 70).

Eiðaskóli.

1. 184 alþingiskjósendur á Fljótsdalshjaraði skora á alþingismenn Múlasýslna að bera fram á Alþingi frumvarp um að flytja alþýðuskólann á Eiðum að Hallormsstað. Dags. í jan. 1920. (Nd. 18).
2. 38 alþingiskjósendur á Jökuldal senda þingmönnum Múlasýslna áskorun sama efnis. Dags. 9. febr. 1920. (Nd. 19).
3. Fundarályktun ungmennafjelags Fljótsdæla um sama efni. Dags. 18. jan. 1920. (Nd. 20).

Einar Jónsson, mag. art., sjá Móðurmálskensla.

Einar spítalahöldur Markússon í Laugarnesi, sjá Launamál 10.

Einar prestur Pálsson, sjá Reykholt.

Ekknatrygging, sjá Brjef sambands starfsmanna ríkisins.

Embættisaldur, sjá Launamál 6; sbr. og Forstöðumaður vjelstjóraskólans.

Eos, barkskip, sjá Skaðabætur 2.

Fagurfræði, sjá Skáldastyrkur (Haraldur Steingrímsson Thorsteinsson »hamar«).
Falck, Hans L. = Hans L. Falck.

Fjárkláði. Guðbrandur bóndi Jónsson að Spákelsstöðum sendir Alþingi hugvekju um fjárkláða á Íslandi og útrýmingu hans. Dags. 30. jan. 1920. (Nd. 12).

Fjárveiting úr ríkissjóði, sjá Sjúkrahúsbygging.

Fjelag íslenskra símamanna, sjá Brjef sambands starfsmanna ríkisins.

Fjölgun þingmanna Reykjavíkur. Fundargerð almenns borgarafundar í Reykjavík um fjölgun þingmanna fyrir Reykjavíkurbæ. Dags. 25. febr. 1920. (Nd. 75).

Fornbrjefasafnið íslenska.

1. Dr. Jón Þorkelsson tjáir, að kenslumálastjórnin danska hafi vísað af sjer á hendur íslensks fjárveitingarvalds árlegu 800 kr. fjárframlagi til útgáfu íslensks Fornbrjefasafns. Kveðst hann enn eigi hafa fengið svar við brjefi sínu til stjórnarráðsins hjer um og beiðist nú af þinginu úrlausnar um málið. Dags. 21. febr. 1920. (Nd. 49).
2. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi dr. Jóns Þorkelssonar um fjárframlag til hans til þess að vinna að útgáfu íslensks Fornbrjefasafns. Dags. 21. febr. 1920. (Nd. 51).

Forstöðumaður Akureyrarskóla, sjá Launamál 5.

Forstöðunefnd kvennaskólans, sjá Kvennaskólinn.

Forstöðumaður vjelstjóraskólans, sjá Launamál 6.

Fossamál. Stjórnarráðið sendir fjárhagsnefnd tilboð frá fossahlutafjelaginu Íslandi um sölu á vatnsrjettindum fjelagsins hjer á landi. Dags. 27. nóv. 1919. (Nd. 25).

Framfarir í húsagerð, sjá Húsagerð 2.

Frimerkjaagent, sjá Torfi Jørgen.

Frömun og framgangur, sjá Kvennrjettindi landsins.
 Fyrsti bókavörður við Landsbókasafnið, sjá Launamál 8.
 Fæðingarment, sjá Læknakandidatar.

Geir skólameistari Tómasson Zoëga, sjá Íslandsvinir þýskir.
 Guðbrandur bóndi Jónsson að Spákelsstöðum, sjá Fjárkláði.
 Guðmundur Bjarni Kristjánsson stýrimannakennari, sjá Launamál 3.
 Guðmundur prestur frá Gufudal Guðmundsson, sjá Kosningakætur 2.
 Guðný Jónsdóttir úr Reykjavík, sjá Hjúkrunarnám.
 Guðný Jónsson = Guðný Jónsdóttir úr Reykjavík.
 Gufuskipaferðir, sjá Skipagöngur.
 Gullmál, sjá Íslandsbanki.

Grímsá á Völlum. 89 alþingiskjösendur í Vallahreppi í Suður-Múlasýslu skora á þingmenn kjördæmisins að beitast fyrir því, að veitt verði nægilegt fjé til brúar á Grímsá á Völlum. Ódags. (Ed. 4/).

Halldór Pálsson, sjá Iðnkunnátta.

Hallgrímur bókahirðir Hallgrímsson frá Reistará, sjá Launamál 7 og 17.

Hans L. Falck, sjá Skipagöngur.

Hans póstur Hannesson í Reykjavík, sjá Vegamál.

Haraldur prófessor Nielsson, sjá Skáldastyrkur.

Haraldur Steingrímsson Thorsteinsson (Hamar), sjá Skáldastyrkur.

Helgi Hermann námafræðingur Eiríksson, sjá Námur.

Helgi Pjetursson dr., sjá Visindi.

Hirðisstarf á lestrarsal Landsbókasafnsins, sjá Launamál 17.

Hjarðarholtssókn í Dölum vestur, sjá Skipun prestakalla 2.

Hjúkrunarnám. Guðný Jónsdóttir úr Reykjavík, er nefnir sig Jónsson, sækir um 1000 kr. styrk til þess að ljúka hjúkrunarnámi í New-York. Dags. 20. jan. 1920. (Nd. 57/).

Holtabraut, sjá Vegamál.

Hólssókn, sjá Skipun prestakalla 1.

Húsagerð.

1. Sveinbjörn Jónsson sækir um 1500 kr. styrk til þess að sækja sýningu þá, sem »Norsk forening for boligreformer« hefir stofnað til. Dags. 23. febr. 1920. (Nd. 58/).
2. Jóhann Franklín Kristjánsson húsagerðarmaður sækir um fjárstyrk til utanfarar til að kynna sjer viðunanlega framfarir í húsagerð og til þess að vera við sýningu byggingarefna, sem fram á að fara í Kristjaníu dagana 19. apríl til 3. maí 1920. Dags. 22. febr. (Nd. 60/).

Húsaleiga í Reykjavík. Ályktun húsaleigunefndar bæjarstjórnar Reykjavíkur um till. til þingsál. um afnám laga um húsaleigu í Reykjavík. Dags. 27. febr. 1920. (Nd. 79/).

Húsameistari landsins. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi hans, dags. 22. jan., um aðstoðarmann. Dags. 19. febr. 1920. (Nd. 41/).

Húsnæðisnefnd, sjá Húsaleiga í Reykjavík.

Húsnæðisvandræði háskólans.

1. Rektor háskóla Íslands skýrir Alþingi frá húsnæðisvandræðum

(*Húsnæðisvandræði háskólans*). !

háskólans, sem skapi stúdentum andlega rýrnan og líkamlega úrkynjan og annan ófarnað, og telur óhjákvæmilega þjóðarnauðsyn og metnaðarmál, að úr sje bætt, svo að við megi blíta, með skjótu framkvæmdum. Dags. 19. febr. 1920. (*Nd. 38*).

2. Formaður Stúdentafjelags háskólans sendir Alþingi 3 erindi fjelagsins til háskólaráðsins, til skýringar húsbýggingarerindi háskóla-rektors. Ritað í febr. 1920. (*Ed. 12*).

Hvítárbakkaskóli. Þingmenn Borgfirðinga og Mýramanna sækja um verulega aukinn fjárstyrk úr ríkissjóði til alþýðuskólahalds á Hvítárbakka, samkvæmt beiðni h/f. Hvítárbakka. Dags. 24. febr. 1920. (*Nd. 65*).

Hvítárbakki h/f, sjá Hvítárbakkaskóli.

Íðnkunnátta. Halldór Pálsson leitar styrks til að nema iðnkunnáttu við »Horsens tekniske Skole« í 1½ ár. Dags. 18. febr. 1920. (*Nd. 42*).

Indriði Einarsson, sjá Íslandsvinir þýskir og Eftirlaun.

Ísland h/f, sjá Fossamál.

Íslandsbanki. Jón Dúason hagfræðingur sendir Alþingi fjölpætta skýrslu um starfsemi Íslandsbanka. Dags. 30. jan. 1920. (*Sp. 15*).

Íslandsvinir þýskir. Indriði Einarsson, Geir Tómasson Zoëga og Alexander Jóhannesson senda fjárveitinganefndum brjef um styrkveitingu til fjögurra þýskra Íslandsvina nafngreindra. Dags. 20. febr. 1920 (*Nd. 46*).

Íslenskir annálar, sjá Útgáfur Bókmentafjelagsins.

Íslenskt Fornbrjefasafn, sjá Fornbrjefasafnið íslenska.

Jakob alþingismaður Möller, sjá Kosningakærur 1.

Jóhann húsaðarmaður Franklin Kristjánsson, sjá Launamál 1.

Jón hagfræðingur Dúason, sjá Íslandsbanki.

Jón alþingismaður Auðunn Jónsson, sjá Kosningakærur 2.

Jón pósthúsvörður Jónasson Straumfjörð, sjá Launamál 11.

Jón Jónsson prófessor Aðils, sjá Sagnfræðingamót og Verslunarsaga Íslands.

Jón laggari Jónsson í Reykjavík, sjá Vöruvöndun.

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður, sjá Sagnfræðingamót og Fornbrjefasafnið íslenska.

Jónas kennari Snæbjörnsson, sjá Launamál 5.

Kauphækkun, sjá Launamál.

Kennarafjelag barnaskóla Reykjavíkur, sjá Kennarar.

Kennaralaunalögin, sjá Kennarar.

Kennarar. Kennarafjelag barnaskóla Reykjavíkur snýr sjer til fjárveitinganefndar neðri deildar vegna skýringa stjórnarinnar á 12. gr. kennaralaunalaganna. Dags. 24. febr. 1920. (*Nd. 74*).

Kennari við Stýrimannaskólann, sjá Launamál 3.

Kenslumálaráðuneyti Dana, sjá Fornbrjefasafnið íslenska.

Konungsritari, sjá Atkvæðagreiðsla.

Kosningakærur.

1. Fimm menn í Reykjavík, Pjetur Zóphóniasson, Pjetur Magnússon,

(Kosningakætur).

Arinbjörn Sveinbjarnarson, Þorsteinn Gíslason og Pjetur Halldórsson, krefjast þess, að kosning Jakobs Möllers, 2. þm. Reykv., verði dæmd ógild. Dags. 4. febr. 1920. (*Sp.* 2).

2. Guðmundur past. emerit. frá Gufudal Guðmundsson kærir kosningu Jóns Auðuns Jónssonar og krefst þess, að hún verði úrskurðuð óskjalleg, ónýtt og að engu hafandi, en Magnús bæjarfógeti Torfason talinn rjettkjörinn þingmaður fyrir Ísafjörð. Dags. 21. jan. 1920. 5 vottorð fylgja. — Með skjölunum liggur enn fremur vottorð, lagt fram af þm. Ísafj. (J. A. J.). (*Sp.* 5).

Kosningar í Reykjavík. Kjósendafundur í Reykjavík, 11. febrúar, skorar á þing og stjórn að láta kosningu á einum þingmanni fyrir Reykjavík fara fram eigi síðar en næstkomandi þriðjudag. Ódags. (*Nd.* 9).

Kristíanía, sjá Húsagerð 2.

Kristján Þorvarðarson frá Leikskálum í Haukadal, sjá Viðlagasjóðslán 2.

Kvennafundur í Madrid, sjá Kvennrjettindi landsins.

Kvennrjettindafjelag Íslands, sjá Kvennrjettindi landsins; sbr. og Frömun og framgangur.

Kvennaskólinn í Reykjavík. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi forstöðunefndar Kvennaskólans um aukinn styrk og mælir með honum. Dags. 23. febr. 1920. (*Nd.* 55).

Kvennrjettindi landsins. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi Kvennrjettindafjells Íslands um ferðastyrk tveggja fulltrúa á kvennafund í Madrid vorið 1920, til frömunar og framgangs kvennrjettindum landsins. Dags. 17. febr. 1920. (*Nd.* 31).

Laggari, laggaraiðn, sjá Vöruvöndun.

Landhelgisvarnir. Áskoranir um aukna strandgæslu:

- a. Frá 39 alþingiskjósendum í Patrekshreppi. Dags. 4. febr.
- b. Frá 23 alþingiskjósendum í Tálknafjarðarhreppi. Dags. 25. jan.
- c. Frá 67 alþingiskjósendum í Dalahreppi. Dags. 1. jan. (*Nd.* 22).

Landsbókasafnið, sjá Launamál 4, 8 og 17.

Landsbókavörður, sjá Launamál 8; sbr. og Bókbíndarinn við Landsbókasafnið.

Landsverslunin, sjá Skaðabætur 1. (Torfi Jörgen Tómasson).

Lestrarsalur Landsbókasafnsins, sjá Launamál 17.

Launahámark, sjá Launamál 14.

Launamál.

1. Jóhann Franklin Kristjánsson húsagerðarmaður fer þess á leit við fjárveitinganefnd, að hún taki til ihugunar launakjör sín og láti í ljós skilning sinn á því máli. Dags. 21. febr. 1920. (*Nd.* 82).
2. Aðalpóstmeistari endursendir skjölin um laun póstmanna í Reykjavík og póstaðgreiðslumanna utan Reykjavíkur ásamt eftirriti af brjefum tveim til stjórnarráðsins, [dags. 17. des. 1919 og 6. jan. 1920, og brjefi póstmeistarans á Ísafirði, dags. 14. febr. 1920. Dags. 14. febr. 1920. (*Nd.* 81).
3. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi Guðmundar Bjarna

(Launamál).

- Kristjánssonar, kennara við Stýrimannaskólann, dags. 7. febr., um launahækkun. Dags. 23. febr. 1920. (*Nd. 64*).
4. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi landsbókavardar um kröfu bókbindarans við safnið, Runólfs Guðjónssonar, dags. 19. febr. um kauphækkun. Dags. 23. febr. 1920. (*Nd. 63*).
 5. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi forstöðumanns Akureyrarskóla, dags. 2. des. f. á., ásamt beiðnum Jónasar Snæbjörns-sonar og Lárusar Jóhannssonar Rist, báðum dags. 1. des. f. á., um launahækkun. Dags. 23. febr. 1920. (*Nd. 62*).
 6. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi forstöðumanns vjelstjóraskólans, dags. 9. febr., um að embættisaldur hans verði talinn frá 1. okt. 1911, ásamt erindi frá Sigurbirni Ástvaldi Gíslasyni, kennara við sama skóla, dags. 30. jan., um launahækkun. Dags. 23. febr. 1920. (*Nd. 61*).
 7. Stjórnarráðið endursendir erindi Hallgríms bókahirðis Hallgríms-sonar, ásamt ummælum sínum um málið. Dags. 21. febr. 1920. (*Nd. 54*).
 8. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi Árna bókavardar Páls-sonar, dags. 20. febr., og fer hann þar fram á, að sýslunaraldur hans sem fyrsta bókavardar við Landsbókasafnið verði talinn frá 1. jan. 1916. Dags. 21. febr. 1920. (*Nd. 53*).
 9. Brjef forsætisráðherra til fjárveitinganefnda. Óskar hann viðtals við nefndirnar um útvegum heimildar til að ákveða fyrst um sinn kostnað við starfrækslu embætta þeirra, er ræðir um í 11. gr. laga 28. nóv. f. á, um laun embættismanna, fyrir eitt ár í senn. Dags. 21. febr. 1920. (*Nd. 52*).
 10. Einar spítalahöldur Markússon í Laugarnesi leitar þess við fjárveitinganefnd, að hún hlutist til um, að sjer verði goldin dýrtíðaruppbót fyrir síðari helming ársins 1919. Dags. 21. febr. 1920. (*Nd. 48*).
 11. Jón pósthúsvörður Jónasson Straumfjörð leitar launahækkunar. Dags. 20. febr. 1920. (*Nd. 43*).
 12. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi dr. Páls Eggerts Óla-sonar, dags. 21. jan. um bætt launakjör sín við landsbókasafnið. Dags. 19. febr. 1920. (*Nd. 39*).
 13. Páll pósthústrúi Steingrímsson biður þess, að laun hans verði á-
kveðin 4000 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar. Dags. 16. febr. 1920. (*Nd. 34*). Álit stjórnarráðsins um þessa málaleitun, dags. 20. s. m.
 14. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd til athugunar erindi frá Sam-
bandi starfsmanna ríkisins, dags. 14. febr., um að 9500 kr. launa-
hámarkið í 33. gr. laga um laun embættismanna, frá 28. nóv. 1919,
verði numið burtu. Dags. 18. febr. 1920. (*Nd. 32*).
 15. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi Búnaðarfjelags Íslands
dags. 5. jan., um dýrtíðaruppbót. Dags. 5. jan. 1920. (*Nd. 29*).
 16. Samband starfsmanna ríkisins sendir Alþingi tvö erindi frá Póst-
mannafjelaginu, annað, dags. 6. febr., um greiðslu launa til 6 póst-

(Launamál).

manna í Reykjavík, og hitt, dags. 16. febr., um hækkun launa póstaðgreiðslumanna utan Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar og Seyðisfjarðar. Dags. 17. febr. 1920. (Nd. 24).

17. Hallgrímur bókahirðir á lestrarsal Landsbókasafnsins Hallgrímsson leitar þess, að fjárlagastyrkur sá, er hann njóti fyrir þetta starf, verði hækkaður úr 1000 kr. upp í 2000 kr., og sjer goldin dýrtiðarupp-
bót af þeirri fjárhæð. Dags. 13. febr. 1920. (Nd. 15).

Lárus kennari Jóhannsson Rist á Akureyri, sjá Launamál 5.

Leikskólar í Haukadal í Dalasýslu, sjá Viðlagasjóðslán 2.

Listamannastyrkur. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi, dags. 28. jan., frá úthlutunarnefnd skálda- og listamannastyrks um hækkun styrksins. Dags. 19. febr. 1920. (Nd. 40).

Lífeyrissjóður embættismanna, sjá Brjef Sambands starfsmanna ríkisins.

Líkamleg úrkynjan og annar ófarnaður, sjá Húsnæðisvandræði háskólans.

Lítt nothæfar telpur, sjá Telpur, lítt nothæfar. (Torfi Tómasson).

Læknakandidatar. Háskólaráðið skorar á Alþingi að veita úr ríkissjóði nægilega fjárhæð, svo að læknakandidatar fái framvegis álíka styrk og hing-
að til, til þess að framast í fæðingarment og njóta veraldarviðsýnis í sínum fræðum. Dags. 21. febr. 1920. (Nd. 50).

Lögfræðileg og hagfræðileg efni, sjá Timarit.

Löggilding verslunarstaðar. Eigendur Kirkjubóls í Mosvallahreppi beiðast þess, að Alþingi löggildi verslunarstað í Valþjófsdal í Önundarfirði. 57 menn mæla með beiðninni. Dags. 26. jan. 1920. (Nd. 14).

Magnús sýslumaður Torfason, sjá Kosningakærur 2.

Móðurmálskensla. Einar Jónsson, mag. art., leitar 2000 kr. utanfararstyrks á vori komanda til að kynna sjer aðferðir móðurmálskenslu í Þýskalandi. Ódags. (Nd. 47).

Malarbifreið, sjá Vegamál.

Námar. Helgi Hermann Eiríksson námatræðingur leitar úrskurðar Alþingis um, hvort hann skuli hverfa heim að loknu prófi og starfa í landsins þjónustu. Dags. 10. febr. 1920. (Nd. 33).

New-York, sjá Hjúkrunarnám.

Norsk forening for boligreformer, sjá Húsagerð 1.

Óstagerðarþú, sjá Viðlagasjóðslán 1.

Ólafur prófessor Lárusson, sjá Timarit.

Ómannúðleg meðferð, sjá Skaðabætur 1.

Þáll Eggert Ólason dr., sjá Launamál 12.

Þáll pósthulltrúi Steingrímsson í Reykjavík, sjá Launamál 13.

Þjetur bóksali Halldórsson, sjá Kosningakærur 1.

Þjetur lögfræðingur Magnússon, sjá Kosningakærur 1.

Þjetur hagstofufulltrúi Zóphóniasson, sjá Kosningakærur 1.

Póstlög. Stjórnarráðið sendir samgöngumálanefnd erindi pósthjórnarinnar, dags.

16. febr., ásamt frv. til laga um breytingu á póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907. Dags. 17. febr. 1920. (Nd. 27).

Póstafgreiðslumenn, sjá Launamál 16.

Póstmannafjelagið, sjá Launamál 16.

Póstmeistarinn á Ísafirði, sjá Launamál 16.

Póstmenn í Reykjavík, sjá Launamál 16.

Rector háskóla Íslands, sjá Húsnæðisvandræði háskólans 1.

Reykholt. Pjetur alþingismaður Ottesen sendir fjárveitinganefnd tvö brjef, dags. 30. júní 1919 og 29. jan. 1920, frá Einari presti Pálssyni um fjárstyrk úr ríkissjóði til byggingar staðarhúsa í Reykholti. Dags. 19. febr. 1920. (Nd. 37).

Runólfur bókbindari Guðjónsson í Reykjavík, sjá Launamál 4.

Sagnfræðingamót. Jón Jónsson prófessor Aðils og Jón Þjóðskjalavörður Þorkeiðsson skýra frá því, að þeim sje boðið að sækja af hálfu Íslands samkomu norrænna sagnfræðinga í Kristjaníu á sumri komanda, 7.—10. júlí, og leggja það á vald Alþingis, hvort sú fór skuli farin eða ekki. Dags. 5. febr. 1920. (Nd. 1).

Samband starfsmanna ríkisins, sjá Launamál 16.

Samgöngumál á sjó, sjá Vjelbátaferðir.

Samviskusamir og reyndir skrifstofumenn, sjá Skaðabætur 1. (Torfi Jörgen Tómasson).

Sígfús dómkirkjuorganisti Einarsson, sjá Sönglist.

Sigríður Pjetursdóttir á Stýrimannastíg 8 í Reykjavík, ekkja Árna skipstjóra Hannessonar, þess er fór til Vesturheims 1910, skýrir frá örðugleikum þeim og meinlætum, sem hún á við að stríða. Ódags. (Nd. 71).

Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason guðfræðingur, sjá Launamál 6.

Sildartollur, sjá Sildveiði.

Sildveiði. Útgerðarmannafjelag Akureyrar fer fram á, að Alþingi ákveði 5 króna toll á innfluttar sildartunnur og að sildartollur verði lækkaður aftur niður í 50 aura. Dags. 24. febr. 1920. (Nd. 67).

Sjúkrahús nýtt á Ísafirði, sjá Spítalahússbygging.

Sjúkrahússbygging. Þingmaður Ísafjardarkaupstaðar og þingmaður Norður-Ísfræðinga biðja fjárveitinganefnd að hlutast til um, að veittar verði úr ríkissjóði alt að 4000 kr. til byggingar nýs sjúkrahúss á Ísafirði, gegn tvöföldu gjaldi annarsstaðar frá. Dags. 17. febr. 1920. (Nd. 83).

Skaðabætur.

1. Torfi Jörgen Tómasson frimerkjaagent itrekar skaðabótakröfu þá, er hann gerði til Alþingis 1919 á hendur Landsversluninni, »vegna atvinnusviftingar án fyrirvara og ómannúðlegrar meðferðar« á sjer, og væntir þess, að »Alþingi liti einnig á þá hlið málsins, er samviskusamir og reyndir skrifstofumenn eru reknir á brott frá Landsversluninni, en litt nothæfar telpur teknar í staðinn«. Dags. 24. febr. 1920. (Nd. 66).
2. Davíð Gíslason skipstjóri skorar á Alþingi að setja lög um skaðabætur til handa skipbrotsmönnum af hálfu útgerðarmanna og fje-

laga, og beiðist þess, að landsstjórnin veiti skipbrotsmönnum af barkskipinu Eos fjárstyrk af ríkisfje. Dags. 16. febr. 1920. (Nd. 68).

Skáldskapur og samning leikrita, sjá Skáldastyrkur. (Haraldur Steingrímsson Thorsteinsson [hamar]).

Skáldastyrkur. Haraldur prófessor Nielsson fer þess á leit, að Alþingi veiti Haraldi Steingrímssyni Thorsteinsson Hamri 3000 kr. styrk til þess að leggja stund á fagurfræði og gefa sig við skáldskap og samningu leikrita. Dags. 25. febr. 1920. (Nd. 69).

Skip og bátar, sjá Öryggi skipa og báta.

Skipagöngur. Stjórnarráðið sendir saingöngumálanefnd erindi frá Hans L. Falck um gufuskipaferðir milli Íslands og Noregs. Dags. 17. febr. 1920. (Nd. 26).

Skipbrotsmenn, sjá Skaðabætur 2.

Skipun prestakalla.

1. Sóknarnefnd Hólssóknar í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi skorar á þingmann kjördæmisins að flytja á komandi Alþingi frumvarp til laga um, að Hólssókn verði gerð að sjerstöku prestakalli. Dags. 2. febr. 1920. (Nd. 23).
2. 158 safnaðarmenn í Hjarðarholtsprestakalli í Dölum vestur skora á Alþingi að breyta svo lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, að Hjarðarholtssókn verði áfram sjerstakt prestakall. Dags. í jan. 1920. (Nd. 8).

Staðarhús, sjá Reykholt.

Starfrækslukostnaður, sjá Launamál 9.

Starfsemi Íslandsbanka, sjá Íslandsbanki.

Strandgæsla, sjá Landhelgisvarnir.

Stúdentafjelag háskólans, sjá Húsnæðisvandráði háskólans 1 og 2.

Suður-Jótland, sjá Atkvæðagreiðsla.

Sveinbjörn Jónsson, sjá Húsagerð 1.

Sveinn lögmaður Björnsson, sjá Tímarit.

Sýslunaraldur, sjá Launamál 6; sbr. og Árni bókavörður Pálsson.

Sýning byggingarefna, sjá Húsagerð 1 og 2.

Sönglist. Stjórnarráðið sendir fjárveitinganefnd erindi Sigfúsar dómkirkjuorganista Einarssonar, dags. 17. des. 1919, um 1500 króna styrk til viðbótar við utanfararstyrk til að fullkomna sig til nokkurrar hlítar í list sinni. Dags. 17. febr. 1920. (Nd. 30).

Telpur, lítt nothæfar, sjá Skaðabætur 1. (Torfi Jörgen); sbr. og Landsverslunin. *Tímarit um lögfræði og hagfræði.* Ólafur prófessor Lárússon, Sveinn lögmaður Björnsson og Þorsteinn hagstofustjóri Þorsteinsson leita 1500 kr. styrks úr ríkissjóði til útgáfu tímarits um lögfræðileg og hagfræðileg efni. Dags. 25. febr. 1920. (Nd. 76).

Tollur á sildartunnur, sjá Sildveiði.

Torfi Jörgen Tómasson frimerkjaagent, sjá Skaðabætur 1. (= Atvinnusvifting án fyrirvara og Ómannúðleg meðferð).

Ungmennafjelag Fljótsdæla, sjá Eiðaskóli 3.

Útanfararstyrkur, sjá Húsagerð 1 og 2, Læknakandidatar, Móðurmálskensla, Sagnfræðingamót, Sönglist og Verslunarsaga Íslands.

Úrvals ljóðasafn, sjá Útgáfur Bókmentafjelagsins.

Útgáfur Bókmentafjelagsins. Stjórn Bókmentafjelagsins biður fjárveitinganefnd að gera ráðstafanir til þess að fjelaginu verði heimilað alt að 4000 kr. hvort árið, 1920 og 1921, til þess að byrja útgáfu úrvals ljóðasafns íslensks frá tímabilinu 1400—1800 og íslenskra annála frá 1550—1800, og að fjárveiting til þessara verka verði tekin í næstu fjárlög. Dags. 23. febr. 1920. (Nd. 36).

Útgerðarmannafjelag Akureyrar. sjá Sildveiði.

Úthlutun dýrtíðaruppbótar, sjá Eftirlaun.

Úthlutunarnefnd, sjá Listamannastyrkur.

Valþjófsdalur, sjá Löggilding verslunarstaðar.

Vatnsrjettindi, sjá Fossamál.

Vegamál. [Holtabrautin].

1. Sýslumaður Rangæinga sendir fjárveitinganefnd símskeyti um fjárveitingu til viðgerðar Holtabraut. Dags. 24. febr. 1920. (Nd. 72).
2. Oddviti sýslunefndar Rangæinga leitar einhvern hjálpar Alþingis til viðhalds Holtabraut í Rangárþingi á komandi vori. Dags. 27. jan. 1920. (Nd. 16).
3. Vegamálastjóri lætur uppi álit sitt um fjárbeiðni sýslunefndar Rangæinga til Holtabrautar og leggur til, að heimilað verði að greiða úr ríkissjóði 7000 kr. fyrir malarbifreið, er notuð verði við aðgerð Holtabrautar. Dags. 23. febrúar 1920. (Nd. 84).
4. Hans póstur Hannesson skorar á Alþingi að veita sem riflegastan styrk til aðgerðar Holtabraut. Dags. 25. febr. 1920. (Nd. 85).

Veraldarviðsýni, sjá Læknakandidatar.

Verslunarsaga Íslands. Jón Jónsson prófessor Aðils leitar 6000 kr. utanfararstyrks til framhaldsrannsóknar á verslunarsögu Íslands. Dags. 5. febr. 1920. (Nd. 2).

Viðlagasjóðslán,

1. Eigendur ostagerðarbúsins í Sveinatungu leita 20000 króna viðbótarláns úr viðlagasjóði. Dags. 8. febr. 1920. (Nd. 28).
2. Kristján Þorvarðsson frá Leikskálum leitar 19000 kr. láns með hagfeldum kjörum, til að endurkaupa jörðina Leikskála í Dala-sýslu, gegn veði í nefndri jörð. Dags. 21. febr. 1920. (Nd. 59).

Visindi. Dr. Helgi Pjetursson sækir um viðbótarstyrk fjárhagstimabilið 1920—21, 4000 kr. fyrra árið og 6000 kr. síðara árið. Dags. 8. jan. 1920. (Nd. 45).

Vjelbátaferðir. Almennur sveitarfundur í Lónssveit í Skaftafellssþingi skorar á Alþingi að veita á þessu ári alt að 2000 kr. til vjelbátaferða austur þar. Dags. 1. jan. 1920. (Nd. 12).

Vöruvöndun. Jón laggari Jónsson í Reykjavík skorar á Alþingi að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja landið gegn öllu þessa heims tjóni, er stafa kann af eigi nógu ráðvandlegri vöruvöndun, og vekur einkum máls á þeim atriðum, er varða laggaraíð. Dags. 25. febr. 1920. (Nd. 73).

Þingmannafjölgun, sjá Fjölgun þingmanna Reykjavíkur.

Þingmálafundargerðir:

Af Eskifirði (*Ed. 3*).

Úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, tvær fundargerðir (*Nd. 35*).

Af Ísafirði (*Nd. 5*).

Af Patreksfirði (*Nd. 21*).

Þjóðarnauðsyn og metnaðarmál, sjá Húsnæðisvandræði háskólans 1.

Þorsteinn ritstjóri Gíslason, sjá Kosningakærur 1.

Þorsteinn hagstofustjóri Þorsteinsson, sjá Tímarit.

Örðugleikar og meinlæti, sjá Sigríður Þjetursdóttir.

Öryggi skipa og báta. Stjórnarráðið sendir sjávarútvegsnefnd erindi öryggisnefndar skipa og báta, ásamt frv. til laga um greint efni. Dags. 26. jan. 1920. (*Nd. 36*).
